

HRANNAR MÁR GUNNLAUGSSON

*Mótmælaseta varð að tónleikahátíð*

Ferðir Bílar

allt Í MIÐJU BLAÐSINS

MÖGNUÐ STUND Í ROCKSTAR

*Magni og Eyrún sameinuð á ný*

Flýgur með syni þeirra til Los Angeles

FÓLK 42




SÉRBLAÐ FYLGIR

Europris

FRÁBÆR TILBOÐ!



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

2. ágúst 2006 — 206. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000


# Steranotkun unglinga mest í þremur greinum íþrótta

**Notkun ólöglegra stera og hins örvandi efnis efedríns virðist vera umtalsverð meðal framhaldsskólanema, ef marka má niðurstöður könnunar sem unnin var fyrir Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands. Flestir notendur þessara ólöglegu efna voru í vaxtarrækt, frjálsum íþróttum og bardagaíþróttum.**

**LYFJAMÁL** Rétt tæp átján prósent nemenda í framhaldsskólum landsins, sem lagt hafa stund á vaxtarrækt, höfðu aðspurðir notað örvandi efnið efedrín í tengslum við iðkunina einhvern tíma á síðustu tólf mánuðum. Þá höfðu þrettán prósent nemenda sem iðka vaxtarrækt notað anabólíska stera í tengslum við íþróttina einhvern tíma á sama tímabili. Bæði þessi efni eru ólögleg hér á landi.

Þetta eru niðurstöður rannsóknar sem Rannsóknir og greining vann fyrir Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands árið 2004. Þátttakendur voru þeir nemendur allra framhaldsskóla á Íslandi sem mættir voru í kennslustundir á þeim tíma sem kannanirnar voru lagðar fyrir. Gild svör fengust frá 11.031 nemanda og var svarhlutfall því 80,9 prósent. 75 prósent þeirra sem svöruðu stunduðu íþróttir eða líkamsrækt vikulega eða oftar, eða samtals 8.273 manns.




Niðurstöður þessarar viðamiklu könnunar lágu fyrir á vordögum 2005, en þær hafa ekki litið dagsins ljós fyrr en nú.

„Það er athyglisvert að af heildinni sem er að nota stera er heldur hærra hlutfall einstaklinga sem stunda engar íþróttir," segir Pálmar Hreinsson, verkefnisstjóri lyfjamála hjá ÍSÍ. Hann bætir við að hlutfall steranotenda lækki enn ef athugað sé staða mála iðkenda hjá skipulögðum íþróttafélögum innan ÍSÍ miðað við aðra. Misnotkunin tengist því ekki öðrum þáttum en íþróttaiðkun.

Af niðurstöðum rannsóknarinnar má ráða að notkun framhaldsskólanema á efedríni og anabólískum sterum tengist einkum þremur íþróttagreinum, það er vaxtarrækt, frjálsum íþróttum og bardagaíþróttum. Brögð eru þó einnig að því að neysla þessara ólöglegu efna tíðkist í mun fleiri íþróttagreinum, eins og sjá má á meðfylgjandi súluriti.

Athyglisverð eru svör þeirra nemenda sem nota efnin við spurningunni um hvernig þeir hafi fengið þau. Þrjátíu prósent segjast hafa fengið sterana hjá vini eða kunningja. 47 prósent segjast hafa fengið efedrínið hjá vinum. 21 prósent segist hafa fengið stera hjá fólki á líkamsræktarstöðvum og sextán prósent efedrín. Þá kveðast 22 prósent svarenda hafa fengið stera hjá fólki tengdu íþróttafélagi og þrettán prósent hafa fengið efedrín á sama hátt.

jss@frettabladid.is / sjá síðu 6

## Ólst nánast upp í leikhúsinu



Ingunn Jensdóttir leikkona og leikstjóri er 65 ára í dag en hún hefur leikstýrt yfir fjörutíu leiksýningum í gegnum tíðina.

TÍMAMÓT 26

## Átti barn í forstofunni



Margrét Gauja Magnúsdóttir bæjarfulltrúi í Hafnarfirði eignaðist barn í anddyrinu heima hjá sér aðfaranótt mánudags. Eiginmaður hennar tók á móti barninu.

FÓLK 42

## Smækkun almættisins

Tilhneiging manna til að koma sér upp hentugum skoðunum, búa til í kringum þær notalega fordóma og fá síðan guð í lið með sér virðist ekki hafa minnkað í aldanna rás, segir Jón Ormur Halldórsson.

Í DAG 22

## Fengu báðir leikbann



Hjörtur Hjartarson og Guðmundur Viðar Mete voru báðir dæmdir í leikbann, Hjörtur í tvo leiki en Guðmundur einn, vegna framkomu þeirra í leik ÍA og Keflavíkur fyrir rúmri viku. Dómurinn er ekki rökstuddur og honum er ekki hægt að áfrýja.

ÍÞRÓTTIR 38

## VEÐRIÐ Í DAG




**YFIRLEITT BJARTVIÐRI -** í dag verður hæg breytileg átt. Víða bjart veður, síst þó austan til. Hætt við þokulofti með ströndum. Hiti 15-23 stig, hlýjast til landsins norðan og vestan til en mun svalara í þokunni.

VEÐUR 4

## > Markaðurinn

*Sögurnar ... tölurnar ... fólkið ...*

FYLGIR MEÐ FRÉTTABLAÐINU Í DAG






FJÖLSKYLDAN OG BARNAPÍAN Í BÆJARFERÐ Í BLÍÐUNNI Vigdís Furuseth brá sér með börnin og barnapíuna í bæjarferð að Flúðum á klárunum til að fá sér ís í hitanum í gær. Á myndinni er barnapían Oda Røst lengst til vinstri, svo Vigdís og því næst Birgit Ósk og Håkon Snær Snorraböm. Hitinn á Flúðum í gær fór í 25 stig.

FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

Einstök veðurblíða var í gær og nutu landsmenn hennar með fjölbreyttum hætti:

# Fóru ríðandi og fengu sér ís

**VEÐUR** Ekki þarf brýnt erindi til svo að fjölskyldan á Syðra-Langholti fari ríðandi í bæjarferð á Flúðir þótt þangað sé tíu kílómetra leið.

Í gær brá móðirin Vigdís sér með börnin tvö, Håkon Snæ og Birgit Ósk, í slíka ferð ásamt barnapíunni Oda Røsti til þess að fá sér ís. Það gæti þó jafnvel talist bráðnauðsynlegt bæjarerindi því hitinn fór í 25 gráður á Flúðum og nágrenni í gær.

„Við förum stundum á hestunum út að borða en það er ágætur pizzastaður hérna á Flúðum," segir Vigdís, sem er norsk en hefur búið hér á landi í 17 ár. Börnin kunna vel tökin á klárunum enda er rekin hestaleiga á bænum að Syðra-Langholti.

Ekkert lát verður á veðurblíðunni en líklegt er að hitinn fari vel yfir 20 gráður í dag og á morgun í innsveitum norðan- og vestanlands og líklega munu margir beisla klárinn þar. Borgarbúar fá einnig sinn skerf af bongóblíðunni en hugsanlega mun hitinn verða um 20 gráður í dag og á morgun. Fólk sem á erindi í borgina mun þó líklega bregða sér á bílnum.

- jse

Hagnaður bankanna í ár:

# Yfir nítíu milljarðar

**VIÐSKIPTI** Viðskiptabankarnir þrír og Straumur-Burðarás skiluðu tæplega 92 milljarða króna hagnaði á fyrri árshelmingi þessa árs, samanborið við 54 milljarða hagnað á sama tíma í fyrra.

Þetta er um sjötíu prósenta aukning á milli ára.

Töluvert dró úr vexti hagnaðar þegar eingöngu er litið til annars ársfluta. Þá skiluðu félögin alls 30,5 milljarða hagnaði, samanborið við 29,3 milljarða á öðrum ársfjórðungi 2005.

Eina fjármálastofnunin sem jók hagnað á milli fyrsta og annars ársfjórðungs var Glitnir sem birti mettölur í gær.

Uppgjör allra bankanna voru fyrir ofan spár markaðsaðila.

- eþa / sjá Markaðinn






## SPURNING DAGSINS

*Gunnar, eru þið búin að tala við hinn íslenska þursaflokk?*

„Nei ekki enn, en það stendur til að reyna að fá þá.“

Gunnari Birni Guðmundssyni leikstjóra vantar sjötíu skrímsli í tökur á bardagaatriði fyrir ævintýrakvikmyndina Astrópíu, en tökunum fer senn að ljúka.

Ráðherrar Evrópusambandsríkjanna ályktuðu um átökin í Líbanon:

# Vopnuðum átökum linni

**LÍBANON, AP** Utanríkisráðherrar Evrópusambandsríkjanna 25 skoruðu í gær á Ísraela og skæruliða Hizbollah að hætta vopnuðum átökum. Ráðherrarnir lýstu því jafnframt yfir að ESB-ríkin ætluðu sér að gegna lykilhlutverki í alþjóðlegu friðargæsluliði sem kann að verða sent til Suður-Líbanon.

Það endurspeglaði þó innri ágreining að ráðherrarnir náðu ekki saman um ályktunartillögu sem fól í sér áskorun um „tafarlaust vopnahlé“. Svo virtist sem ráðherrar Bretlands og Þýskalands hefðu beitt sér öðrum fremur gegn slíkri samþykkt. Andstöðuna við ályktunina virtist mega rekja til áhyggja af því að ef Ísraelar yrðu nú þvingaðir til skilyrðislauss vopnahlés yrði það álitið vera sigur fyrir Hizbollah-hreyfinguna, sem vestrænar þjóðir og jafnvel Líbanar sjálfir vilja sjá afvopnaða, en ekki styrkta í sessi.

Í samþykkt ESB-ráðherranna er einnig lögð áhersla á að vopnahlé yrði að vera „stöðugt“. Það orðalag endurómar yfirlýsingar sem bandarískir ráðamenn hafa látið frá sér fara, en þeir vilja að vopnahléi fylgi breytingar á vettvangi, einkum og sér í lagi að Hizbollah-skæruliðar fjarlægist landamærin að Ísrael. **- aa**



**INNRÁSIN HELDUR ÁFRAM** Ísraelskir hermenn bíða fyrirmæla er herdeild þeirra stefnir inn í Suður-Líbanon í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Nauðganir í Noregi:

## Lögreglan ráðþrota í Osló

**NOREGUR** Ráðist hefur verið á sex konur í Osló í sumar, tveimur þeirra nauðgað og tilraun gerð til að nauðga hinum fjórum. Norska lögreglan er engu nær í að leysa málin, sem vakið hafa ugg meðal ungra kvenna í borginni. Þetta kemur fram á fréttavef Aftenposten.

Árásirnar áttu sér stað á tímabilinu 11. júní til 30. júlí, allar að nóttu til.

Líklegt þykir að um nokkra mismunandi árásaraðila sé að ræða, sem einfaldar ekki lausn málsins, að því er haft er eftir Anne Rynning Aasen, talskonu lögreglunnar í Osló. Hún ráðlagði konum að vera ekki einar á ferli á nóttunni. **- smk**

# Mikill samdráttur í sölu húsnæðis í júlí

**Ung hjón á leið í nám til útlanda seldu íbúðina sína á 24,5 milljónir króna. Hún er í miðborginni og hafði verið metin á 29,9 milljónir. Íbúðasala hefur dregist saman um tæp 23 prósent milli mánuða og tæp 36 prósent milli ára.**

**ÍBÚÐAVERÐ** „Það var axarskaft að hafa ekki selt íbúðina fyrir jólin helst,“ segir Albert Steinn Guðjónsson, blaðamaður á Gestgjafanum. Hann flytur á næstunni til Bandaríkjanna ásamt fjölskyldu sinni til næstu sex ára.

„Gengið féll sem og verðbréf í mars sem gerði það að verkum að róðurinn fór að þyngjast. Við brugðumst ekki nógu hratt við en fórum af venjulegri fasteignasölu yfir til Remax. Þar sem við áttum þessa íbúð á besta stað seldist hún.“ Íbúðin er á Bergstaðastræti og er um 126 fermetrar að stærð. Albert segir þau ekki hafa tapað á viðskiptunum, þau áttu íbúð fyrir og höfðu átt þessa í fjögur ár: „Við tökum út eignarmyndun.“

Samdráttur í sölu íbúða milli mánuðanna júní og júlí nam ríflega fimmtungi. Meðalverðið dróst einnig saman um tæpan fjórðung. Samdrátturinn í sölu eigna er enn meiri milli ára. Alls seldist 371 fjölbýli færra í júlí í ár en í fyrra. Íbúðirnar voru 354 nú en 725 þá. Samdrátturinn milli ára nemur 41 prósenti en rúmum nítján prósentum í sérbýlum. 73 sérbýli seldust í júlí í ár en 88 á sama tíma í fyrra. Verðið á íbúðunum hækkaði hins vegar á sama tíma.



**ALBERT STEINN GUÐJÓNSSON UNDIRBÝR MATARBOÐ** Albert og kona hans seldu íbúð sína á Bergstaðastræti og segjast heppin að ná að selja. Það bjargaði þeim að eiga íbúð á besta stað í bænum. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Albert telur að hefði hann strax skipt við fasteignasölu sem bjóði þjónustu í kringum söluna hefði hugsanlega gengið betur að selja, en íbúðin fór á sölu í mars. Fyrst á hefðbundinni fasteignasölu, síðan á Remax, þar sem verðið var lækkað nokkuð og íbúðin svo seld á 5,4 milljónum undir upphaflega verðmatinu: „Þar sem við erum að fara til Bandaríkjanna ákváðum við að taka fyrsta tilboðinu í stað þess að bíða eftir hálfri milljón meir. Blikur eru á lofti og því hefði gengistapið getað numið meiru.“

Albert segir að íbúðaverðið hefði ekki skipt miklu hefðu þau ekki verið á leið úr landi: „Við mældum hvort við gætum leigt hana út en hefðum þá þurft að taka neyslulán og verið skuldsett fyrir um átján milljónum. Til að standa straum af átján milljónum hefðum við þurft að leigja íbúðina á meira en 150 þúsund krónur á mánuði.“ **gag@frettabladid.is**

**BREYTINGAR Á FASTEIGNAMARKAÐI MILLI MÁNAÐA**

| | Júlí 2006 millj.kr./fjöldi eigna | | Júní 2006 millj.kr./fjöldi eigna | | Breyting milli mánaða velta/fjöldi eigna | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjölbýli | 7.584 | 354 | 8.428 | 370 | -10% | -4,3% |
| Sérbýli | 2.793 | 73 | 3.208 | 81 | -12,9% | -9,9% |

*Heimild: Fasteignamat ríkisins*



**BRESKIR HERMENN Í AFGANISTAN** Þrír félagar þeirra dóu og einn særðist alvarlega í árás skæruliða í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

NATO-liðið í Afganistan:

## Breskir hermenn drepnir

**AFGANISTAN, AP** Þrír breskir hermenn féllu fyrir sprengjuskotum skæruliða talíbana í Suður-Afganistan í gær, daginn eftir að Atlantshafsbandalagið tók við ábyrgðinni á friðargæslu í suðurhluta landsins, aðalvígi uppreisnarmanna, en bandarískir hermenn höfðu staðið þar vaktina frá því talíbanastjórninni var steypt í árslok 2001.

Samkvæmt upplýsingum frá utanríkisráðuneytinu hafa þessar breytingar á hlutverki gæsluliðs NATO í Afganistan, ISAF, engin áhrif á verkefni liðsmanna Íslensku friðargæslunnar þar. **- aa**

Mótmælandi og lögregla:

## Kært verður á báða bóga

**LÖGREGLUMÁL** Einn mótmælendanna úr Fjölskyldubúðum Íslandsvina á Kárahnjúkum, Ólafur Páll Sigurðsson, sakar lögreglumann um að hafa reynt að keyra á sig um helgina. Hann hyggst leggja fram kæru á hendur lögreglunni.

Óskar Bjartmarz, yfirlögregluþjónn á Egilsstöðum, neitar ásökunum Ólafs. „Þetta er uppspuni. Hann kom þarna æðandi og hindraði það að hægt væri að aka áfram. Þegar lögreglubíllinn reyndi að aka mjög rólega áfram þá lagði hann hendurnar á hann og barði í húddið og hliðar bílsins eins og óður maður og skemmdi hann.“ Óskar segir að Ólafur verði kærður fyrir skemmdarverk. **- sh**



**ELDUR Í ÍBÚÐARHÚSNÆÐI** Slökkvilið var kallað út að íbúðarhúsnæði við Kársnesbraut í gærkvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Eldur í íbúðarhúsnæði í gær:

## Grunur um íkveikju

**SLÖKKVILIÐ** Vegfarandi á hjóli tilkynnti slökkviliði um eld í íbúðarhúsnæði að Kársnesbraut 106, um áttaleytið í gærkvöldi. Íbúðin þar sem eldurinn kom upp er tóm og leikur grunur á að um íkveikju hafi verið að ræða.

Slökkvilið frá Skógarhlíð og Hafnarfirði var ræst út en öðrum deildum var snúið við þegar eldurinn reyndist minniháttar.

Þegar slökkvilið bar að garði logaði í gluggakistu og voru tveir reykkafarar sendir inn og slökktu þeir eldinn án vandkvæða. Að sögn varðstjóra hefði farið mun verr ef eldurinn hefði ekki uppgötvast því mikill eldsmatur er í klæðningu hússins. **- æþe**

Mat á hryðjuverkahættu:

## Mikil hætta sögð á árás

**BRETLAND, AP** Mikil hætta er á nýrri hryðjuverkaárás í Bretlandi. Þetta var tilkynnt á vefsíðu breska innanríkisráðuneytisins og innanríkisleyniþjónustunnar MI5 í gær.

Viðbúnaðarstigin í kerfinu eru fimm, frá lítilli yfir hóflega, talsverða, mikla og mjög mikla hættu. Birting þessa mats er liður í því að bregðast við gangrýni á að aðgengi almennings að upplýsingum um yfirvofandi hryðjuverkahættu hafi verið of lítil þegar árásirnar á jarðlestakerfi Lundúna voru gerðar í júlí í fyrra. **- aa**


BÍLL DAGSINS
OPEL VECTRA ELEGANCE
Nýskr 04.03 - ssk, ek. 37 þús. km.




Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR
Opið: Alla virka daga kl. 9:00 -18:00. Sími: 525 8020.


Nýtt portrettlistaverk af Margaret Thatcher var afhjúpað við hátíðlega athöfn í gær:

# Járnfrúin úr silki og járni

**BRETLAND** Lafði Margaret Thatcher, fyrrverandi forsætisráðherra Bretlands, var í gær viðstödd er nýtt „málverk“ af henni var afhjúpað við hátíðlega athöfn á Dorchester-hótelinu í Lundúnum. Lítið hefur sést til Thatcher opinberlega síðustu misserin, enda kvað heilsu hennar að vera að hraka.

Höfundur verksins er ungur breskur listamaður, Benjamin Shine, en það er gert úr silki-siffoni á undirlag úr járni. Andlitsdrættir Thatcher eru „teiknaðir“ á járnið með silkinu.

Lafði Thatcher sagði myndina vera stórfenglega, en bætti við að hún teldi sig „ekki vera svona herskáa á svip“. **- aa**



**LAFÐI THATCHER ÁNÆGÐ** Frá afhjúpun listaverksins á Dorchester-hótelinu í Lundúnum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




TÓMT,
EN LOFAR GÓÐU.

ANNO 1366
STELLA ARTOIS

0,0%

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 1.8.2006

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 72,35 | 72,69 |
| Sterlingspund | 135,07 | 135,73 |
| Evra | 92,29 | 92,81 |
| Dönsk króna | 12,366 | 12,438 |
| Norsk króna | 11,723 | 11,793 |
| Sænsk króna | 10,019 | 10,077 |
| Japanskt jen | 0,63408 | 0,6344 |
| SDR | 107,32 | 107,96 |

*Gengisvísitala krónunnar*
127,695

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Bandarískir vísindamenn birta niðurstöður rannsóknar á þyngdaraukningu:

# Bóluefni gegn offitu fundið

**BANDARÍKIN** Bandarískir vísindamenn segjast hafa fundið upp bóluefni gegn offitu í rottum, kemur fram á fréttavef breska ríkisútvarpsins, BBC.

Bóluefnið, sem hefur aðeins verið reynt á rottum, mun hvetja líkamann til að framleiða mótefni gegn hormóninu grelín sem vekur hungurtilfinningu og stuðlar að þyngdaraukningu. Bóluefnið virðist hafa áhrif á þann hluta hormónsins sem veldur því að fita er geymd í líkamanum.

Bólusettar rottur þyngdust minna þó þær ætu nákvæmlega jafn mikið og aðrar sem ekki höfðu verið sprautaðar, kom fram í niðurstöðum rannsóknar vísindamanna við Scripps-rannsóknastofuna í Kalíforníu.

Telja vísindamennirnir að niðurstöðurnar bendi til þess að hægt sé að nota þetta bóluefni til að stjórna þyngdaraukningu allra spendýra, sem og söfnun fituvefs í líkömum þeirra.

Breskur offitusérfræðingur varaði þó við því að þó bóluefnið væri athyglisvert, þá væri allsendis óvíst hvort það væri hættulaust fólki.

„Þar sem grelín er í heilanum, gæti maður verið að hefja svörun ónæmiskerfisins gegn heilanum. Það er ekki endilega hættulaust ferli – ég myndi ekki vilja vera sjálfboðaliði í þeirri rannsókn,“ sagði Stephen Bloom, prófessor við Imperial College í London. **- smk**



**OFFITA** Bandarískir vísindamenn segjast hafa fundið bóluefni gegn offitu. NORDICPHOTOS/AFP

Ólögmætar uppsagnir:

# Sex sagt upp í Snæfellsbæ

**ATVINNUMÁL** Stjórn BSRB hefur ákveðið að stefna bæjarstjórn Snæfellsbæjar í kjölfar uppsagna sex starfsmanna við íþróttahús og sundlaug bæjarins. Stjórn BSRB hafði áður bent bæjaryfirvöldum á að uppsagnirnar stæðust ekki lög en ekki var vilji til að draga þær til baka.

Bæjaryfirvöld báru því við að uppsagnirnar væru tilkomnar vegna skipulagsbreytinga en í kjarasamningum eru hins vegar skýr ákvæði um að slíkar breytingar geti átt sér stað án uppsagna starfsfólks.

Í framhaldinu verður krafist bóta vegna þess tjóns sem starfsfólkið hefur orðið fyrir. **- hs**

Formannsframboð í Framsókn:

# Vill rífa upp flokkinn

**STJÓRNMÁL** Haukur Haraldsson sækist eftir embætti formanns Framsóknarflokksins á flokksþinginu síðar í mánuðinum.



HAUKUR HARALDSSON

Haukur starfaði í Framsóknarflokknum þegar hann var barn og unglingur en sagði skilið við hann um tvítugt og gekk í Sjálfstæðisflokkinn. Eftir sveitarstjórnarkosningarnar í vor ákvað hann svo að ganga á ný í Framsókn og sækjast eftir formennsku. „Flokkurinn fékk útreið í kosningunum og ég vil rífa hann upp aftur,“ sagði Haukur í samtali við Fréttablaðið í gær. **- bþs**

Deila um frelsisviptingu:

# Mætti með handrukkara

**LÖGREGLUMÁL** Viðar Friðfinnsson, framkvæmdastjóri Bóhem, segir Ásgeir Davíðsson, eiganda Goldfinger, hafa ógnað starfsfólki og tekið fjármuni úr peningakassa á staðnum ófrjálsri hendi. „Ásgeir mætti á staðinn með fjóra handrukkara með sér og yfirtók staðinn. Hann borgaði lásasmið, sem kom á staðinn og skipti um lás, með peningum úr peningakassanum á Bóhem. Ég vísa því á bug ég hafi hlaupið í burtu af því Ásgeir hafi verið að koma staðinn með handrukkurum. Það er ekki rétt.“

Ásgeir Davíðsson sagði í viðtali við Fréttablaðið í gær að hann hefði gengið of langt „í ölæði“, þegar hann fór ásamt fjórum mönnum inn á Bóhem aðfaranótt mánudags og skipti um lása á hurðum inni á staðnum. **- mh**

# Lögregla á göngu án yfirsýnar og í hættu

**Myndavélar mega ekki leysa lögreglumenn af hólmi eins og nú er. Þeir þurfa að vera sýnilegir í miðborginni. Þetta er mat öryggisráðgjafa og fyrrum lögreglufulltrúa. Lögreglan segir myndavélarnar lykilatriði við löggæsluna í miðbænum.**

**LÖGGÆSLA** Lögreglan í Reykjavík hætti að senda menn sína fótgangandi um miðborgina um helgar þar sem hún taldi þá ekki hafa nægilega yfirsýn innan um fólkið. Þeir voru í hættu vegna ofbeldismanna. Þetta segir Geir Jón Þórisson, yfirlögregluþjónn í Reykjavík.

Fyrrum lögreglufulltrúi í ofbeldisdeild lögreglunnar og nú öryggisráðgjafi, Gunnleifur Kjartansson, gagnrýnir að lögreglan sé ekki sýnileg í miðborginni. Fimmtán til tuttugu lögreglumenn að lágmarki þurfi að vera í fullum skrúða á göngu til að fylgjast með skemmtanalífinu. Það hafi forvarnargildi.



GEIR JÓN ÞÓRISSON

Gunnleifur segir myndavélarnar eiga að vera til viðbótar við almennt eftirlit: „Þær leysa aldrei sýnilega löggæslu af hólmi. Það er alger blekking álíti menn það.“ Myndavélarnar séu ekki fyrirbyggjandi og oft reynist myndir úr þeim ekki nothæfar því þær séu óljósar.

Geir Jón segir tvöfalt fleiri lögreglumenn á vakt um helgar. Þeir séu þá 35 til 40 í allri borginni en átta til tíu aðeins í miðborginni. Auk þess sitji tveir yfir eftirlitsmyndavélunum. Þær séu lykilatriði við löggæsluna. „Myndavélarnar hafa hjálpað okkur að ná til þeirra sem hafa stundað ofbeldi í miðborginni. Við höfum getað fylgt þeim eftir og handtekið þá. Samt sem áður hafa menn haldið brotunum áfram.“



**OFBELDI SEM LEIDDI TIL DAUÐA** Maður var myrtur á Hverfisgötu aðfaranótt Menningarnætur í fyrra. Hér er morðinginn leiddur í gæsluvarðhald daginn eftir. Annar hefur einnig verið dæmdur fyrir að beita gaddavopni á jafnaldra sinn í Hafnarstræti er liðið var á Menningarnótt. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Geir Jón segir ofbeldið mest eftir þrjú á nóttunni. „Það fólk sem beitir ofbeldi er illa áttað vegna vímu- eða ölvunarástands. Að lögreglan standi þeim við hlið hefur ekki forvarnargildi. Það er ekki með sjálfu sér. Það man ekki neitt og skilur ekki neitt þegar rætt er við það daginn eftir.“

Geir Jón segir lausnina ekki fólgna í að fjölga lögreglumönnum. Fleiri þættir þurfi að koma til. Til að mynda gæti hjálpað að dreifa skemmtistöðunum betur um borgina til að hindra að þúsundir þyrpist á sama stað: „Menn þurfa að kryfja vandann. Lausnin er ekki að fjölga lögreglumönnum. Þetta skoðum við á hverjum tíma með borgaryfirvöldum.“

Gunnleifur vill sjá lögreglustöð í miðborginni opnaða aftur. Lýsa þurfi svæði í miðborginni betur upp þegar dimmi. Honum líst vel á að Reykjavíkurborg bregðist við vandanum en segir sveitarfélög í nágrenninu þurfa að sameinast áformum borgarinnar. Borgarbúar séu ekki þeir einu sem skemmti sér í miðbænum um helgar.

Geir Jón segir lögregluna þegar staðsetta í miðborginni, við Hlemm. **gag@frettabladid.is**

Friðargæsla á Sri Lanka:

# Svíar yfirgefa gæsluliðið

**SRÍ LANKA, AP** Sænsk stjórnvöld tilkynntu í gær að sænsku liðsmennirnir í norræna friðargæslu- og sáttaliðinu á Srí Lanka, SLMM, myndu halda heim fyrir lok þessa mánaðar. Áður höfðu stjórnvöld í Danmörku og Finnlandi tilkynnt um heimköllun sinna manna þar.



ULF HENRIKSSON

Eftir í liðinu verða Norðmenn og Íslendingar, en í kjölfar þess að Evrópusambandið setti Tamíl-tígrana, aðskilnaðarhreyfingu tamíla, á lista yfir hryðjuverkasamtök fyrr í sumar kröfðust talsmenn þeirra þess að liðsmenn SLMM frá ESB-löndum hyrfu frá.

Norðmenn áttu frumkvæði að stofnun SLMM árið 2002, er þeir höfðu átt milligöngu um vopnahlé í borgarastríðinu. **- aa**

Kamfýlóbaktersýkingar:

# 40 sýktir fyrstu mánuði ársins

**SÝKINGAR** Fjórtíu smituðust af matareitrunarveirunni kamfýlóbakter fyrstu fimm mánuði ársins. Í fyrra smituðust 27 á sama tíma.

Árið 1999 greindust 426 með kamfýlóbaktersmit en voru 245 árið á eftir, 143 greindust árið 2002 en einungis 85 árið 2003. Þeim fjölgaði strax um tæpan helming árið 2004 er 161 fengu kamfýlóbaktersýkingu.

Niðurgangur er helsta einkenni sýkingarinnar svo og ógleði, uppköst, hiti og krampakenndir kviðverkir. Sýkingin gengur í flestum tilfellum yfir án meðferðar á fjórum til fimm dögum. Algengasta smitleiðin er með menguðum matvælum eða með vatni, samkvæmt upplýsingum Landlæknisembættisins. **- gag**






## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**VERSLUNARMANNAHELGIN**

Horfur komandi verslunarmannahelgar eru og hafa verið ágætar. Það sem helst einkennir þær eru hlýindi og yfirleitt hægur vindur en á hinn bóginn er nokkur væta í þeim og það bæði norðan og sunnan heiða. Þó e.t.v sé meira gaman að hafa sólina þá er ekki ónýtt að vera í hæglætisveðri og hlýjindum enda er slíkt veður alls ekki slæmt fyrir regnhlífarmenninguna sem svo sárlega skortir hér á landi.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**

Hægviðri og bjart. Hiti allt að 18 stig.

*um hádegi »*




*» á morgun*




Suðaustan 8-13 m/s vestan til síðdegis.

*» föstudagur*




5-10 m/s stífastur austan til.

*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 19°C rigning | London | 21°C hálfskýjað | Alicante | 33°C heiðskírt |
| Billund | 21°C skúrir | París | 21°C skúrir | Mallorca | 27°C heiðskírt |
| Osló | 23°C skúrir | Frankfurt | 22°C skúrir | Algarve | 29°C léttskýjað |
| Stokkhólmur | 24°C skúrir | Friedrichshafen | 18°C skúrir | Krít | 28°C léttskýjað |
| Gautaborg | 20°C skúrir | Berlín | 22°C skúrir | Las Palmas | 25°C heiðskírt |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

www.volkswagen.is




## Caddy

Lipur vinnuþjarkur með frábæra aksturseiginleika og vinnuaðstöðu fyrir bílstjórann. Caddy er með hleðsluhurðir báðum megin og tvöfalda afturhurð. Stigalúga að aftan er staðalbúnaður. Heildarflutningsrýmið er 3,2 m³. Bíllinn er afar vel búinn, ASR spólvörn ABS hemlalæsivörn og hljómflutningstæki með geislaspilara er staðalbúnaður. Vélarstærðir í boði eru 1,4 l bensín 75 hö. og 2,0 l dísil 70 hö.

**Verð frá 1.760.000 kr.**
**eða 28.300 kr. á mánuði***



Einnig fáanlegur í fimm sæta útfærslu með hliðargluggum.

## Transporter

Fáir vinnubílar búa að jafn langri og glæstri hefð og Transporter. Burðargetan er 0,8–1,4 tonn. Hleðslurýmið er 5,0–9,3 m³. Allir bílarnir koma með hleðsluhurðum báðum megin* og hægt er að skipuleggja geymslurýmið á ótal vegu. Vélarstærðir sem eru í boði eru 1,9 l TDI® 104 hö., 2,5 l TDI® 130 hö., 2,5 l TDI® 174 hö. og 2,0 l bensín 115 hö.

*High roof er eingöngu með rennihurð hægra megin

**Verð frá 2.520.000 kr.**
**eða 40.973 kr. á mánuði***



Einnig fáanlegur í átta sæta útfærslu með hliðargluggum.

## Transporter Pickup

Ný útfærsla á Transporter, með ótal atriðum sem greina hann frá keppinautunum í flokki léttari sendibíla. Pallurinn er 2,93 m langur og 1,94 m breiður. Vélarstærðir sem eru í boði eru 1,9 l TDI® 104 hö., 2,5 l TDI® 130 hö., 2,5 l TDI® 174 hö. og 2,0 l bensín 115 hö.

**Verð frá 2.625.000 kr.**
**eða 42.677 kr. á mánuði***



Einnig fáanlegur í sex manna Double-Cab útfærslu.

**Þú finnur hentugustu fjármögnunarleiðina með hjálp sölufulltrúa okkar**

Aus Liebe zum Automobil

*M.v. Bílasamning SP til 60 mánaða og 20% útborgun

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416

HEKLA, Laugavegi 174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is




## KJÖRKASSINN

*Veldur hraðakstur vélhjóla í umferðinni þér áhyggjum?*

| | |
|---|---|
| Já | 80% |
| Nei | 20% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Á að hækka aldurstakmörk á útihátíðar?*

Segðu skoðun þína á Vísi.is

vísir


Pálmar Hreinsson, verkefnisstjóri lyfjamála hjá ÍSÍ, um lyfjanotkun ungmenna:

# Ekkert sem kemur á óvart

**LYFJAMÁL** „Það er alltaf slæmt að lyfjamisnotkun skuli eiga sér stað,“ segir Pálmar Hreinsson, verkefnisstjóri lyfjamála hjá Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands, um niðurstöður rannsóknar um lyfjanotkun framhaldsskólanema. Þar kemur fram að nær 22 prósent þeirra sem taka stera hafi fengið þá hjá fólki tengdu íþróttafélagi.

Rannsóknin sem um ræðir er unnin af Rannsóknum og greiningu sem kannað hafa notkun lyfja, tóbaks og fæðubótarefna meðal framhaldsskólanema. Af niðurstöðum rannsóknarinnar má meðal annars ráða ráða að notkun framhaldsskólanema, sem eru í íþróttum, á efedríni og anabólískum sterum tengist einkum þremur íþróttagreinum, það er vaxtarrækt, frjálsum íþróttum og bardagaíþróttum.



PÁLMAR HREINSSON

Pálmar segir að að meðal annars vegna annmarka á skýrslunni hafi forráðamenn ÍSÍ ekki enn kynnt niðurstöður hennar.

„Það er svo sem ekkert í þessari skýrslu sem kemur okkur sérstaklega á óvart,“ segir Pálmar enn fremur. „Það hafa því ekki orðið neinar róttækar breytingar í forvarnarmálum ÍSÍ í kjölfar hennar. Við vitum að þetta er til staðar, hér eins og annars staðar, innan íþróttahreyfingarinnar og utan. Við framkvæmum yfir hundrað lyfjapróf á ári og af og til falla menn. Við erum engan veginn sátt við það, en á yfirvegaðan hátt reynum við að draga úr þessu og koma málum til betri vegar með víðtækri fræðslu eins og við höfum bolmagn til. En það er ljóst að við þurfum að auka betur í.“ - jss

Kjör vaktavinnufólks kortlögð:

# Færri kjósa vaktavinnu

**ATVINNUMÁL** Bætt kjör vaktavinnufólks felast ekki einungis í hærri launum heldur einnig bættum vinnuaðstæðum, að sögn Ögmundar Jónassonar, formanns BSRB.

Rannsóknarstofa vinnuverndar vinnur nú að rannsókn fyrir BSRB, BHM, ríkið, Reykjavíkurborg og sveitarfélögin í landinu.

„Ofangreindir aðilar sömdu um þátttöku í þessu samstarfsverkefni, sem er liður í því að gera vaktavinnu eftirsóknarverðari.“ Ögmundur segir sífellt erfiðara að manna vaktavinnu að hluti vandans sé hversu títt fólk sé kallað til aukavakta. - hs








Á FUNDINUM Formaður félags íslenskra flugumferðarstjóra segir úttekt enga töfralausn, menn séu alveg jafn ósáttir við núverandi vaktakerfi. Fulltrúi Flugmálastjórnar fagnar því að úttekt verði gerð á vaktakerfi flugumferðarstjóra, það sé löngu kominn tími á sættir.

# Úttekt verður gerð á nýja vaktakerfinu

**Á fundi samgönguráðherra og forsvarsmanna flugumferðarstjóra var ákveðið að láta gera úttekt á nýju vaktakerfi þeirra. Flugmálastjórn fagnar úttektinni en formaður Félags íslenskra flugumferðarstjóra segir hana breyta litlu.**

**KJARAMÁL** Úttekt verður gerð á nýju vaktakerfi flugumferðarstjóra, en Sturla Böðvarsson samgönguráðherra fundaði með deiluaðilum í gær. Fyrir hönd félags íslenskra flugumferðarstjóra sátu Loftur Jóhannsson formaður, Stefán Mikaelsson og Halldóra Klara Valdimarsdóttir fundinn.

„Niðurstaðan á fundinum með fulltrúum flugumferðarstjóra er að við munum leita eftir úttekt á starfsumhverfi þeirra í þeim tilgangi að finna bestu leiðir til þess að starfsemin geti gengið eðlilega fyrir sig,“ segir Sturla.

„Þessi starfsemi sem sér um að stjórna fluginu hér er Íslendingum geysilega mikilvæg og hana þarf að skipuleggja þannig að hún sé bæði hagkvæm og að hægt sé að verða við mismunandi álagi.“

Loftur segist hvorki sáttur né ósáttur við niðurstöðu fundarins. „Alveg eins og flugumferðarstjórar voru ekkert sáttari við vaktakerfið þótt Félagsdómur segði að það hefði mátt breyta því þá verða menn ekkert sáttari þó að einhver komi frá útlöndum og segi að það sé allt í lagi að hafa vaktakerfið svona.“

Hann ítrekar það að flugumferðarstjórar séu að vinna samkvæmt nýja vaktakerfinu og láti sig hafa það þótt þeir séu ósáttir við það. „Mér finnst ekki rétt að flugumferðarstjórar séu gerðir ábyrgir fyrir þessu vandamáli sem nokkrir yfirmenn Flugmálastjórnar bjuggu til.“

„Við hjá Flugmálastjórn lítum það jákvæðum augum að þessi úttekt verði gerð,“ segir Þorgeir Pálsson flugmálastjóri. „Við höfum lagt okkur í líma við að ræða við okkar starfsmenn um þessi málefni en því miður hefur ekki náðst samkomulag. Ég geri mér vonir um að þessi úttekt verði lóð á þær vogarskálar.“

Miklar deilur hafa staðið um nýja vaktakerfið allt frá því það var sett á af Flugmálastjórn í mars. Flugumferðarstjórar vilja meina að með því hafi flugmálastjórn frjálsar hendur til að ráðstafa vinnutíma þeirra.

Félag íslenskra flugumferðarstjóra fór í mál við ríkið eftir breytinguna á vaktaskipulaginu en Félagsdómur komst að þeirri niðurstöðu að breytingin væri lögleg.

Flugumferðarstjóri á Reykjavíkurflugvelli, sem tilkynnti sig veikan í fyrradag, var úrskurðaður vinnufær og í framhaldinu skipað að mæta til vinnu. Félag íslenskra atvinnuflugmanna sendi frá sér tilkynningu í gær þar sem þessi vinnubrögð eru átalin og bent á að slíkt sé bein ógnun við flugöryggi. salvar@frettabladid.is


Verslunarmannahelgin ÚTHLÍÐ FERÐAÞJÓNUSTA 2006

**Úthlíðarkirkja**
**Messa fimmtudaginn 3. ágúst kl. 20.00.**
Prestur sr. Hjálmar Jónsson



**Hlíðarlaug**
**kl. 10.00 - kl. 20.00**
Sundlaug, heitir pottar, verslun, gas, bensín



**Réttin**
**Opin 10.00 - 22.00**
Veitingar, kaldur á krananum

**Tjaldstæði**
Rafmagn og góð grillaðstaða
Aldurstakmark 20 ár.



**Golfvöllur**
**Opinn 10.00 - 22.00**
Golfkennsla föstudag kl. 17.00 - 19.00 Barna- og unglingagolfmót sunnudag kl. 16.00

**Hestaleiga**
Opin kl. 12.00 – 16.00 Teymt undir börnum, farið í útreiðartúra



**Skemmtistaðurinn Réttin**
Krakkaball með Helgu Möller laugardag kl. 17.00 Fullorðinsball föstudags- og laugardagskvöld kl. 24.00. Helga Möller og félagar skemmta. Aldurstakmark 18 ár.

**Brenna laugardagskvöld**

Sjá dagskrána nánar á www.uthlid.is


Tony Blair og Arnold Schwarzenegger um losun gróðurhúsalofttegunda:

# Sameinast gegn stefnu Bush

**BANDARÍKIN, AP** Bretland og Kaliforníuríki munu taka saman höndum í baráttu gegn mengun í heiminum. Þetta var ákveðið á fundi Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, og Arnolds Schwarzenegger, ríkisstjóra Kaliforníu, sem fram fór í Kaliforníu á mánudag.

Samningurinn gengur þvert á áætlanir alríkisstjórnarinnar og George W. Bush Bandaríkjaforseta um umhverfisvandann, enda sagði Schwarzenegger á fundinum: „Við sjáum að alríkisstjórnin gegnir ekki forystuhlutverkinu þegar kemur að umhverfisvernd.“

Gróðurhúsaáhrifin eru „þegar til langs tíma litið stærsta vandamálið sem við stöndum frammi fyrir,“ sagði Blair.

Samningnum er ætlað að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, en Bush hefur neitað að fyrirskipa aðgerðir sem myndu stuðla að því.

Náttúruverndarsinnar efast um gildi samningsins og segja hann eingöngu táknrænan.

Stjórnmálaskýrendur eru álíka efins um samninginn og segja hann kosningabrellu – Schwarzenegger sé að reyna að fjarlægja sig frá stefnu Bush. Schwarzenegger berst nú fyrir endurkjöri til ríkisstjóra Kaliforníu og fylgi bandarísku þjóðarinnar við forseta sinn hefur farið ört dvínandi undanfarið. - smk



GÓÐIR VINIR Arnold Schwarzenegger, ríkisstjóri Kaliforníu, og Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, á fundi á mánudag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# 50.000 kr.

## af bensíni fylgja öllum notuðum bílum




| TOYOTA AVENSIS SOL EXE | SUBARU LEGACY | OPEL VECTRA ELEGANCE | SUBARU LEGACY |
|---|---|---|---|
|   |  |   |  |
| Árgerð 2005 - Sjálfskiptur - Ekinn 8. þús. | Árgerð 2003 - Sjálfskiptur - Ekinn 78. þús. | Árgerð 2003 - Sjálfskiptur - Ekinn 37. þús. | Árgerð 2001 - Beinskiptur - Ekinn 61. þús. |
| **ÁÐUR:** 3.090.000,- **TILBOÐ: 2.880.000,-** | **VERÐ:** 1.520.000,- | **ÁÐUR:** 1.670.000,- **TILBOÐ: 1.490.000,-** | **VERÐ:** 1.170.000,- |

**Fjárfestu í notuðum bíl hjá okkur, fáðu 50.000 kr. bensínkort frá Ego í kaupbæti og þú getur ekið frítt 5 hringi í kringum landið.* Allt að 100% fjármögnun.**

Utan höfuðborgarsvæðisins er hægt að nota bensínkort Ego á bensínstöðvum ESSO um land allt.

**Ingvar Helgason** | **NOTAÐIR BÍLAR** | Opið: Alla virka daga kl. 9:00 - 18:00

* 50.000 kr. jafngilda 386,4 lítrum af 95 oktan bensíni hjá Ego miðað við verðlag 31.07.06. 386,4 lítrar miðað við bensíneyðslu upp á 6 lítra á hundraðið nægir í fimmfaldan hringvegsakstur.



## VEISTU SVARIÐ?

1 Hvað heitir Geiri á Goldfinger fullu nafni?

2 Hvað heitir leikmaðurinn sem skoraði þrennu fyrir Val á móti ÍBV?

3 Hvar á landinu var tekin fyrsta skóflustungan að nýju menningarhúsi í gær?

Áfengisauglýsingar á Íslandi hafa þrefaldast á síðustu tíu árum þrátt fyrir að vera bannaðar með lögum:

# Áfengi er auglýst á leikfangabílum

**NEYTENDUR** Á leikfangi sem nýlega var keypt í leikfangaverslun í Reykjavík má sjá stærðarinnar bjórauglýsingu en þetta er ekki eina dæmið um beinar eða óbeinar áfengisauglýsingar hér á landi. Rafn Jónsson, verkefnisstjóri áfengis- og vímuvarna hjá Lýðheilsustöð, segist vona að þetta sé einsdæmi og veit ekki af fleiri leikföngum þar sem áfengi er auglýst.

Samkvæmt niðurstöðum rannsóknar sem Háskólinn á Akureyri gerði fyrir Lýðheilsustöð hefur tíðni áfengisauglýsinga í dagblöðum og tímaritum þrefaldast á Íslandi á síðustu tíu árum þrátt fyrir að íslensk lög banni áfengisauglýsingar. „Með því að framleiða áfengan og óáfengan bjór í sömu umbúðum er auðvelt að villa um fyrir neytendum og láta auglýsingar á áfengislausum bjór líta út eins og bjórauglýsingar.“

Rafn segir að í auglýsingunum sé oft verið að byggja upp ákveðnar væntingar sem sé varhugavert fyrir unga neytendur. „Í áfengisauglýsingu sem birt var fyrir síðustu verslunarmannahelgi er til dæmis gefið í skin að meiri bjór skili sér í meiri peningum og fleiri vinum.“

Rafn segir áfengisauglýsingar misbeinar en að í dæminu hér að framan sé greinilega verið að höfða til yngra fólks. **- hs**



**LEIKFANGABÍLL** Svo virðist sem leikföng séu ekki lengur óhult fyrir áfengisauglýsingum.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Keyrt á hjólandi pilt** Ekið var á tólf ára pilt á reiðhjóli í Fagrahjalla í Kópavogi á áttunda tímanum í fyrrakvöld. Samkvæmt upplýsingum lögreglunnar í Kópavogi voru meiðsl hans minniháttar.

**Ekið á hjólastúlku** Ekið var á sex ára stúlku á reiðhjóli á Hringbraut á níunda tímanum í fyrradag. Stúlkan kenndi sér meins í vinstri fæti og var flutt á slysadeild til skoðunar. Meiðsl hennar eru þó ekki talin alvarleg.

## Stiklað á stóru á ferli Fídels Kastró

**1. janúar 1959** Kastró nær völdum er einræðisherrann Batista flýr.
**Júní 1960** Bandarískar olíuhreinsunarstöðvar þjóðnýttar.
**Október 1960** Útflutningsbann á bandarískar vörur til Kúbu.
**16. apríl 1961** Kastró segir sósíalisma genginn í garð á Kúbu.
**17. apríl 1961** Svínaflóainnrás CIA og kúbverskra útlaga.
**Febrúar 1962** Innflutningsbann á kúbverskan varning til BNA.
**Október 1962** Kjarnorkudeila Bandaríkja- og Sovétmanna vegna eldflauga á Kúbu.
**Júlí 1972** Kúba gerist félagi í efnahagsbandalagi austantjaldslanda.
**Desember 1991** Fjárhagsaðstoð Sovétríkjanna lýkur. Kreppa.
**Júní 1998** Jóhannes Páll páfi heimsækir Kúbu.
**Júní 2006** Raúl Kastró segir að Kommúnistaflokkurinn muni stjórna Kúbu eftir daga Fídels.

Ert þú í atvinnuleit?
Leyfðu okkur að aðstoða
Skráðu þig á www.hhr.is
HH RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA
HH Ráðgjöf, Ráðningarþjónusta - Fiskislóð 81 - 107 Reykjavík
Sími: 561 5900 - Fax: 561 5909 - Tölvupóstfang: hhr@hhr.is - www.hhr.is

BREYTTUR AFGREIÐSLUTÍMI
á Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum
Lokað frá kl. 16.00 á föstudag og lokað á laugardag samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar Vestmannaeyja.
Nánari upplýsingar um afgreiðslutíma Vínbúða er að finna á vinbud.is.
VÍNBÚÐ
lifum, lærum & njótum



**FAGNAÐARLÆTI Í MIAMI** Brottfluttir Kúbverjar eru sannfærðir um að Kastró sé við dauðans dyr og fagna því mjög. Taumlaus gleði hefur verið í „Litlu-Havana“ á Miami síðan fregnir bárust af veikindunum. NORDICPHOTOS/AFP

# Fídel sjúkur

**Kastró Kúbuforseti afsalaði sér völdum tímabundið vegna innvortis blæðinga. Raúl Kastró kemur í hans stað. Mikill fögnuður meðal útlaga á Miami.**

**KÚBA** Ritari Fídels Kastró tilkynnti í gær að völd forsetans yrðu færð um óákveðinn tíma í hendur næstráðanda á Kúbu, Raúls Kastró. Fídel, sem verður áttræður eftir tvær vikur, þjáist af blæðingum í meltingarvegi og þarf að fara í uppskurð. Í yfirlýsingu frá forsetaembættinu segir að Fídel hafi ofkeyrt sig á síðustu dögum. Hann hafi „unnið stanslaust nótt sem nýtan dag“ í ferð til Argentínu þar sem hann sat fund Mercosur, fríverslunarsamtaka Suður-Ameríku, og þegar heim kom tók hann þátt í miklum hátíðarhöldum vegna afmælis kúbversku byltingarinnar.

Fídel sjálfur mun vera bjartsýnn á að snúa aftur til valda innan nokkurra vikna, en þetta er í fyrsta skipti sem Fídel hefur þurft að stíga af stóli á 47 ára sleitulausri valdasetu. Um sjötíu prósent Kúbverja hafa aldrei haft annan leiðtoga en hann.

Raúl Kastró, yngri bróðir Fídels, er 75 ára gamall og hefur verið hægri hönd forsetans allt frá byltingunni 1959. Hann nýtur ekki viðlíka vinsælda og Fídel meðal eyjarskeggja, sem gjarnan segjast vera „fídelistar, en ekki kommúnistar“.

Kúbverjar tóku fréttunum með rósemd og daglegt líf gekk sinn vanagang í Havana. Samkomur til stuðnings Fídel voru á nokkrum stöðum í borginni en mikill fögnuður braust hins vegar út í „Litlu-Havana“ á Miami í Bandaríkjunum vegna veikinda Fídels og var dansað á götunum í gær og fyrrinótt, en í Miami býr fjöldi Kúbverja í útlegð. Talsmaður Hvíta hússins sagði að þar væri fylgst með framgangi mála og áfram „unnið að frelsun Kúbu“. George W. Bush sagði í útvarpsviðtali á Miami daginn áður en fréttist um veikindi Kastrós að til væri „áætlun um að hjálpa Kúbverjum til skilnings um að til sé betra stjórnarfyrirkomulag en það sem þeir búa við“. **- kóþ**



**NÆSTI LEIÐTOGI KÚBU?** Raúl Kastró spjallar hér við stóra bróður sinn í síðustu viku. Raúl er 75 ára gamall og ekki ýkja vinsæll meðal Kúbverja. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# 70% afsláttur
af upprunalegu verði

+

# 3 fyrir 2
af allri útsöluvöru - greitt er fyrir dýrari vöruna




DEBENHAMS
SMÁRALIND

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS DEB 33656 08/2006



**HÚLAHOPPGJARÐASVEIFLAN** Hin ellefu ára Soffía frá Danmörku sveiflar hér 85 húlahoppgjörðum samtímis og reynir við heimsmeistarametið. NORDICPHOTOS/AFP

Notendur söfnunarsíma sagðir græða á nýjum samningum um 900-þjónustu:

# Ekkert söfnunarfé til Símans

**FJARSKIPTI** Ekki tapa allir á fyrirhugaðri breytingu Símans á samningum um svokallaða 900-þjónustu, sem sagt var frá í Fréttablaðinu í gær.

Eva Magnúsdóttir, upplýsingafulltrúi Símans, bendir á að ekki sé rétt það sem fram kemur í máli Önnu Þorgeirsdóttur í blaðinu í gær að sömu skilmálar og brátt taka gildi fyrir þjónustusímana gildi einnig fyrir söfnunarnúmer, þar sem innheimt er eingreiðsla óháð mínútufjölda. Þvert á móti sé fólgin í nýju samningunum kjarabót fyrir notendur söfnunarnúmera, þar sem Síminn muni ekki lengur taka umsamið hlutfall af söfnunarfé í sinn hlut, heldur muni hvert símtal í slíkt númer frá og með gildistöku nýju samninganna kosta 79 krónur, sem renna til Símans. Allt söfnunarféð renni til viðskiptavinarins.



JÓNAS ÞÓRIR ÞÓRISSON



EVA MAGNÚSDÓTTIR

Jónas Þórir Þórisson, framkvæmdastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar, segist ánægður með breytingarnar, sem muni auka það fjármagn sem til þeirra rennur. „Ég fagna þessum breytingum. Þær gera okkur kleift að bæta okkar starfsemi og skila meira af okkur.“ Þá muni ekki öllu um hækkun mánaðargreiðslu fyrir þjónustuna úr 3.100 krónum í 7.900, því kjarabótin sé að öðru leyti svo mikil.

Í Fréttablaðinu í gær sagði Eva Magnúsdóttir að ogVodafone byði ekki upp á 900-númera þjónustu. Í tilkynningu frá ogVodafone segir það ekki vera rétt og þessi þjónusta hafi verið í boði um þó nokkurt skeið. - sh

Mörgæsum bjargað úr olíu:

# Sleppt í náttúruna eftir þvott

**MÖRGÆSIR** Fjörutíu og níu mörgæsum var sleppt aftur út í náttúruna eftir að þeim var bjargað úr olíuflekk við strendur Suður-Argentínu í maí. Þeim var sleppt á strönd í Patagóníu, með málmhring um löppina til merkingar.

Dýraverndunarsinnar og dýralæknar höfðu þvegið fuglunum upp úr sápulegi til að hreinsa fjaðrirnar eftir að þeir lentu í olíumenguninni en upptök hennar hafa ekki enn komið í ljós. Hópurinn var sá fyrsti af 190 fuglum sem bjargað var úr olíuflekknum í maí, hinum fuglunum verður sleppt von bráðar. - sþs








**ÖRYRKJABANDALAG ÍSLANDS** Síminn hefur varla stoppað hjá Öryrkjabandalaginu í kjölfar þess að bréfin fóru að berast inn á heimili fólks.

2.000 öryrkjum tilkynnt að þeir fái ekki lífeyri lengur:

# Segja þá ekki hafa orðið fyrir tekjutapi

**KJARAMÁL** Með bréfi sem Greiðslustofa lífeyrissjóða hefur sent rúmlega þrjú þúsund lífeyrisþegum aðildarsjóða sinna er tvö þúsund öryrkjum tilkynnt að örorkulífeyrir þeirra muni falla niður þann 1. nóvember og yfir þúsund öðrum að hann muni lækka.

Fjórtán lífeyrissjóðir um allt land eiga aðild að Greiðslustofu lífeyrissjóða. Matthildur Hermannsdóttir, upplýsingafulltrúi fyrirtækisins, segir að örorkulífeyrir sé ætlaður til að mæta tekjutapi.

„Núna vorum við að athuga hvort þeir örorkulífeyrisþegar sem eru á lífeyri hjá okkur hefðu sannarlega orðið fyrir tekjutapi. Ef einstaklingur hefur meiri tekjur nú en hann hafði að meðaltali síðustu þrjú ár fyrir orkumissinn umreiknað til núvirðis, þá er rétturinn ekki lengur í gildi.“

Öryrkjabandalagi Íslands hafa borist fjölmargar ábendingar og kvartanir frá því á mánudag vegna bréfsins. „Það hefur varla stoppað hjá mér síminn síðan bréfið barst,“ segir Bára Snæfeld, upplýsingafulltrúi Öryrkjabandalagsins. Hún segir ekki ljóst hver næstu skref ÖBÍ verða. „Við erum ekki búin að tala við fulltrúa frá Greiðslustofu lífeyrissjóða til þess að fá einhverjar frekari útskýringar á þessu, hann næst ekki á fund fyrr en í næstu viku. Við erum í biðstöðu í augnablikinu þangað til við vitum betur hvernig reikniaðferðir eru notaðar.“ - sh




Hundaæði í Kína:

# Yfir 50.000 hundar drepnir

**KÍNA, AP** Yfir 50.000 hundar hafa verið drepnir í Suðvestur-Kína eftir að ljóst var að hundaæði hafði orðið þremur mönnum að bana.

Ákvörðun heilbrigðisyfirvalda var illa tekið af kínverskum almenningi og voru margir afar harðorðir í umfjöllun um hana í ríkisreknum fjölmiðlum Kína, en slík gagnrýni er afar sjaldgæf. Fólkið mótmælti því hvernig lögregla veittist að fólki sem var með hunda sína á gangi í Yunnan-héraðinu, tók hundana af því og drap á staðnum. Eingöngu her- og lögregluhundum var þyrmt.

Yfir 2.000 manns farast úr hundaæði í Kína árlega. **- smk**

Segir nauðsynlegt að herða eftirlit á salernum skemmtistaða þar sem nauðganir eiga sér yfirleitt stað:

# Nauðgunum á víðavangi fer fjölgandi

**ÚTIHÁTÍÐIR** Að mati Eyrúnar Jónsdóttur, deildarstjóra neyðarmóttöku LSH, er allt of algengt að unglingar undir forræðisaldri fari eftirlitslausir á útihátíðir um verslunarmannahelgina en það getur haft alvarlegar afleiðingar.

„Það er staðreynd að 37 prósent fórnarlamba nauðgana eru undir átján ára aldri og hafa verið allt niður í þrettán ára. Á útihátíðum neyta unglingar oft áfengis í fyrsta skipti og ekki er óalgengt að bæði fórnarlömb og gerendur nauðgana séu undir áhrifum.“

Eyrún segir að oft líði langur tími frá verknaði og þar til fórnarlömb skili sér á bráðamóttökuna. „Kærur eftir útihátíðir geta líka verið vandkvæðum bundnar þar sem gerendur eru oft óþekktir og því erfitt að hafa uppi á þeim.“ Í kjölfar verslunarmannahelgarinnar 2005 kom aðeins eitt fórnarlamb á bráðamóttöku LSH eftir nauðgun en á sama tíma leituðu ellefu til Stígamóta.

Það sem af er ári hafa 77 nauðgunarmál komið inn á borð neyðarmóttöku LSH og segir Eyrún áberandi að nauðgunum á skemmtistöðum og á víðavangi fari fjölgandi. „Það er mín skoðun að herða þurfi eftirlit á skemmtistöðum og sérstaklega á salernum þeirra en þar eiga nauðganir sér yfirleitt stað.“

Þá segir Eyrún að nauðgunum þar sem gerendur eru fleiri en einn hafi fjölgað.

Á síðasta ári leituðu ellefu stúlkur til Stígamóta vegna nauðgana á útihátíðum. Allar bárust hjálparbeiðnirnar löngu eftir að útihátíðunum lauk. Vilja samtökin að ráðstafanir séu gerðar nú. **- hs**



**EYRÚN JÓNSDÓTTIR, DEILDARSTJÓRI NEYÐARMÓTTÖKU** Ekki er óalgengt að gerendur og fórnarlömb nauðgana á útihátíðum séu undir áhrifum.



**LITHÁINN ROMAS KOSAKOVSKI** Gæsluvarðhald yfir honum var staðfest og stytt í Hæstarétti í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Gæsluvarðhald yfir Litháa:

# Hæstiréttur stytti varðhald

**HÆSTIRÉTTUR** Gæsluvarðhaldsúrskurður yfir Litháanum Romas Kosakovski var staðfestur í Hæstarétti Íslands í gær, en styttur um rúman mánuð.

Romas var dæmdur í tveggja og hálfs árs fangelsi í héraðsdómi 14. júlí síðastliðinn, fyrir að hafa reynt að smygla rúmum tveimur lítrum af amfetamínbasa og tæpum lítra af brennisteinssýru inn til landsins þann 26. febrúar á þessu ári.

Romas áfrýjaði dómi héraðsdóms og úrskurðaði dómurinn þá að hann skyldi sitja í gæsluvarðhaldi á meðan mál hans færi fyrir Hæstarétt, en eigi lengur en til 18. desember. Þeim gæsluvarðhaldsúrskurði kaus Romas að áfrýja til Hæstaréttar sem staðfesti gæsluvarðhaldsúrskurðinn í gær en stytti hann til 2. nóvember næstkomandi. **- æþe**



**BÝFLUGUR** Þær voru heldur fleiri en þessar, býflugurnar sem eltu 91 árs gamlan bónda inn á heimili hans. NORDICPHOTOS/AFP

Níræður maður í vandræðum:

# 20.000 býflugur inni í stofunni

**BERLÍN, AP** Yfir 20.000 býflugur eltu 91 árs þýskan býflugnabónda inn á heimili hans á sunnudaginn eftir að hann tók vaxkökur flugnanna með sér inn.

Lögreglan í Hildesheim fékk ábendingu um vandræði mannsins frá glöggum nágrönnum. Manninum tókst að sleppa heill á húfi úr hildarleiknum en hafði án árangurs reynt að reka sveiminn út um opinn glugga í stofunni með kústi.

Lögreglan hafði samband við meindýraeyði sem kom manninum til hjálpar og losaði hann við flugnaherinn. **- sh**

## SVISS

**Réðst á fólk með öxi** Maður nokkur gekk berserksgang með öxi á götu í bænum Liestal í Sviss á mánudag og særði nokkra áður en hann var handtekinn, segir í tilkynningu frá svissnesku lögreglunni. Málið er í rannsókn.





**BÓKAGÖNG Í TAÍVAN** Nú stendur yfir sýningin „Fjölbreytta Taívan" og voru bókagöngin smíðuð fyrir hana. Kannski verður bókaflóð í Taívan næstu jól. NORDICPHOTOS/AFP

Átján ára ökumaður lenti í alvarlegu bílslysi á Sandgerðisvegi í fyrrakvöld:

# Bílbeltið slitnaði í veltunni

**BÍLSLYS** Átján ára karlmaður slasaðist alvarlega þegar bíll hans fór út af Sandgerðisvegi rétt við Sandgerði á sjöunda tímanum í fyrrakvöld og valt. Hann var einn í bílnum og kastaðist út úr bílnum þegar bílbelti hans slitnaði.

Að sögn vakthafandi læknis á gjörgæsludeild Landspítalans í Fossvogi er ástand hans óbreytt frá því að hann kom á spítalann. Hann er ekki í öndunarvél en liggur alvarlega slasaður í gjörgæslu.

Ekki er vitað um tildrög slyssins að öðru leyti en því að maðurinn hafi misst stjórn á bílnum og hafnað utan vegar.

Að sögn varðstjóra lögreglunnar í Keflavík, sem fer með rannsókn málsins, er mjög sjaldgæft að bílbelti slitni eins og gerðist í þessu tilviki. Það getur þó gerst ef nógu mikill rykkur kemur á það og þarf ekki endilega að benda til þess að bílbeltið hafi verið í ólagi. Lögreglan mun rannsaka það frekar hvers vegna beltið slitnaði.

Undanfarið hefur Umferðarstofa lagt ríka áherslu á notkun öryggisbelta í sjónvarpsauglýsingum.

Bíllinn sem pilturinn ók er gjörónýtur og hafði varðstjórinn það á orði að hann hefði sjaldan eða aldrei séð bíl eins illa leikinn eftir bílslys. **- sh**



**Á SLYSSTAÐ** Bíllinn var mjög illa farinn eftir slysið og dreifðist brak úr honum víða um slysstaðinn. MYND/VÍKURFRÉTTIR

Íþróttahús á Reyðarfirði:

# Tekið í gagnið 1. september

**ÍÞRÓTTAMANNVIRKI** Stefnt er að því að vígja nýtt fjölnotaíþróttahús Fjarðabyggðar á Reyðarfirði 15. september næstkomandi. Húsið hefur verið í byggingu í tæpt ár.

Alcoa lagði rúmar áttatíu milljónir króna í byggingu hússins, en heildarkostnaður við byggingu þess er um fjögur hundruð milljónir. Æfingar munu hefjast í húsinu á næstu dögum, en einungis er smávægilegur frágangur eftir svo að af vígslu hússins geti orðið.

Til stóð að vígja húsið í vor en tafir urðu á því, meðal annars vegna veðurs síðastliðinn vetur og tafa á afhendingu byggingarefnis. **- æþe**

Fíkniefnaeftirlit eflt á landinu:

# Samvinna um löggæslu eykst

**LÖGGÆSLA** Drjúgur hluti þeirra ríflega 73 kílóa fíkniefna sem náðust á fyrstu sex mánuðum ársins var á svæði Tollgæslunnar. Samstarf lögreglunnar og Tollgæslunnar fer vaxandi.



**GUÐMUNDUR GUÐJÓNSSON**

Guðmundur Guðjónsson, yfirlögregluþjónn hjá Ríkislögreglustjóra, segir sveitina sem fer á vegum embættisins um verslunarmannahelgina einnig mannaða hundum og sérfræðingum frá Tollgæslunni.

Rúm þrettán kíló af hassi, nítján kíló af kannabislaufum og rúmlega 800 kannabisplöntur voru meðal fíkniefnanna sem tollgæslan og lögreglan gerðu upptæk. Meira hefur náðst af amfetamíni í ár en allt árið í fyrra. **- gag**

Engin verðlækkun orðið á lóðum og jörðum í dreifbýli þrátt fyrir takmarkað aðgengi að lánsfé:

# Segir verð á jörðum einnig munu lækka

**FASTEIGNAVERÐ** Litlar sem engar breytingar hafa enn orðið á verðlagningu á jörðum og lóðum undir sumarhús, þrátt fyrir að húsnæðisverð í þéttbýli hafi staðið í stað eða jafnvel lækkað undanfarið.

Samkvæmt Fasteignamati ríkisins hefur velta á fasteignamarkaði á höfuðborgarsvæðinu dregist saman um rúm 31 prósent í júlí 2006 samanborið við sama tímabil í fyrra.

Að sögn Guðmundar Kjartanssonar, hjá Fasteignamiðstöðinni, má telja víst að skert aðgengi að lánsfé muni fyrr en síðar hafa áhrif á verð jarða og lóða en enn sem komið er sé erfitt að verða sér úti um sæmilega jörð í nágrenni höfuðborgarinnar á innan við sjötíu til áttatíu milljónir króna.

„Dýrustu jarðirnar fara svo yfir tvö hundruð milljónir króna en framboð er gott og þeir sem virkilegan hug hafa á að kaupa geta fundið jarðir um allt land. Þess misskilnings hefur gætt að margar þeirra jarða sem seldar hafa verið fari eingöngu til sterkefnaðs fólks en mín reynsla er að margir kaupa jarðir með það í huga að byggja þar upp einhverja atvinnustarfsemi, enda fjölgar sífellt þeim ferðamönnum sem hingað til lands koma. Þetta er því fjárfesting fyrir marga."

Margir bændur í nágrenni höfuðborgarsvæðisins hafa orðið mikið varir við þennan aukna áhuga. Fjölmargar fyrirspurnir um hugsanlega sölu berast.

Sem dæmi um jarðir til sölu nú má nefna sjö hundruð hektara jörð í Grímsnesi en uppsett verð hennar er 235 milljónir króna. Sé farið vestar á landið til Borgarbyggðar má finna fimm hundruð hektara jörð þar á fjörutíu milljónir króna. Sé farið enn lengra frá suðvesturhorni landsins má finna jarðir allt niður í tuttugu milljónir króna. **- aöe**



**JÖRÐ Í EYÐI** Sala á jörðum hefur verið góð undanfarin ár en nægt framboð er ennþá enda hefur verð almennt ekki lækkað. Fjölmargar fjölskyldur kjósa nú að eiga afdrep úti á landi til að losna undan skarkala borgarinnar. Fasteignasali segir suma sjá tækifæri í að byggja upp ferðatengda starfsemi.





# 50 nýjar útsýnislóðir fyrir stóra sumarbústaði í Skorradal

Skorradalur er eitt rótgrónasta sumarbústaðasvæði landsins enda er þar að finna allt sem sumarhúsaeigendur sækjast eftir; einstaka náttúrufegurð, veðursæld og góða þjónustu auk þess sem hægt er að njóta fjölbreyttrar dægradvalar.

Nú bjóðast nýjar lóðir fyrir frístundahús í landi Indriðastaða. Lóðirnar eru í hlíðinni fyrir ofan golfvöllinn sem verður opnaður á næsta ári og bjóða upp á óviðjafnanlegt útsýni yfir dalinn, vatnið og umhverfið; allt frá Snæfellsjökli í vestri til Langjökuls í austri. Hlíðin er skjólsæl, snýr einstaklega vel við sól og er rómuð fyrir mikla kvöldsól.

Sumarhúsalóðirnar eru stórar, frá rúmlega 3.000 fermetrum upp í rúmlega 8.000 fermetra og mega húsin vera allt að 280 fermetrar að stærð.

Nánari upplýsingar veitir Guðjón Halldórsson í síma 691 9500. Hafðu samband og komdu svo í heimsókn og **sjáðu útsýnið með eigin augum.** Við tökum vel á móti þér. Einnig er hægt að senda fyrirspurn á indridastadir@indridastadir.is og skoða myndir á vefsíðunni www.indridastadir.is.



Minnisvarði afhjúpaður:

## Strands Skeena minnst í Viðey

**STRAND** Minnisvarði um strand kanadíska tundurspillisins Skeena við Viðey verður afhjúpaður í dag. Skipið strandaði í aftakaveðri árið 1944 og var öllum um borð bjargað. Minnisvarðanum, stjórnborðsskrúfu úr skipinu, hefur verið komið fyrir í Viðey.

Sérstaklega er minnst Einars Sigurðssonar, skipstjóra á Aðalbjörgu, sem stýrði björgunaraðgerðum á staðnum. Athöfnin hefst klukkan 15:15 og verða viðstaddir sjávarútvegsráðherra, forseti borgarstjórnar, sendiherra Kanada á Íslandi og fyrrum skipsfélagar Skeena ásamt fleirum. - sþs

Óvinveittir ábúendur, eggjasafnarar og veðrátta geta spillt arnarvarpi að mati formanns Fuglavernarfélags Íslands:

# Lakasta varp íslenskra arna í tuttugu ár

**FUGLALÍF** Óvinveittir ábúendur og eggjasafnarar sem spilla arnarhreiðrum eru meðal annars ástæður þess að mjög hæg fjölgun hefur orðið á arnarstofninum hér á landi að mati Jóhanns Óla Hilmarssonar, formanns Fuglaverndarfélags Íslands. „Varpið í ár er það lakasta í tuttugu ár og því valda þættir eins og óhagstæð veðrátta og spilling á hreiðrum af mannavöldum.

„Í sumar var þremur arnarhreiðrum spillt að því er talið er af mannavöldum þó svo engin hafi verið staðinn að verki.“ Jóhann segir algengast að átt sé við hreiður við Breiðafjörðinn, en það þarf lítið til að örninn styggist og fari af hreiðrinu. „Það eru ströng viðurlög við því að spilla arnarvarpi og ekki má koma nær hreiðrum þeirra en 500 metra.“ Jóhann segir að óbein inngrip eins og vegagerð við Breiðafjörð geti einnig haft áhrif á varp arnarins.

Jóhann Óli segir að nú séu um sextíu arnarpör á Íslandi en það er fjölgun úr tuttugu pörum á fjörutíu árum. „Fjölgun arna hérlendis hefur gengið mun hægar en annars staðar í Evrópu,“ segir Jóhann Óli og sér ástæðu til að vakta hreiðrin ef til þess fengist fjármagn. - hs



**SEXTÍU ARNARPÖR Á ÍSLANDI** Formaður Fuglaverndarfélags Íslands segir að fjölgun arna hérlendis gangi mun hægar en annars staðar í Evrópu.




**REYKJAVÍKURFLUGVÖLLUR** Tvöfalt fleiri fljúga austur og til baka meðal annars vegna aukinna umsvifa eystra.

Tvöfalt fleiri flugfarþegar:

## Fjölgun vegna framkvæmda

**FERÐAMÁL** Nær tvöföldun hefur orðið á fjölda þeirra farþega sem ferðast á flugleiðinni á milli Reykjavíkur og Egilsstaða á síðustu fimm árum. Árið 2000 voru farþegar á þessari flugleið 67.800 en 120 þúsund á síðasta ári. Á sama tíma jókst sætanýting á leiðinni úr 62 prósentum í 67 prósent.

Að sögn Einars Halldórssonar, umdæmisstjóra Flugfélags Íslands á Egilsstöðum, er stærstur hluti fjölgunarinnar til kominn vegna framkvæmda á Austurlandi.

Til viðbótar við þetta fara um 400-600 manns í gegnum flugvöllinn á Egilsstöðum vikulega en þaðan er flogið beint til Póllands, Danmerkur og Litháen á vegum erlendra leiguflugfélaga. - hs



**GALDRAMAÐUR** Toritto frá Japan er einn hinna fjölmörgu galdramanna sem staddir eru í Stokkhólmi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Galdraráðstefna:

## 2.500 galdra í Stokkhólmi

**STOKKHÓLMUR, AP** Tvö þúsund og fimm hundruð galdra- og sjónhverfingamenn eru nú staddir í Stokkhólmi, veifandi spilum og dragandi kanínur upp úr höttum. Ástæðan er tuttugusta og þriðja heimsmeistarakeppni galdramanna.

Reyndar taka bara 156 galdramenn frá 64 löndum þátt í hinni eiginlegu keppni sem fram fer á laugardag, en hundruð annarra sjónhverfingamanna standa nú og galdra á götuhornum og bjóða meira að segja upp á námskeið í minni háttar göldrum.

Til mikils er að vinna, því í verðlaun fá sigurvegarar keppninnar að halda vel launaðar einkasýningar í Las Vegas, París og Mónakó. - smk

www.volkswagen.is




Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666 · HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416

HEKLA, Laugavegi 174, sími 590 5000 www.hekla.is, hekla@hekla.is

30% afsláttur

**1049** kr. kg ~~1498~~
Krónu ferskt lambalæri

30% afsláttur

**1189** kr. kg ~~1698~~
Mexíkó kryddaðar svínakótilettur

**1189** kr. kg ~~1699~~
Mexíkó kryddaður svínahnakki

# Verslunarmannahelgi

30% afsláttur
Krónu skinka

Krónu samlokur
**129** kr/stk

Krónu hangiálegg
25% afsláttur

Bökunarkartöflur í lausu
**99** kr/kg

Góða kartöflusalat
**198** kr/pk

Vestfirsk roðlaus ýsuflök 400gr
**1439** kr/pk
20% afsláttur

15% afsláttur

50% afsláttur útileguvörur

Virk Sam- keppni

| SKEIFAN | BÍLDSHÖFÐI | HRINGBRAUT | BREIÐHOLT | NORÐURBRÚN | HVALEYRARBRAUT | MOSFELLSBÆR | SELFOSS | VESTMANNAEYJAR | ÞORLÁKSHÖFN |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| virkir dagar 11-19 | virkir dagar 11-19 | virkir dagar 11-19 | virkir dagar 11-21 | virkir dagar 11-21 | virkir dagar 11-21 | Allir dagar 12-23 | virkir dagar 11-19 | virkir dagar 11-19 | virkir dagar 11-19 |
| laugardagar 11-19 | laugardagar 11-19 | laugardagar 11-19 | laugardagar 11-21 | laugardagar 11-21 | laugardagar 11-21 | | föstudagar 11-20 | laugardagar 11-19 | laugardagar 11-19 |
| sunnudagar 12-18 | sunnudagar 12-19 | sunnudagar lokað | sunnudagar 12-21 | sunnudagar 12-21 | sunnudagar 12-21 | | laugardagar 11-19 | sunnudagar lokað | sunnudagar lokað |
| | | | | | | | sunnudagar lokað | | |

# KRÓNAN
VIRK SAMKEPPNI

40% afsláttur

479 kr. pk ~~799~~
Móa grillaður kjúklingur 1/1 kaldur

20% afsláttur

1358 kr. kg ~~1698~~
Gourmet villikrydduð ofnsteik

## Krónan alltaf hagstæð!

20% afsláttur

Vestfirskur Krónubitafiskur 100gr
439 kr/pk

Clubs saltkex
79 kr/pk

Griesson gæðakex verð frá
159 kr/stk

Coke + Maarud
399 kr/pk

Grillsett 14 hlutir
1498 kr/stk

EINNOTA GRILL Odýrt
199 kr/stk

Grillbakkar BBQ - 5stk
149 kr/pk

Kingsford uppkveikilögur
449 kr/stk

Kingsford grillkol 4,5kg
449 kr/stk

*Alltaf tilboð alla daga*

## „ORÐRÉTT“

### *Enginn veit hvað átt hefur...*

**„Íslendingar vita ekki hvað þeir eru heppnir að búa á Íslandi.“**

DORRIT MOUSSAIEFF FORSETAFRÚ SEGIST STOLT, ÁNÆGÐ OG GLÖÐ MEÐ AÐ VERA ORÐINN ÍSLENSKUR RÍKISBORGARI. FRÉTTABLAÐIÐ, 31. JÚLÍ.

### *Skipti bara um lás*

**„Ég gekk líklega of langt þegar ég skipti um lás á hurðum en við héldum fólki ekki nauðugu inni.“**

ÁSGEIR DAVÍÐSSON, EIGANDI GOLDFINGER, HARMAR AÐ HAFA OLLIÐ VANDRÆÐUM Á SKEMMTISTAÐNUM BÓHEM Í FYRRADAG. FRÉTTABLAÐIÐ, 31. JÚLÍ.

*nær og fjær*

# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** GYLFI ÆGISSON LAGASMIÐUR OG ÞÚSUNDÞJALASMIÐUR

## *Þakklátur íslensku þjóðinni*



„Bara allt mjög fínt, ég er að vinna við að klára upptökur á þriðja söngævintýrinu mínu um Valla, sem á að heita Valli og sjóræningjarnir,“ segir hinn síkáti Gylfi Ægisson, lagasmiður og þúsundþjalasmiður. „Sumarið hefur aðallega farið í upptökurnar og að selja nýju plötuna mína sem kom út í sumar og heitir Léttur og hress.“ Platan um Valla og sjóræningjana á að koma út með haustinu.
Gylfi Ægisson er maður sem er margt til lista lagt og leiðist að sitja auðum höndum. Auk þess að semja alla tónlistina sjálfur á plöturnar sínar, annast hann upptökur og framleiðslu heima hjá sér og svo annast hann sölu á plötunum sínum í gegnum síma. „Ég tek upp plöturnar mínar sjálfur og brenni þær á diska þegar þær eru fullunnar. Svo hringi ég í fólk og sel plöturnar og ek með þær heim í hús. Þetta hef ég gert í tuttugu ár,“ segir Gylfi. „Ég er þakklátur íslensku þjóðinni fyrir að hafa gert mér það kleift að stunda list mína með þessum hætti í öll þessi ár.“
Auk þess að semja lög og taka upp plötur er Gylfi laginn með pensilinn. „Ég hef málað í mörg ár og þá aðallega eftir ljósmyndum. Fólk hefur mikið samband við mig og biður mig um að mála báta og annað af ljósmyndum sem það vill gefa að gjöf,“ segir Gylfi.
„Ég er einmitt þessa að ljúka við mynd sem á að fara í afmælisgjöf og ég nota næturnar til að vinna í henni. Þetta er vinnan mín, að framleiða tónlist og mála, og ég hef það bara ágætt.“
Gylfi verður sextugur í nóvember en segist ekkert vera farinn að velta fyrir sér hvað eigi að gera á afmælisdaginn. „Æji, ég veit það ekki, ég held mér nú alltaf á jörðinni,“ segir Gylfi.

## SJÓNARHÓLL
BIRTING ÁLAGNINGARSEÐLA



BERGUR INGÓLFSSON

### *Undarlegt hitamál*

„Mér er alveg sama þótt aðrir sjái launin mín. Þetta er undarlegt hitamál. Maður veit ekki hvort fólk sem er á móti þessu hefur eitthvað að fela, en sjálfur er ég nú ekkert í því að rannsaka hvað aðrir eru með í laun. Maður á náttúrulega ekkert að vera að öfundast út í þá sem hafa há laun, því það er þeirra mál,“ segir Bergur Ingólfsson leikari. Samband ungra sjálfstæðismanna hefur barist hatrammlega gegn því að álagningarseðlar skattstjóra séu gerðir opinberir.
„Við ættum alltaf að hafa jöfnuð að leiðarljósi í samfélaginu og ef það er fórnarkostnaðurinn að einhver sjái hvað maður hefur í laun, þá verður bara að hafa það. Jafnrétti kynjanna er einnig skýlaus krafa ef við ætlum að búa í réttlátu og jöfnu samfélagi. Ef opinberir álagningarseðlar eru verkfæri sem dugar til að ná því markmiði er gott að það verkfæri sé til staðar.“

# Sendir ærslabelgi úr umdæminu

**Jóhannes B. Björgvinsson, aðalvarðstjóri í Búðardal, er eini lögreglumaðurinn í umdæminu en slíkt er einsdæmi hér á landi. Þrjú ár eru síðan gist hefur verið í fangaklefanum í Búðardal en þá gisti þar heimamaður. Annars segir Jóhannes að Dalamenn geri sér það ekki að brjóta af sér.**



**JÓHANNES B. BJÖRGVINSSON, AÐALVARÐSTJÓRI Í BÚÐARDAL** Menn lenda í ýmsu þegar þeir eru einir um löggæsluna í heilu sýslumannsumdæmi. Jóhannes segir samband sitt við sveitunga vera það gott að þeir geri honum það ekki að brjóta af sér svo hann þurfi ekki að hafa leiðinda afskipti af þeim. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

„Vissulega verður þetta til þess að ég lendi í ýmsu þar sem ég verð að vinna öll verk frá A til Ö,“ segir Jóhannes. „En það verður bara að segjast alveg eins og er að það eru nær eingöngu aðkomumenn sem ég verð að hafa afskipti af. Enda er því þannig farið með mig og sveitunga hér að við berum svo mikla virðingu hvorir fyrir öðrum að þeir fara ekki að gera mér það að brjóta af sér svo ég þurfi ekki að hafa leiðinda afskipti af þeim. Reyndar er það svo í samfélagi þar sem allir þekkja alla að ég geri einnig ýmislegt sem ekki heyrir til löggregluerinda. Eins og að stökkva út í búð fyrir einhvern sem á í erfiðleikum með það en ég fæ slík viðvik greidd margfalt til baka með virðingu og jákvæðu viðmóti.“

Tveir fangaklefar eru í Búðardal en til allrar hamingju eru þeir ekki oft í notkun. „Það eru þrjú ár síðan einhver hefur fengið næturgistingu hér. Reyndar var það heimamaður en bóndi einn hér í sýslunni ærðist á skemmtun sem þá var haldin. Ég reyni í lengstu lög að komast hjá því að nota klefann; skutla mönnum frekar heim ef því er við komið. Það er manneskjulegra.“

Fimm héraðslögreglumenn eru í Dalasýslu og getur Jói kallað á þá ef svo ber undir. Þeirra á meðal er sveitarstjórinn Gunnólfur Lárusson. En þegar Jói stendur einn frammi fyrir ókunnugum sem ögra samlyndi manna segist hann frekar beita kænsku en hörku. „Fyrir stuttu komu hingað þrír piltar í nokkuð annarlegum tilgangi og þá var ekkert annað að gera en gefa þeim föðurlegt tiltal og svo fylgdi ég þeim úr sýslunni. Svona verður maður stundum að afgreiða hlutina.“

Í lögreglubílnum eru hljóð- og mynduppptökutæki. Þegar Jóhannes bregður sér úr bílnum er hann með nema á sér sem tekur upp allt það sem milli hans og viðmælandans fer svo ekki skapist vandræði um sönnunarbirgði. Jóhannes segir það þó ekki forsvaranlegt að hafa einn lögreglumann á svæði sem nær frá Álftafirði í vestri til Hrútafjarðar og frá Gilsfirði í norðri í Norðurárdal.

jse@frettabladid.is


IMPREZA SUBARU




**STAÐALBÚNAÐUR:** 2.0 LÍTRA - 160 HESTÖFL, SÍTENGT FJÓRHJÓLADRIF, 16” ÁLFELGUR, KASTARAR Í STUÐARA... OG MARGT FLEIRA.

| Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | | Opið: Mánudaga - föstudaga kl. 9:00–18:00. | |
|---|---|---|---|---|
| Umboðsmenn um land allt | Akureyri 461-2960 | Njarðvík 421-8808 | Höfn í Hornafirði 478-1990 | Reyðarfirði 474-1453 |

Aukahlutir á mynd: 17” álfelgur

**SUBARU IMPREZA SUMARTILBOÐ:**

| | |
|---|---|
| Beinskiptur Sedan | 1.990.000 kr. |
| Sjálfskiptur Sedan | 2.140.000 kr. |
| Beinskiptur Wagon | 2.060.000 kr. |
| Sjálfskiptur Wagon | 2.190.000 kr. |



BÓNUS
12 rúllur
198 KR.
BÓNUS
12 SALERNISRÚLLUR
Pappírinn
3 XL rúllur
298 KR.
18x
500 ml
Coca-Cola TILBOÐ
1399 KR.
18 flöskur
EKKERT BRUÐL
10 GOÐA PYLSUR
230 KR.
MERKT VERÐ 460 KR.
GOÐI
Goða pylsur
bonus.is
50%
afsláttur
við kassann
Tilboð vikunnar
KJARNAFÆÐI
30%
afsláttur
við kassann
KF HANGIÁLEGG
2519
Merkt verð 3599
KF SPÆGIPYLSA
1679
Merkt verð 2398
KF PEPPERONI
1785
Merkt verð 2549
KF SKINKA
1539
Merkt verð 2198
Áleggið frá Kjarnafæði
SÚKKULAÐIBITAKÖKUR 150g
Súkkulaðibitakex
98 KR.
150g
3 tegundir af Bónus samlokum
BÓNUSSAMLOKA
99 KR.
25 EINNOTA ÁHÖLD
139 KR.
VELJIÐ SJÁLF!
VELJIÐ SJÁLF!
25 bollar,
25 diskar,
25 hnífar,
25 teskeiðar,
25 skeiðar
eða 25 gafflar
VILLI LAMBALÆRI
1299 KR.
Merkt verð 1855 KR.
HÁLFT KÍLÓ
Í KASSA!
HRÍS
BITAR
½ kg
NÓA BITAR
399 KR.
HÁLFT KÍLÓ!
ÚRB. HANGIFRAMPARTUR
1259 KR. kg
Merkt verð 1799 KR.
30%
afsláttur
við kassann
NORÐLENSKT
KOFAREYKT
HANGIKJÖT
BÓNUS
KJARNAFÆÐI
Villijurtakryddað
LÚXUS
LAMBALÆRI
30%
afsláttur
við kassann
GÓU PRENNAN
399 KR.
PRINS/HRAUN/ÆÐI
Hraun
BITAR
Góu þrenna: Prins, Æði, Hraun
BÓNUSÍDÝFA 175 ml
99 KR.
Krydd ÍDÝFA
Papriku ÍDÝFA
Hvítlauks sósa
Pipar sósa
BÓNUS GRILLSÓSA
149 KR.
270 ml
270 ml
Úrbeinaður
kofareyktur
hangiframpartur
www.bonus.is
ERAN/Landlist

## Svona erum við

> Neysla sykurs, magn í kílóum á íbúa á ári




Heimild: Hagstofa Íslands

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

FBL-GREINING: KJARNORKUDEILA ÍRANS OG SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA

# *Öryggisráðið refsar Írönum*

Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna ákvað á mánudaginn að refsa írönsku þjóðinni efnahagslega, hætti ríkisstjórn landsins ekki við tilraunir til auðgunar úrans fyrir lok ágústmánaðar. Þetta er enn einn kaflinn í langri deilu Írana við kjarnorkuveldi heims vegna kjarnorkutilrauna þeirra.

**Hvað gerist ef Íransstjórn óhlýðnast?**
Öryggisráð SÞ þyrfti þá að funda um mögulegar refsingar og álykta sérstaklega um þær. Búast má við nokkurri tregðu fulltrúa Kína og Rússlands til að beita Írana mikilli hörku, en Bandaríkin beita Íran nú þegar viðskiptaþvingunum, sérstaklega í olíuviðskiptum.

**Hvað hafa ríki öryggisráðsins boðið Írönum?**
Ekki hefur verið greint frá því opinberlega hvað felst í tilboði sex stórvelda – Bandaríkjanna, Rússlands, Kína, Frakklands, Bretlands og Þýskalands – sem Írönum var kynnt í júní, en það er talið kveða á um stuðning til kjarnorkuvinnslu sem nýtist ekki til hernaðar. Einnig hefur kvisast út að júnítilboðið hafi innihaldið ákvæði um leyfi til takmarkaðrar auðgunar úrans, að því gefnu að Alþjóðlegu kjarnorkumálastofnuninni yrðu færðar sönnur á að sú starfsemi væri einungis í friðsamlegum tilgangi. Með auðgun úrans er bæði hægt að framleiða eldsneyti til raforkuvinnslu í kjarnorkuverum og efnivið í kjarnorkusprengjur. Bandaríkin og ESB myndu að auki losa um hömlur á verslun með íhluti í flugvélar og Bandaríkjamenn létu Írönum í té tæknilega aðstoð til landbúnaðar.

**Hvað veldur áhyggjum öryggisráðsins?**
Óttast er að Íransstjórn hafi hug á að smíða kjarnavopn eða þróa getu til kjarnavopnaframleiðslu. Ríki innan öryggisráðsins segjast ekki treysta ríkisstjórn Írans þar sem hún hafi leynt áætlun um auðgun úrans í átján ár.



## SPURT & SVARAÐ
FORNLEIFAUPPGRÖFTUR

### *Engir peningar fundust*

Uppgröftur á Gásum í Eyjafirði hefur staðið yfir undanfarið og nýlega fundust þar rústir miðaldakirkju. Orri Vésteinsson, einn þeirra sem vinnur við uppgröftinn, segir að á Gásum sé verslunarstaður frá miðöldum þar sem meðal annars var verslað með brennistein og fálka.



ORRI VÉSTEINSSON

**Hvenær hófst uppgröfturinn?**
Hann byrjaði árið 2001 og þetta er sjötta og síðasta sumarið sem við erum að grafa þarna núna.

**Á hverra vegum er uppgröfturinn?**
Uppgröfturinn er framkvæmdur af Fornleifastofnun Íslands en Minjasafnið á Akureyri stendur að verkefninu í heild, Gásaverkefnið er meira en bara uppgröftur, það eru ýmsar aðrar rannsóknir, bæði náttúrufræðilegar og sagnfræðilegar, og svo snýst það líka um frágang á staðnum og kynningu eftir að rannsóknum lýkur en það er Minjasafnið sem sér um það.

**Hvað hefur fundist?**
Við höfum fundið heilmikil ummerki eftir ýmiss konar iðnað; brennisteinsvinnslu og smíði úr sjaldgæfum gripum eins og til dæmis rostungstönn. Við áttum ekki von á að finna svona mikil ummerki eftir brennisteininn en við fundum ekki eina einustu mynt sem er mjög einkennilegt. Þó að peningar hafi ekki verið mikið notaðir á Íslandi á þessum tíma finnst manni mjög skrýtið að þessir erlendu kaupmenn skuli ekki hafa haft einhverja skiptimynt í vasanum.




# Samsærið gegn sannleikanum

**Er það ekkert nema lygi bandarískra stjórnvalda að nítján hryðjuverkamenn hafi fyrir nærri fimm árum rænt fjórum farþegaþotum og myrt um þrjú þúsund manns í New York, Washington og Pennsylvaníu? Voru árásirnar kannski gerðar að undirlagi eða í það minnsta með vitund bandarískra ráðamanna?**

Samsæriskenningar um atburðina þann 11. september árið 2001 lifa góðu lífi. Þúsundir vefsíðna eru helgaðar vangaveltum efasemdamanna um „opinberu kenninguna“ og heilu bækurnar hafa verið skrifaðar um fjölmörg atriði, sem ekki þykja standast nánari skoðun.

Kenningasmiðirnir beina allir spjótum sínum að hinni „opinberu útgáfu“ atburðanna sem er einfaldlega sú útgáfa, sem almennt er viðtekin, að þann 11. september árið 2001 hafi nítján hryðjuverkamenn, útsendarar Osama bin Laden og samtaka hans, al-Kaída, rænt fjórum bandarískum farþegaþotum og flogið tveimur þeirra á Tvíburaturnana í New York, einni á Pentagon-bygginguna í Washington og sú fjórða hafi hrapað á akri í Pennsylvaníu.



**OF LÍTIÐ GAT FYRIR ÞOTU?** Margir efasemdamenn um „opinberu kenninguna“ eru sannfærðir um að flugskeyti hafi valdið þessu tjóni á Pentagon-byggingunni. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

### Treysta engu sem stjórnvöld fullyrða

Margvíslegar ástæður liggja til þess að efasemdir um þessa opinberu útgáfu vakna. Glöggir menn taka eftir ýmsu sem virðist ekki ganga upp þegar nánar er skoðað. Menn fara að leggja saman tvo og tvo og treysta frekar á brjóstvitið í sjálfum sér heldur en upplýsingaskömmtun hins opinbera. Þeir treysta ekki neinu því sem George W. Bush forseti fullyrðir, enda er hann nánast holdgervingur hins illa í hugum margra þeirra, og því síður treysta þeir bandarísku leyniþjónustunni til þess að segja sannleikann.

Ekki er þó dregið í efa að Tvíburaturnarnir í New York hafi í raun og veru hrunið og þar hafi um þrjú þúsund manns látið lífið, né heldur efast menn um að sprenging hafi orðið í Pentagon og sömuleiðis að sprenging hafi orðið á akrinum í Pennsylvaníu.

Á hinn bóginn eru margir sannfærðir um að Tvíburaturnarnir hafi ekki getað hrunið af völdum farþegaflugvélanna, og eru tíundaðir ýmsir eðlisfræðilegir útreikningar því til stuðnings. Getgátur um að fyrirfram hafi sprengjum verið komið fyrir í húsunum hafa fengið byr undir báða vængi.

Önnur kenning er sú að engri flugvél hafi verið flogið á Pentagon-bygginguna í Washington, þar sem bandaríska varnarmálaráðuneytið er til húsa. Skemmdirnar hljóti að hafa orðið af völdum sprengju eða flugskeytis, sem skotið hafi verið á bygginguna. Ef um flugvél var að ræða, þá hljóti sú flugvél að hafa verið töluvert minni en Boeing-þotan sem á að hafa lent á byggingunni.

Sumum finnst undarlegt að gatið, sem flugvélin skildi eftir sig á vegg Pentagon-byggingarinnar, sé minna en allt vænghaf vélarinnar, alveg frá enda annars vængsins yfir að enda hins vængsins. Gatið á ysta vegg byggingarinnar mun þó hafa verið fimm til sex metrar í þvermál, en búkur vélarinnar var tæplega fjórir metrar í þvermál.



**HVERT FÓR BOEING-ÞOTAN?** Gat heil Boeing-þota horfið niður í þessa moldargryfju? FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Þá eiga margir erfitt með að trúa því að flugvél hafi hrapað í akurinn skammt frá bænum Shanksville í Pennsylvaníu, þar sem hvergi sást neitt á ljósmyndum nema moldarhaugur.

### Meintir flugræningjar á lífi?

Lífseig hefur einnig verið sú kenning að nokkrir þeirra nítján manna, sem Bandaríkjamenn sögðu hafa verið flugræningjana og nafngreindu á sínum tíma með myndbirtingum, séu í raun og veru á lífi og hafi ekkert komið nálægt þessum voðaverkum.

Þá hafa einnig verið á kreiki sögur um að fjögur þúsund gyðingar, sem störfuðu í Tvíburaturnunum, hafi fyrirfram fengið veður af því sem til stóð og þess vegna haldið sig heima hinn örlagaríka dag þegar stórhýsin hrundu. Væntanlega bærist grunur með þeim, sem þessu trúa, að árásirnar séu liður í einhverju alheimssamsæri gyðinga.

Vissulega má færa rök fyrir því að bandarísk stjórnvöld hafi haft hag af því að verða fyrir árás hryðjuverkamanna. Þar með gátu þau farið í stríð og þjóðin myndi fylgja þétt að baki þeim, hiklaust og gagnrýnislaust. Herinn fengi tækifæri til þess að æfa sig og nota rándýran vígbúnað. Bush gæti sett lög til að þrengja enn að réttindum borgaranna. Leyniþjónustan fengi heldur betur að spreyta sig. Betri afsökun gæti ekki fengist.

Reyndar er misjafnt, hvað menn telja að bandarísk stjórnvöld hafi gengið langt til þess að ná þessu markmiði. Sumir samsæriskenningasmiðirnir telja að Bush og félagar hans, eða í það minnsta leyniþjónustan, hafi beinlínis skipulagt hryðjuverkin og fengið menn til að framkvæma þau. Aðrir telja að þótt bandarísk stjórnvöld hafi ekki sjálf skipulagt eyðilegginguna, þá hafi þau haft veður af henni fyrirfram en ákveðið að koma ekki í veg fyrir framkvæmdina – vegna þess að allt væri þetta þeim í hag hvort sem er.

Maður skyldi þó ætla að auðvelt væri að ganga úr skugga um sannleiksgildi allra þessara vangaveltna. Bandarískir fjölmiðlar birtu á sínum tíma ítarlegar frásagnir af „árásunum á Bandaríkin“ með nafnalistum farþega og áhafna flugvélanna fjögurra, lýsingum sjónarvotta í New York, Washington og Pennsylvaníu, viðtölum við ættingja margra þeirra sem fórust og fjöldanum öllum af ljósmyndum og útskýringateikningum varðandi flest það sem viðkom árásunum.

### Vefsíður gegn samsæriskenningum

Bandaríska utanríkisráðuneytið heldur úti vefsíðum, þar sem bent er á margt sem stenst engan veginn í samsæriskenningunum. En heimildum úr þeirri átt er vitaskuld hafnað jafnharðan.

Fyrir nokkrum árum birti einnig tímaritið Popular Mechanics ítarlega grein um nokkra af helstu vanköntum samsæriskenninganna. Einn aðalhöfundur þeirrar greinar heitir hins vegar Benjamin Chertoff og mun vera náfrændi Michaels Chertoff, heimavarnaráðherra Bandaríkjanna. Þetta nægir vitaskuld til þess að efasemdarmennirnir afskrifa með öllu þessa úttekt tímaritsins.

Árið 2003 fóru nokkrir blaðamenn við þýska vikuritið Der Spiegel á stúfana og rannsökuðu nokkrar þekktustu útgáfur samsæriskenninganna. Til dæmis könnuðu þeir uppruna orðrómsins um að margir af flugræningjunum 19 væru enn á lífi og hefðu í raun hvergi komið nálægt atburðunum.

Fréttin, sem upphaflega birtist á BBC, og jafnan er vitnað í til stuðnings þessum fullyrðingum, birtist þann 23. september árið 2001. Þá hafði FBI birt lista með nöfnum flugræningjanna, en hafði ekki enn birt myndir af þeim.

### Mótrök jafnharðan skotin niður

Blaðamennirnir á Spiegel gerðu sér lítið fyrir og hringdu nokkur símtöl, meðal annars í blaðamanninn á BBC, sem skrifaði upphaflegu fréttina, og blaðamenn á arabískum fjölmiðlum, sem BBC hafði haft þessa frétt eftir. Einnig var hringt í nokkra alnafna flugræningjanna, sem arabísku fjölmiðlarnir höfðu talað við upphaflega. Skemmst er frá því að segja að misskilningurinn reyndist auðveldlega leiðréttur.

Öll mótrök gegn samsæriskenningunum hafa hins vegar jafnharðan verið skotin niður af sannfærðum riddurum sannleikans. Mörgum reynist miklu auðveldara að trúa á samsæri, sem hlýtur að hafa þurft nákvæma skipulagningu og þátttöku þúsunda manna sem allir gæta þess vel að þegja yfir leyndarmálinu mikla.



FRÉTTASKÝRING
GUÐSTEINN BJARNASON
gudsteinn@frettabladid.is

veidihornid.is

Hafnarstræti 5 - Sími 551 6760 • Síðumúli 8 - Sími 568 8410

VEIÐIHORNIÐ

# Verið velkomin í Veiðihornið

## Frábærir tilboðspakkar

## Alltaf meira úrval – Alltaf hagstætt verð – Alltaf opið





**Simms Guide vöðlupakki.**
Simms Classic Guide Gore-tex vöðlur. Einhverjar sterkustu vöðlurnar á markaðnum. Simms Guide leðurskór með filtbotni. **Fullt verð 52.800. Pakkatilboð aðeins 44.880 staðgreitt eða aðeins 4.250 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**

**Aðeins 4.250 á mánuði.**





**Simms Freestone vöðlupakki.**
Simms Freestone öndunarvöðlur með 4ra laga Quadralam öndunarfilmu. Simms Freestone skór með filtbotni. **Fullt verð 34.800. Pakkatilboð aðeins 29.580 staðgreitt eða aðeins 2.852 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**

**Aðeins 2.852 á mánuði.**





**Scierra Blackwater vöðlupakki.**
Scierra Blackwater Pro öndunarvöðlur. Níðsterkar vöðlur. Frábær reynsla. Vöðlutaska fylgir. Scierra vöðluskór með filtsóla. **Fullt verð 44.795. Pakkatilboð aðeins 37.900 staðgreitt eða aðeins 3.628 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**

**Aðeins 3.628 á mánuði.**





**Scierra MBQ vöðlupakki.**
Scierra MBQ öndunarvöðlur. Gæði og gott verð. Scierra skór með filtsóla. **Fullt verð 28.990. Pakkatilboð aðeins 22.900 staðgreitt eða aðeins 2.246 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**

**Aðeins 2.246 á mánuði.**





**Aðeins 2.013 á mánuði.**

**Ron Thompson vöðlupakki.**
Ron Thompson Crosswater neoprenvöðlur. 4mm þykkar, stígvél með filtsóla. Ron Thompson Aquasafe jakki. Vatnsheldur með útöndun. **Fullt verð 23.990. Pakkatilboð aðeins 19.990 eða aðeins 2.013 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**





**Aðeins 2.168 á mánuði.**

**DAM vöðlupakki.**
DAM neoprenvöðlur. 4mm þykkar, stígvél með filtsóla. DAM veiðijakki. Vatnsheldur með góðri útöndun. Ripstop efni, stórir vasar og góð hetta. **Fullt verð 25.990. Pakkatilboð aðeins 21.990 staðgreitt eða aðeins 2.168 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**

**3% lántökugjald og færslugjald er innifalið í vaxtalausum mánaðagreiðslum.**



## Munið vinsælu gjafabréfin okkar

**Veiðihornið er opið alla daga vikunnar.**
**Já, líka á sunnudögum.**
**Vöðlutilboð Veiðihornsins eru líka á netinu veidihornid.is**



# ACE 3800X2

| | |
|---|---|
| **Örgjörvi** | **3800+ X2 Dual Core - AM2** 2x512k flýtiminni, 2000FSB+HT |
| **Móðurborð** | **MSI K9N NEO F - 4xSATA2** PCI-E 16X, 8xUSB2, DDR2 800MHz |
| **Minni** | **1GB DUAL DDR2 667MHz Corsair** Corsair minni með lífstíðarábyrgð |
| **Harðdiskur** | **250GB WD SE 16MB - SATA 2** SATA2 300, 7200RPM og 16MB buffer |
| **Skjákort** | **256MB GeForce7 NX7600GT** MSI PCI-E 16X, DDR2, Zero Noise |
| **Skjár** | **17" LCD Acer 1716AS flatskjár** 500:1 í skerpu og 8ms viðbragðstími |
| **Skrifari** | **16x DVD± 8x DL skrifari** Skrifar og les DVD og CD diska |
| **Hljóðkort** | **7.1 Dolby Digital DTS - EAX2** Frábært í leiki og bíómyndir |
| **Hátalarar** | **5.1 Altec Lansing hljóðkerfi** 5 öflugir hátalarar og bassabox |
| **Netkort** | **Gigabit 10/100/1000** Gigabit netkort |
| **Stýrikerfi** | **Windows XP Home - SP2** Á íslensku eða ensku |

## GLÆSILEG NÝ KYNSLÓÐ AF ACE TÖLVUM Í ÁL TURNI

**AM2 DUAL CORE**
Ný kynslóð með tvo 64bita örgjörva fyrir enn meiri afköst og vinnslu í mörgum forritum í einu án vandræða

**7600GT ZERO NOISE**
MSI GeForce 7 7600GT er ótrúlega öflugt skjákort með ofur hraðvirkt 256MB DDR2 1400MHz minni

**SATA II – 16MB**
Ný kynslóð harðdiska frá Western Digital sem eru enn hljóðlátari og allt að 100% hraðvirkari

**17" LCD SKJÁR**
Ótrúlega nettur skjár með 500:1 í skerpustig og 8ms hraða fyrir óaðfinnanleg gæði í leikjum

**5.1 HLJÓÐKERFI**
Altec Lansing 151i glæsilegt og kraftmikið 5.1 hljóðkerfi með 5 hátölurum og öflugu bassaboxi

**ALLT ÞRÁÐLAUST**
Logitech þráðlaus mús og lyklaborð hlaðið multimedia flýtihnöppum og auðveldri stjórn á hljóði og vöfrun




VL 15
* Samtals kr. 155.169
9.993

# VERÐ 149.900

## ACE P4 TILBOÐ 2




VL 12
* Samtals kr. 124.114
9.992

3.0GHz Intel PD 930 DualCore örgjörvi með 4MB flýtiminni og HT
1GB DUAL DDR2 minni • 250GB WD SE SATA2 harðdiskur 16MB
17" LCD skjár • 128MB ATI Radeon X300 PCI-E 16X skjákort
16xDVD± 8x DL skrifari • 7.1 hljóðkort • 2.1 hátalarakerfi
Þráðlaus mús og lyklaborð frá Logitech • Windows XP Home

**VERÐ 119.900**

## ACE P4 TILBOÐ 3




VL 15
* Samtals kr. 155.169
9.993

3.2GHz Intel PD 940 DualCore örgjörvi með 4MB flýtiminni og HT
1GB DUAL DDR2 minni • 250GB WD SE SATA2 harðdiskur 16MB
17" LCD skjár • 256MB MSI NX7600GS PCI-E 16X viftulaust skjákort
16xDVD± 8x DL skrifari • 7.1 hljóðkort • 2.1 hátalarakerfi
Þráðlaus mús og lyklaborð frá Logitech • Windows XP Home

**VERÐ 149.900**

## ACE AMD TILBOÐ 1




2800+ AMD Sempron 64-BIT HT
512MB DDR minni • 40GB harðdiskur
52x hraða geisladrif • 64MB S3 Unichrome skjákort • 10/100 Netkort
Windows XP Home á íslensku eða ensku

**VERÐ 49.900**

## ACE P4 TILBOÐ 1




VL 12
* Samtals kr. 93.060
7.492

3.33GHz Intel Celeron D356 EM64T
512MB DDR2 minni • 250GB harðdiskur
16xDVD skrifari • 17" LCD skjár
128MB Radeon X300 skjákort • Netkort
Nettir hátalarar • Windows XP Home

**VERÐ 89.900**

## ACE AMD TILBOÐ 2




VL 15
* Samtals kr. 103.411
6.660

3000+ AMD Sempron 64-BIT HT
512MB DDR minni • 250GB harðdiskur
16xDVD skrifari • 17" LCD skjár
128MB GeForce6 6100 skjákort • Netkort
2.1 hátalarakerfi • Windows XP Home

**VERÐ 99.900**

## MSI HEIMILISTÖLVA




VL 12
* Samtals kr. 113.763
9.158

3.0GHz Intel P4 630 EM64T
512MB DDR minni • 250GB harðdiskur
16xDVD skrifari • 17"LCD skjár
128MB NX7300LE skjákort • Netkort
2.1 hátalarakerfi • Windows XP Home

**VERÐ 109.900**

VL frá kr. 166
Á tilboði með tölvu Internet Security 2006
**VERÐ 2.990**

VL frá kr. 717
Á tilboði með tölvu Office 2003 fyrir 3 vélar
**VERÐ 12.900**

VL frá kr. 222
Microsoft OneNote 2003 OEM, með vaxtalausri tölvu
**VERÐ 3.990**

VL frá kr. 666
iP4200 ljósmyndaprentari með vaxtalausri tölvu
**VERÐ 11.900**

VL frá kr. 499
Canon Lide 25 borðskanni með vaxtalausri tölvu
**VERÐ 8.990**

VL frá kr. 444
Kworld sjónvarpskort með vaxtalausri tölvu
**VERÐ 7.990**

VL frá kr. 444
Logitech vefmyndavél með vaxtalausri tölvu
**VERÐ 7.990**

VL frá kr. 277
Logitech Extreme 3D Pro með vaxtalausri tölvu
**VERÐ 4.990**

# LANDSINS MESTA ÚRVAL

# ACER 5601




| | |
|---|---|
| **Örgjörvi** | **1.6GHz Intel Core Duo T2050** Intel 945PM Express 533FSB-2M |
| **Minni** | **1GB Dual DDR2 533MHz** Einfalt að stækka minnið |
| **Harðdiskur** | **80GB 5400RPM Ultra ATA** 5400RPM hraður harðdiskur |
| **Skrifari** | **8xDVD±RW DL skrifari** Skrifar DVD diska og CD-RW |
| **Skjár** | **15,4" WXGA CrystalBrite skjár** Breiðtjaldsskjár með CrystalBrite |
| **Skjákort** | **128MB ATI Radeon X1300** Sjálfst.minni, PCI-Express 16x, TV-út |
| **Hátalarar** | **Hljóðkerfi með 2 hátölurum** Hljóðkort, hátalarar og hljóðnemi |
| **Netkort** | **Gigabit 10/100/1000 netkort** Einnig innbyggt 56k mótald |
| **Þráðlaust** | **54Mbps þráðlaust netkort** Innbyggt 802.11g með loftneti í skjá |
| **Stýrikerfi** | **Windows XP Home - SP2** Á íslensku eða ensku |
| **Annað** | **Vefmyndavél og kortalesari** Hvoru tveggja innbyggt í tölvu |

## ACER 5601AWLMi 1.6GHz DUO T2050 FERÐAVÉL

**INTEL CORE DUO**
Intel Core Duo er með tvo örgjörva fyrir enn meiri afköst og vinnslu í mörgum forritum í einu án vandræða

**15,4" CRYSTALBRITE**
Nýjasti 15,4" WXGA CrystalBrite skjárinn, 16ms viðbragðstími með ótrúlegri dýpt og skerpu

**8xDVD± SKRIFARI**
Vandaður 8xDVD Dual Layer geislaskrifari sem les og skrifar DVD og venjulega geisladiska

**128MB ATI X1300**
Nýjasta PCI-E 16X ATI skjákortið með sjálfstætt 128MB minni og möguleika á 512MB HyperMemory

**KORTALESARI**
Acer 5601 kemur með 5 í 1 kortalesara fyrir öll helstu minniskort úr stafrænum myndavélum

**VEFMYNDAVÉL**
1.3 Megapixel Acer Orbicam vefmyndavél innbyggð í skjáinn með 225° snúningsmöguleika

# VERÐ 144.900

## ACER 5102WLMi




1.6GHz AMD Turion64 X2 TL50 Dual Core Mobile örgjörvi
1GB DDR2 minni • 80GB 5400RPM Ultra harðdiskur
8xDVD±RW DL skrifari • 15.4" WXGA CrystalBrite skjár
128MB ATI Radeon X1100 PCI-E 16X skjákort • Þráðlaust netkort
5.1 kortalesari • Windows XP Home á íslensku eða ensku

**VERÐ 119.900**

## ACER 9411AWSMi




1.6GHz Intel Core Duo T2050 örgjörvi með 2MB flýtiminni
1GB Dual DDR2 minni • 120GB Ultra harðdiskur
8xDVD±RW DL skrifari • 17" WXGA CrystalBrite skjár
128MB Geforce Go7300 PCI-E 16X skjákort • Þráðlaust netkort
5.1 kortalesari • Windows XP Home á íslensku eða ensku

**VERÐ 159.900**

## ACER 1642ZWLMi




1.7GHz Intel Pentium M Dothan735
512MB DDR2 minni • 60GB harðdiskur
8xDVD skrifari • 15.4" WXGA CrystalBrite
64MB GMA900 skjákort • Þráðlaust net
Windows XP Home á íslensku eða ensku

**VERÐ 89.900**

## HP NX6125



1.8GHz Mobile AMD Sempron 3100+
512MB DDR minni • 60GB harðdiskur
DVD skrifari • 15" SXGA skjár
128MB ATI Radeon X300 skjákort
Windows XP Home á íslensku eða ensku

**VERÐ 109.900**

## MSI S262-1




1.73GHz Intel Pentium M Dothan740
512GB DDR2 minni • 80GB harðdiskur
8xDVD skrifari • 12.1" WXGA ColorBrite
skjár • 128MB Intel GMA900 skjákort
5 tíma rafhlaða • Windows XP Home

**VERÐ 139.900**

## MSI S271-1




1.8GHz AMD Turion64 MT-34
1GB DDR2 minni • 100GB harðdiskur
8xDVD skrifari • 12.1" WXGA ColorBrite
skjár • 128MB ATI Radeon X300 skjákort
5 tíma rafhlaða • Windows XP Home

**VERÐ 149.900**

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| VL frá kr. 138 | VL frá kr. 166 | VL frá kr. 277 | VL frá kr. 166 | VL frá kr. 138 | VL frá kr. 166 | VL frá kr. 717 | VL frá kr. 194 |
| Logitech Mini Wheel Mouse, með vaxtalausri tölvu | 4ra porta mini Star Hub með vaxtalausri tölvu | 15" Samsonite City Lites New Jack bakpoki | 15" Samsonite ICT39 með vaxtalausri tölvu | 13" Samsonite Delux með vaxtalausri tölvu | Traxdata 11-in-1 kortalesari með vaxtalausri tölvu | Western Digital Passport, með vaxtalausri tölvu | 256MB Corsair USB2 lykill með vaxtalausri tölvu |
| VERÐ 2.490 | VERÐ 2.990 | VERÐ 4.990 | VERÐ 2.990 | VERÐ 2.490 | VERÐ 2.990 | VERÐ 12.900 | VERÐ 3.490 |

Vaxtalaus tilboð eru miðuð við mánaðalegar jafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf með 3,5% stimpil og lántökugjaldi sem bætist við heildarupphæðina og dreifist jafnt yfir samningstímann

TÖLVULISTINN
SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ Í 12 ÁR

REYKJAVÍK
Nóatúni 17
Sími 562 6730

AKUREYRI
Glerárgötu 36
Sími 464 7400

KEFLAVÍK
Hafnargötu 90
Sími 534 7400

# skoðun

SJÓNARMIÐ
ÞORSTEINN PÁLSSON

Stofnun Vígdísar Finnbogadóttur:

# Menningargróska í alþjóðlegri vídd

Menning og viðskipti eru tveir ólíkir heimar. Þeir eiga þó ýmsa sameign. Ein er sú að hvorugur heimurinn getur án hins verið. Þessir tveir samfélagsheimar rísa því gjarnan og hníga saman.

Útrás íslenskra fyrirtækja sem nýtt hafa sér tækifæri alþjóðavæðingarinnar er hvers manns umræðuefni. Reyndar má með nokkrum sanni segja að efnahagsumræðan hverfist nú orðið öðru fremur um ás útrásarinnar.

En sannast sagna er íslensk útrás annað og meir en atorka og árangur nokkurra dugmikilla framkvæmdamanna í atvinnulífinu. Þeir hafa að vísu breytt miklu í umhverfinu. En breytingar eru einnig að gerast í umhverfi íslenskra mennta og menningar.

Á úthallandi vetri kynnti rektor Háskóla Íslands, Kristín Ingólfsdóttir, ný framtíðarmarkmið í starfi skólans. Það á nú að setja í alþjóðlegan samanburð á þann veg að jafna megi til þeirra sem fram úr skara.

Hafi einhver einhverju sinni sagt að nota mætti orð eins og værukærð til að lýsa þessari æðstu menntastofnun landsins má segja að nú gusti um hana. Það er gustur alþjóðlegrar hugsunar og framsýni.

Ein af þeim stofnunum Háskóla Íslands sem gengið hafa í endurnýjun lífdaganna er stofnun í erlendum tungumálum sem fáir vissu um fyrir fimm árum. Nafn hennar hefur síðan verið tengt Vigdísi Finnbogadóttur, fyrrum forseta Íslands.

Þó að nafnbreytingin hafi vissulega gefið stofnuninni víðtækari skírskotun en áður er það þó innra starf hennar sem hefur gefið henni aukið vægi og meiri víddir. Hún er nú þáttur í útrás íslenskrar menningar og mennta.

Vigdís Finnbogadóttir hefur verið velgerðarsendiherra tungumála á vegum Menningarstofnunar Sameinuðu þjóðanna. Það hlutverk felur í sér bæði vegsemd og viðurkenningu á mikilvægu starfi hennar á þessu sviði. Um leið er það lyftistöng fyrir unga og metnaðarfulla rannsóknarstofnun við háskóla í sóknarhug.

Auður Hauksdóttir hefur veitt þessari háskólastofnun forstöðu og plægt akur hennar bæði heima og erlendis. Þeir akrar eru ekki aðeins tengdir norrænu málsamfélagi og menningu. Þeir ná allar götur til Japan.

Þetta er merkt starf sem vert er eftirtektar. Innandyra hafa menn ekki setið og beðið eftir ríkisframlögum. Þeir sem þar fara fyrir hafa fangað athygli fyrirtækja og sjóða bæði heima og erlendis til þess að treysta undirstöður verkefnanna.

Með vissum hætti má segja að hér sé á ferðinni gott dæmi um það hvernig atvinnulífið og menningin geta gengið hönd í hönd fram til sóknar.

Menn þurfa að standa á háum kögunarhóli til þess að sjá slík verkefni og tækifæri. Og vel fer á því að Íslandi skuli með þessum hætti reistar vörður í menningarlegri alþjóðavæðingu.

Á sínum tíma reistu menn Rask minnisvarða. Á hann var meitluð þessi brýning úr Konungsskuggsjá: „ef þú villt fullkominn vera í fróðleik, þá nem þú allar tungur, - en týn þó eigi at heldr þinni tungu.“

Þessi einfaldi og um leið skýri boðskapur sýnist enn eiga við og lýsir ef til vill best merku alþjóðlegu menningarstarfi á vegum Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum. Þar er ekki minni gróska en í viðskiptalífinu.






## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Bjargvættur framsóknar?

Óhætt er að segja að framboð Hauks Haraldssonar til formanns Framsóknarflokksins hafi vakið athygli. Ekki síst ku framboðið hafa komið framsóknarmönnum á óvart enda hefur Haukur ekki verið áberandi innan flokksins til þessa. Hann segir þó á heimasíðu sinni að fólk úr öllum kjördæmum hafi hvatt sig til að gefa kost á sér og jafnframt telur hann sig geta blásið nýju lífi í flokkinn og gert hann að því stjórnmálaafli sem hann þarf að vera og stofnendur hans vildu. Ja, Guð láti gott á vita, eins og kerlingin sagði.



### Fram-hópurinn

Bakgrunnur Hauks er afar forvitnilegur með tilliti til framboðs hans til formanns. Þeir sem eru komnir til vits og ára fyrir nokkru muna einna helst eftir honum sem stjórnanda Panhópsins svokallaða sem tróð upp á skemmtistöðum landsins á sínum tíma og auðgaði skemmtanalíf landans. Hópurinn samanstóð af ungmennum sem sprönguðu um á nærfötum einum klæða og hámarki náði skemmtunin þegar fáklæddar stúlkur tóku létta leðjuglímu. Er ekki spurning um að skemmtun af þessu tagi myndi hleypa miklu fjöri í væntanlegt flokksþing Framsóknarflokksins.

### Ekki okkar forseti

Um þessar mundir eru tíu ár liðin síðan Ólafur Ragnar Grímsson tók við embætti forseta Íslands. Allir helstu fjölmiðlar landsins minntust þessara tímamóta með viðtali við Ólaf og aukinheldur ræddu flestir við forsetafrúna sem fékk íslenskan ríkisborgararétt nú um mánaðamótin. Morgunblaðið sker sig þó úr í þessu efni og kemur ekki á óvart en það eina sem um þessi mál er að finna í blaðinu eru ónot í Staksteinum og stutt tilvitnun á fréttasíðu í viðtal við Ólaf Ragnar á RÚV.



ssal@frettabladid.is

# Smækkun almættisins

Í DAG
TRÚ OG PÓLITÍK



JÓN ORMUR HALLDÓRSSON

*Tilhneiging manna til að koma sér upp hentugum skoðunum, búa til í kringum þær notalega fordóma og fá síðan guð í lið með sér virðist ekki hafa minnkað í aldanna rás.*

Í liðinni viku voru liðin 350 ár frá því að einn af helstu heimspekingum síðari alda, hollenski gyðingurinn Spinoza, var gerður útlægur úr eigin samfélagi. Sök hans var að hafna hinum helga sannleika þessa samfélags. Hann neitaði því að gyðingar væru hin útvalda þjóð guðs. Hann hafnaði því að í gyðingdómi, eða í nokkrum öðrum trúbrögðum, væri að finna hina einu sönnu þekkingu á almættinu, sem væri ekki persóna og deildi ekki eiginleikum með mannfólkinu. Þeir sem bannfærðu Spinoza fyrir að efast um sannleika gyðingdóms voru eins og hann sjálfur komnir af fólki sem Spánverjar og síðar Portúgalir höfðu gert útlægt fyrir að efast um eina leyfilega sannleikann í þeim löndum, kristna trú. Líklega voru það einungis mestu áhugamenn um heimspeki sem fóru í sparifötin sín til að minnast bannfæringar Spinoza. Fáir eiga þó mikið brýnna erindi við okkur um þessar mundir.

Skoðanir okkar allra byggjast á flóknum flokkunar- og túlkunarkerfum sem við höfum komið okkur upp til að skilja heiminn. Við vitum auðvitað ekkert annað en það sem þessi kerfi matreiða handa okkur. Sá einfaldi sannleikur er hins vegar ekki viðtekinn. Menn telja sig sjá heiminn eins og hann er og undra sig oft á misskilningi annarra. Efniviður í þessi flokkunar- og túlkunarforrit okkar kemur auðvitað víða að. Menn sömu menningar og sömu trúar sjá hlutina oft með líkari hætti en þeir sem eru af annarri menningu og trú. Það af þessum efniviði sem menn telja að hafi komið frá almættinu í gegnum hina einu sönnu trú býr oft til skoðanir sem eru í senn viðkvæmar fyrir einstaklinginn og harðar gagnvart öðrum.

Slíkar skoðanir eru til vaxandi vandræða í heiminum. Ekki vegna þess að menn hneigist meira til einfaldrar trúar og enn einfaldari mynda af heiminum en áður, heldur vegna þess að heimurinn er orðinn samtengdari og samþættari. Heimar bókstafstrúarmannanna í Miðausturlöndum eða Bandaríkjunum komu okkur lítið við fyrir skemmstu en gera það með beinum hætti nú. Trúarlegar hugmyndir manna þar eystra og í Bandaríkjunum kosta til að mynda mörg mannslíf á hverjum degi í Líbanon og Palestínu. Nýleg könnun þar vestra sýndi að 36% Bandaríkjamanna trúa mjög undarlegri kenningu sem byggist á afar hæpinni túlkun á Biblíunni. Kenningin er sú að viðgangur Ísraelsríkis sé nauðsynleg forsenda þess að Jesú Kristur snúi aftur til jarðarinnar. Þeir sem hafi áhuga á endurkomu Krists eigi þess vegna að styðja Ísrael. Núorðið skiptir þessi stuðningur meira máli en styrkur samfélags gyðinga í Bandaríkjunum. Ísraelsmenn ættu hins vegar kannski að hafa áhyggjur af því að það fylgir með í þessari trú að allir gyðingar sem neita að taka kristna trú við endurkomu frelsarans muni fara til helvítis.

Hlutfall Bandaríkjamanna sem trúa þessu virðist álíka hátt og hlutfall Reykvíkinga í íbúatölu Íslands. Hlutfall þeirra sem trúa frekar sögum um sköpun heimsins en vísindum er enn hærra hjá þessari menntuðu þjóð. Forseti Bandaríkjanna beitti líka neitunarvaldi af trúarástæðum um daginn til að koma í veg fyrir notkun stofnfruma í rannsóknum sem margir telja að gætu leitt til lækninga á banvænum kvillum. Fósturfrumur eru í hans augum helgari en lifandi börn í Líbanon og Palestínu eða jafnvel í Bandaríkjunum, þar sem barnadauði af völdum fátæktar er víða hærri en á Kúbu eða í borgum Kína.

Heimur Spinoza var ekki án guðs, þvert á móti, hann sá guð í öllu. Líkt og margir spekingar Indlands sagði hann guð einan hafa sjálfstæða og eiginlega tilvist. Umræður manna um guðdóminn snúast hins vegar yfirleitt um þá sjálfa og þá mannlegu eiginleika sem þeir yfirfæra á almættið. Hér er auðvitað ekki rými til umræðna um Spinoza og umdeilanlegar röksemdir hans en erindi hans við samtímann er greinilegt. Tilhneiging manna til að koma sér upp hentugum skoðunum, búa til í kringum þær notalega fordóma og fá síðan guð í lið með sér virðist ekki hafa minnkað í aldanna rás. Trúarbrögðin mæta þörfum manna til að aðgreina hópinn sinn frá öðrum hópum. Í samtímanum eru allir hópar í návígi. Smækkun almættisins niður í það óttaslegna og yfirgangssama í mannsálinni er hættulegri en áður.


MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

Sögurnar, tölurnar, fólkið.



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000



FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Björgvin Guðmundsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871



## JAGÚAR VALINN BÍLL ÁRSINS

Breska bílablaðið Auto Express hefur birt lista yfir bíla ársins 2006

BÍLAR 2



## AFDREP Í ÞÉTTBÝLINU

Bærinn Altea á Spáni er skemmtilega sjarmerandi með þröngar götur og áhugaverð kaffihús

FERÐIR 4

allt

FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA ATVINNA BRÚÐKAUP TILBOÐ O.FL. FRÉTTABLAÐIÐ

## ALLT HITT

[ FERÐIR BÖRN BÍLAR ]

**Útiveruútgáfan** er búin að gefa út nýtt tölublað af Á ferðinni. Í nýjasta tölublaðinu má meðal annars finna ítarlega útekt á afþreyingum og ferðamöguleikum í Skagafirði, umfjöllun um undirbúning ferðavagna og ferðalaga erlendis, bent á athyglisverða staði við þjóðveginn ásamt mörgu fleiru.



**Mercedes Benz** auglýsir eftir 66 ökumönnum til að aka á E-Benz frá París til Peking. Fyrir 99 árum síðan var háður kappakstur á milli þessarra tveggja borga og nú ætlar Mercedes Benz að standa fyrir annarri slíkri ökuferð og vantar ökumenn í verkið. Leiðin er um 13.600 kílómetrar. Sjá nánar á www.fib.is.

**Yfirvöld** og forvarnaraðilar beina því til foreldra að hafa eftirlit með börnum sínum helgina fram undan og leyfa ekki eftirlitslausar útihátíðir eða skemmtanir.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er miðvikudagurinn 2. ágúst, 214. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 4.37 | 13.34 | 22.29 |
| Akureyri | 4.05 | 13.19 | 22.30 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

Smáauglýsingasími
550 5000

Auglýsingasími Allt
550 5880

Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is



Hrannar hafði gaman af því að kynnast menningu Búdapest og Novie Sad, sem hann segir ósnortna perlu.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Mótmæli að tónleikum

***Hrannar Már Gunnlaugsson, útflutningssérfræðingur hjá TVG Siemsen, fór á tónleikahátíð í Serbíu þar sem hann öðlaðist nýja sýn á lífið.***

„Ferðin tók tólf daga með viðkomu í Danmörku og Ungverjalandi," segir Hrannar sem fór ásamt félögum sínum, Ingvari Þorbjörnssyni og Heimi Guðjónssyni. „Ingvar hafði farið af einskærri tilviljun til Serbíu árinu áður og varð svo hrifinn að hann vildi ólmur sýna okkur vinunum þessa einstöku perlu."

Hrannar segir megintilganginn með förinni hafa verið að fara á Exit Festival, sem er fjögurra daga löng tónleikahátíð haldin í gömlu virki í Novie Sad í Serbíu. „Hátíðin var upphaflega nítíu daga mótmælaseta gegn Milosevic, fyrrverandi forseta Júgóslavíu, en þróaðist smám saman út í tónleikahald," segir hann.

Að sögn Hrannars koma heimsfrægir listamenn til að troða upp á Exit Festival, eins og Cardigans, Pet Shop Boys og Franz Ferdinand. „Stærstur hluti skemmtikraftanna kemur þó frá svæðinu í kring til að flytja alls kyns tónlist," segir hann. „150.000 gestir mættu í ár, langflestir frá Serbíu og nærliggjandi ríkjum."

Félagarnir skemmtu sér vel í ferðinni en Hrannar segir kynni sín af serbnesku þjóðinni hafa verið eftirminnilegust. „Fólkið ber augljós merki þess sem það hefur mátt þola. Unga fólkið er áhugasamt um stjórnarskrárréttindi annarra þjóða og vill breyta neikvæðri ímynd sinnar eigin þjóðar. Ég kynntist til dæmis manni sem gegndi herþjónustu í Kosovo og hafði fyrir sið að skjóta aldrei nema í sjálfsvörn þrátt fyrir að vera í stríði. Líkt og aðrir skildi hann ekki ástæður stríðsins. Þetta opnar svo sannarlega augu manns fyrir öðrum hliðum á tilverunni."

*roald@frettabladid.is*






**Það er upplagt** að taka fram bónið og tuskuna í blíðunni. Svo er hægt að fara í ísbíltúr á eftir á nýbónuðum bílnum.












# Jagúar valinn bíll ársins

*Að mati blaðamanna Auto Express.*

Breska bílablaðið Auto Express hefur birt lista yfir bíla sem blaðamenn þess hafa valið sem bíla ársins 2006. Alls voru valdir bílar í ellefu flokkum, auk þess sem bíll ársins var valinn.

Að þessu sinni var það Jaguar XK sem var hlutskarpastur og því krýndur sem bíll ársins.



LÚXUSBÍLL ÁRSINS:
**Mercedes Benz S-Class**

Flaggskip Benz-flotans þótti hljóðljátur, mjúkur og afslappandi í akstri. Þrátt fyrir að minna á BMW 7-línuna að innan þykir Benz hafa bætt um betur og ef fjöldi rofa og hnappa vex manni í augum á þó víst að vera mjög fljótlegt að læra á þá alla. Þægileg sæti og nægilegt rými skoruðu nokkur stig, en sigurinn var fyrst unninn þegar bíllinn var látinn þeysa á vegum úti.



BÍLL ÁRSINS (OG COUPÉ ÁRSINS):
**Jaguar XK**

Fallegur að utan og innan, minnir um margt á gullöld Jaguar en er þó hlaðinn nýjustu tækni og hrein unun að keyra hann. Eini mínusinn þótti vera lítil aftursæti. Glæsileg endurkoma þessa breska bílaframleiðanda og erfitt verkefni að steypa honum af stalli.



FJÓRHJÓLADRIFSBÍLL ÁRSINS:
**Land Rover Discovery**

Annað árið í röð lendir Discovery efst á lista yfir fjórhjóladrifsbíla. Drifgeta, ökumannsþægindi og mikið innanrými höfðuðu vel til dómnefndar. Helstu gallar þóttu lítil hröðun og mikil eyðsla, hvorutveggja afleiðing af mikilli þyngd.



BLÆJUBÍLL ÁRSINS:
**(Vauxhall) Opel Astra Twin Top**

Verð og rekstrarkostnaður Astra Twin Top þótti mjög viðunandi miðað við útbúnað. Dómnefnd heillaðist af útliti bílsins, góðu plássi, bæði fyrir farþega og farangur, og þeirri staðreynd að hann lítur mjög vel út hvort sem toppurinn er uppi eða ekki.

STÓR FÓLKSBÍLL ÁRSINS:
**BMW 5-línan**

Þrátt fyrir slappt mælaborð, ónóg geymsluhólf og grjótharða hjólbarða sigraði 5-línan keppinauta sína þriðja árið í röð. Skiptir þar mestu kraftur, aksturseiginleikar og lítil eyðsla. Hvað þægindi og aðbúnað ökumanns varðar þykir bíllinn í sérflokki. Skottpláss er ríflegt, sem og pláss og aðbúnaður fyrir aftursætisfarþega. Loks þótti smíði bílsins yfir alla gagnrýni hafin.



SPORTBÍLL ÁRSINS:
**Porsche Cayman**

Langt frá því að vera bara Boxer með þaki. Dómnefndinni kom á óvart hversu skemmtilegur, kraftmikill og hljómfagur bíllinn var. Bremsurnar fengu sérlega góða einkunn og stíft burðarvirki opnar möguleikann fyrir mýkri fjöðrun sem þykir skila mjög skemmtilegum aksturseiginleikum. Mest kom þó á óvart hversu þægilegur bíllinn var.



SKUTBÍLL ÁRSINS:
**Honda Accord Tourer**

Fréttir af endalokum skutbíla eru stórlega ýktar. Mitt í sportjeppa- og fjölnotabílahringiðunni trónir Honda Accord Tourer sem tákn nýrra gilda í skutbílagerð. Spræk og eyðslugrönn vél, mikið innra rými, fullkominn tæknibúnaður og síðast en ekki síst; möguleikinn á að fella sætin niður í gólf með einu handtaki.



OPINN SPORTBÍLL ÁRSINS:
**Mazda MX-5**

Tvær eldri kynslóðir bílsins hlutu með eindæmum góða dóma og því kom dómnefnd á óvart að Mazda skyldi hafa getað gert enn betur. Bíllinn er sagður hafa allt til brunns að bera sem þarf til að framkalla bros hjá eigandanum, en ekkert umfram það - engan óþarfa. Öll smáatriði eru úthugsuð, bíllinn lætur unaðslega á vegum úti og ný blæja og ný vél auka enn hróður MX-5.



FJÖLNOTABÍLL ÁRSINS:
**Ford Galaxy**

Þungir stólar á brautum, sem þurfti að færa fram og til baka eða taka úr bílnum til að fá auka pláss, eru ekki lengur inni í myndinni. Stólarnir í Galaxy falla ofan í gólfið en bjóða samt upp á marga stillingarmöguleika. Geymsluhólf í toppnum, einstaklega góðir aksturseiginleikar og innrétting sem þolir álagið sem fylgir fjölskyldulífi voru meðal atriða sem öfluðu Galaxy fjölda stiga.



LÍTILL FJÖLNOTABÍLL ÁRSINS:
**Mazda 5**

Flestir eru sammála um að gátlistinn fyrir góðan fjölnotabíl ætti að innihalda atriði á borð við rennihurðir að aftan, sæti sem bjóða upp á margvíslegar staðsetningar og stillingar en þarf ekki að taka út úr bílnum, gott útsýni, góða aksturseiginleika, stórt skott, lítinn rekstrarkostnað og lágt verð. Dómnefndin var sammála um að Mazda 5 stæðist gátlistann betur en aðrir bílar.








Frá kynningu hugmyndabílsins en hönnun hans er byggð á 1970 árgerð bílsins.

# Nýr Challenger fer óbreyttur í sölu

***Hugmyndabíllinn ratar í framleiðslu án teljandi breytinga.***

Þegar framleiðendur kynna hugmyndabíla er yfirleitt ekki ætlunin að fara með þá óbreytta í framleiðslu. Tilgangur hugmyndabíla er að kanna nýjar lendur í hönnun bíla, athuga hvað mælist vel fyrir og mála það svo með pensli fjöldaframleiðslu og staðalímynda áður en það ratar til neytenda.

Og stundum eru þeir bara tækifæri til að vera flottasti framleiðandinn á staðnum. Svolítið eins og hvít kjólföt og stórar gullkeðjur.

Það kom því mörgum á óvart þegar DaimlerChrysler kynnti fyrir skemmstu nýjan Dodge Challenger sem lítur næstum alveg eins út og hugmyndabíllinn sem kynntur var í janúar.

Hönnunin er að miklu leyti sótt í 1970 árgerð bílsins, enda er hún eftirsóttust meðal safnara. Við hönnun nýja bílsins var þó stoppað í þau göt sem þóttu galli á þeim gamla. Líkt og með gamlar minningar lifa góðu atriðin áfram, en þau vondu hverfa með árunum.

Nýr Challenger er búinn 425 hestafla 6,1 lítra Hemi-vél sem fer í hundrað á tæpum 4,5 sekúndum. Ekki slæmt fyrir bíl sem var í raun hannaður fyrir tæpum fjörutíu árum.

# Mazda í söltum sjó

***Tæplega 5.000 bílar um borð í oltnu skipi.***

Farmskipið Cougar Ace, sem siglir undir singapúrskum fána, valt á hliðina út fyrir ströndum Alaska í vikunni. Öllum 23 áhafnarmeðlimum hefur verið bjargað, en það sama verður ekki sagt um 4.700 Mazda-bifreiðar sem eru um borð í skipinu.

Eins og sjá má á myndinni eru kjölur og skrúfa skipsins vel sýnileg en það mun þó vera stöðugt og ekki hætta á að það sökkvi. Búið er að skipuleggja björgunarleiðangur sem verður kominn að skipinu í næstu viku til að bjarga Mazda-bifreiðunum, sem eru aðallega Mazda 3 og CX-7. Ekki er enn vitað hversu illa bílarnir eru farnir, en miðað við myndir af slysstað er líklega um meira en einn eða tvær rispur að ræða.



Farmskipið Cougar Ace undan ströndum Alaska. LJÓSMYND/BANDARÍSKA STRANDGÆSLAN


ALLT Á EINUM STAÐ
- SUMARDEKK
- HEILSÁRSDEKK
- OLÍS SMURSTÖÐ
- BÓN OG ÞVOTTUR
- HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
- RAFGEYMAÞJÓNUSTA
- BREMSUKLOSSAR
- PÚSTÞJÓNUSTA

SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTAN
SÆTÚNI 4, SÍMI 562 6066




Bíll úr flokki A
Vika á Spáni
frá 11.100* kr. - ótakmarkaður akstur, kaskó, þjófavörn, flugvallargjald og skattar.
*Verð miðast við meginland Spánar og gengi 1. mars 2006.
Bókaðu bílinn heima
- og fáðu 500 Vildarpunkta
Hertz
50 50 600 • www.hertz.is

Nú er tækifærið!
Láttu drauminn rætast



Yamaha býður upp á eitt mesta úrval landsins þegar kemur að mótorsporti.
Komdu á Nýbýlaveg 2 í Kópavogi eða farðu inn á yamaha.is og skoðaðu úrvalið.

YZ 85 LW



Listaverð kr. 535.000
Tilboðsverð kr. 465.000

TTR 125



Listaverð kr. 439.000
Tilboðsverð kr. 389.000

Drag Star 1100



Listaverð kr. 1.359.000
Tilboðsverð kr. 1.259.000

Midnight Star 1900



Listaverð kr. 1.990.000
Tilboðsverð kr. 1.849.000

Tilboðsverðin gilda til 10. ágúst eða á meðan birgðir endast!

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

Nýbýlavegur 2 · 200 Kópavogur · Ísland · Sími: 570 5340
Fax: 570 5341 · yamaha@yamaha.is · www.yamaha.is

YAMAHA
-láttu það eftir þér


Nú tilvalið til að tjalda og upplifa útilegustemninguna. Það þarf ekki að fara langt til þess. Fjörutíu mínútna bíltúr til Þingvalla veitir höfuðborgarbúum náttúruna, gönguleiðir og stemninguna beint í æð.


KAUPMANNAHÖFN – LA VILLA
Heimagisting á besta stað í bænum.
Býður alla Íslendinga velkomna.
Geymið auglýsinguna.
www.lavilla.dk. S.0045 3297 5530. GSM. 0045 2848 8905







STÚLKUR & STÆLGÆJAR
BARNAFATAVERSLUN
OPNUNAR ÚTSALAN HELDUR ÁFRAM
VERÐ FRÁ KR. 300,-
VERIÐ VELKOMIN
STÚLKUR & STÆLGÆJAR - HVERAFOLD 1-3
112 REYKJAVÍK - S: 566-5010

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS
Stórmarkaður í stofunni heima
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ
– smáauglýsingar sem allir sjá


# Afdrep í þéttbýlinu

***Bærinn Altea á Spáni er skemmtilega sjarmerandi og einkennist af þröngum götum og áhugaverðum kaffihúsum og veitingastöðum.***


Gamlar, þröngar og brattar göngugötur einkenna elsta hluta Altea. FRÉTTABLAÐIÐ/STEINÞÓR

Austurströnd Spánar hefur alltaf verið vinsæll áfangastaður íslenskra sólarlandafara en staðir eins og Benidorm og Alicante trekkja ár hvert til sín þúsundir Íslendinga. Þetta svæði er nokkuð þéttbýlt og ef keyrt er eftir ströndinni virðist svæðið vera líkt og einn samliggjandi bær. Svo er þó ekki raunin því bæirnir eru margir og mismunandi. Einn þessara smábæja er Altea, sem liggur milli Calpe og Benidorm.

Altea er mörgu leyti mjög frábrugðinn öðrum ferðamannabæjum á svæðinu. Við og í bænum eru nær engin hótel og því þurfa ferðamenn að gera sér sérstaka ferð þangað. Það er hins vegar alveg þess virði enda ber Altea af í sjarma.

Bærinn á sér langa sögu og þess vegna er forvitnilegast að skoða elsta hluta hans sem er staðsettur í hálfgerðri fjallshlíð efst í bænum. Ein af ástæðunum fyrir því að bærinn var byggður svo hátt uppi var til þess að hægt væri að fylgjast með ferðum sjóræningja hér forðum daga. Nú í dag hafa heimamenn minni áhyggjur af slíkum gestum en í staðinn geta allir sem þangað koma virt fyrir sér fallegt útsýni staðarins.

Fyrir utan útsýnið hefur gamli bærinn einnig upp á margt annað að bjóða. Fallegar þröngar göngugötur upp bæinn er gaman að ganga jafnvel þó að það reyni á leggina. Við og í götunum eru líka margar áhugaverðar verslanir eða réttara sagt gallerí sem langflest selja einhvers skonar listmuni; málverk, skartgripi og annað slíkt. Veitingastaðir og kaffihús eru einnig áberandi í gamla bænum og þar má fá sér allt frá ís til skelfisksveislu.

Efst trónir svo falleg kirkja. Í anddyri hennar mætir manni gömul kona og ef maður laumar nokkrum smápeningum í hattinn hennar fær maður að líta inn í sjálfa kirkjuna sem kemur flestum virkilega á óvart enda falleg og íburðarmikil en samt svo róandi. Kirkjan og útsýnið þar efst uppi gerir ferðina til Altea vel þess virði enda gott að komast í rólegheit og næði frá æsingnum í stóru ferðamannabæjunum.

*steinthor@frettabladid.is*

# Sólbruni og vatnsskortur

***Verslunarmannahelgin stendur fyrir dyrum. Margir eiga góðar minningar frá slíkum helgum. Einn þeirra er Bragi Björnsson sem fór á landsmótið í Viðey árið 1986.***


Landsmót skáta í Viðey árið 1986 er Braga mjög eftirminnilegt.

„Þegar maður lítur til baka eru það ekki útihátíðirnar sem standa upp úr af verslunarmannahelgunum,“ segir Bragi Björnsson, lögmaður og aðstoðarskátahöfðingi. „Verslunarmannahelgin árið 1986 er mér minnisstæð en þá var landsmót skáta haldið úti í Viðey. Þetta var fyrsta landsmótið sem ég fór á og það var þá sem ég upplifði að það voru ekki bara skátar á Íslandi heldur úti um allan heim.“

Bragi var aðeins átján ára gamall þegar Viðeyjarmótið var haldið en það stóð yfir í viku og átti að ljúka um verslunarmannahelgina. „Ég hafði ekki hugsað mér að ílengjast á þessu landsmóti heldur skella mér á útihátíð eins og flestir félagar mínir sem þarna voru. Það var hins vegar svo gaman að við hættum alveg við að fara.“

Upp komu nokkur vandamál í eynni sem þó voru ekki mjög alvarleg. „Það var glampandi sól allan tímann svo að það varð vatnslaust í eynni og flytja þurfti allt vatn frá Reykjavík. Þetta er nú vandamál sem við eigum yfirleitt ekki við að etja á Íslandi, að berjast við sólbruna og vatnsskort,“ segir Bragi hlæjandi og heldur áfram af rifja upp. „Ég var með félaga mínum í tjaldi og hann átti að útvega tjaldið en ég sá um aðra hluti. Þegar við síðan ætluðum að tjalda fyrsta kvöldið kom í ljós að félagi minn hafði bara tekið innra tjaldið með en ekki tjaldhimininn. Efnið var gegnsætt svo það var til dæmis frekar vandræðalegt að skipta um föt.“

Bragi var mjög ánægður með mótið og sá alls ekki eftir að hafa sleppt útihátíð þetta árið. „Í staðinn fyrir að drekka öl var drykkur mótsins Galsi frá Mjólkursamsölunni en það er ein alversta mjólkurafurð sem framleidd hefur verið á Íslandi. Við grunuðum Mjólkursamsöluna um að vera að reyna að losa sig við einhverjar umframbirgðir. Menn rifja þetta upp með hryllingi og gera enn mikið grín að þessu í dag, tuttugu árum síðar,“ segir Bragi að lokum.

# Gefur sérstakt sjónarhorn

***Útivist gengst fyrir gönguferð á Klakk hinn 13. þessa mánaðar.***

Klakkur er fjall sem fáir hafa gengið á en er einn af útvörðum Langjökuls. Hann rís upp úr jöklinum í jaðri hans, miðja vegu á milli Geitlandsjökuls og Hagafells. Gönguleiðin að Klakki er löng og hann ber ekki með sér úr fjarska að árangur erfiðisins sé sérstakt sjónarhorn yfir svæðið suður og suðvestur af Langjökli. Hækkun er samt ekki nema um 500 m en ætla má að göngutími sé 10-12 klukkustundir því vegalengdin er um 30 km. Brottför frá BSÍ er klukkan átta árdegis.


Nauðsyn er að vera vel skóaður þegar gengið er á Klakk.







# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Miðvikudagur 2. ágúst 2006 – 29. tölublað – 2. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 vísir

MAXWELL HOUSE

Gott til síðasta dropa

**Barcelona**

Á grænni grein



4




8-9

**KB banki í London**

Ármann Þorvaldsson í viðtali



6

# Hagnast um 31 milljarð á öðrum árshluta

**Bankarnir skiluðu um 92 milljörðum í hús á fyrri hluta árs. Hreinar rekstrartekjur drógust saman milli fyrsta og annars ársfjórðungs. Eignir bankanna nema nú sjöfaldri landsframleiðslu.**

Eggert Þór Aðalsteinsson
skrifar

Stóru viðskiptabankarnir - Glitnir, KB banki og Landsbankinn - og Straumur-Burðarás högnuðust um samtals um 30,5 milljarða króna á öðrum ársfjórðungi og alls um 91,7 milljarða króna á fyrri hluta ársins 2006. Glitnir var eina fjármálafyrirtækið sem skilaði meiri hagnaði á öðrum ársfjórðungi 2006 en þeim fyrsta.

Til samanburðar högnuðust félögin fjögur um 29,3 milljarða króna á öðrum ársfjórðungi 2005 og jókst hagnaðurinn því aðeins um fjögur prósent á milli ára. Þegar litið er yfir fyrstu sex mánuði ársins 2005 er aukningin miklu meiri, enda var samanlagður hagnaður félaganna þá 54,1 milljarður.

Hreinar rekstrartekjur bankanna, að Straumi undanskildum, námu alls 68,8 milljörðum króna á öðrum ársfjórðungi og samanstanda að mestu leyti af vaxta- og þóknunartekjum. Hreinar vaxtatekjur voru 39,5 milljarðar króna og þóknunartekjur um 22 milljarðar. Gengistap af fjármálastarfsemi nam 3,1 milljarði króna.

Það er vart hægt að bera viðskiptabankana saman milli ára vegna aukinna umsvifa á öllum vígstöðvum. Nærtækara er að horfa til fyrsta ársfjórðung þessa árs í þeim efnum. Þá námu hreinar rekstrartekjur 79,7 milljörðum krónum og dragast því saman um tæpa ellefu milljarða á milli fjórðunga. Mestu munar auðvitað um verulegra umskipta á fjármálamörkuðum. Á fyrsta ársfjórðungi skiluðu bankarnir 25,3 milljarða hagnaði af fjármálastarfsemi en rúmlega þriggja milljarða tapi á öðrum eins og áður sagði.

Hreinar vaxtatekjur jukust aftur á móti um 12,2 milljarða vegna mikillar verðbólgu og gengislækkunar krónu. Þóknunartekjur voru þær sömu milli fyrsta og annars fjórðungs.

Rekstrargjöld bankanna voru rúmur 31 milljarður króna á öðrum hluta ársins en 26,7 á þeim fyrsta. Alls greiddu bankarnir þrír 6,3 milljarða króna í skatt á öðrum ársfjórðungi og alls fjórtán milljarða á fyrri hluta árs.

Efnahagsreikningar bankanna án Straums þöndust gríðarlega út á fyrri hluta ársins. Samanlagðar heildareignir stóðu í 7.387 milljörðum króna í lok júní og höfðu vaxið um 1.968 milljarða frá áramótum, um 36 prósent. Til að setja þessar eignir í samhengi við þjóðhagslegar stærðir má segja að eignir bankanna nemi meira en sjöfaldri landsframleiðslu. Aukningin var áramótum er því tæp tvöföld landsframleiðsla.

Eiginfjárstaða bankanna hefur styrkst til muna á árinu, vaxið úr 389 milljörðum króna í 488 milljarða eða rétt um eitt hundrað milljarða. Að viðbættu eigin fé Straums nemur það alls 616 milljörðum króna.

# Þarf snarpari Seðlabanka

Víðtæk verðtrygging gerir það að verkum að Seðlabanki Íslands þarf að vera snarari í snúningu en aðrir seðlabankar. Stýrivaxtabreytingar þurfa því líklega að vera í stærri stökkum en almennt gegnur og gerist.

Þetta er mat Eddu Rósar Karlsdóttur, hagfræðings og forstöðumanns greiningardeildar Landsbankans. Í grein sem hún skrifar í Markaðinn í dag fer hún yfir stöðu efnahagsmála og vandann sem Seðlabankinn stendur frammi fyrir. Hún segir íslenska stjórnmálamenn ekki óttast aðgerðir Seðlabankans nóg og bankinn glími við trúverðugleikavanda. „Þótt miklar og tíðar breytingar í stýrivöxtum geti auðvitað verið óæskilegar í sjálfu sér er ég ekki viss um að við höfum aðra kosti í stöðunni. Ja, nema auðvitað að viðhorf stjórnmálamanna breytist.“ Hún segir forsendu þess að Seðlabankinn nái varanlegum tökum á efnahagsþróuninni þá að viðhorf stjórnmálamanna sem skilji Seðlabankann einan eftir á vaktinni breytist. Það fyrirkomulag peningamálastjórnunar sé ekki til sem tryggi varanlegan stöðuleika, nema til komi breytingar á almennri hagstjórn.

- hh / sjá nánar síðu 10

# BTC hagnast meira

Búlgarska símafélagið BTC skilaði 3,6 milljarða króna hagnaði á öðrum ársfjórðungi, sem er 58 prósenta aukning frá sama tímabili í fyrra. Alls nam hagnaður BTC 6,8 milljörðum á fyrri árshelmingi.

Novator Telecom Bulgaria, félag Björgólfs Thors Björgólfssonar, hefur tryggt sér kauprétt á öllu hlutafé í Viva, sem fer með 65 prósent hlutafjár í BTC.

Tekjur BTC drógust lítillega saman á milli ára og voru alls 11,6 milljarðar króna á öðrum ársfjórðungi. Mikill árangur náðist í því að skera niður kostnað. Þannig lækkaði launakostnaður á fjórðungnum um 37 prósent. - eþa

## FRÉTTIR VIKUNNAR

**Dugði ekki** | Þrátt fyrir að KB banki hafi skilað þrettán milljarða króna hagnaði á öðrum ársfjórðungi, sem var umfram væntingar, hafa bréf bankans farið lækkandi eftir birtinguna.

**Bráðum skráð** | Exista verður skráð í Kauphöll Íslands hinn 15. september næstkomandi. Helmingur af bréfum KB banka í Exista verður líklega greiddur út sem aukaarður til hluthafa.



**Til Köben** | Atlantic Petroleum hyggur á skráningu í dönsku kauphöllinni. Verður félagið skráð þar samhliða því að vera í Kauphöll Íslands. Búist er að af skráningunni verði fyrir árslok.

**Góður gróði** | Hagnaður Landsbankans var 6,1 milljarður króna á öðrum ársfjórðungi og hagnaðist bankinn um 20,4 milljarða króna á fyrri hluta ársins.

**Yfir spám** | Methagnaður varð af rekstri Bakkavarar Group á öðrum ársfjórðungi ársins 2006. Jókst hagnaðurinn um 83 prósent milli ára og nam tveimur milljörðum króna.

**Slær met** | 66,8 milljarða vöruskiptahalli var á fyrri helmingi ársins 2006. Mikil aukning varð í innflutningi á fjárfestinga- og rekstrarvörum. Samdráttar gætir í útflutningi.

**Kaupir ráðgjafa** | Straumur-Burðarás fjárfestingarbanki hefur fest kaup á helmingshlut í breska fyrirtækinu Stamford Partners og hyggst jafnframt opna útibú í London í haust.

**Vel búin** | Hagnaður íslenskra fyrirtækja árið 2004 nam 11,4 prósentum af tekjum en var það hlutfall 8,1 prósent árið áður samkvæmt nýútgefnum tölum Hagstofunnar.

# Lítill ójöfnuður í launum

Mismunur milli tekna ákveðinna launahópa hefur ekki aukist hér á landi undanfarinn áratug. Vægi fjármagnstekna hefur hins vegar margfaldast og safnast þær á fárra hendur. Þetta sýna nýir útreikningar Benedikts Jóhannessonar, framkvæmdastjóra Talnakönnunar.

Benedikt hefur reiknað út svokallaðan Gini-stuðul sem er mælikvarði á jöfnuð í launum. Því nær núlli sem stuðullinn er, því meiri er jöfnuðurinn og eftir því sem nær dregur einum eykst hann. Gini-stuðullinn hér á landi fyrir árið 2005 er 0,26 miðað við jöfnuð meðal hjóna. Sé litið á þróun hans undanfarinn áratug sést að ójöfnuður í launum er ekki að aukast. Til samanburðar þykir eðlilegt í Vestur-Evrópu að Gini-stuðullinn sé á bilinu 0,24 til 0,36.

Ójöfnuður kemur hins vegar í ljós þegar litið er til fjármagnstekna. Árið 2005 mældist Gini-stuðull þeirra 0,77 og hefur farið ört vaxandi. Fjármagnstekjustofninn þrefaldast hjá þeim sem minnst eiga en næstum tuttuguogfimmfaldast hjá þeim sem eiga mest.

„Þótt nokkrir einstaklingar séu með margar milljónir í laun eru þeir fáir miðað við hópinn. En Gini-stuðullinn varðandi fjármagnstekjur sýnir hins vegar mikinn ójöfnuð,“ segir Benedikt. - hhs

**GINI-STUÐULL LAUNA OG FJÁRMAGNSTEKNA**




120 1886 2006

Örugg ávöxtun í þeirri mynt sem þér hentar

Peningabréf Landsbankans

ISK 13,3%*

GBP 5,4%*

USD 5,3%*

EUR 3,2%*

Markmið Peningabréfa er að ná hærri ávöxtun en millibankamarkaður og gjaldeyrisreikningar. Enginn munur er á kaup- og sölugengi.

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | landsbanki.is

Peningabréf ISK/EUR/USD/GBP eru fjárfestingarsjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðirnir eru reknir af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbankinn er vörsluaðili sjóðanna. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögunum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðina, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðanna, vísast til útboðslýsingar og útdráttar úr útboðslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbankans auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.

* Nafnávöxtun á ársgrundvelli frá 3. júlí - 1. ágúst 2006.

GOTT FÓLK McCANN

**GENGISÞRÓUN**

| | Vika | Frá áramótum |
|---|---|---|
| Actavis | -2% | 23% |
| Alfesca | -2% | 0% |
| Atlantic Petroleum | -4% | 30% |
| Atorka Group | -2% | -5% |
| Avion Group | -2% | -29% |
| Bakkavör | -2% | -7% |
| Dagsbrún | -3% | -11% |
| FL Group | -5% | -19% |
| Glitnir | -2% | -3% |
| KB banki | -4% | -6% |
| Landsbankinn | -3% | -18% |
| Marel | 1% | 14% |
| Mosaic Fashions | 0% | -10% |
| Straumur | -3% | -1% |
| Össur | -2% | -4% |

*Miðað við gengi í Kauphöll á mánudaginn*

# Heimsferðir færa út kvíarnar

Heimsferðir hafa fest kaup á finnsku ferðaskrifstofunni Matka Vekka Group. Kaupverð var ekki uppgefið. Matka Vekka Group er stærsta ferðaskrifstofa Finnlands; hjá fyrirtækinu starfa tæplega þrjú hundruð manns og er áætluð velta á þessu ári rúmir tólf milljarðar króna.

Heimsferðir eru nú í hópi stærstu ferðaskrifstofa á Norðurlöndum; með útibú í Danmörku, Noregi, Svíþjóð, Finnlandi og á Íslandi. Árið 2005 keyptu Heimsferðir þrjár norrænar ferðaskrifstofur, Solresor í Svíþjóð, Solia í Noregi og Bravo Tours í Danmörku. - jsk



ANDRI MÁR INGÓLFSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI HEIMSFERÐA

# Lágmarksvelta á markaði

## Úrvalsvísitalan lækkaði í júlí í litlum viðskiptum.

Heildarvelta á hlutabréfamarkaði í júlí nam fimmtíu og fjórum milljörðum króna og hefur ekki verið minni í heilt ár. Heildarvelta á skuldabréfamarkaði nam 91,7 milljörðum króna í mánuðinum.

Úrvalsvísitala Kauphallarinnar lækkaði um 3,76 prósent í júlí. Tæplega tíu prósenta lækkun varð á bréfum í FL Group, rúmlega átta prósenta lækkun á Dagsbrún og sex prósent í Glitni.

Mest hækkun varð á bréfum í Mosaic Fashions í mánuðinum; rúmlega sex prósent. Bakkavör og Marel hækkuðu um fimm prósent.

Frá áramótum hefur átján prósenta lækkun orðið á Landsbankanum og FL Group. Af félögum úrvalsvísitölunnar hefur Actavis vegnað best, en bréf í félaginu hafa hækkað um tæp tuttugu og fjögur prósent það sem af er ári.

Fram kemur í Morgunkornum Glitnis að stemning á mörkuðum beri merki um árstímann auk ástands mála í efnahagslífinu. Flest sex mánaða uppgjör hingað til hafi verið yfir væntingum greiningaraðila en framkallað lítil áhrif hjá greiningaraðilum. - jsk





**BJARNI ÁRMANNSSON FORSTJÓRI** Glitnir skilaði meiri hagnaði á öðrum ársfjórðungi en þeim fyrsta. FRÉTTABLAÐIÐ/BRINK

# Mesti hagnaður í sögu Glitnis

## Eini bankinn sem jók hagnað og tekjur á milli fyrsta og annars ársfjórðungs. Tuttugu milljarða hagnaður á fyrri hluta ársins.

Glitnir skilaði methagnaði á öðrum ársfjórðungi, þegar bankinn hagnaðist um ellefu milljarða króna. Þetta er mesti hagnaður í sögu bankans á einum ársfjórðungi.

Samanlagður hagnaður bankans á fyrri árshelmingi nemur því 20,1 milljarði króna og er hann eini bankinn sem bætti hagnað frá frá fyrsta ársfjórðungi.

Arðsemi eigin fjár um 46 prósent á sama tíma sem er hærri arðsemi en hjá hinum viðskiptabönkunum.

Afkoma bankans er langt umfram væntingar markaðsaðila sem höfðu reiknað með sjö til átta milljarða hagnaði á fjórðungnum.

Glitnir er aukinheldur eini viðskiptabankinn sem jók hreinar rekstrartekjur á milli fyrsta og annars ársfjórðungs og má segja að þar hafi legið spáskekkja markaðsaðila. Námu þær alls 18,6 milljörðum og hækkuðu um rúm sjö prósent frá fyrsta ársfjórðungi. Hreinar vaxtatekjur voru 11,5 milljarðar króna á fjórðungnum, sem er helmingur af öllum vaxtatekjum ársins í fyrra, og jukust þær um 3,5 milljarða króna frá fyrsta árshluta eða um 45 prósent. Þjónustutekjur námu 5,9 milljörðum og hækkuðu lítillega frá fyrsta ársfjórðungi.

Fjárfestingartekjur og aðrar tekjur námu rúmum einum milljarði króna á fjórðungnum en voru um 3,7 milljarðar á fyrsta árshluta.

Undir aðrar tekjur fellur meðal annars söluhagnaður af þriðjungshlut í Sjóvá-Almennum upp á 2,4 milljarða króna.

Rekstrargjöld námu tæpum 6,7 milljarði og hækkuðu um fjórtán prósent á milli fjórðunga.

Eignir Glitnis voru 2.023 milljarðar króna í lok júní og höfðu aukist um 551 milljarð frá áramótum. Eigið fé bankans var 126 milljarðar. - eþa

**HAGNAÐUR GLITNIS Á ÖÐRUM ÁRSFJÓRÐUNGI OG SPÁR MARKAÐSAÐILA***

| | |
|---|---|
| Hagnaður Glitnis | 11.013 |
| Spá KB banka | 8.100 |
| Spá Landsbankans | 7.010 |
| **Meðaltalsspá** | **7.555** |

** Í milljónum króna*

# EVE-spilarar CCP verði fleiri en Íslendingar

## Skráning á Nasdaq kemur helst til greina en íslenskur hlutabréfamarkaður er varla inni í myndinni.

**Eggert Þór Aðalsteinsson**
skrifar

„Markmið okkar um að EVE-spilarar verði fleiri en Íslendingar er á góðri leið," segir Hilmar V. Pétursson, framkvæmdastjóri CCP. Áskrifendur netleiksins EVE online voru síðast orðnir 135 þúsund talsins og fjölgar þeim um fimm þúsund á mánuði. Miðað við óbreyttan vöxt verða áskrifendur að EVE online orðnir fleiri en Íslendingar eftir þrjú ár.

Fjölgun áskrifenda hefur verið jöfn og stöðug að sögn Hilmars. Um síðustu áramót gerði félagið stóra vélbúnaðaruppfærslu sem hefur gert því kleift að halda utan um þennan vöxt. „Við hreinlega þreflölduðum hestöflin á bak við serverinn okkar. Við getum því tvöfaldað notendahópinn án þess að það valdi okkur sérstökum vandræðum."

Hilmari sýnist að þegar félagið náði ákveðnum fjölda áskrifenda í netsamfélaginu hafi varan farið að vaxa á eigin skriðþunga. Mikilvægur áfangi náðist þegar fjöldinn fór yfir eitt hundrað þúsund talsins í febrúar síðast liðnum. „Hver nýr áskrifandi lætur þann sem fyrir er fá betri vöru." Hilmar leggur á það áherslu að félagið vinni enn að markaðssetningu, viðhaldi og endurbótum á leiknum.

Hann er spurður um hvort félagið skoði skráningu á hlutabréfamarkað: „Ef við myndum skrá okkur einhvers staðar þá held ég að Nasdaq yrði fyrir valinu." Hann er hræddur um að ef CCP myndi skrá sig á íslenskan markað yrði félagið hið eina sinnar tegundar á markaði, sem gæti orðið erfitt. „Okkar hugmyndir eru þær að Ísland er ekki nógu stórt."

Hilmar segir að metnaður stjórnenda liggi í því að efla félagið og þá oft á tíðum komi tækifærin til manns. Félagið vill vera tilbúið í verkefni sem skráningu án þess að það sé markmið í sjálfu sér. „Vissulega höfum við verið að haga málum þannig upp á síðkastið að við séum tilbúnir í skráningu ef það verður hagstætt á einhverjum tímapunkti."

Fram hefur komið að General Catalyst Partners, bandarískur fjárfestingasjóður, hefur verið að falast eftir hlutabréfum í CCP fyrir sex hundruð krónur hlutinn. Gengið er um það bil þrefalt hærra gengi en það var um áramótin eftir því sem næst verður komist. „Innkoma þeirra og Novators [stærsta hluthafans í CCP] fyrr á árinu eru dæmi um auknar fjárfestingar erlendra aðila í íslenskum tæknifyrirtækjum," segir Hilmar. Með innkomu þessara stóru aðila eflist hluthafahópur CCP til að takast á við stærri verkefni.



**STEFNT AÐ ÞRJÚ HUNDRUÐ ÞÚSUND ÁSKRIFENDUM AÐ NETLEIKNUM EVE ONLINE** Hugmyndir um skráningu eru til skoðunar þótt það sé ekki markmið í sjálfu sér.

**„Við hreinlega þreflölduðum hestöflin á bak við serverinn okkar. Við getum því tvöfaldað notendahópinn án þess að það valdi okkur sérstökum vandræðum." .. „Ef við myndum skrá okkur einhvers staðar þá held ég að Nasdaq yrði fyrir valinu." ... „Okkar hugmyndir eru þær að Ísland er ekki nógu stórt."**


HAFÐU BÁÐAR HENDUR Á STÝRI

www.rs.is



*Nú getur þú hringt og svarað símtölum með GPS tækinu!*

**Garmin nüvi 360**

Það er vit í Garmin nüvi sem ferðafélaga. Garmin nüvi er GPS leiðsögutæki með korti af allri Evrópu og stórum skjá, en fer vel í vasa. Tækið inniheldur m.a. MP3 spilara, ljósmyndarýni, reiknivél, gengisreikni, heimsklukku, orðabók, ferðahandbók og einingabreyti. Tækið er einnig með Bluetooth þannig að það nýtist sem handfrjáls búnaður við GSM í bílnum.

GARMIN · Bluetooth · VÉLASALAN · radiomiðun

R. SIGMUNDSSON

**Umboðsmenn** **Akureyri:** Haftækni · **Blönduós:** Krákur · **Egilsstaðir:** Bílanaust · **Grundarfjörður:** Mareind · **Ísafjörður:** Bensínstöðin **Reyðarfjörður:** Veiðiflugan **Selfoss:** Hársnyrtistofa Leifs **Vestmannaeyjar:** Geisli · **Reykjavík:** Arctic Trucks, Bílanaust, Elko, Everest, Gísli Jónsson, Hlað, Intersport, Stormur, Toyota aukahlutir, Útilíf, Vesturröst, Yamaha · **Fríhöfnin**

ÁNANAUSTUM 1 | 101 REYKJAVÍK | SÍMI 520 0000 | www.garmin.is

SÝNDU TILÞRIF!
SÝNDU HÆFILEIKA!
SÝNDU METNAÐ!

Til þess verður þú að hafa í höndunum frábærar vélar: OLYMPUS & NIKON.

# FANGAÐU AUGNABLIKIÐ
## ... með OLYMPUS

OLYMPUS
Your Vision, Our Future



**OLYMPUS mju700**

**Mju-700 All Weather**
**7,1 milljón pixlar**
3 x optical aðdráttur (35-105 mm)
5 x stafrænn aðdráttur
Val á milli 23 programstillingair
2,5" LCD skjár
Tekur upp myndskeið (video)með hljóði
Innbyggt 19,1Mb minni
Notar XD minniskort
Þyngd 103 g
**Verð kr. 26.900**



**OLYMPUS FE-140**

**6,0 milljón pixlar**
3 x aðdráttarlinsa (38-114mm)
Ljósop f/3.1-5.9
Val á milli 20 programstillinga
Tekur upp myndskeið (video) án hljóðs
Innbyggt 22 MB minni
- hægt að stækka með XD minniskorti
Þyngd 130 g án rafhlöðu
Notar AA rafhlöður
**Verð kr. 19.900**



**OLYMPUS SP-320**

**7.1 milljón pixlar**
3 x optical aðdráttarlinsa (38-114mm)
2,5" LCD skjár
Tekur upp myndskeið (video) með hljóði
25 MB innbyggt minni
- hægt að stækka með XD minniskorti
Notar AA rafhlöður
og CR3 lithium rafhlöðu
Þyngd 195 g án rafhlöðu
**Verð kr. 26.900**



**OLYMPUS SP-700**

**6.0 milljón pixlar**
3 x optical aðdráttur (38-114mm)
10 x stafrænn aðdráttur
Val á milli 24 programstillinga
Innbyggt flass - val á milli 3 stillinga
3" LCD skjár
Hreyfimyndataka með hljóði
Innbyggt 11 mb minni
XD minniskort
Camedia Master forrit
Þyngd 140 g
**Verð kr. 29.900**

OLYMPUS
3ja ára ábyrgð
ORMSSON



**OLYMPUS SP-500**

**6.0 milljón pixlar**
10 x optical aðdráttur (38-380mm)
5 x stafrænn aðdráttur
2,5" LCD sjár
Val á milli 21 program-stillinga og 3 manual-stillinga
Quiktime videoupptaka með hljóði
Innbyggt 10 MB minni
- hægt að stækka með XD minniskorti
Notar AA rafhlöður
Þyngd 285 g
**Verð kr. 29.900**



Frábær myndavél!

**OLYMPUS mju720SW**

**Einstök hönnun**
Stál hús - þolir fall úr allt að 1.5 metra hæð
Þolir þrýsting sem jafnast á við 3 metra dýpi
BrightCapture Technology sem auðveldar skoðun mynda og að taka myndir án flass í lítilli birtu
7.1 milljón pixlar
2.5" LCD skjár
3 x optikal aðdráttur (38-114mm)
24 tökustillingar
**Verð kr. 36.900**

Tilvalin í útivistina!

# GERÐU KRÖFUR OG VIÐ UPPFYLLUM ÞÆR

Nikon
– fyrir kröfuharða



**NIKON Coolpix P3**

**8,1 milljón pixlar**
VR linsa, alvöru hristivörn
3,5 x aðdráttur í linsu (36-126mm)
16 tökustillingar
2.5" LCD skjár
Video upptaka með hljóði
23 MB innbyggt minni
- hægt að stækka með XD minniskorti
Aðeins 170 g án rafhlöðu
Notar Lithium rafhlöðu
**Verð kr. 49.900**



**NIKON D-70S**

**6.1 milljón pixlar**
SLR
3008 x 2000 upplausn
Útskiptanleg linsa
Innbyggt flass
Program og manual stillingar
Linsa: DX 18-70mm
Þyngd 600 g án linsu
**Verð kr. 134.900**

TIPA 2005
BESTA STAFRÆNA SMÁVÉLIN 2005



**NIKON Coolpix P1**

**8,0 milljón pixlar**
Þráðlaus yfirfærsla á tölvu og prentara
3 x aðdráttalinsa (36-126mm)
4 x stafrænn aðdráttur
Ljósop f/ 2.7-5.2
Val á milli 19 program stillinga
Innbyggt flass með In Camera red-eye fix
2,5" LCD skjár (upplausn 110.000 punktar)
Quicktime videotaka
Innbyggt 32 mb minni
Notar Li-ion rafhlöðu EN-EL8/180 myndir
Hleðslutæki
Þyngd 170 g
**Verð kr. 34.900**



**NIKON Coolpix L4**

**4.0 milljón pixlar**
3 x aðdráttur í linsu (38-116mm)
15 tökustillingar
2.5" LCD skjár
Video upptaka án hljóðs
10 MB innbyggt minni
- hægt að stækka með XD minniskorti
Aðeins 115 g án rafhlöðu
Notar AA rafhlöðu
**Verð kr. 18.900**

GOTT ÚRVAL
AF LINSUM
OG AUKAHLUTUM
Í NIKON D–SLR





**NIKON Coolpix L2**

**6.0 milljón pixlar**
3 x aðdráttur í linsu (38-116mm)
15 tökustillingar
2.5" LCD skjár
Video upptaka með hljóði
23 MB innbyggt minni
- hægt að stækka með XD minniskorti
Aðeins 120 grömm án rafhlöðu
Notar AA rafhlöðu
**Verð kr. 29.900**



**NIKON Coolpix S5**

**6.0 milljón pixlar**
3 x aðdráttur í linsu (35-105mm)
2.5" LCD skjár
Video upptaka með hljóði
21 MB innbyggt minni
- hægt að stækka með XD minniskorti
Aðeins 165 grömm án rafhlöðu
Notar lithium rafhlöðu
**Verð kr. 46.900**



Birt með fyrirvara um prentvillur og myndbrengl.

OLYMPUS og Nikon eru án efa tveir af virtustu myndavélaframleiðendum heims.

FRÍHÖFNIN | Eyrarvegi 32, Selfossi, s: 480 1160 | pixlar STAFRÆN FRAMKÖLLUN Suðurlandsbraut 52, Reykjavík, s: 588 3700 | GEISLI Flötum 29, Vestmannaeyjum, s: 481 3333 | MODEL Stillholti 16-18, Akranesi, s: 431 3333 | Bókaverslun Þórarins Garðsbraut 9, Húsavík, s: 464 1234 | Álfabakka 14, Reykjavík, s: 557 4070

ORMSSON

SÍÐUMÚLA 9
SÍMI 530 2800

SMÁRALIND
SÍMI 530 2900

RADIONAUST, AKUREYRI
SÍMI 461 5000

HAFNARGÖTU 25, KEFLAVÍK
SÍMI 421 1535

WWW.ORMSSON.IS

# Yfirtökur skila sér

Hagnaður spænsku verktakasamsteypunnar Ferrovial jókst um tuttugu prósent fyrstu sex mánuði ársins 2006. Nam hagnaðurinn 237,3 milljónum evra, um 22 milljörðum króna, miðað við 198,2 milljónir eða 18,4 milljarða króna á sama tímabili í fyrra. Tekjur félagsins jukust um 29 prósent og námu 5,25 milljörðum evra miðað við 4,07 milljarða árið á undan.

Ferrovial hefur verið iðið við að leggja undir sig önnur félög að undanförnu og er hagræðingin sem af því hefur hlotist að skila sér nú. Samsteypan fer meðal annars fyrir hópi fjárfesta sem er ljúka yfirtöku á breska félagsinu BAA PLC, sem rekur flugvelli víða um heim.

Ferrovial, sem hefur hagnast vel á uppgangi á spænska húsnæðis- og byggingamarkaðnum, leitar nú í auknum mæli út fyrir landsteinana eftir fjárfestingum, enda er búist við að um fari að hægjast á heimamarkaðnum. Um helminginn af heildartekjum fyrirtækisins það sem af er ári má rekja til landa fyrir utan Spán, miðað við fjörutíu prósent árið á undan. - hhs

# Hagnast á áhorfi

Hollenska sjónvarpsfélagið Endemol, sem er rétthafi hinna geysivinsælu raunveruleikaþátta Big Brother, hagnaðist um 517 milljón evrur, jafnvirði rúmra 47,2 milljarða íslenskra króna, á fyrstu sex mánuðum ársins. Þetta er 23 prósenta aukning á milli ára en á sama tíma í fyrra skilaði félagið tæplega 38,4 milljarða króna hagnaði.

Sjónvarpsþættirnir eru sérstaklega vinsælir í Evrópu en sjöunda þáttaröðin er sýnd í Bretlandi um þessar mundir. Þá á fyrirtækið sömuleiðis réttinn á sjónvarpsþættinum Deal or No Deal, sem meðal annars er sýndur í Bandaríkjunum.

Stærsti hluthafinn í Endemol er spænska fjarskiptafyrirtækið Telefonica. Fyrirtækið seldi 22 prósenta hlut í Endemol í nóvember á síðasta ári og hafa verið sögusagnir um að fyrirtækið hygðist losa sig við fleiri hluti í félaginu á næstu misserum.

Elias Rodriguez-Vina, forstjóri Endemol, býst við að fyrirtækið muni skila einum milljarði evra í tekjur á árinu en það jafngildir tæpum 91,5 milljarði króna. Mun það vera metafkoma í sögu félagsins. - jab



**ÚR DEAL OR NO DEAL** Hollenska fyrirtækið Endemol á réttinn að tveimur vinsælum sjónvarpsþáttum og hefur það skilað fyrirtækinu góðum hagnaði.
FRÉTTABLAÐIÐ/AFP



**MERKI HSBC BANKA** Stjórnarformaður HSBC segir mikinn vöxt hafa orðið á nýmörkuðum undanfarin misseri.

# 900 milljarða hagnaður

Hagnaður breska risabankans HSBC nam rúmum níu hundruð milljörðum íslenskra króna á fyrri helmingi árs og jókst um átján prósent milli ára.

Í tilkynningu frá bankanum segir að mikill vöxtur hafi orðið á nýmörkuðum undanfarin misseri. Sérstaklega hafi bankanum gengið vel í Brasilíu, Kína og á Indlandi.

„Rekstrarumhverfið hefur verið hagstætt síðastliðið hálft ár,“ sagði Stephen Green stjórnarformaður og bætti við: „Bandaríska hagkerfið hefur verið nokkuð stöðugt, auk þess sem það japanska hefur sótt í sig veðrið. Hækkandi eldsneytisverð og stýrivaxtahækkanir settu þó örlítið strik í reikninginn.“ - jsk

# Evrópubúar bjartsýnni

## Á sama tíma og brúnin lyftist á evrópskum neytendum og stjórnendum færist aukinn kraftur í verðbólguna. Búist er við hækkun stýrivaxta á evrusvæðinu.

**Hólmfríður Helga Sigurðardóttir**
skrifar

Tiltrú íbúa á evrusvæðinu á efnahagslífið jókst til muna í júlí. Þetta sýnir evrópsk vísitala sem Evrópuráðið birti á dögunum og mælir tilfinningu stjórnenda og neytenda evrulandanna tólf. Hækkaði hún í 107,7 stig og hafa þeir ekki sýnt á sér eins bjarta hlið í fimm ár, síðan í mars árið 2001.

Á sama tíma og brún neytenda og stjórnenda lyftist hefur verðbólgan á svæðinu tekið kipp. Hefur hún ekki aukist eins hratt og nú milli mánaða síðan í október á síðasta ári. Mælist hún 2,5 prósent, þriðja mánuðinn í röð, og reynist átjánda mánuðinn í röð yfir markmiði Seðlabanka Evrópu um tæplega tveggja prósenta verðbólgu.

Aukin bjartsýni neytenda og stjórnenda og hækkandi verðbólga bendir til þess að hagkerfi í Evrópu fari síst kólnandi. Þetta ýtir undir líkur þess að stýrivextir verði hækkaðir á morgun, þegar bankastjórn Seðlabanka Evrópu kemur saman á vaxtaákvörðunarfundi. Telja sérfræðingar mestar líkur á að bankinn hækki stýrivexti upp í þrjú prósent eða um 0,25 prósentustig. Hafi þeir rétt fyrir sér verður hækkunin sú fjórða á átta mánuðum.

Seðlabankar víða um heim hafa að undanförnu hækkað stýrivexti til að sporna við verðbólgu.



**FÍN LÍNA** Seðlabankar um allan heim reyna að aftra því að verðbólgan sprengi efnahaginn, án þess þó að eyðileggja partíið.

Líkt og hjá Seðlabanka Evrópu kemur bankastjórn Seðlabanka Bretlands saman á morgun til að ákvarða stýrivexti. Benda líkur til þess að þar verði stýrivöxtum haldið óbreyttum um sinn. Ýmislegt bendir líka til þess að Seðlabanki Bandaríkjanna láti af sínum hækkunum um sinn en þar á bæ óttast menn merki þess að efnahagurinn sé farinn að hægja á sér. Stýrivextir í Bandaríkjunum hafa verið hækkaðir sautján sinnum á síðustu tveimur árum og standa nú í 5,25 prósentum.



# Hraður hagvöxtur

Mexíkóskur efnahagur fer ört vaxandi. Útflutningur þetta ár hefur verið með besta móti, eftirspurn eftir vörum og þjónustu farið ört vaxandi, enda atvinnuleysi óvenjulágt, og afgangur varð af fjárlögum mexíkóska ríkisins árið 2005.

Á dögunum hækkaði Seðlabanki Mexíkó hagvaxtarspá sína fyrir árið 2006 í þriðja sinn. Í upphafi árs spáði bankinn 3,2 prósenta hagvexti sem hann síðar hækkaði í 3,7 prósent. Nú hefur hann aftur hækkað spána í rúmlega fjögurra prósenta hagvöxt fyrir árið 2006. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu bankans um stefnu peningamála sem AP fréttastofan segir frá. Árið 2005 mældist þriggja prósenta hagvöxtur í Mexíkó. - hhs


PENINGAMARKAÐSSJÓÐUR

13,5%*

Tilvalinn fjárfestingarkostur fyrir þá sem vilja binda fé í skamman tíma án mikillar áhættu. Enginn munur er á kaup- og sölugengi og innstæðan er alltaf laus til útborgunar.

* Nafnávöxtun á ársgrundvelli fyrir tímabilið 30/04/06-31/07/06

Peningamarkaðssjóður er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. Fjárfestingarsjóður telst vera áhættusamari fjárfesting en verðbréfasjóður skv. lögunum. Meiri áhætta fjárfestingarsjóðs er fólgin í rýmri fjárfestingarheimildum sem geta m.a. leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóði. Nánari upplýsingar um framangreint má nálgast í útboðslýsingu eða útdrætti úr útboðslýsingu sjóðsins í útibúum KB banka eða á www.kbbanki.is.

KB BANKI
– kraftur til þín!


# Barcelona á grænni grein

## Evrópumeistararnir í knattspyrnu högnuðust um þrjá milljarða króna á síðasta ári. Yfirlýst markmið Barcelona er að verða tekjuhæsta knattspyrnufélag veraldar.

Tekjur spænsku Evrópumeistaranna í CF Barcelona námu tæpum tuttugu og fjórum milljörðum króna á síðasta ári. Félagið hagnaðist um rúma þrjá milljarða króna.

Í yfirlýsingu frá Barcelona kom fram að auknar auglýsingatekjur, sala sjónvarpsréttar og mikil miðasala væru helstu ástæður bættrar afkomu.

Ferran Soriano, varaforseti Barcelona, telur að þess sé ekki langt að bíða að félagið komist á topp lista Deloitte og Touche yfir tekjuhæstu knattspyrnulið veraldar. „Við urðum í sjötta sæti síðast og verðum örugglega í hópi þriggja efstu núna. Rekstur CF Barcelona er til fyrirmyndar og við stefnum alla leið á toppinn.“

Barcelona er þó enn skuldum vafið en áætlað er að greiðslu á fimmtán milljarða láni sem tekið var árið 2003 ljúki bráðlega.

Félagið hefur bætt við sig þremur leikmönnum fyrir komandi leiktíð, fyrir alls 2,2 milljarða króna. Rúmlega helmingi upphæðarinnar var varið til kaupa á íslenska landsliðsfyrirliðanum Eiði Smára Guðjohnsen. - jsk



**EIÐUR SMÁRI Í BARCELONA-BÚNINGNUM** Hið nýja félag íslenska landsliðsfyrirliðans er stórveldi innan vallar sem utan. Tekjur Barcelona námu tuttugu og fjórum milljörðum á síðasta ári.

# FARTÖLVUR




INNBYGGÐ VEFMYNDAVÉL

**TASKA OG MÚS**
FYLGIR ÖLLUM FARTÖLVUM

**Sjónvarpsmiðstöðin** selur nú hágæða fartölvur frá ASUS sem er einn sterkasti framleiðandi tölvu- og tæknibúnaðar í heiminum.

ASUS

**TRAUST OG HRAÐVIRK**

**Sjónvarpsmiðstöðin** hefur verið leiðandi sölu- og þjónustuaðili á raftækjum á Íslandi í 35 ár og í stöðugum vexti frá upphafi.

**Úrvalið er á www.sm.is**
**Frábær kynningartilboð**

Alltaf gæði og góð kaup!
1971 - 2006

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

**UMBOÐSMENN UM LAND ALLT** ▶ REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Þristur, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Verslunin Vík, Egilsstöðum. Verslunin Vík, Neskaupsstað. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Turnbræður, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Verslunin Vík, Reyðarfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Brimnes, Vestmannaeyjum. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tölvuspítalinn, Grindavík. Rafeindatækni, Keflavík. Raflagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði.

# Bankastjóri breytinga og nýs upphafs

**Ármann Þorvaldsson** hefur leitt útrás KB banka í London. Í desember síðastliðnum lagði hann upp í mikið ferðalag við að innlima og breyta rótgróna bankanum Singer & Friedlander. Markmiðið er klárt: að byggja upp fjárfestingarbanka sem býður alhliða þjónustu og nýtir viðskiptasambönd sín til muna betur en sundraðar einingarnar gerðu áður. *Hafliði Helgason* kannaði hvernig gengi með verkefnið.

Ármann Þorvaldsson hélt til London ásamt Helga Bergs til að hefja starfsemi Kaupþings þar í borg. Þetta var á mótum áranna 2002 og 2003. Síðan þá hefur ekki aðeins áin Thames borið mikið vatn til sjávar heldur ekki síður þeir félagar, sem byggt hafa upp öfluga starfsemi bankans í þessari miklu miðstöð fjármála. „Við keyptum svona skúffufyrirtæki svo það má segja að starfsemin hafi verið byggð upp frá grunni," segir Ármann.

Fyrst var komið á fót fyrirtækjaráðgjöf sem koma að stórum verkefnum fyrir Bakkavör og Baug, svo einhver fyrirtæki séu nefnd. Síðan bættist við til hliðar sérhæfð eignastýring sem heyrði beint undir bankann á Íslandi. „Síðan byggðum við upp norræna hlutabréfamiðlun sem var að grunninum til lið sem við stálum frá ABN Amro."

Samhliða þessu byggði bankinn hægt og bítandi upp eignarhlut í breska bankanum Singer og Friedlander. Bankinn er ólíkur Kaupþingi. Mjög breskur og meira að segja talinn með þeim íhaldssamari þar. Gárungar sögðu á sínum tíma að Kaupþing hefði keupt hlut í 650 teinóttum jakkafötum.

„Þegar við tökum yfir Singer þá starfa hjá okkur upp undir sextíu mann hjá Kaupþingi í London. Það sem heillaði við Singer var að bankinn gefur okkur, með því sem við höfðum þegar byggt upp, tækifæri til að byggja upp það sem við erum eiginlega búin að gera. Sem er að byggja upp fjárfestingarbanka sem getur veitt alhliða þjónustu undir einum hatti. Banka sem beinir sjónum sínum að smáum og meðalstórum fyrirtækjum og efnuðum einstaklingum. Í raun og veru vorum við að búa til það sama í Bretlandi og gert hafði verið hér á landi á sínum tíma. Það sem við þurftum að byggja upp eftir að við tókum yfir Singer var fjárstýring og markaðsviðskipti."


**ÁRMANN ÞORVALDSSON, FORSTJÓRI KAUPÞINGS Í LONDON** Að baki eru mánuðir mikillar vinnu við endurskipulagningu Kaupþings í London í kjölfar innlimunar Singer & Friedlander.

### FLÓKIN BYGGING

Ármann segir að Singer hafi verið þrjú fyrirtæki og þegar hann tók við stjórnartaumunum í desember síðastliðnum varð hann í raun forstjóri yfir eignarhaldsfélagi sem átti þrjú fyrirtæki. „Það er í rauninni einföldun því allt í allt voru þetta um hundrað fyrirtæki og bankinn mjög flókin í allri byggingu. Þrjár einingar bankans voru reknar sem sérstök fyrirtæki."

Verkefnið var síðan að bæta við fyrirtækjaráðgjöfina og starfsemi Singer bæði markaðsviðskiptum og fjárstýringu. Það verk hefur að sögn Ármanns gengið vel og bankanum tekist að ráða til sín öflugan hóp. Hörð barátta er um topp starfsfólk í greininni og hefur KB banki stolið hópum frá keppinautum á markaði.

Ármann segir umgjörð Singer hafa verið þunglamalega og til að mynda hafi hann ekki verið forstjóri þess hluta sem var bankinn sjálfur. Þar var forstjóri og yfir honum sautján manna stjórn. „Við höfum hreinsað til og sett þetta allt undir eina stjórn. Þannig að þetta sé rekið sem sjálfstæð tekjusvið sem nýti sömu stoðdeildir. Markmiðið er svo að fækka þessum hundrað dótturfélögum niður í tuttugu."

Það hljómar í fljótu bragði einfalt að breyta byggingunni. Fyrirtækin eru lögð niður og deildir og skipan mála verða einfölduð. Í þessu ferli þarf að hræra upp í ýmsu og bak við skipuritin og ferlana er fólk. „Þetta hefur verið gríðarlega erfitt. Við höfum verið að ráða nýja yfirmenn í helstu deildum. Besta dæmið um hvernig þetta hefur verið er að frá áramótum höfum við ráðið 130 manns og 110 hafa hætt ýmist að eigin ósk eða verið sagt upp."

### FLÓTTI OG TÆKIFÆRI

Hópur starfsmanna stökk frá borði í eignastýringu Singer og Friedlander og réði sig annað. „Við sáum það fljótt að þarna voru vandræði. Það hafði verið mikil óánægja í þessari deild, ekki út af yfirtökunni, heldur almennt í nokkur ár. Yfirtakan auðveldaði mönnum að hætta og reyna að taka kúnna með. Við reyndum að koma í veg fyrir það. Þegar upp var staðið fóru þrettán af fjörutíu og búið að ráða sjö í þeirra stað."

Ármann segir að vegna þess að eignastýringin var sérstakt fyrirtæki hafi kúnnarnir ekki verið í neinum öðrum viðskiptum við banknn. „Við viljum breyta þessu og viljum að viðskiptavinir á einu sviði nýti sér aðra þjónustu sem við bjóðum upp á. Það má segja að það jákvæða við flóttan úr eignastýringunni sé að það auðveldar breytingarnar."

Í eignastýringu eru mjög fjársterkir einstaklingar. Kúnnar fyrirtækjaþjónustunnar eru venjulega öflugir kaupsýslumenn. Markmiðið er því að beina slíkum kúnnum í eignastýringu og aðra þjónustu hjá bankanum. Stærð fyrirtækjanna sem Kaupþing einbeitir sér að er það sem skilgreint er á markaðnum sem smá og meðalstór fyrirtæki. Fyrirtæki þar sem verðmætið liggur á bilinu sjö til sjötíu milljarðar króna. „Ef við horfum á þennan markað þá er staðan ekkert ósvipuð og hún var þegar Kaupþing haslaði sér völl á Íslandi. Þau fyrirtæki sem þjónusta þennan markað eru einhæf. Þau hafa enga útlángetu eða til að kaupa hlutafé. Þau geta í raun bara safnað hlutabréfum fyrir viðskiptavinina. Það sem við höfum byggt upp er banki með sterka ráðgjöf sem er ekki hjá verðbréfamiðlunarfyrirtækjum. Við erum með sterkan efnahagsreikning og útlánagetu. Við getum með markaðsviðskiptunum safnað eigin fé og farið í útboð og við getum einnig keypt hlut í félögunum í vissum tilvikum. Forráðamenn félaga af þessari stærð hitta ekki marga eins og okkur. Þeir þurfa að tala við marga aðila og þurfa svo að tala við stóru bankana um lánsfjármögnun." Starfsemi Kaupþings tryggir slíkum kúnnum að allt fæst á einum stað.

### VERÐA MEIRA ÁBERANDI

Ármann segir að styrkurinn fyrir smærri fyrirtækin felist bæði í orðspori bankans í slíkum viðskiptum og að þegar stórir bankar eigi í hlut tali viðskiptavinir af þessari stærð ekki við þá sem taki ákvarðanirnar. Því geti brugðið til beggja vona, til að mynda í yfirtökum síðar, hvort bankinn hafi áhuga á að fara alla leið með viðskiptavininum. „Þarna gæti verið lánafyrirgreiðsla upp á tíu milljarða króna sem er í sjálfu sér há upphæð, en kannski minnsta mögulega stærð til að stóru bankarnir séu með. Þeir eru kannski með hundrað svona verkefni. Í þessu felast mikil tækifæri fyrir okkur. Við höfum sýnt að við klárum verkefni og við bökkum ekki út úr verkefnum nema að áreiðanleikakönnun leiði eitthvað óvænt í ljós."

Kaupþing hefur á undanförnum misserum unnið með sterkum fjárfestum og fjármálafyrirtækjum í stórum verkefnum. Þar hafa komið að þekktir aðilar eins og Apax og Barclay's bankinn. Ármann segist stoltur af árangrinum, sérstaklega í ljósi þess að þeir hafi ekki verið með eigin markaðsviðskipti eða miðlun veðbréfa. „Þess vegna er nýtt upphaf í haust þegar við höfum lokið við að samþætta reksturinn. Það að hafa markaðsviðskipti mun gjörbreyta möguleikum okkar. Fjöldi viðskiptavina okkar mun aukast mikið og við verðum meira áberandi í Bretlandi en við höfum verið."

### TÆKIFÆRI FYRIR ÞÁ METNAÐARFULLU

Breytingaferlinu er að ljúka. Að baki er mikil uppstokkun og innleiðing nýrra siða með nýjum herrum. „Það er leitun á fyrirtækjum með jafn ólíka fyrirtækjamenningu og Kaupþing og Singer. Lykilatriðið var að setja inn stjórnendur frá Kaupþingi. Öðruvísi breytir maður ekki menningunni. Svo er auðvitað fólk sem mun ekki breytast og þess vegna hafa orðið talsverðar mannabreytingar. Við höfum verið að ná fram talsverðri hagræðingu í stoðdeildunum. Það fólk sem við ráðum er allt öðruvísi fólk en var fyrir. Mikill meirihluti starfsmannanna hefur verið jákvæður á breytingar. Singer gerði kröfu um sjö prósenta arðsemi eiginfjár og auðvitað er fólk innanborðs sem sér tækifæri í meiri metnaði. Fólk sem hefur verið að vinna í viðskiptum þar sem það fær tækifæri til að vinna í verkefnum sem eru sex til átta sinnum stærri en stærstu verkefnin áður. Auðvitað finnst fólki þetta frábært."

Markmiðið er að Singer komist á sama arðsemismarkmið og bankinn, það er fimmtán prósenta arðsemi eigin fjár. „Það væri barnaskapur að halda að það sé auðvelt verk að tvöfalda arðsemi bankans. Það er metnaðarfullt markmið, en ég tel að það sé raunhæft og ég er sannfærður um að við munum ná því. Spurningin er bara hversu fljót við verðum að því."

Ármann segir það vera það sem geri verkefnið spennnandi. „Þetta hefur verið gríðarlega erfitt. Ég sagði við konuna þegar ég tók þetta að mér að næstu tólf mánuðir yrðu ömurlegir. Þetta hefur ekki orðið verra en það."


Humarhúsið
HUMARHÚSIÐ
RESTAURANT
Humarhúsið • Amtmannstíg 1 • 101 Reykjavík • Sími: 561 3303 • humarhusid.is

BYLGJAN, HAGKAUP OG FJÖLSKYLDAN SKEMMTA SÉR SAMAN Í GALTALÆK UM VERSLUNARMANNAHELGINA

# GALTALÆKUR

## SUMARGLEÐI FJÖLSKYLDUNNAR




**STUÐMENN, BIRGITTA**
**SUMARGLEÐIN - PAPARNIR**
**SKÍTAMÓRALL - NYLON**
**SNORRI - ÍZAFOLD**
**INGÓ IDOL - BRÍET SUNNA**
**FLUGELDASÝNING - VARÐELDUR**
**OG SÖNGVARAKEPPNI**

BYLGJAN 20 ÁRA

MIÐASALA Í HAGKAUPUM

Miðaverð fullorðnir 5.900,- / 6.900,- við innganginn
Miðaverð 12-16 ára 4.900,- / 5.900,- við innganginn
**FRÍTT INN FYRIR BÖRN YNGRI EN 12 ÁRA**

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



# OECD horfir til bjartrar f

Efnahags- og framfarastofnunin spáir auknum hagvexti í fátækari löndum heimsins með lagningu v útbreiðslu farsímaneta. Jón Aðalsteinn Bergsveinsson skyggndist inn í framtíðina, gluggaði í skýrs skoðaði spá um þróun í raforku-, samgöngu-, vatns- og fjarskiptamálum allt fram til ársins 2030.

Efnahags- og framfarastofnunin (OECD) spáir því að á næstu 24 árum muni markaður fyrir vatn á flöskum velta um 7.200 milljörðum íslenskra króna á hverju ári. Þessi upphæð myndi duga til þess að leggja vatnsleiðslur til allra þeirra sem líða vatnsskort um allan heim. Þá er reiknað með því að verja þurfi allt að 21.000 milljörðum króna til vegaframkvæmda á hverju ári um allan heim á næstu 24 árum en á sama tíma muni farsímanotendur verða allt að fimm milljarðar talsins.

Þessar upplýsingar eru á meðal þess sem lesa má í nýlegri skýrslu OECD um þróun í samgöngu-, vatnsveitu- raforku- og fjarskiptamálum fram til ársins 2030. Skýrsluhöfundar telja að þessar umbætur næsta aldarfjórðunginn bæti hag og menntun þeirra fátækustu umtalsvert frá því sem nú er.

Skýrsluhöfundar segja tengsl á milli hárra lífsgæða og þessara málaflokka. Meiri lífsgæði séu í þeim löndum þar sem lögð sé áhersla á þessa málaflokka, ef til vill eðlilega því þar er menntunarstig hærra og gera margir íbúar landanna meiri kröfu um góðar samgöngur, háhraðanettengingar og gott neysluvatn en í fátækari hlutum heimsins.

Höfundarnir segja ekkert fast í hendi að spárnar rætist og setja þann fyrirvara að um sé að ræða hugmyndir um það hvernig fyrirmyndarheimurinn muni líta út gangi þær eftir.

**NOTENDUR HÁHRAÐA-TENGINGA ÁRIÐ 2005***

| Land | Á hverja 100 íbúa |
|---|---|
| Kórea | 25,5 |
| Holland | 22,5 |
| Danmörk | 21,8 |
| Ísland | 21,7 |
| Sviss | 20,3 |
| Kanada | 19,2 |
| Finnland | 18,7 |
| Belgía | 18,2 |
| Noregur | 18,2 |
| Svíþjóð | 16,5 |
| Japan | 16,4 |
| Bandaríkin | 14,5 |
| Bretland | 13,5 |
| Frakkland | 12,8 |
| Austurríki | 12,5 |
| Lúxemborg | 11,8 |
| Ástralía | 10,9 |
| Þýskaland | 10,2 |
| Ítalía | 10,0 |
| Portúgal | 9,9 |
| Spánn | 9,3 |
| Nýja-Sjáland | 6,9 |
| Ungverjaland | 4,6 |
| Írland | 4,3 |
| Pólland | 3,3 |
| Tékkland | 2,8 |
| Slóvakía | 1,6 |
| Tyrkland | 1,2 |
| Mexíkó | 1,0 |
| Grikkland | 0,8 |
| Meðaltal | 11,8 |

*Heimild: OECD

**UPPBYGGINGIN KOSTAR SITT**

Í skýrslunni segir að þessir málaflokkar séu grunnstoðir allra hagkerfa nútímans og mikilvægi þeirra mmuni ekki minnka á næstu árum. Þvert á móti muni málaflokkarnir stækka og miklir fjármunir í húfi.

Uppbygging fjarskipta-, raforku-, samgöngu- og vatnsveitumála verður mikil í iðnríkjunum, ekki síst í fjölmennustu ríkjunum á borð við Kína, Indland og Brasilíu, að mati OECD. Aðildarríki efnahags- og framfarastofnunarinnar munu síður en svo sitja eftir en skýrsluhöfundarnir telja ríkin þurfa að taka sig á, sér í lagi hvað varðar hreinsun á úrgangsvatni.

Verkefnin eru vissulega mörg, mikilvæg og mjög kostnaðarsöm enda hleypur kostnaður þeirra á mörg þúsund milljörðum króna á ári hverju á heimsvísu. Kostnaðurinn mun dreifast á tvo aðila, hið opinbera og einkaaðila, sem muni koma inn í framkvæmdir í auknum mæli á tímabilinu, að mati skýrsluhöfunda, sem þó segja að aðkoma einkaaðila að málinu kalli á aukna arðsemiskröfu.

**VATNIÐ MIKILVÆGT TIL AÐ VIÐHALDA LÍFI**

Neysluvatn er einn mikilvægast grunnþáttur þess að komast af. En þótt þorstlátir Íslendingar geti skrúfað frá kaldavatnskrananum til að svala þörf sinni er vatn auðlind sem í mörgum löndum er af skornum skammti. Þessi auðlind fer á mörgum stöðum þverrandi frekar en hitt ef miðað er við hitabylgjur sem ganga yfir Evrópu á hverju sumri og valda vatnsskorti.

En vatn er ekki aðeins notað til að svala þorsta, baða búkinn og hreinsa föt og leirtau heldur er það eins og Íslendingar ættu að þekkja manna best sömuleiðis notað til raforkuframleiðslu.

Í skýrslunni segir að árið 2002 hafi einungis 74 prósent jarðarbúa verið með aðgang að rafmagni. Skýrsluhöfundar benda á að ef 83 prósent jarðarbúa hafi aðgang að rafmagni árið 2030 muni það hafa afgerandi áhrif á afkomu milljóna manna um allan heim. Líkur séu á að menntunarstig muni stórbatna, heilbrigði batna og lífslíkur aukast til muna.

Í skýrslunni segir að stjórnvöld í Bandaríkjunum, Bretlandi, Indlandi, Rússlandi, Kína og fleiri löndum áætli að kostnaður við byggingu og viðhald vatnsveitukerfis landanna muni nema um 0,75 prósentum af landsframleiðslu að meðaltali. Sum lönd gera ráð fyrir enn frekari uppbyggingu á vatnsveitukerfinu, jafnvel allt að sex prósentum af landsframleiðslu. Þetta jafngildir því að árlega verði varið sem svarar 576,4 milljörðum Bandaríkjadala, eða rúmum 42.000 milljörðum íslenskra króna, til uppbyggingar vatnsveitukerfa í heiminum.

Að sögn skýrsluhöfunda áætla stjórnvöld í Rússlandi að verja sem nemur 0,32 prósentum af landsframleiðslu til uppbyggingar vatnsveitukerfa fram til ársins 2015. Það er hins vegar vanmat, að því er skýrsluhöfundar telja. Kínverjar áætla að verja 1,5 prósentum af landsframleiðslu til málaflokksins en Indverjar 0,71 prósenti. Aðildarríki ESB áætla talsvert hærra hlutfall til vatnsveitumála, eða 2,3 prósent að meðaltali fram til ársins 2015. Skýrsluhöfundarnir gera ráð fyrir því að efnahagur fátækari landa hafi

## Framtíðarsýnin næstu fjögur ár

Sturla Böðvarsson samgönguráðherra kynnti fjarskiptaáætlun fyrir árin 2005-2010 á vordögum í fyrra.

Markmið áætlunarinnar felur meðal annars í sér að allar menntastofnanir tengist öflugu háhraðaneti á komandi árum. Horft er til þess að burðargeta tenginganna aukist eftir því sem árin líða. Þá er gert ráð fyrir því að allir landsmenn sem þess óska geti tengst háhraðaneti.

Horft er til þess að bæta úr öryggi vegfarenda með auknu aðgengi að farsímaþjónustu á þjóðvegum landsins og helstu ferðamannastöðum og verði háhraðafarþjónusta byggð upp um allt land.



**SJÓNVARPIÐ BREYTIST** Stefnt er að því að hliðrænt dreifikerfi fyrir sjónvarp verði lagt niður eigi síðar en 2010. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Stefnt er að því að byggja upp langdræg stafræn farsímakerfi til að þjóna landi og miðum.

Muni allir landsmenn hafa aðgengi að gagnvirku stafrænu sjónvarpi og verður sjónvarpsdagskrá RÚV, auk hljóðvarps Rásar 1 og Rásar 2, útvarpað til sjómanna á miðum við landið og til strjálbýlli svæða um gervihnött. Horft er til þess að stafrænt gagnvirkt sjónvarp muni ná til 99,9 prósenta landsmanna á næsta ári og verður hliðrænt dreifikerfi fyrir sjónvarp lagt niður eigi síðar en árið 2010.



# ramtíðar

## ga og vatnsveita og aukinni
## stofnunarinnar um málið og

batnað nokkuð eftir 2015 og reikna með því að þau muni leggja meira fjármagn til uppbyggingar í vatnsveitumálum næstu fimmtán árin.

### TÍMI TIL KOMINN AÐ TENGJA

Í skýrslunni segir enn fremur að öruggt raforkunet sé ein af ótvíræðum undirstöðum hagkerfa nútímans. Skýrsluhöfundar sjá fram á miklar fjárfestingar í raforkufyrirtækjum á næstu áratugum, bæði til að viðhalda núverandi kerfum og endurnýja þau sem eru úr sér gengin. Hversu mikið verði fjárfest í uppbyggingu raforkumála á næstu 24 árum segja skýrsluhöfundar velta meðal annars á þeim tískustraumum sem verði í gangi hverju sinni, stefnu stjórnvalda, þeirri tækni sem muni ryðja sér til rúms á næstu árum og því fjármagni sem til er hverju sinni.

Þá er búist við því að eftirspurn eftir rafmagni muni aukast um 2,5 prósent að meðaltali á ári á næstu 24 árum og muni raforkuþörfin verða tvöföld árið 2030 á við það sem nú er. Aukningin verður langmest í stóru iðnríkjunum en reiknað er með að hún muni þrefaldast í stærstu löndunum, að mati skýrsluhöfunda OECD.

Þá er búist við að fjárfestingar til raforkugeirans muni nema 350 milljörðum Bandaríkjadala, jafnvirði rúmra 25.000 milljarða íslenskra króna, á hverju ári fram til 2030. Rúmur helmingur fjárhæðarinnar mun fara til uppbyggingar raforkuneta í þróunarlöndunum, að mati skýrsluhöfunda.

### VEGIR LIGGJA TIL ALLRA ÁTTA

Vegasamgöngur skipta öllu máli. Ekki síst stuðla vegir að betra aðgengi fólks að matvælum og menningu. Í spá OECD er reiknað með að lagning nýrra vega og viðhald eldri samgöngumannvirkja muni kosta á bilinu 220 til 290 milljarða dala, eða 16 til 21.000 milljarða íslenskra króna á ári hverju á árunum 2010 til 2030. Muni OECD-ríkin verja um 1,4 prósentum af landsframleiðslu til þessa málaflokks á tímabilinu.

Stærstur hluti upphæðarinnar á ári hverju rennur til viðhalds á eldri vegum og samgöngumannvirkjum, að sögn höfunda skýrslunnar. Líftími mannvirkja í þessum málaflokki er ágætur í samanburði við aðra þætti en þau endast að meðaltali um þrjátíu ár hið minnsta.

Útgjöld til þessa málaflokks eru ekki síður mikilvæg vegna stærri bílaflota. Samkvæmt skýrslunni voru 52 bílar á hverja 100 íbúa í aðildarríkjum OECD árið 2000. Búist er við að hlutfallið verði komið í 55,8 bíla fyrir hverja 100 íbúa í aðildarríkjunum eftir fjögur ár en í 72 bíla árið 2030.

Til samanburðar voru 19 bílar á hverja 100 íbúa þeirra ríkja sem ekki áttu aðild að OECD. Búist er við gríðarmikilli aukningu bílaflota í þessum löndum en reiknað er með að 43,6 bílar verði á hverja 100 íbúa eftir tæpan aldarfjórðung.

### AUKIÐ SAMBAND VIÐ UMHEIMINN

Þrátt fyrir að hafa nóg af drykkjarvatni og vegi til allra átta skiptir máli að geta hringt í einhvern og leitað upplýsinga um heppilegustu leiðina.

Fyrir um tíu árum átti aðeins smávægilegur hluti heimsbyggðarinnar farsíma. En tæknin hefur fleytt mikið fram. Fólk hefur skipt símritunum út fyrir tölvur, myndsímafundir hafa sparað kostnaðarsöm ferðalög og tilkoma farsíma hefur gert það að verkum að nær alltaf er hægt að ná sambandi við fólk óháð staðsetningu. Þá hefur farsímaeign stóraukist á tímabilinu. Enn frekari breytinga er að vænta í fjarskiptamálum á næstu tveimur áratugum, ekki síst með aukinni útbreiðslu háhraðatenginga og tilkomu nýrrar tækni á borð við IP-tækni.

Höfundar skýrslu OECD gera ráð fyrir því að farsímaþjónusta og uppbygging farsímaneta stórbatni á næstu 24 árum. Aukin farsímaeign og útbreiðsla farsíma muni að sama skapi hafa gríðarmikil áhrif til batnaðar. Þessi bylting muni meðal annars stuðla að bættri menntun og betra aðgengi að heilbrigðisþjónustu. Af þessu leiðir að hagvöxtur eykst í flestum ríkjum, ekki síst í fátækari hlutum heims. Farsímaframleiðendur eru þegar farnir að huga að markaðssetningu ódýrra farsíma í mörgum löndum í Afríku og Asíu. Ástæðan er ekki síst sú að markaðir í Evrópu og í Bandaríkjunum eru þegar mettir. Finnski farsímaframleiðandinn Nokia spáir til dæmis mestum vexti í farsímasölu á næsta ári á nýjum markaðssvæðum á borð við Kína.

Í skýrslunni segir enn fremur að farsímanotendur hafi verið 2 milljarðar talsins á síðasta ári en gert sé ráð fyrir því að þeir verði á bilinu 3,5 til 5 milljarðar talsins eftir 24 ár. Bætt þjónusta með fleiri notendum gæti haft miklar efnahagslegar breytingar í för með sér; þekking gæti aukist hjá milljónum manna um allan heim og gæti það aukið framleiðni umtalsvert frá því sem nú er.

### NAUÐSYNLEGT AÐ MÓTA HEILDARSTEFNU

Í framtíðarskýrslu OECD segir að vatns-, samgöngu-, raforku- og fjarskiptamál hafi orðið æ tengdari á síðustu árum. Sé ráðamönnum því nauðsynlegt að móta heildarstefnu í þessum málaflokkum. Sérstaklega er bent á að lítil áhersla hafi verið lögð á þessa málaflokka hjá stórum hagkerfum á borð við Brasilíu, Kína, Indland, Indónesíu, Rússland og önnur iðnríki. Þar verði að bæta úr, meðal annars vegna þess gríðarlega vaxtar sem þar muni verða á næstu árum, að mati höfunda skýrslunnar.



**VATNSVEITULAGNING** Vatn er án nokkurs efa einn mikilvægasti þátturinn til að viðhalda lífi á jörðinni. Á myndinni er unnið að lagningu vatnsleiðslu við á í suðurhluta Líbanons sem liggur við landamæri Ísraels. Oft hefur kastast í kekki á milli landanna vegna vatnsveitunnar. Fréttablaðið/AFP



**FARSÍMAR** OECD reiknast til að allt að farsímanotendur verði allt að 5 milljarðar talsins árið 2030. Fréttablaðið/AFP



**RAFMAGNSMÖSTUR** OECD spáir því að raforkuþörf muni tvöfaldast á næstu 24 árum. Fréttablaðið/AFP

## Horft til næstu 12 ára

Á samgönguþingi 5. apríl síðastliðinn kynnti samgönguráð drög að samgönguáætlun hér á landi fyrir árin 2007-2018. Til stendur að leggja hana fyrir á Alþingi næsta haust.

Kostnaður vegna samgönguáætlunarinnar liggur hins vegar ekki fyrir en búist er við að hún komi fram á síðari stigum.

Í áætluninni kemur eftirfarandi meðal annars fram:

- Byggja á upp grunnnet samgangna samkvæmt tillögum um forgangsröðun framkvæmda.
- Auka þjónustu í grunnnetinu
- Ljúka endurbyggingu helstu stofnleiða á landi og tengja 100 íbúa byggðir með vegakerfi með slitlagi og viðunandi burðarþoli
- Skipuleggja almenningssamgöngur með það í huga, að þær nái til 200 íbúa byggðakjarna
- Byggja samgöngumiðstöð við Reykjavíkurflugvöll, sem áfram verði miðstöð innanlandsflugs
- Leitað verður leiða að nýta kosti markaðsafla við uppbyggingu og rekstur samgöngukerfisins. Muni verða boðið í rekstur samgöngutækja, sem ríkið kemur að, til að tryggja eðlilegt samkeppnisumhverfi.
- Koma á breyttri skipan gjaldtöku, sem miðar að því að öll ökutæki greiði fyrir afnot af umferðarmannvirkjum í samræmi við ekna vegalengd. Jafnframt verði núverandi kerfi sérstakra eldsneytisskatta lagt af. Hins vegar skuli gæta jafnræðis við gjaldtöku ólíkra samgöngutækja.



**REYKJANESBRAUT** Samgönguáætlun til næstu tólf ára verður lögð fyrir Alþingi á haustþingi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**ÞRÓUN ÖKUTÆKJAEIGNAR Á HVERJA 100 ÍBÚA**

| Lönd | 2000 | 2010 | 2020 | 2030 |
|---|---|---|---|---|
| OECD | 52,0 | 55,8 | 63,3 | 72,4 |
| Utan OECD | 19,0 | 24,1 | 32,6 | 43,6 |
| G5* | 2,9 | 4,2 | 8,8 | 14,6 |
| Önnur lönd | 5,0 | 5,4 | 6,7 | 8,3 |
| **Meðaltal** | **13,1** | **14,4** | **18,0** | **22,5** |

** Fimm stærstu iðnríkin* *Heimild: OECD*

MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Stjórnmálamenn verða að fara að tala ábyrgt um efnahagsmál:

# *Misvísandi skilaboð leiða til ófara*

**Hafliði Helgason**

Raddirnar sem gagnrýna ríkisstjórnina fyrir efnahagsstjórnina verða sífellt háværari. Til að mynda þarf býsna mikla fylgispekt við ríkisstjórnina til að lesa annað en harða gagnrýni á framgöngu stjórnmálamanna út úr nýrri skýrslu Viðskiptaráðs, jafnvel þótt þar sé stigið fram og mælt af velvilja og yfirvegaðri háttvísi.

Hagfræðingar hafa um langt skeið gagnrýnt ríkisstjórnina fyrir sofandahátt í efnahagsmálum. Stjórnvöld hafa ítrekað verið vöruð við afleiðingu stefnu sinnar og þá ekki síður vöruð við að tala upp væntingar í hvert skipti sem svartsýni gætir í umræðunni. Þegar Seðlabankinn setti í brýrnar og hækkaði vexti komu stjórnmálamenn og töluðu um skattalækkanir og framtíðarframkvæmdir. Þetta hefur gerst ítrekað þrátt fyrir vinsamlegar ábendingar um það að væntingar stýra hegðun á markaði.

Þeir sem hafa stýrt efnahagsmálum þjóðarinnar á þessu skeiði hafa því verið eins og ósamstíga foreldrar óstýriláts unglings þar sem strangt foreldri sker niður vasapeningana með áminningu um ábyrga hegðun meðan hitt kaupir sér vinsældir með því að lauma í það minnsta sömu fjárhæð í hinn vasann. Svo misvísandi skilaboð enda venjulega með ósköpum.

**Þeir sem hafa stýrt efnahagsmálum þjóðarinnar á þessu skeiði hafa því verið eins og ósamstíga foreldrar óstýriláts unglings þar sem strangt foreldri sker niður vasapeningana með áminningu um ábyrga hegðun meðan hitt kaupir sér vinsældir með því að lauma í það minnsta sömu fjárhæð í hinn vasann.**

Ráðherrar ríkisstjórnarinnar hafa stigið fram og talað um annars vegar að viðhalda stöðugleika og hins vegar að Seðlabankinn geti beitt öðrum tækjum til að ná tökum á þenslunni. Fyrri fullyrðingunni má svara með einföldum hætti. Það er enginn stöðugleiki eftir til að viðhalda. Sá sem heldur að stöðugleiki í efnahagsmálum sé tólf mánaða verðbólga upp á 8,5 prósent og þrettán prósenta stýrivextir lifir í einhverjum allt öðrum heimi en að minnsta kosti viðtekinn er í okkar heimshluta.

Aðgerðir Seðlabanka hljóta hins vegar alltaf að vera til skoðunar. Edda Rós Karlsdóttir hagfræðingur bendir á það í grein hér til hliðar að víðtæk verðtrygging sé líkleg til að krefja Seðlabankann um hraðari viðbrögð og stærri skref. Þetta eru gildar vangaveltur, en leysa ekki þann vanda sem blasir við og sífellt stærri hópur bendir á. Þann að ríkisstjórnin hefur brugðist í stjórn efnahagsmála. Að það að við sluppum við brotlendingu hagkerfisins eftir síðustu uppsveiflu hefur einungis gert menn kærulausari.

Það kann að vera fullreynt eftir þessa efnahagssveiflu hvort þjóðin getur lifað við núverandi gjaldmiðil og stefnu í peningamálum. Viðskiptaráð bendir í skýrslu sinni á að sú spurning leysi á engan hátt þann vanda sem við blasir. Sem er sá að við þurfum öflugri stjórnmálamenn sem skilja opið hagkerfi og taka á stjórn ríkisfjármála af festu.

Líklegt er að þegar öllu verður á botninn hvolft verði niðurstaða þjóðarinnar sú að við eigum fáa aðra kosti en evru. Sá kostur verður ekki fyrir hendi nema haldið sé á stjórn landsins af festu og skynsemi. Þann kost verðum við að eiga, hverrar skoðunar sem við annars erum. Annars verðum við eins og unglingurinn með misvísandi skilaboðin rorrandi í eilífri óvissu um hvað við viljum gera í framtíðinni. Svo agalaus að við höfum engan grunn til að standa á.

eggert@markadurinn.is | haflidi@markadurinn.is | holmfridur@markadurinn.is | jonab@markadurinn.is | jsk@markaðurinn.is | olikr@markadurinn.is




# Trúverðugleiki og teygjubyssur

ORÐ Í BELG



**Edda Rós Karlsdóttir**
hagfræðingur og forstöðumaður greiningardeildar Landsbankans

Verðbólgumarkmið þykir almennt vera eitt besta fyrirkomulag peningamálastjórnunar í dag. Það kemur best fram í því hve margir vestrænir Seðlabankar fylgja því. Þeirra á meðal eru Seðlabankar Nýja-Sjálands, Ástralíu, Svíþjóðar, Noregs, Bretlands og Evrópu. Ben Bernanke, nýr seðlabankastjóri Bandaríkjanna, þykir einnig líklegur til að færa Bandaríkin í flokk þeirra þjóða sem fylgja hreinu verðbólgumarkmiði.

Hreint verðbólgumarkmið kallast það þegar Seðlabankar horfa einungis til verðbólguþróunar og skilja önnur markmið hagstjórnar alfarið eftir á borði ríkisstjórnarinnar, þar með talin markmiðin um hátt atvinnustig og hagvöxt. Með nokkurri einföldun má segja að hugsunin á bak við „hreint„ verðbólgumarkmið sé að hræða stjórnmálamenn til ábyrgrar hagstjórnar. Röksemdafærslan gengur þannig: Óábyrg hagstjórn veldur verðbólguþrýstingi. Seðlabankinn hækkar stýrivexti þá svo mikið að atvinnustig lækkar og hagvöxtur minnkar. Þetta vilja kjósendur ekki. Atvinnuleysi og stöðnun er því ekki líkleg uppskrift að endurkjöri í kosningum.

Í þessu sambandi er trúverðugleiki Seðlabankans lykilatriði. Ef stjórnmálamenn, almenningur og stjórnendur fyrirtækja trúa því að Seðlabankinn geti einn síns liðs barið niður verðbólgu og sé tilbúinn til að beita öllum brögðum, hversu ógeðfelldar sem afleiðingarnar kunni að vera, þá eykst ábyrgð í hagstjórn og neyslu. Trúin dregur úr þenslu, minnkar þörf fyrir stýrivaxtahækkanir og eykur líkur á geðfelldari þróun efnahagsmála.

### ÍSLENDINGAR VIÐ STJÓRNVÖLINN?

Frá því verðbólgumarkmiðið var tekið upp í mars 2001 hefur gengi krónunnar verið eins og í teygjubyssu. Svo miklar sveiflur samrýmast ekki stöðugu verðlagi og því er eðlilegt að spyrja hvort einhver von sé á því að slíkum byssuskotum linni. Það held ég ekki, að óbreyttu.

Seðlabanka Íslands skortir trúverðugleika og þarf að hækka stýrivexti mjög mikið. Þegar fjárfestar loks taka trúna fer vaxtamunur á milli landa að freista og fé flæðir inn í landið. Krónan er örgjaldmiðill og minniháttar krónukaup út frá sjónarhóli erlendra vogunarsjóða geta haft gríðarleg áhrif á þróun krónunnar. Krónan getur því hæglega styrkst umfram það sem æskilegt er og stöðvað nauðsynlega aðlögun efnahagslífsins. Frekari stórframkvæmdir á sviði stjóriðju og opinberra framkvæmda (símapeningar) gera þessa þróun líklegri en ella og það teygist í byssunni á ný.

Á meðan Íslendingar standa í stórframkvæmdum er einfaldlega ótrúverðugt að skilja Seðlabankann eftir einn á verðbólguvaktinni. Reynslan og umræður síðustu missera sýna að íslenskir stjórnmálamenn hræðast ekki aðgerðir Seðlabankans. Það eru nefnilega stórar fjárfestingar handan við hornið sem skapa atvinnu og hagvöxt. Forsenda þess að Seðlabankinn nái varanlegum tökum á þróuninni er að þetta viðhorf stjórnmálamanna breytist.

### NÝJASTA TÍSKA

Það eru tískubylgjur í peninga- og gengismálum, eins og á öðrum sviðum. Verðbólgumarkmiðið er að vissu leyti tískufyrirbrigði og mikilvægt er að nýta almenna tískuspeki við framkvæmd peningastefnunnar: Til að vera virkilega smart þarf útfærslan að taka mið af vaxtarlagi hvers og eins. Sama sniðið fer ekki öllum.

Hér getum við gert miklu betur. Víðtæk verðtrygging og óburðugur skuldabréfamarkaður valda því að miðlunarferli peningastefnunnar er ólíkt því sem er í þeim löndum sem verðbólgumarkmiðs-litteratúrinn kemur frá. Taka þarf mun meira tillit til þessa við framkvæmd peningastefnunnar. Þannig skipta verðbólguhorfur til skamms tíma t.d. miklu meira máli hér á landi en í löndum þar sem fjárskuldbindingar eru almennt óverðtryggðar. Þegar verðbólga hækkar flýja fjárfestar með peningana yfir í verðtryggð skuldabréf og halda þannig aftur af hækkun markaðsvaxta. Ef Seðlabankinn bregst ekki strax við getur jafnvel komið upp sú staða að verðtryggðir markaðsvextir lækki í stað þess að hækka. Verðtryggðir vextir eru aðalvextirnir hér á landi og það segir sig því sjálft að lækkun þeirra vinnur á móti markmiði aðhaldssamrar peningastjórnunar.

Verðtryggingin þýðir að mínu mati að íslenski Seðlabankinn þarf að vera snarari í snúningum en aðrir seðlabankar og vera tilbúinn að hækka og lækka stýrivexti í stærri stökkum en almennt gengur og gerist. Seðlabanki í verðtryggðu landi stendur því að mörgu leyti frammi fyrir vandasamara hlutverki en almennt gengur og gerist meðal seðlabanka á verðbólgumarkmiði. Hann þarf að vera framsýnni, spá oftar og hafa tímanlegan aðgang að fyrsta flokks tölfræði um þróun helstu peninga- og þjóðhagsstærða. Þótt miklar og tíðar breytingar í stýrivöxtum geti auðvitað verið óæskilegar í sjálfu sér er ég ekki viss um að við höfum aðra kosti í stöðunni. Ja, nema auðvitað að viðhorf stjórnmálamanna breytist.

### HÁLFVITLAUS FRÆÐI?

Hollenski hagfræðingurinn Willem H. Buiter byrjar nýlega ritgerð á því að fullyrða að hvenær sem almenn samstaða náist innan hagfræðinnar hafi sú lausn tilhneigingu til að vera að minnsta kosti hálfvitlaus. („Whenever a near-universal consensus takes hold of the economics profession, it tends to be at least half wrong.“) Buiter, sem er einn fremsti sérfræðingur Evrópu í peningamálahagfræði og sat um tíma í peningamálastefnunefnd Englandsbanka, hefur áhyggjur af því að þetta sé tilfellið með fræðin í kringum verðbólgumarkmið og sjálfstæði seðlabanka.

Upptaka verðbólgumarkmiðsins í mars 2001 var að mínu mati rétt ákvörðun. Fyrrverandi fyrirkomulag gengismála var gengið sér til húðar og viðgangur þess því í raun ekki kostur í stöðunni. Núverandi kerfi hefur aðeins verið við lýði í fimm ár en er þegar orðið mjög umdeilt. Það er hins vegar bjargföst skoðun mín að það fyrirkomulag gengis- og peningamála sé ekki til sem geti tryggt (varanlegan) stöðugleika á Íslandinu góða, nema til komi breytingar í almennri hagstjórn.

**Verðtryggingin þýðir að mínu mati að íslenski Seðlabankinn þarf að vera snarari í snúningum en aðrir seðlabankar og vera tilbúinn að hækka og lækka stýrivexti í stærri stökkum en almennt gengur og gerist. Seðlabanki í verðtryggðu landi stendur því að mörgu leyti frammi fyrir vandasamara hlutverki en almennt gengur og gerist meðal seðlabanka á verðbólgumarkmiði.**

STARFSMANNAMÁL

# Fíkniefnapróf

Fíkniefnapróf eru meðal nýjustu og umdeildustu prófa sem notuð eru við val starfsmanna nú á dögum. Fíkniefnapróf eru í flestum tilfellum tekin með þvagsýni en einnig með hársýni og blóðprufum. Rannsóknir á fíkniefnaneyslu starfsmanna beinast aðallega að því að koma í veg fyrir slæma mætingu, slys og mikla starfsmannaveltu. Einnig eru fíkniefnaneytendur taldir líklegri en aðrir starfsmenn til að skrópa í vinnu og eiga í rifrildum við samstarfsfélaga og yfirmenn.

Nýlega lögðu yfirvöld í Omaha í Bandaríkjunum fyrir fíkniefnapróf á meðal bílstjóra þar í borg. Þar voru ellefu bílstjórar sektaðir fyrir fíkniefnaneyslu og sviptir starfsleyfi en þeir keyrðu meðal annars snjóruðningstæki og stærri farartæki fyrir borgina. Mikil áhersla er í Bandaríkjunum á fíkniefnapróf sökum þess hversu algengt er að fyrirtæki séu lögsótt vegna slíkra mála. Mörg bandarísk fyrirtæki eiga yfir höfði sér dóma vegna bílslysa sem m.a. starfsmenn þjónustufyrirtækja, póstþjónustu og matsölustaða hafa orðið valdir að undir áhrifum fíkniefna. Slíkar fjárhæðir geta orðið mjög háar ef um alvarleg slys er að ræða.

Í Bandaríkjunum er talið að um áttatíu prósent fíkniefnaneytenda sé starfandi á vinnumarkaði. Þar er til fjöldi netsíðna sem leiðbeina starfsmönnum hvernig þeir eigi að komast í gegnum fíkniefnapróf án þess að upp um þá komist og á netinu eru m.a. seldir drykkir og ýmsar vörur sem eiga að koma í veg fyrir að eiturlyf finnist í þvagprufum.

Á Íslandi eru fíkniefnapróf ekki algeng en þó nokkur fyrirtæki setja það fram á umsóknareyðublaði að fyrirtækið áskilji sér rétt til að kalla á fólk í fíkniefnapróf ef ástæða þykir til. Hér á landi eru áfengispróf algengari en fíkniefnapróf en mörgum starfsmannastjórum og stjórnendum finnst auðveldara að koma á áfengisprófi við ráðninguna sjálfa en að koma orðum að því eftir á við starfsmenn sem eru grunaðir um að vera undir áhrifum.



**Sif Sigfúsdóttir**
**M.A. í mannauðsstjórnun**

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Hafliði Helgason RITSTJÓRN: Eggert Þór Aðalsteinsson, Hólmfríður Helga Sigurðardóttir, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, Jón Skaftason, Óli Kristján Ármannsson AUGLÝSINGASTJÓRI: Anna Elinborg Gunnarsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@markadurinn.is** og **auglysingar@markadurinn.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

AURASÁLIN

# Verðskrá bankamanna komin í hús

**Þá er komið út** eftirlætisrit Aurasálarinnar - listinn yfir laun helstu valdamanna þjóðarinnar í Frjálsri verslun. Aurasálin hlær sig oftast máttlausa yfir þessari endemis vitleysu sem þar kemur fram. Annar hver fermingarstrákur kominn með milljón á mánuði við að raða uppskálduðum framtíðarrekstrartekjum fyrirtækja í reiti á excel-skjölum. En fólk sem vinnur heiðarlega vinnu þarf að sætta sig við brotabrot af þeim launum.

**Það sem er fyndið** við þetta allt saman er vitaskuld hið öfuga verðmætamat samfélagsins sem endurspeglast í þessu ofalda bankaliði. Eftir því sem Aurasálinni hefur skilist þá vinnur fólk í banka við að lána fyrirtækjum pening til þess að fyrirtækin geti framleitt vörur sem almenningur kaupir svo. Bankarnir kaupa líka hlutabréf í fyrirtækjum og það er svosem ekki ósvipað því að lána þeim peninga beint - en aðalmálið er að í lok dags stendur bankamaðurinn upp frá dagsverkinu og nákvæmlega ekkert stendur eftir, nema nokkrir tölvupóstar og nokkur tölvubæt af lélegu ritmáli eða þýðingarlitlum tölum í töflureikni.

**Allt markmiðið** með starfi bankanna er að gera fyrirtækjum sem framleiða hluti auðveldara um vik. Ef hagkerfið væri fótboltalið þá væru helstu stjörnur liðsins framleiðslufyrirtækin en bankarnir sæju um að sækja vatn fyrir leikmennina og nudda þá til þess að þeir nái sem bestum árangri. En firringin hér á landi er slík að nú eru það nuddararnir sem eru með hundraðföld laun á við markaskorarann. Einhvers staðar þætti þetta öfugsnúið.

**Annars finnst Aurasálinni** alltaf jafnfyndið að sá plebbana í Sambandi ungra sjálfstæðismanna standa vörð um álagningarskrárnar. Þetta lið vinnur auðvitað allt í bönkum sjálft og á ættir sínar eingöngu að rekja til bankastjóra, stórgróssera, stjórnmálamanna og annarra arðræningja. Þess vegna liggja þau á skattskýrslunum og meina fólki á borð við Aurasálina að rækja sína borgaralegu skyldu og hafa virkt eftirlit með skattskilum nágranna sinna. Raunar hefur Aurasálin mikla unun af því að taka þátt í skattaeftirliti.

**Að lokum vill Aurasálin** fagna því að búið er að fresta tónlistarhúsbyggingunni. Það var óþolandi fyrir Seðlabankann að menn væru að glenna þensluna framan í starfsmennina með því að grafa sundur vegi og sprengja fyrir húsgrunnum innan hundrað metra radíuss frá bankanum. Væri ekki nær fyrir þetta athafnasjúka lið að fela þensluna þannig að Seðlabankinn sæi hana ekki með berum augum á hverjum degi?

ALDREI STÆRRI OG VINSÆLLI!
Auglýsingasími: 550 5000
FM957
Samkv. dagbókarkönnun Gallup apríl 2006.

# Verðlækkanir á áli í spilunum

ÞJÓÐARBÚSKAPURINN

Greiningardeild Glitnis fjallar um þróun álverðs í Morgunkorni og sér nokkrar lækkanir í spilunum. Meðal annars segir að álverð hafi verið í sögulegu lágmarki það sem af er ári; hafi farið í 3.310 Bandaríkjadali á tonnið þegar hæst lét en standi nú í 2.570 dölum. „Framvirkt álverð á fjármálamörkuðum gefur til kynna trú manna á að verðið muni lækka á næstu árum og sömu sögu er að segja af spám Alþjóðabankans og sérfræðinga á vegum Reuters. Er búist við að álverð verði þannig á bilinu 2.200 til 2.470 dalir tonnið að ári liðnu. Í lok áratugarins spá menn álverði á bilinu 1.700 til 2.000 dalir á tonn. Ástæða verðlækkunarinnar er stóraukin framleiðslugeta, sér í lagi í Kína, en Kínverjar framleiddu hér um bil fjórðung af þeim 32 milljónum tonna sem framleiddar voru af áli í heiminum í fyrra.“

Greiningardeildin segir ljóst að þróun álverðs muni hafa verulegáhrif hér á landi. Raforkuverð til álvera sé tengt heimsmarkaðsverði áls og þar með afkoma íslenskra raforkuframleiðslufyrirtækja. Athyglisvert sé að þótt Ísland sé enn sem komið er ekki meðal helstu álframleiðsluríkja muni aukið framboð áls frá hérlendum álbræðslum eiga sinn þátt í að auka framboðið og stuðla þar með að lækkun álverðs. „Álframleiðsla síðasta árs hér á landi var 273 þúsund tonn en þegar álver Alcoa í Reyðarfirði og stækkun álvers Norðuráls á Grundartanga verða að fullu orðin starfhæf verður framleiðslugetan tæplega 900 þúsund tonn á ári. Hlutur áls í útflutningstekjum verður þá sambærilegur við sjávarafurðir, en verðþróun á heimsmarkaði fyrir þessar vörur mun þó skipta verulegu máli um þetta vægi.“





**Markmál**
Þýðingar og skjalagerð
Aðsetur í ReykjavíkurAkademíunni - Hringbraut 121
www.markmal.is - markmal@markmal.is - S: 660 5003

**Skrifstofuhúsgögn**



**Hirzlan**
Smiðsbúð 6 Garðabæ Sími 564 5040

FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000

# Forsögulegur beinmergur úr froski

## Vísindamenn hafa náð heillegum beinmergi úr steinrunnum froskdýrum frá forsögulegum tíma.

**Jón Aðalsteinn Bergsveinsson**
skrifar

Vísindamönnum frá Bandaríkjunum, Bretlandi og Spáni hefur tekist að ná merg úr steinrunnum beinum forsögulegra froska og salamandra sem drápust fyrir tíu milljón árum í fenjasvæði, sem þá var á NA-Spáni.

Þetta er í fyrsta sinn sem vísindamönnum tekst að ná beinmerg úr svo gömlum dýrum og er vonast til að það geti gefið frekari vísbendingar um dýrin en nú þekkist.

Að sögn breska ríkisútvarpsins, BBC, hafa jarðneskar leifar dýranna varðveist afar vel í jarðveginum sem fenjasvæðið skildi eftir sig. Beinmergurinn var skannaður inn í tölvu og tölvugerð sneiðmynd í þrívídd gerð eftir honum sem gerir vísindamönnum kleift að skoða meðal annars rauð og hvít blóðkorn í beinmerginum.

Maria McNamara, einn vísindamannanna, sem starfar við háskólann í Dublin á Írlandi, segir árangurinn afar merkilegan enda geti vísindamenn fyrst nú gert sér betur grein fyrir innri byggingu dýra á forsögulegum tíma. „Rauður beinmergur úr salamöndrunum bendir til að blóðfrumur þeirra hafi orðið til í mergnum. Í dag verða blóðfrumurnar til í milta þeirra,“ segir hún.

Fram til þessa hafa tilraunir til rannsókna á blóðfrumum forsögulegra dýraleifa ekki leitt til neins. Vísindamennirnir halda hins vegar í vonina um að hægt verði að finna vel varðveittan beinmerg í leifum fleiri forsögulegra dýra svo hægt verði að gera frekari rannsóknir á prótínum þeirra og kjarnsýrum.



**MEÐ RISAEÐLUEGG** Vísindamenn vona að þeir geti rannsakað blóðfrumur úr steinrunnum leifum forsögulegra dýra. Fréttablaðið/AFP

# Sáttir nást milli fjandmanna

Sáttir hafa náðst fyrir dómi milli tónlistariðnaðarins og eins af hans stærstu fjandmönnum, skráarskiptaforritsins Kazaa. Er það eitt þekktasta forrit sinnar tegundar og hefur um langa hríð verið uppspretta ólöglegs niðurhals á kvikmyndum og tónlist. Felur samkomulagið í sér að eigendur Kazaa greiði stærstu tónlistarfyrirtækjum heims, Universal Music, Sony BMG, EMI og Warner Music, meira en hundrað milljónir dala í skaðabætur. Jafnframt er því gert að gera starfsemi sína tafarlaust löglega.

Góður árangur hefur náðst að undanförnu í baráttunni gegn sjóræningjastarfsemi á netinu. Tónlistariðnaðurinn hefur verið iðinn við að sækja fyrirtæki á borð við Kazaa til saka og vekja athygli á lögbrotinu sem felst í því að hala niður tónlist og kvikmyndum á netinu. Æ fleiri nota nú forrit á borð við iTunes frá Apple þar sem þarf að greiða fyrir þjónustuna. Sérfræðingar segja því sáttirnar fyrst og fremst hafa táknræna meiningu. Blómaskeið Kazaa sé löngu liðið og notendur forritsins búnir að finna sér nýjar og betri leiðir til að krækja í músík á netinu. **- hhs**



**SÖNGKONAN JESSICA SIMPSON** Eigendum Kazaa hefur verið gert að greiða meira en 100 milljónir dala í sekt vegna ólöglegs niðurhals.




# LIFÐU Í ÖRYGGI. VELDU VOLVO XC90.

Áratugum saman hafa hönnuðir Volvo leitað sannleikans líkt og Albert Einstein, rannsakað bíla við ólíkar aðstæður, reiknað út og safnað þekkingu. Hér er eitt dæmið. Volvo XC90, tækni sem hrífur alla sem henni kynnast. Slík afburðatækni hefur ekki áður sést í jeppum enda flókin stærðfræði. Skoðaðu eiginleika Volvo XC90 af nákvæmni.

**Lifðu heilbrigðu lífi**

Skoðaðu lífið. Sérstök tækni vaktar gæði andrúmsloftsins umhverfis Volvo XC90 og breytir 75 prósent af slæmu ósóni (sem liggur við jörðu) í hreint súrefni. Hugsaðu um börnin.

Fjórhjóladrifið er sjálfvirkt og eitt hið fullkomnasta sem til er.

Hönnuðir Volvo fundu snilldarleið til að lækka þyngdarpunktinn í Volvo XC90 en of hár þyngdarpunktur hefur verið vandamál við hönnun jeppa þar sem hann dregur úr öryggi og aksturseiginleikum. Veldu Volvo.

Þar sem öryggi farþega er Volvo efst í huga létu hönnuðirnir ekki þar við sitja því að auki bættu þeir við tveimur nýjum tækniuppfinningum: nýja stöðugleikastýrikerfinu DSTC og RSC veltivörninni. DSTC leiðréttir mistök í akstri en RSC síreiknar líkur á veltu og bregst við ef þurfa þykir. Rúsínan í pylsuendanum er sérstyrkt Boronstálið í burðarvirki yfirbyggingarinnar sem er 5 sinnum sterkara en venjulegt stál. Útkoman úr dæminu er hámarksöryggi í Volvo XC90, sem veitir honum algera sérstöðu í samkeppni um öryggi bíla. Gefðu þér tíma og skoðaðu yfirburðatækni Volvo XC90.

Þetta er Volvo XC90. Öryggi fyrir allt að sjö manns og aðra vegfarendur einnig. Þú prófar hann og færð faglega ráðgjöf í afburðartækni sem einkennir Volvo XC90. Öryggi er lúxus – lifðu í lúxus. Komdu í Brimborg og spurðu sérfræðinga Volvo á Íslandi um lúxus sportjeppann Volvo XC90.



*Sérvalið tau- eða leðurefni eru í stýri, lyklum og öðrum snertiflötum og eru laus við ofnæmisvaka samkvæmt alþjóðastaðli Öko-Tex. Spurðu um skynvæddu miðstöðina sem hindrar að mengun berist inn í farþegarýmið.*

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.volvo.is




* Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

# 18 gervitungl eyðilögðust í Baikonur

Rússnesk eldflaug með átján gervitungl innanborðs hrapaði til jarðar skömmu eftir að henni var skotið á loft frá geimferðamiðstöðinni í Baikonur í Kasakstan í síðustu viku.

Að sögn stjórnenda í Baikonur drapst á eldflauginni 86 sekúndum eftir geimskotið með fyrrgreindum afleiðingum. Enginn slasaðist við brotlendinguna en öll gervitunglin, sem voru að mestu í eigu erlendra fyrirtækja, eyðilögðust.

Eitt gervitunglanna var í eigu Hvít-Rússa og gerði Alexander Lúkasjenkó, forseti landsins, sér ferð til Baikonur til að fylgjast með geimskotinu. Um var að ræða fyrsta gervitungl landsins og virðist sem fyrsta tilraun Hvít-Rússsa til gervitunglavæðingar hafi beðið skipbrot í bókstaflegri merkingu.

Að sögn talsmanna rússnesku geimvísindastofnunarinnar, Roskosmos, er hafin rannsókn á ástæðum þess að geimskotið mistókst en fyrstu niðurstöður benda til að bilun hafi orðið í eldflaugunum.

Þetta er í annað sinn á tæpu ári sem eldflaug með gervitungli fatast flugið frá Baikonur en í október í fyrra brotlenti flaug með evrópskt gervitungl innanborðs sem mæla átti þykkt íshellunnar á Norðurpólnum. - jab



**ELDFLAUG SKOTIÐ FRÁ BAIKONUR** Átján gervitungl, þar af eitt frá Hvíta-Rússlandi, eyðilögðust þegar eldflaug með tunglin innanborðs brotlenti skömmu eftir að henni var skotið á loft.

# Metallica tekur netið í sátt

Rokkhundarnir og Íslandsvinirnir í þungaviktarhljómsveitinni Metallica virðast annað hvort hafa tekið netið í sátt eða vera að átta sig á möguleikunum sem felast í niðurhali tónlistar á netinu. Hvað sem því líður hefur Metallica ákveðið að gefa netverjum kost á að kaupa og hlaða niður öllu lagasafni hljómsveitarinnar á stafrænu formi af vefsvæði iTunes.

Þetta þykja nokkur tímamót í sögu hljómsveitarinnar, sem fékk því áorkað að skráaskiptisvæðinu Napster var lokað árið 2001 vegna brota á höfundarréttarlögum. Napster, sem hóf göngu sína árið 1999, var miðlægur gagnagrunnur, og settu háskólanemendur gagnagrunna upp í mörgum háskólum vestra til að deila efni sín á milli.

Lög Metallica, allt frá fyrstu plötunni Kill 'Em All frá 1983 til síðustu plötunnar, Some Kind of Monster frá 2004, verða fáanleg á vefsvæði iTunes ásamt tónleikaupptökum. Lögunum er hins vegar einungis hægt að hlaða niður í Bandaríkjunum og Kanada en ekki liggur fyrir hvenær útgáfufyrirtækið Mercury Records, sem á útgáfurétt á lögum hljómsveitarinnar utan Bandaríkjanna, hyggst leyfa sölu á lögum sveitarinnar í öðrum heimsálfum. - jab



**METALLICA** Rokkararnir hafa ákveðið að gefa netverjum kost á því að kaupa öll lög hljómsveitarinnar úr netbúð iTunes.
FRÉTTABLAÐIÐ/AFP







VOLVO
for life

*Öll erum við einstök, hvert og eitt okkar. Enginn á sinn líkan. Fyrir okkur ert þú miðja alheimsins. Þegar þú ert annars vegar er takmark okkar bara eitt: að uppfylla óskir þínar og þarfir á þann hátt að þú lítir á Brimborg sem öruggan stað til að vera á. Við erum með þér alla leið!*

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.volvo.is




# Best í þjónustu

Avion Group var valið besta alhliða þjónustufyrirtækið á sviði flutninga árið 2005 til 2006 af breska tímaritinu Business Britain. Þótti þróun Avion ekki einungis hafa verið hröð í hefðbundinni flutningastarfsemi heldur hefði félagið auk þess breikkað þjónustuframboð sitt til muna. Í fréttatilkynningu frá Avion Group er sagt frá því að við valið hafi meðal annars verið litið til umfangs og gæða þjónustu, arðsemi fjárfestinga, markaðs- og kynningarmála, sveigjanleika, öryggis, sýnileika og heimasíðna. Er þar haft eftir Magnúsi Þorsteinssyni, stjórnarformanni Avion, að viðurkenningin sýni hve mikla trú aðrir hafi á starfsemi félagsins. „Við erum og höfum verið að byggja upp einstakt fyrirtæki sem tekið er eftir,“ segir Magnús.

Í tilefni af viðurkenningunni birtist fjögurra síðna umfjöllun um Avion Group í júlí/ágúst tölublaði Business Britain. **- hhs**



**MAGNÚS ÞORSTEINSSON, STJÓRNARFORMAÐUR AVION GROUP** Magnús með verðlaunaskjöldinn sem Business Britain veitti félaginu sem flutningafyrirtæki ársins.






**FRÁ LUNDÚNUM** Hvergi á Bretlandseyjum er húsnæðisverð hærra en í höfuðborginni Lundúnum.

# Íbúðaverð hækkar í Bretlandi

Meðalíbúðaverð á Bretlandseyjum er rúmlega 22,4 milljónir króna og hefur aldrei verið hærra, samkvæmt skýrslu ráðgjafarfyrirtækisins Hometrack.

Verð hefur hækkað um 3,2 prósent síðastliðið ár og virðist ekkert lát á hækkunum. Hvergi hækkar verð hraðar en í höfuðborginni Lundúnum, þar sem rúmlega eins prósents hækkun varð í júlí. Litlu minni hækkanir urðu í Wales.

Sérfræðingar spá fjögurra prósenta hækkun húsnæðisverðs næsta árið. **- jsk**



**SPARNEYTINN BÍLL** Dieter Zetsche, stjórnarformaður DaimlerChrysler, við Smart-bíl frá fyrirtækinu. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Benz hagnast en Chrysler tapar

Hagnaður bandarísk-þýska bílaframleiðandans DaimlerChrysler nam 1,81 milljarði evra, jafnvirði tæpra 166 milljarða króna, á öðrum fjórðungi ársins. Þetta er rúmlega tvöfalt meiri hagnaður en á sama tíma fyrir ári.

Tekjur fyrirtækisins námu 38,6 milljörðum evra, sem er nánast óbreytt á milli ára.

Að sögn stjórnenda fyrirtækisins skiluðu flestar deildir DaimlerChrysler hagnaði, ekki síst sú sem sérhæfir sig í þróun og smíði Mercedes-Benz bifreiða, en hún hefur frá upphafi verið flaggskip fyrirtækisins. Hinn bandaríski hluti fyrirtækisins, sem sinnir framleiðslu á bílum af Chrysler-gerð, skilaði hins vegar tapi á tímabilinu. **- jab**



# STÓRÚTSALA Í ÁGÚST
# 50-70% AFSLÁTTUR


Veggkertastjaki
~~KR. 2.500~~
NÚ 1.900


Hornsófaborð m/ hillu og skúffu
60x60x47cm
~~KR. 15.500~~
NÚ 7.900


Sófaborð með hillu og skúffu
1200x600x470 cm
~~KR. 24.500~~ NÚ 9.900


Funkistóll
~~KR. 29.900~~
NÚ 19.900


Skammel 5.900


Sporöskjulaga borð m/ skúffu og hillu.
54x43x70cm
~~KR. 12.900~~
NÚ 6.500


Glerskápur
47x5x35,5x190cm
~~KR. 29.900~~
NÚ 14.950


Bókaskápur m/ skúffu
80x39x187cm
~~KR. 39.900~~
NÚ 19.950


Sófaborð m/blaðahillu og skúffu
81x43x55cm
~~KR. 13.900~~
NÚ 6.950


Kommóða
52,5x36x95cm
~~KR. 29.900~~
NÚ 14.950


Náttborð m/skúffu og blaðahillu
55x39x76cm
~~KR. 19.700~~ NÚ 9.850


Náttborð
40x38x64cm
~~KR. 15.700~~ NÚ 7.850


Kommóða
89x42x90cm
~~KR. 39.000~~ NÚ 19.500


Náttborð
34x30x76cm
~~KR. 15.000~~
NÚ 7.500


Hálfmáni m/ lyklaskúffu og hillu
83,5x35x76cm
~~KR. 15.900~~ NÚ 7.950


Kollur/blómaborð
36x30x46,5cm
~~KR. 6.900~~
NÚ 3.500


Innskotsborð 3 saman
L 52x45x51cm
M 39x39x47cm
S 27x33,5x43cm
~~KR. 17.000~~ NÚ 8.500


UPPSELT
Gangaborð/ Snyrtiborð
85x42x78cm
~~KR. 23.000~~
NÚ 11.500


80x99x55cm
~~KR. 11.500~~
NÚ 5.750


94,5x61x18cm
~~KR. 16.900~~ NÚ 8.450



1928
VERSLUN • VÖRUHÚS



www.1928.is

Laugavegi 20b • Sími 552 2515 • Auðbrekku 1 • Sími 544 4480
Opnun • Mán.-fös. 10-18 • Laugard. 11-16

**SÍMANÚMER MARKAÐARINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@markadurinn.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@markadurinn.is **Veffang:** visir.is

**13** milljarða króna hagnaður KB banka á öðrum ársfjórðungi.

**11** milljarða króna hagnaður Glitnis á öðrum ársfjórðungi.

**6,1** milljarða króna hagnaður Landsbankans á öðrum ársfjórðungi.

## BANKAHÓLFIÐ

### Eins og Essó á Ártúnshöfða

Óhætt er að segja að rólegt hafi verið yfir markaði nú yfir hásumarið. Lítið er um viðskipti og ekki einu sinni ágæt uppgjör bankanna ná að rífa markaðinn upp. Víða er rætt á kaffistofum um deyfð á markaði og menn keppast við að finna skemmtilegar líkingar um ástandið. Einn miðlarinn sagði veltuna, einhvern daginn þegar óvenju lítið var um viðskipti, svipaða og á góðum degi hjá Esso á Ártúnshöfða. Ekkert skal fullyrt um veltuna hjá Esso á Ártúnshöfða en ólíklegt er að hún nái milljarði á góðum degi. Ekki einu sinni föstudaginn fyrir verslunarmannahelgi; og meira að segja þótt veltan hjá Subway og Burger King sé tekin með í reikninginn.

### Metnaðarfullar arðgreiðslur

Lækkanir á innlendum hlutabréfamarkaði hafa ekki farið framhjá neinum og víst er að stærstu eigendurnir eru ókátir með stöðu mála, enda skila flest fyrirtæki frá sér glimrandi uppgjörum. Velta menn vöngum yfir því hvað gerist ef stafalogn verður á markaði út árið. Ekki er talið ósennilegt að stærstu fyrirtæki hækki arðgreiðslur, losi þannig aðeins um kragann á skuldsettum hluthöfum og tappi aðeins af hækkandi eigin fé. Getur verið að tímar metnaðarfullra arðgreiðslna séu að renna upp á ný eins og sást hjá Þormóði ramma á sínum tíma þegar allur hagnaðurinn var greiddur út ár eftir ár og gott betur en það?

### Hommar fá lægri laun

Samkynhneigðir karlmenn fá að meðaltali sex prósentum lægri laun en gagnkynhneigðir og eru þremur prósentum líklegri til að vera atvinnulausir, samkvæmt nýrri breskri skýrslu. Samkynhneigðar konur fá hins vegar ellefu prósentum hærri laun en gagnkynhneigðar og eru tólf prósentum sjaldnar án atvinnu. Peter Tatchell hjá OutRage, réttindasamtökum samkynhneigðra, sagði niðurstöðurnar áhugaverðar en hafði ekki skýringu á reiðum höndum „Það er óverjandi að samkynhneigðir karlmenn og gagnkynhneigðar konur þurfi að búa við lægri laun fyrir vinnu sína en aðrir.“






## Til bygginga






**Þakrennur**
Höfum á lager gæða Ítalskar þakrennur í ýmsum litum og gerðum. Gott verð. Blikksmiðjan Auðás ehf. Dalvegi 16c. Sími 564 1280 og 893 1484.

## Verslun

Þú sparar hjá okkur. Áman.

Flottu stóru sólgleraugun fást í skarthúsinu laugarvegi

Army húfan fyrir verslunarmannahelgina fæst í skarthúsin

Ný fatasending, Skarthúsið laugavegi

Hauslínan frá Pilgrim er komin í Skarthúsið Laugavegi

Umtöluð kryddblanda. www.bestalambid.is

Sumarmarkaður Ellingsen í fullu gangi. Ellingsen, Fiskislóð 1 og Akureyri.

Glæsileg áklæði yfir garðstóla, fallegt í sumarbústaðinn. 20% afsláttur fram að verslunarmannahelgi. Sófalist.is, Sófalist, Garðatorgi.

Bikini- Sundbolir, Cos Glæsibæ.

Rafhlöður, Glóey Ármúla.

Skemmtisiglingar. Síldarævintýrið.

Hver er draumaliturinn þinn? Slippfélagið Litaland.

31 " jeppadekk, 9.900,- Tilboð fram að verslunarmannahelgi. Alorka, sími 577-3080.

Útsala, útsala, Cos Glæsibæ.

Glæsilegar yfirbreiðslur á sófa, stóla, borðstofustóla og sólstóla. Sófalist.is, Sófalist, Garðatorgi.

Ódýrar sumarbústaðaplöntur. Birkihlíð Kópavogi.

Optical-Stúdíó Sól, 15% afsláttur af öllum sólgleraugum. Optical-Stúdíó Sól, Smáralind.

MaxMara, MarinaRinaldi, útsölulok föstudag, aukaafsláttur, MaxMara.

# ÞJÓNUSTA

## Hreingerningar

**Er allt í drasli?**
Þrífum fyrir heimili, húsfélög stofnanir og skóla.
Tökum að okkur iðnaðarþrif, flutningsþrif, teppahreinsun og bónvinnu.

Orkuboltastelpurnar. Alþrif og hreingerningar. Kvöld- og helgarvinna. S. 663 7366.

Ertu að flytja? Og búin á því? Láttu mig um þrifin. Föst verðtilb. Flutningsþrif Bergþóru, s. 699 3301.

Láttu mig um púlið! Nýbygginga og flutningsþrif. Föst verðtilboð. Ásta s. 848 7367.

## Garðyrkja

**Túnþökusala Oddsteins**
Túnþökur og túnþökurúllur til sölu
Steini
Sími:663 6666
Frí heimkeyrsla

**TÖKUM GARÐINN Í GEGN**
Gerum tilboð í garðslátt, trjáklippingar, hellulagnir, þökulagnir, hreinsun beða og aðra garðvinnu.
SLÁTTUMENN
Þórhallur 846 0864
Hjörleifur 844 6547

**GARÐSLÁTTUR**
Sláum garðinn, hreinsum beðin, klippum runna, leggjum þökur, auk annarar almennrar garðvinnu!
Mætum og gerum tilboð þér að kostnaðarlausu.
Sælugarðar. Kári 824-1238




## Málarar

malarar.is
Er málarinn þinn Meistari?

Húseigendur: Varist fúskara. Verslið við félagsmenn. Málarameistarafélagið. S. 568 1165.

Þarftu að láta mála? Alhliða málningarþjónusta. Tilboð. Uppl. í s. 866 3287.

## Meindýraeyðing

**MeinVarnir ehf.**
Sími: 898-2801
Reynsla, öryggi og fagleg þjónusta

Alhliða meindýraeyðing í heimahúsum s.s. geitungar, stari, mýs o.fl. S. 898 2801.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560.

Búslóðafl. og allar almennar flutn. 2 menn ef óskað er. MJ flutningar. S. 692 7078.

## Húsaviðhald

Þak- og utanhússklæðningar og allt húsaviðhald. Ragnar V. Sigurðsson ehf. S. 892 8647.

**Fagþjónustan ehf. S. 860 1180**
Glerísetningar, gluggaviðgerðir, almenn smíðavinna, móðurhreinsun glerja, háþrýstiþvottur, þakmálun og fleira. Fagþjónustan ehf, s. 860 1180.

**Múrverk - Steining**
Getum bætt við okkur verkefnum í steiningu utanhúss. Upplýsingar í síma 840 6100.

567 7570 · 892 7544
SÖGUN · BORUN · BROT · BORTÆKNI · BEKKING · REYNSLA
www.bortaekni.is
STEYPUSÖGUN
KJARNABORUN
MÚRBROT
567-7570

**Prýði sf. HÚSAVIÐGERÐIR**
Steypuviðgerðir, lekavandamál, þakrennuuppsetningar, þakásetningar, þak- og gluggamálning. Trésmíðavinna, sólpallasmíði. Tilboð eða tímavinna.
**Áratugareynsla og fagmennska í fyrirrúmi. S. 854 7449, 864 7449 og 565 7449.**

HÚSEIGNAÞJÓNUSTAN
Sími 892-1565

892 1565 - Húseignaþjónustan - 552 3611. Lekaþéttingar - þakviðg. - múrviðg. - húsakl. - öll málningarvinna - háþrýstiþv. - þakþéttiefni (500% teygjanl.).

## Stífluþjónusta

**Stíflulosun Röramyndun**
Losa stíflur úr salernum, vöskum, baðkerum og niðurföllum. Röramyndavél til að staðsetja skemmdir í lögnum.
**Skolphreinsun Ásgeirs sf.**
S. 892 7260 & 567 0530.

Fjarlægum stíflur úr WC, vöskum og fl. Röramyndavél og viðgerðir á frárennslislögnum. Stífluþjónusta Geirs, s. 697 3933.

## Tölvur

Vefsíðuhönnun, Vefumsjónarkerfi, Veftilboð, Heimasíðuráðgjöf www.allraatta.is

Vefhýsing, Heimasíðugerð, Heimasíðuráðgjöf, Vefsíðulausnir www.allraatta.is

**Tölvuviðgerðir**
Kem samdægurs. 8-20 alla daga. Uppl. í s. 697 8725.

## Rafvirkjun

**Raflagnir Dyrasímar**
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.
Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733
Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is

## Spádómar

**ALSPÁ**
Miðlun, draumar, ráðgjöf heilun, fyrirbænir, NLP Símaspá, einkatímar og m.fl.
908 6440
FINN TÝNDA MUNI

**908 6116**
Er spákonan Sirrý
Ástir - fjármál heilsa
Einkatímar í S.845 4009

**Kærleiks-ljósið**
Spámiðill, Tarot-lestur og kristalkúla
566 7311 905 2005

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Árspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

**Örlagalínan 908 1800 & 595 2001**
Miðlar, spámiðlar, tarotlestur, draumráðningar. Fáðu svör við spurningum þínum.

**Englaljós til þín 908 5050**
Spádómar! Tarot lestur, andleg leiðsögn og bið fyrir þeim sem þurfa. Er við frá 16-02 eftir miðnætti á virkum dögum. Um helgar frá 16-03 eftir miðnætti. Lára spámiðill.

Dulspekisíminn 908 6414. Símaspáin-draumaráðn. Spák. Yrsa í beinu sambandi. Hringdu núna!

## Viðgerðir




Smávélaviðgerðir: Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, garðlýsing, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmíði, Gokart þjónusta, keðjusagir, hekkklippur, rafstöðvar. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið




## Kennsla

**Viltu verða stílisti?**
Nám í útlitsráðgjöf. The Academy of Colour and Style - útlits-og förðunarskóli. Uppl. í síma 533 5101.

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HEILSA

## Heilsuvörur

Herbalife - Shapeworks - NouriFusion. Upplifðu muninn WWW.ARANGUR.IS S.586 8786.

Missti 10 kg á 12 vk. Þú getur það líka með Shape Works. Rannveig 862 5920 www.321.is/rannveig

Léttari og hressari með Herbalife. www.dagamunur.is s. Ásta. 891 8902

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki í júní. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019/ 868 4876.

Árangur með Herbalife! Ráðgjöf og eftirfylgni. Edda Borg www.lifsstill.is S. 896 4662.

Frábær líðan. Alveg síðan. Herbalife. www.eco.is Erla Bjartmarz erla@eco.is 899 4183

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

Ný verslun með fæðubótarefni. Vaxtarvörur ehf. Kaplahrauni 19, Hafnarf. Opið 14-19.

## Nudd

**Svæðameðferð**
Betri heilsa. Ert þú í líkamlegu og andlegu ójafnvægi? Svæðameðferð gæti hjálpað þér. Tímapantanir í s. 848 7367, Ásta. Smiðjuvegur 4.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

Vel með farnir stólar til sölu með viðarbaki og tauáklæði á setu, staflanlegir, uppl. í s. 896 4889.

til sölu hjónarúm breidd 180cm lengd 200cm.það er í 2 hlutum með yfirdýnu. 6ára.selst ódýrt.uppls í s-8996963

Til sölu ársgamall sófi og spegill úr Öndvegi. Uppl. í s. 820 0700.

## Heimilistæki




**Ryksugukerfi**
Heimili, sumarhús, fyrirtæki og stofnanir. www.rafheimilid.is Rafheimilið ehf. s. 567 8909. Hamraborg 5. Opið 09-12.

Ariston þvottavél og þurrkari svo til nýtt. Fylgir 5 ára full ábyrgð. Verð 55 þús. saman. Uppl. í s. 867 5342.

## Fatnaður

Allar viðgerðir, leðurviðgerðir og breytingar. Styttum buxur meðan beðið er. Saumsprettan v. Ingólfstorg. S. 552 0855.

## Dýrahald



Til sölu ísl. hvolpar á aðeins 25.000. S. 896 6606.



**Lagersala**
Daganna 31.júlí - 3.ágúst. Tveir fyrir einn og allt að 70% afsláttur af völdum vörum! Stærðir XS - XXXL. Rýmum fyrir nýju línunni. Opið 12-18.
**THEO, Dugguvogur 6 - við hliðina á Fossberg, 104 Reykjavík, www.theo.is, Sími 553 8313.**



Beagle hvolpar. Er með Beagle hvolpa til sölu. Tilbúnir til afhendingar 10 ágúst. Upplýsingar í síma:897-8382 og á birnako@simnet.is. http://www.123.is/vestfjardar

## Ýmislegt




Heitir pottar og Kamínur. Auðbrekka 6, 200 Kóp, NORM - X S. 565 8899 www.normx.is

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Gisting



Við bjóðum fallega nýja 2 herb 55 m2 íbúð á Akureyri verð pr. nótt 11.900 kr, fjórða og 6 nótt frí. Bókanir í síma 822 - 9952, sjá myndir á www.hoepfner.is

**Gisting á Spáni**
Íbúð til leigu í Barcelona central, Playja de Aro Mahon, Menorca. Uppl. í s. 899 5863 www.helenjonsson.ws

## Ýmislegt

Dorgveiðikeppni. Síldarævintýrið.

Golfferðir, Hafsúlan hvalaskoðun.

Söngvakeppni barnanna. Síldarævintýrið.

Fikt endar með fíkn Borgarhjól

Sæþotur á Síldarævintýri. www.siglo.is

Hvalaskoðun, Hafsúlan Hvalaskoðun.

## Fyrir veiðimenn












## Húsnæði í boði

**101 Reykjavík**
Glæsileg nýuppgerð 2ja herb. íbúð á góðum stað í Þingholtunum á annari hæð til leigu. Verð 95 þús. Laus strax. Uppl. í s. 899 6400, Einar.

Til leigu 2 herb. íbúð á sv. 101. Verð 95 þús. Laus strax. Uppl. í s. 821 4577.

23 ára kvk óskar eftir að kvk meðleigjanda í 76 m2 íbúð í 105. Uppl. í s. 822 0860.

35 fm stúdíóíbúð í kjallara í Mjódd. Laus. Leiga 50 þ. m/r+h. Reglusemi áskilin. S. 660 3820.

105 R.16fm herb m eldhusaðst og aðg að baðherb, til leigu a 40 þus. Laust. Uppl. s:6990112

Til leigu björt 4-5 herb. hæð í hverfi 108 frá 1 sep. 145 þ. á mán. langtímaleiga. Uppl. í s. 663 2280.

Er með herbergi til leigu á Laufásvegi. Með aðgangi að öllu, frítt internet, 5 mín. frá Hl. Uppl. í s. 868 7241.

## Húsnæði óskast

Bræður utan að landi óska eftir 2-4 herb íbúð í 104, 105 eða 108 reglusamir og reyklausir, öruggum greiðslum heitið. S: 844-6785

Óska eftir litilli íbúð í Árbæ eða Breiðholti sem fyrst. Skilvísum greiðslum heitið. Uppl. í s. 862 8173 Edith.

Mæðginin Erna og Ísak Aron óska eftir íbúð sem fyrst nálægt Austurbæjarskóla. s:661-2902

34 ára einstæða móður vantar 3ja herb. íbúð á svæði 200 í Kóp. Reglusemi og skilvísum greiðslum heitið. Uppl. í s.8204507

Óska eftir góðu herb. m/ eldunaraðstöðu og snyrtingu. Uppl. í s. 865 3622.

Karlmaður óskar eftir herbergi til lengri eða skemmri tíma. Sími 898 6742 & 691 4489.

Óska eftir bílskúr eða allt að 100fm húsnæði í 101 eða í nágrenni fyrir skrifstofu og geymslu. Uppl. í s. 868 7241.

## Sumarbústaðir




## Geymsluhúsnæði




Þinn eigin geymslubílskúr. 7, 10 og 17 m2. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymsla1.is

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 19 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

## Gisting

Gisting í Reykjavík www.eyjasolibudir.is Uppl.í síma .6989874.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Hótel Borg, veitingadeild.**
Óskar eftir starfsfólki í morgunmat.
**Umsækjendur hafi samband í síma 822 3313**

**PÍTAN**

**Pítan**
Frábær vinnustaður, skemmtilegt fólk og rótgróinn rekstur. Langar þig að vinna á Pítunni? Okkur vantar fólk í fullt starf í sal og eldhúsi. Viðkomandi þarf að geta hafið störf 8. ágúst næstkomandi.
**Umsóknareyðiblöð í Pítunni og á pitan.is.**

**Laust starf**
Í ágúst verður laust 100% starf á leikskólanum Undralandi í Kópavogi. Lítill notalegur vinnustaður. Áhugasamir hringi í Bryndísi í s. 862 3029 eða Sonju í s. 899 8654.
**Undraland er einkarekinn leikskóli í Kópavogi, stofnaður 1987, 33 börn eru í skólanum og 7 starfsmenn.**

**American Style á Bíldshöfða og Skipholti**
Afgreiðsla og Grill American Style leitar að duglegum og traustum liðsmönnum í fullt starf í vaktarvinnu í sal og á grilli. Vilt þú vera hluti af frábærri liðsheild og vinna á líflegum vinnustað? Góð laun í boði fyrir kröftuga einstaklinga. American Style er á fimm stöðum á höfuðborgasvæðinu. 18 ára og eldri og góð íslenskukunnátta nauðsynleg.
**Umsóknareyðublöð fást á öllum stöðum American Style, einnig á www.americanstyle.is. Upplýsingar um starfið veitir starfsmannastjóri Herwig s. 892 0274 milli 8:30-17:00**

**Skalli Vesturlandsvegi**
Óskum eftir að ráða duglegt starfsfólk, dagvinna, kvöldvinna, vaktavinna. Góð laun fyrir gott fólk.
**Upplýsingar á staðnum milli 17-19.**

**Café Victor**
Café Victor óskar eftir skemmtilegu og duglegu fólki við þjónustu í sal, hvort sem er í fullt starf eða hlutastarf. Tilvalið fyrir skólafólk að fara huga vinnu með skólanum í vetur. Upplýsingar gefur Baldur í síma 692 0735 eða á baldur@victor.is
**Upplýsingar gefur Baldur í síma 692 0735 eða á baldur@victor.is**

**Devitos pizza**
Óskar eftir starfsfólki í afgreiðslu á dagvaktir kl. 11-18 og kvöldvaktir kl. 18-22 alla virka daga.
**Uppl. í s. 692 4327.**

**Veiingahúsið Nings Hlíðasmára 12**
Óskar eftir vaktstjóra í fullt starf. Þarf að geta hafið störf sem fyrst. Ekki yngri en 18 ára.
Vantar einnig starfsfólk í kvöld og helgarvinnu. Upplagt fyrir skólafólk.
**Upplýsingar á staðnum eða á andri@nings.is**

**Hellulagnir**
Óskum eftir að ráða verkamenn í hellulagnir. Mikil vinna framundan og góð laun í boði.
**Upplýsingar gefa Guðmann í 660 1155 & Trausti í 660 1150. Fjölverk Verktakar ehf.**

**Aþena Hársnyrtistofan í Mjódd**
Óskar eftir hársnyrtisveini í hlutastarf.
**Uppl. í s. 557 2053 & 822 0563.**

Stýrimann vantar á 100 t snurvoðabát sem gerður er út frá Sauðárkróki. Þarf að hafa 30 t réttindi lágmark. Uppl. í s. 854 5566.

Vélstjóra vantar á 100 t snurvoðabát sem gerður er út frá Sauðárkróki. Þarf að hafa vélarvarðarréttindi. Uppl. í s. 854 5566.

**Veitingahúsið Rosso Pomodoro**
óskar eftir starfsfólki eða þjónum í kvöld og helgarvinnu. Uppl. á staðnum eða í s. 893 7599.

**Verslunarstörf.**
Óska eftir starfsfólki í tískuvöruverslun í Kringlunni. Heilsdags og hlutastörf. Umsækjendur sendið tölvupóst á sjsk@simnet.is með mynd og upplýsingum um fyrri störf.

Bylgjan og Ghost óska eftir að ráða snyrtifræðing. Uppl. veitir Björg í s. 414 4200.

KOFI TÓMASAR FRÆNDA óskar eftir duglegum starfsm. í aukavinnu á kvöldin.Uppl á staðnum

**Bakarí - kaffihús, Skipholti**
Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa. Vinnutími virka daga frá 12-18.30 og annan hvorn laugardag. Ekki yngri en 25 ára. Helst reyklaus. Uppl. í s. 820 7370.

**Atvinna atvinna**
Vantar deildarstjóra, sölumenn í húsgögn hjá Rúmfatalagernum í Holtagörðum. Góð laun, góður vinnutími fyrir gott fólk. Hafið samband við Njál í síma 820 8001 eða á staðnum, Rúmfatalagerinn Holtagörðum.

**Bakaríið Kornið**
Kornið Bakarí óskar eftir starfsfólki í fullt starf. Einnig vantar fólk hálfan daginn. Hentar fólki á öllum aldri. Upplýsingar í síma 864 1585 - Dagbjartur eða á kornid.is

**Bakari Ísafjörður**
Óska eftir bakara sem allra fyrst. Uppl. gefur Sævar í s. 896 2846.

## Viðskiptatækifæri

**Splunkunýtt viðskiptatækifæri**
www.splunkunytt.com Kíktu á mig!

## Ýmislegt

**Engar skuldir - Hærri tekjur**
Skoðaðu Magnad.com og lærðu að skapa þér þær tekjur sem þú vilt - heima hjá þér!

Kvöldverður, kvöldvaka í Landnámsetri fimmtudagskvöld, borðapantanir 4371600, Landnámssetur Borgarnesi.

Gísli Einars og Rakarakvartett á kvöldvöku í Landnámssetri fimmtudagskvöld. Borðapantanir 4371600. Landnámssetur Borgarnesi

## Tapað - Fundið



**UH-734**
Þessum bíl var stolið á milli kl. 9-10 hjá Rauðarárstíg 20, mánudagsmorguninn 31.07.06. Ef þú hefur séð bílinn hafðu samb. við lögreglu í s. 444 1000 eða í s. 897 0813 & 898 1685.

## Einkamál

Ert þú karlmaður? Viltu láta dekra við þig? Hafðu samband í síma 869 6914.

Hefur þú farið á stefnumót nýlega? www.stefnumot.is

**Símaspjall 908 2020.**
Símaspjall 908 2020. Halló yndislegur ég heiti Halla. Ég er einmana og langar í þig.

23 ára stelpa leitar að fólki sem er til í símaspjall. Auglýsingin er mjög spennandi og innileg. Þú heyrir auglýsinguna í Órum Rauða Torgsins, sími 905-5000 (símatorg) og 535-9950 (Visa, Mastercard), kr. 199,90 mín, augl.nr. 8436.

Yndislegt símaspjall við yndislegar konur! Dömurnar á Rauða Torginu eru fríður og síbreytilegur hópur kvenna sem njóta bæði hressilegra símaleikja og ljúfra stunda í rólegu spjalli. Hvaða dama verður vinkona þín í kvöld? Símar 908 6000 (símatorg, kr. 299,90 mín.) og 535 9999 (Visa, Mastercard, kr. 199,90 mín.),

## Leikir

Bingó í kvöld, allir velkomnir. Vínabær.

# ATVINNA

**BÍLSTJÓRI**
**MEÐ 5 TONNA RÉTTINDI**

Óskum að ráða öflugan starfsmann til útkeyrslu og lagerstarfa.

Reyklaus vinnustaður
Reglulegur vinnutími
Góður starfsandi

Upplýsingar gefur Guðjón (gudjon@hvitlist.is)

**hvítlist**
Krókhálsi 3 • 110 Reykjavík • Sími 569 1900 • hvitlist@hvitlist.is • www.hvitlist.is

# FASTEIGNIR

**Kjöreign ehf**
TRAUST OG ÖRUGG ÞJÓNUSTA
SÍMI 533 4040
FAX 533 4041
OPIÐ MÁN.-FIM. 9-18 OG FÖS. 9-17
Dan V.S. Wiium hdl., lögg. fasteignasali
Ármúli 21, Reykjavík • kjoreign@kjoreign.is • www.kjoreign.is

**OPIÐ HÚS Í DAG milli KL. 18-19**





**FÍFURIMI 5 - GRAFARVOGI**
Um er að ræða neðri sérhæð með sér inngangi. Rúmgóð 69,0 fm 2ja herb íbúð með stórri suðvestur verönd, afgirt með skjólveggjum. Þvottahús innan íbúðar. **Sér bílastæði við húsið. Verð 17,0 millj. LAUS STRAX. Ómar tekur á móti áhugasömum í dag milli kl. 18 og 19**

Kristinn Valur Wiium
Sölumaður Sími: 8966913

Ólafur Guðmundsson
Sölumaður Sími: 8964090

**Draumahús 530 1800**

**Andrésbrunnur 8, 2. hæð - 113 Rvk**
**Opið hús í dag kl 17:00 - 18:00**




**21.000.000 - EIGNIN ER LAUS**
Glæsileg 3ja herb. 94,6 fm íbúð á 2.hæð í lyftuhúsi, ásamt stæði í bílageymslu.
Húsið er steinað að utan og er því viðhaldslítið.
***Sölumenn Draumahúsa taka á móti gestum***

**Föst lág söluþóknun**

Draumahús ehf. • Hjalti Pálmason hdl. og Sigurður J. Sigurðsson, löggiltir fasteignasalar
Mörkin 4 • 108 Reykjavík sími: 530 1800 • fax: 530 1801
www.draumahus.is • draumahus@draumahus.is

# TILKYNNINGAR

**Reykjavíkurborg**
Skipulags- og byggingarsvið

## Auglýsing um nýtt og breytt deiliskipulag í Reykjavík

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, eru hér með auglýstar tillögur að nýju og breyttu deiliskipulagi í Reykjavík.

**Hamrahlíð 2, Hlíðaskóli.**
Tillaga að deiliskipulagi fyrir lóð Hlíðaskóla að Hamrahlíð 2.
Deiliskipulag þetta er gert vegna áforma um byggingu battavallar á lóðinni og lóðarfrágangs sem áformaður er á árinu. Með deiliskipulaginu verða lóðarmörk við Hörgshlíð færð til suðurs þannig að bílastæði verða alfarið innan lóðar skólans.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

**Austurberg 5, Fjölbrautaskólinn í Breiðholti.**
Tillaga að breytingu á deiliskipulagi lóðar Fjölbrautaskólans í Breiðholti við Austurberg 5.
Breytingin felst í því m.a. að bráðabirgðakennslustofur eru fjarlægðar og byggingareitir færðir. Byggingareitir sunnan núverandi byggingu eru felldir niður og gert ráð fyrir nýjum vestan og suðvestan við núverandi byggingu. Í fyrsta áfanga er gert ráð fyrir 3ja hæða viðbyggingu við skólann. Bílstæðum á lóð skólans og á bílastæðalóð við Austurberg 5 mun fjölga við breytinguna.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar liggja frammi í upplýsingaskála skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar að Borgartúni 3, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, frá 2. ágúst til og með 13. september 2006. Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðu sviðsins, ***www.skipbygg.is***. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega eða á netfangið ***skipulag@rvk.is***, til skipulags- og byggingarsviðs (merkt skipulagsfulltrúa) eigi síðar en 13. september 2006.
Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillögurnar.

Reykjavík, 2. ágúst 2006
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

BORGARTÚN 3 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 3000 - MYNDSENDIR 411 3090

# SKEMMTILEGAST/LEIÐINLEGAST

## *Líkar ekki að bíða í umferð*

Söngvarinn Davíð Smári Harðarson er jákvæður maður og átti í litlum vandræðum með að nefna það sem honum finnst skemmtilegast að gera. Hins vegar kom á hann mikið hik og þurfti hann langan umhugsunarfrest þegar hann þurfti að nefna eitthvað sem honum fyndist leiðinlegt að gera.

„Það sem ég hef fyrst og fremst yndi af að gera er að elda og framreiða góðan mat, ég er mikill matgæðingur og legg mikið upp úr eldamennsku á mínu heimili. Ég hef einnig mikla ánægju af því að fara í ræktina og taka virkilega á því, spila mikið á gítar heima og syng enda er söngurinn eitt af því sem ég hef yndi og ánægju af,“ segir Davíð Smári, sem hefur heldur betur snúið við blaðinu og lést um 42 kíló á rúmu ári.

„Það er bara svo svakalega fátt sem mér finnst leiðinlegt að gera,“ segir Davíð Smári hikandi. „Eða, jú, ég þoli ekki að keyra í umferðinni klukkan átta á morgnana og klukkan fimm á daginn. Síðan finnst mér ekki skemmtilegt að kaupa föt. Það er nú það eina sem mér dettur í hug.“



DAVÍÐ SMÁRI HARÐARSON ER JÁKVÆÐUR MAÐUR.


CARTERS
RÝMINGARSALA
Carters barnaföt á rýmingarsölu
ÚTSÖLULOK –
ALLT AÐ 80% AFSLÁTTUR
Móðurást
Hamraborg 7 • Kópavogur
S: 564 1451
www.modurast.is

allt
matur
Alla föstudaga




Samkv. dagbókarkönnun Gallup apríl 2006.
ALDREI STÆRRI OG VINSÆLLI!
Langöflugasti miðill unga fólksins er enn að vaxa.
FM957
Auglýsingasími: 550 5000

SÓL UM LAND ALLT!




... eins og náttúran ætlaði!

# Nú ráða athafnir og athafnastjórnmálamenn - eða hvað?

**UMRÆÐAN**
OFSAAKSTUR



**KRISTBJÖRN ÁRNASON**
KENNARI

Nú eru þeir árvissu dagar þegar við höfum áhyggjur af unglingadrykkju á útihátíðum. Hver og einn kjaftar framan í annan um þetta vandamál. Á sama tíma eru flestir fjölmiðlar fullir af umfjöllun um þessar útihátíðir og koma þeim skilaboðum til unga fólksins að enginn sé maður með mönnum nema að mætt sé á slíkar samkomur. Jafnvel sveitarfélögin eru á fullu til að ná til sín þessari stemmingu sem fjöldadrykkja er. Fjölmiðlar taka svo bæði myndir og viðtöl við drukkna unglinga undir lögaldri og annað fólk sem er yfir þessum aldursmörkum en eru samt á svipuðu þroskastigi að þessu leyti. Sýna með því hvað þetta er allt stórkostlegt.

Eftir á er jafnan spurt, hvað sé til ráða til að sporna við unglingadrykkju? Allir þykjast furðu lostnir yfir þessum ósóma og spyrja hvar sé ábyrgð foreldra. Jú, þeir bera lagalega ábyrgð á börnum sínum fram að 18 ára aldri. Hvernig væri nú að kalla foreldra til ábyrgðar? Það væri gert með því að löggæslumennirnir okkar sjái unglingadrykkjuna (loki ekki augunum og líti í hina áttina og þykist ekki sjá) og fari með unglinga í gæslu. Síðan væri kallað á foreldra, tekin af þeim skýrsla við hvert brot og þeir sektaðir um fjárhæðir sem skipta máli. Sektir fari vaxandi við fleiri afbrot og allt endi með barnaverndarmeðferð og meðferðarúrræðum fyrir bæði foreldra og börnin. Nú, ef þetta eru svona alvarleg brot þarf að taka á þeim. Þetta er úrræði sem ekkert sómakært foreldri kærir sig um að lenda í og ég tala nú ekki um að meðferð fari fram á virkum dögum að vetrarlagi þegar afkomendurnir eiga að sitja á skólabekk. Sektirnar borga kostnaðinn og sumarleyfi foreldra er lokið á þessum tíma.

Í vor var mikil og alvarleg umræða um það að setja yrði búnað í alla bíla þannig að þeir gætu ekki ekið hraðar en mestur leyfilegur hraði væri samkvæmt lögum. Ég viðurkenni það fúslega að ég væri ekki hrifinn af slíkum úrræðum yfirvalda. Nú bregður svo við að stór mótorhjól eru látin geysast á ógnarhraða jafnvel frá 180 km og upp í 300 km hraða. Jafnvel var frá því sagt í Blaðinu á dögunum að einn ökumaður slíks bifhjóls hefði ekið með kærustu sína með sér á hjólinu á 240 km hraða. Nú á nokkrum dögum hafa þrír ökumenn á svona vélfákum dáið á vegunum. Þetta hefðu einhverntíma þótt ótrúlegar fréttir. Dómsmálaráðherra segir að þessir ökumenn hafi ekki þá dómgreind og/eða skynsemi til að það nægi að tala um fyrir þeim.

Nú eru góð ráð dýr, því þetta er ekki neitt einkamál þessarra fanta. Það er m.ö.o. nauðsynlegt að grípa til einhverra ráða til að koma í veg fyrir að menn geti hagað sér með þessum hætti. Bara af því einu að þeir „fíli“ ofsaakstur og fái út úr því kikk. Þegar ég var unglingur voru á „skellinöðrum“ þannig innsigli að það var ekki hægt að aka þessum litlu ökutækjum yfir löglegan hraða. Það er auðvelt að grípa til slíkra úrræða gagnvart þessum vélhjólum. Það er auðvitað úrræði sem grípa verður til snarlega ef þessi ofsaakstur hættir ekki strax. Það þarf væntanlega aðeins smá reglugerð til þess að þetta verði hægt, s.s. úrræði sem dugir og ofsahraði er úr sögunni.

Harkaleg úrræði? Nei, það væru ekki nema eðlileg viðbrögð af hálfu þjóðarinnar til að koma í veg fyrir slíka villimennsku. Í kjölfarið myndi allur áhugi hverfa fyrir því að eiga svona farartæki og það yrði snarlega verðfall á þessum gripum.

## AF NETINU

### Sama ástand og var fyrir 40 árum

Núna, tæpum 40 árum síðar, er eins og Kanasjónvarpinu hafi aldrei verið lokað. Yfirgnæfandi hluti þess efnis sem sýnt er í íslensku sjónvarpi kemur frá Bandaríkjunum. Fyrir því eru auðvitað góðar og gildar markaðsforsendur. Bandarískir sjónvarpsframleiðendur moka efni sínu til annarra landa á afsláttarkjörum og við þau geta framleiðendur frá smærri og fátækari samfélögum ekki keppt. Við þessu taka hinir íslensku sjónvarpseigendur fegins hendi og geta varið meiri peningum í að keppa um sjónvarpsefni sem er dýrt og eftirsótt – svo sem enska boltann.
Gallinn er bara sá að við sitjum uppi með sama ástand í íslensku sjónvarpi og var hér fyrir 40 árum. Sjónvarpið er ekki gluggi Íslendinga að umheiminum – heldur kíkir yfir Atlantshafið til Bandaríkjanna. Í þessum veigamikla miðli er menning Íslendinga hrein sníkjumenning. Við erum rottur sem nærumst á leifunum af nægtarborði amerískra sjónvarpsneytenda.
**Sverrir Jakobsson á murinn.is**

### Er Dagur B. Eggertsson talsmaður alls minnihlutans?

Vilhjálmur ritaði mér bréf skömmu eftir að hann varð borgarstjóri og mæltist til þess, að ég tilnefndi mann í starfshóp um öryggi borgarbúa og samstarf ráðuneytis og borgaryfirvalda og varð það niðurstaða okkar, að Stefán Eiríksson, nýskipaður lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu, skyldi leiða hópinn.
Mér finnst skrýtið, að látið er í það skína af Degi B. Eggertssyni, forystumanni Samfylkingarinnar í borgarstjórn, að þetta samstarf dómsmálaráðuneytis og Reykjavíkurborgar sé á einhvern hátt undan hans rifjum runnið. Þótt Dagur hafi verið og sé einn þeirra, sem sitja í starfshópnum, hefur hann ekki haft neitt frumkvæði að skipan hans.
Svo virðist sem sumir fjölmiðlar líti á Dag sem einskonar samnefnara fyrir þá þrjá flokka, sem eru í minnihluta í borgarstjórn. Hafa vinstri/græn og frjálslynd samþykkt Dag sem talsmann sinn? Hvers vegna er ekki leitað álits allra minnihlutaflokkanna í borgarstjórn, þegar fjölmiðlar kynna deiluefni á þeim vettvangi?
**Björn Bjarnason af bjorn.is**

### Skýr framtíðarsýn í samgöngumálum

Stýrihópur samgönguráðuneytisins skilaði af sér skýrslu um samgöngur við Vestmannaeyjar fyrir stuttu og þar er lagt til að skoðuð verði nánar sú lausn að byggja ferjuhöfn í Bakkafjöru og að aðal samgönguleið á milli lands og Eyja í framtíðinni verði með ferju milli Heimaeyjar og Bakkafjöru. Ef þessi breyting verður að veruleika þá mun sigling á milli Eyja og fastalandsins taka 30 mínútur í staðinn fyrir tæpar þrjár klukkustundir! Þetta er að sjálfsögðu mikil bylting og eykur vaxtarmöguleika Vestmannaeyja og einnig Suðurlands töluvert mikið. Ég fagna því að loksins sé kominn ákveðinn farvegur í samgöngumál í Vestmannaeyjum og farið sé að horfa til framtíðar. Skýr framtíðarsýn í samgöngumálum, sem og öðrum málum, er ætíð til framdráttar.
**Margrét Rós Ingólfsdóttir af tikin.is**

SALE
SALE
SALE

DÚNDURÚTSALA
AÐEINS Í 4 DAGA

| | | |
|---|---|---|
| GALLABUXUR | ~~6.990,-~~ | NÚ 3.000,- |
| BOLIR | ~~2.990,-~~ | NÚ 1.000,- |
| PEYSUR | ~~4.990,-~~ | NÚ 2.000,- |
| SKYRTUR | ~~3.990,-~~ | NÚ 2.000,- |
| JAKKAR | ~~5.990,-~~ | NÚ 2.000,- |
| SKÓR | ~~6.990,-~~ | NÚ 2.000,- |

OPIÐ
MIÐVIKUDAG KL. 09.00 – 20.00
FIMMTUDAG KL. 10.00 – 21.00
FÖSTUDAG KL. 10.00 – 19.00
LAUGARDAG KL. 10.00 – 18.00

SALE
SALE

BLEND®
KRINGLAN // SMÁRALIND // KEFLAVÍK
S.588 5777 // S.544 4646 // S.421 6899

# Ólögmæt rukkun í skjóli ráðuneytisins

**UMRÆÐAN**
LÍKHÚSGJALD
KGRP



**GUNNAR INGI GUNNARSSON**
LÆKNIR

Umboðsmaður Alþingis (UA) komst nýlega að þeirri niðurstöðu að hið svokallaða líkhúsgjald, sem er kr. 10.000 per lík (des. 2004) og hefur verið innheimt allt frá 1. maí 2004 á vegum sjálfseignarstofnunarinnar Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæmis (KGRP), eigi sér ekki stoð í gildandi lögum. Þar með hefur UA úrskurðað gjaldtökuna ólögmæta einsog sá sem þetta ritar þóttist vita, þegar málinu var ýtt úr vör í upphafi.

Úrskurður UA í þessu máli spannar alls 17 blaðsíður og er vandaður að mati undirritaðs.

Helstu þættir úrskurðarins eru þeir að líkhúsgjaldið sé óheimilt og að ráðuneyti dómsmála sé ráðlagt að skoða, hvort ekki þurfi að breyta lögum til að gera það lögformlega skýrara, hvaða þjónustu KGRP eigi að veita almenningi fyrir það skattfé sem stofnunin fær úr ríkissjóði. Þessari niðurstöðu UA ber að fagna. Hún sýnir okkur glögglega hversu mikilvægur UA er í íslensku réttarkerfi. Á þeirri löngu og grýttu leið, sem farin hefur verið með þetta líkhúsgjald – allt frá því óvæntur gíróseðillinn birtist okkur í desember 2004 og þar til úrskurðurinn kom nýlega – hefur ýmislegt komið á daginn.

Í upphafi hringdi undirritaður í fulltrúa KGRP og var hann beðinn um skýringar á gjaldtökunni. Í því samtali kom fram, efnislega, að KGRP hefði reynt að fá aukafjárveitingu til rekstursins úr ríkissjóði – en ekki fengið. Því hefðu þeir þurft að taka kæligeymslu á líkum útfyrir sviga, skilgreint geymsluna sem aukaþjónustu og farið að rukka dánarbúin beint. Syrgjendur greinilega auðveldari viðfangs en ráðuneytið. Ljótur bisniss að tarna. Að láta syrgjendur borga, fyrst ríkið neitar. Þarnæst var haft samband við lögmann Neytendasamtakanna. Hann tók erindinu vel og sendi fyrirspurn til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. Svar ráðuneytisins reyndist loðið og lítils virði. Þar fannst engin hjálparhönd í leit að réttarstöðu almennings gagnvart KGRP. Ef efni svarbréfs ráðuneytisins sýnir okkur raunverulegan skilning þeirra ráðuneytismanna á þessu lagalega álitamáli – ja þá er full ástæða til að hafa miklar áhyggjur af þeim bæ.

Næst fór erindið til UA. Erindinu var þar vel tekið og nokkrum vikum síðar fékk undirritaður ljósrit af svarbréfi lögmanns KGRP til UA. Þar komu fram athyglisverð skrif. Lögmaðurinn skrifar þarna enn loðnara bréf – uppá næstum 3 síður – þar sem reynt er að laumast framhjá þeirri einföldu staðreynd að hvergi er að finna líkhúsgjaldinu neina lagastoð. Þetta gerir lögmaðurinn með því að skrifa út og suður og klykkir síðan út með því að skrifa orðrétt:

„Enn fremur er það illskárra að innheimta líkhúsgjaldið af aðstandendum hinna látnu einstaklinga en að þurfa að loka líkhúsinu.“

Þessi hugmynd – um hugsanlegan vergang hinna látnu – afhjúpar vel veikan málstað KGRP. Eftir þetta var beðið eftir úrskurði UA. Hann birtist svo þann 11. júlí síðastliðinn og hafði þá tafist töluvert vegna breytinga í starfsmannahaldi. Úrskurður UA er góður. Hann er kall á bætta réttarstöðu almennings gagnvart stofnunum eins og KGRP. Í honum er einnig að finna klárar forsendur fyrir því að allir þeir, sem greitt hafa KGRP hið ólögmæta líkhúsgjald, geti nú krafist endurgreiðslu á gjaldinu – og þá auðvitað með tilheyrandi vöxtum.


Tillaga að matsáætlun

**Virkjun við Hverahlíð**

Orkuveita Reykjavíkur áformar að reisa jarðgufuvirkjun við Hverahlíð í sveitarfélaginu Ölfusi. Markmiðið með framkvæmdinni er að mæta aukinni eftirspurn atvinnuvega eftir raforku.

Undirbúningur mats á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar er hafinn og liggja nú fyrir drög að tillögu að matsáætlun.

Skýrsluna má nálgast á vef Orkuveitunnar, **www.or.is** og á vef Verkfræðistofu Guðmundar og Kristjáns hf., **www.vgk.is**

Hægt er að koma á framfæri athugasemdum eða ábendingum vegna áætlunar um mat á umhverfisáhrifum til **16. ágúst** n.k. við ritstjóra skýrslunnar, Auði Andrésdóttur, **audur@vgk.is**, Verkfræðistofu Guðmundar og Kristjáns hf., Laugavegi 178, 105 Reykjavík, bréfsími: 5400101.

**Virkjun á Ölkelduhálssvæði**

Orkuveita Reykjavíkur áformar að reisa jarðgufuvirkjun á Ölkelduhálssvæði í sveitarfélaginu Ölfusi og í Grímsnes- og Grafningshreppi. Markmiðið með framkvæmdinni er að mæta aukinni eftirspurn atvinnuvega eftir raforku.

Undirbúningur mats á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar er hafinn og liggja nú fyrir drög að tillögu að matsáætlun.

Skýrsluna má nálgast á vef Orkuveitunnar, **www.or.is** og á vef Verkfræðistofu Guðmundar og Kristjáns hf., **www.vgk.is**

Hægt er að koma á framfæri athugasemdum eða ábendingum vegna áætlunar um mat á umhverfisáhrifum til **16. ágúst** n.k. við ritstjóra skýrslunnar, Auði Andrésdóttur, **audur@vgk.is**, Verkfræðistofu Guðmundar og Kristjáns hf., Laugavegi 178, 105 Reykjavík, bréfsími: 5400101.

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS ORK 33650 07/2006

www.or.is

Orkuveita Reykjavíkur


# Afætur í líki fjárfesta

**UMRÆÐAN**
SUMARHÚS OG
LÓÐIR



**ALBERT JENSEN**
TRÉSMÍÐAMEISTARI

*Bændur eru þekktir fyrir heiðarleik og skynsamleg viðhorf. Seljendum jarða hefur ekki komið til hugar græðgin sem lá að baki kaupunum. Nú er þetta á allra vitorði og hæg heimatökin hjá samviskusömum bændum að færa ekki leiguliða sína í rándýrskjafta.*

Ný tegund gráðugra fjárfesta hefur skotið rótum í samfélagi voru og herjar með sérlega ógeðfelldum hætti. Þar á ég við þá, sem kaupa af bændum áratuga gróin sumarhúsalönd, til að græða á að hækka leiguna. Minnir á fjárkúgun. Og þjóðin sem hélt að mælirinn væri fullur og slík ógeð hefðu hvergi ónuminn blett að stinga hnífi í. Slíkur vargur er óseðjandi og mjólkar til blóðs.

Fjárfestingamöguleikar útgerðarmanna náðu himinhæðum, þegar Framsókn og Sjálfstæðisflokkurinn gáfu þeim sjávarauðlindina. Nýr fjárfestingaraðall myndaðist, þegar sömu flokkar nánast gáfu vinum sínum bankana, en þeir voru með arðbærustu eignum þjóðarinnar. Einn af nýju eigendunum keypti Eimskip og lagði niður strandsiglingar og færði sjóflutninga til landsbygðarinnar, út á þjóðvegina. Aðgerð þessa fjárfestis sparaði honum minna en sá óhemju kostnaður sem færðist á þjóðina í viðhaldi, uppbyggingu og innkomu fyrir hafnir. Nú er Flytjandi, afsprengi óskabarns þjóðarinnar, vá á þjóðvegum landsmanna. Þreyttir bílstjórar, á ógnarstórum flutningatækjum, þjóta landshorna í millum á örmjóum vegum og skapa hættu og öryggisleysi. Svo þegar KB banki hóf atlögu að Íbúðalánasjóði fylgdu hinir með. Nú skyldi maka krókinn á kostnað eigenda og kaupenda íbúða.

Ég varaði við blekkingum þessara gráðugu fjárfesta í greinum. Ég hélt því fram, að hækkun bankana á lánum til íbúðarkaupa og lækkun vaxta væri sýndarmennska og gerð til að blekkja lántakendur og gera Íbúðalánasjóðinn tortryggilegan. Ég færði rök fyrir því, að íbúðarhúsnæði myndi snarhækka og þar með lán, fasteignagjöld og skattar. Í kjölfarið gæti fjöldi manns misst aleigu sína til bankanna. Þeir sýna enga miskunn, enda gróðastofnanir, ólíkt Íbúðalánasjóði. Það sem ég skrifaði reyndist rétt. Nú hafa íbúðir lækkað, enda offramboð og fjöldi manns á heljarþröm með eignir sínar, en bankarnir tilbúnir að gleypa þær upp í skuldir.

En aftur að nýtilkomnu fjárfestunum. Þeir minna á þau rándýr í samfélagi sínu, sem vegna vesaldóms geta ekki framfleytt sér á eðlilegan hátt. Þeir ráðast því á þá sem veikastir eru fyrir og geta ekki varið sig. Þessi óskapnaður, sem vofir nú yfir öldruðum sumarhúsaeigendum, þakkar óforsjálum þingmönnum þessa ógeðfelldu gróðatilveru sína. Engum heilvita manni gat komið til hugar að slík lítilmenni þrifust í íslenskri mannflóru. Þau sem gera sér að féþúfu að rústa langtíma aðdraganda og undirbúningi fólks að lífshamingju síðustu ára sínna geta vart verið mannleg. Ef þing vort er gagnslaust í baráttunni við skaðræði þessi, verður almenningur að taka í taumana. Við megum ekki greiða sníkjudýrum leið að öldruðu fólki og öryrkjum. Slíkt gerðist í Bandaríkjunum þegar illmenni rukkuðu slíkt fólk um verndartolla, en athæfi íslensku fjárfestana, ef þeir eru þá íslenskir, er helber fjárkúgun. Fjárfestarnir vita, að fólk sem hefur í áratugi lagt allt sitt í sumarhús og umhverfi þess á erfitt með að slíta sig frá því og blóðmjólkar sig án þess að vita að það er vonlaust. Margt af þessu fólki hefur ekkert að byggja á, nema eftirlaun sín og lífeyrissjóð. Það sér nú drauma sína um þægileg ævikvöld fjúka út í veður og vind með innreið afætna í líki fjárfesta.

Bændur eru þekktir fyrir heiðarleik og skynsamleg viðhorf. Seljendum jarða hefur ekki komið til hugar græðgin sem lá að baki kaupunum. Nú er þetta á allra vitorði og hæg heimatökin hjá samviskusömum bændum að færa ekki leiguliða sína í rándýrskjafta. Ef allt um þrýtur gæti fólkið leitað á náðir bænda sem ekki selja og falast eftir lóð til að flytja sumarhúsin á. Síðan er sjálfsagt að saga niður allan gróður og selja til úrvinnslu. Ráði fólk ekki við afarkosti og flutninginn, eða vilji ekki láta óþverraskapinn yfir sig ganga, rífur það húsin og fjarlægir allt nýtilegt. Skilur eftir sviðna jörð í óeiginlegri merkingu,en Rússar gerðu það á afdrifaríkan hátt, gagnvart landræningjum í seinni heimsstyrjöldinni.

# Íslenskar fjölskyldur eiga betra skilið

**UMRÆÐAN**
MATVÆLAVERÐ



**RANNVEIG GUÐMUNDSDÓTTIR**
ALÞINGISMAÐUR

*Allir vita að mesta búbót heimilanna er að lækka matarverðið. Ísland er með hæsta matarverð í Evrópu og um það verður ekki deilt.*

Konur á Íslandi eru frábærar. Þær eru flestar á vinnumarkaði í samanburði innan Evrópu. Þessar sömu konur eignast líka flest börn eða tæp tvö börn á konu á barneignaraldri miðað við 1,5 börn í ESB. Konurnar okkar mennta sig líka meira en annars staðar og hér eins og á hinum Norðurlöndunum er jafnrétti sett á oddinn. Í Þýskalandi til dæmis ákveður um helmingur kvenna á vinnumarkaði að eignast ekki börn og víða er litið svo á að illframkvæmanlegt sé að samræma fjölskyldulíf og atvinnulíf. Í löndum Norður-Evrópu mun þurfa að flytja inn vinnuafl í milljónatali til að standa undir samfélaginu og skuldbindingum við eldri kynslóðina.

Það er litið til Norðurlandanna sem fyrirmyndar um samfélagsgerð, þar sem félagslegar áherslur séu sterkari en annars staðar og jafnrétti ríki. Hérlendis er tekið mið af þörfum fjölskyldunnar í uppbyggingu leikskóla og þróun grunnskólans sem fyrst og fremst er á ábyrgð sveitarfélaganna og nýju fæðingarorlofslögin eru dæmi um jákvæða framkvæmd sem styður við þessa sérstöku íslensku fjölskyldumynd. En á öðrum sviðum er pottur brotinn.

### Matarverð er allt of hátt

Undanfarið hefur staðið yfir umræða um tillögur matarverðsnefndar forsætisráðherra og nauðsyn þess að lækka matarverðið. Allir vita að mesta búbót heimilanna er að lækka matarverðið. Ísland er með hæsta matarverð í Evrópu og um það verður ekki deilt. Orsakir hins háa matarverðs liggja nú fyrir í skýrslum sem Samfylkingin hafði forgöngu um að kalla eftir og nú snýst þetta eingöngu um vilja stjórnvalda til að taka á málinu. Umhverfi fjölskyldunnar hérlendis er annað en t.d. á hinum Norðurlöndunum. Má þar nefna sjálfseignarstefnuna og hvað fasteignaverð, verðtrygging og vextir hafa gífurlega mikið að segja varðandi afkomuna.

Flest unga fólkið er líka með námslán. Það er aldrei hægt að treysta á að barnabætur og vaxtabætur verði eins og boðað var þegar áætlanir heimilisins voru gerðar. Skattapólitík ríkisstjórnarinnar er best fyrir þá ríku og matarverð er hæst í heimi. Þess vegna hefur Samfylkingin staðið fyrir umræðu og flutt tillögur á Alþingi um að lækka matarverðið í meira en fjögur ár. Aðrir flokkar hafa meira og minna haldið uppi vörnum fyrir úr sér gengið landbúnaðarkerfi. Við höfum gagnrýnt skattastefnuna og stefnuleysið í málefnum fjölskyldunnar en skuldsetning heimilanna er með því mesta sem þekkist.

### Fjölskyldan í forgang

Í upphafi þenslunnar fyrir tveimur árum fóru fjármunir að renna glatt í ríkiskassann. Þá ákvað ríkisstjórnin að lækka skattana. Ríkisstjórnin áætlaði að tekjutap ríkisins vegna þessa næmi 5 milljörðum króna. Samfylkingin sýndi fram á að helmingur rynni til 25% tekjuhæstu og ekkert til 25% tekjulægstu. Á því ári greiddu tekjuhæstu hóparnir eingöngu 12% til samfélagsins en fólk með lágar og meðaltekjur greiddi 25 til 27%. Þetta var ekki fjölskylduvæn ákvörðun.

Samfylkingin vildi nota þetta fimm milljarða svigrúm til að lækka matarverðið en fékk auðvitað ekki stuðning stjórnarflokkanna við það.

Lækkun matarverðs hefur líka víðtækari áhrif. Matur og drykkur vegur 15% í neysluvísitölunni sem mælir verðbólguna og myndar verðtrygginguna sem nú er að hækka öll húsnæðislán og þyngja greiðslubyrði fjölskyldnanna í landinu. Fjármálaráðherra ber fyrir sig aðild að alþjóðaviðskiptasamningum en Doha-viðræðurnar hafa runnið út í sandinn og við verðum að taka til heima hjá okkur sjálf. Samfylkingin vill að fjölskyldan verði sett í forgang.

Gera þarf áætlanir í samráði við bændur um hvernig lækka má matarverð verulega án þess að það komi niður á eðlilegum stuðningi við bændur og hrinda á í framkvæmd tillögum formanns matvælanefndarinnar. Enginn krefst þess að þetta gerist í einu stökki en nú er eðlilegt að gerð sé krafa um aðgerðir stjórnvalda í stað undanbragða.


Uppsöfnuð hlustun 12-34 ára yfir vikuna samkv. dagbókarkönnun Gallup apríl 2006.




ALDREI STÆRRI OG VINSÆLLI!

Langöflugasti miðill unga fólksins er enn að vaxa.

FM957

Auglýsingasími: 550 5000

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 5.260 **-0,21%**

**Fjöldi viðskipta:** 179
**Velta:** 1.136 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Icelandic-Group** | 1,27% | **Össur** | 1,84% |
| **Bakkavör** | 0,63% | **Mosaic** | 1,18% |
| **Glitnir** | 0,60% | **Alfesca** | 0,98% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 61,30 -0,33% ... Alfesca 4,06 -0,98% ... Atlantic Petroleum 561,00 +0,00% ... Atorka 6,05 +0,00% ... Avion 32,40 +0,00% ... Bakkavör 47,60 +0,63% ... Dagsbrún 5,30 -0,38% ... FL Group 15,40 -0,65% ... Glitnir 16,80 +0,60% ... KB banki 701,00 -0,29% ... Landsbankinn 20,60 -0,48% ... Marel 74,40 +0,00% ... Mosaic Fashions 16,70 -1,18% ... Straumur-Burðarás 15,70 -0,63% ... Össur 107,00 -1,84%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN

nánar á visir.is

# Fjörutíu milljarðar í vexti á níutíu dögum

### Hreinar vaxtatekjur banka á öðrum ársfjórðungi eru helmingur af hreinum vaxtatekjum ársins 2005.

Hreinar vaxtatekjur bankanna námu 39,5 milljörðum króna á öðrum ársfjórðungi þessa árs og hafa aldrei verið meiri. Þessi tekjustofn bankanna hækkaði um rúma tólf milljarða króna frá fyrstu þremur mánuðum ársins þegar hann nam alls 27,3 milljörðum.

Allt síðasta ár fengu stóru bankarnir rúma 78 milljarða í hreinar vaxtatekjur, tvöfalda þá upphæð sem þeir fengu í tekjur á öðrum ársfjórðungi.

Hreinar vaxtatekjur Glitnis banka voru tæpir 11,5 milljarðar króna á öðrum árshluta og jukust um 45 prósent frá fyrsta ársfjórðungi. Landsbankinn fékk 13,7 milljarða króna í vaxtatekjur og jukust þær um 53 prósent og hreinar vaxtatekjur KB banka, sem voru um 14,4 milljarðar á öðrum árshluta, hækkuðu um 37 prósent á milli fjórðunga.

Há verðbólga og lækkun á gengi krónunnar eru meginorsakir þessarar aukningar á öðrum ársfjórðungi. Verðtryggðar eignir bankanna eru töluvert meiri en skuldir þeirra. Þá hefur vægi erlendra eigna bankanna farið sívaxandi í hlutfalli við innlendar eignir. - eþa



**MIKLAR VAXTATEKJUR VIÐSKIPTABANKA** Hreinar vaxtatekjur bankanna voru tólf milljörðum hærri á öðrum ársfjórðungi en þeim fyrsta.

**HREINAR VAXTATEKJUR BANKANNA ***

| | 2. ársfj. | 1. ársfj. | Árið 2005 |
|---|---|---|---|
| Glitnir | 11.477 | 7.922 | 22.351 |
| KB banki | 14.384 | 10.484 | 32.710 |
| Landsb. | 13.662 | 8.934 | 22.996 |
| Alls | 39.523 | 27.340 | 78.057 |

** Í milljónum króna*

# KB banki selur í Exista

### Kaupverð 6,1 prósent hlutar er á annan tug milljarða. Forstjóri KB banka telur að með þessu svari bankinn gagnrýni á krosseignarhald.

KB banki hefur selt 6,1 prósent hlutafjár í Exista til níu íslenskra lífeyrissjóða. Ef miðað er við síðustu viðskipti Exista nema kaupin 17,5 milljörðum króna. Eftir viðskiptin á KB banki 14,8 prósent hlutafjár í Exista.

Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri KB banka, segist afar ánægður með viðskiptin og er sannfærður um að þær breytingar sem orðið hafa á Exista undanfarin misseri geri félagið að áhugaverðum fjárfestingarkosti „Þegar Exista verður skráð á markað verður það með næstmest eigið fé allra íslenskra fyrirtækja. Þetta er öflugt félag sem á marga möguleika.“

Hreiðar segir ljóst að með þessum viðskiptum svari KB banki gagnrýni um krosseignarhald frá Morgan Stanley og fleiri erlendum aðilum. Tíminn verði þó að leiða í ljós hvort viðskiptin komi bankanum til góða á erlendum mörkuðum „Það voru margir sem efuðust um að þetta væri hægt í þessum markaðsaðstæðum. Við erum að sýna og sanna að mat okkar á aðstæðum var rétt.“

Í tilkynningu frá KB banka til Kauphallarinnar kemur fram að bankinn innleysi 5,7 milljarða króna í hagnað af sölunni á þriðja ársfjórðungi.

Þá segir að stefnt sé að því að selja hluti í Exista til fagfjárfesta í tengslum við skráningu Exista í Kauphöll Íslands og að helmingi þeirra hluta sem voru í eigu bankans fyrir viðskiptin verði úthlutað til hluthafa í formi arðgreiðslna. - jsk



**HREIÐAR MÁR SIGURÐSSON, FORSTJÓRI KB BANKA** KB banki hefur selt 6,1 prósent hlut í Exista til níu lífeyrissjóða. Kaupverð nemur 17,5 milljörðum króna.

# Icelandair semur við SAS

Icelandair hefur samið við SGS, afgreiðslufyrirtæki í eigu SAS, og mun fyrirtækið sjá um alla farþega- og farangursþjónustu fyrir Icelandair á Kastrup-flugvelli í Kaupmannahöfn.

Undanfarna mánuði hefur Servisair annast þessa þjónustu. Í tilkynningu frá Icelandair segir að við breytinguna flytjist innritunin í nýja afgreiðslubyggingu 3 og að breytingin sé gerð í hagræðingarskyni og til þess að auka þjónustu við farþega félagsins. - jsk






**PETER O'TOOLE**
**FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1932**



*„Hvenær áttaði ég mig á því að ég væri guð? Jú, ég var að biðja og allt í einu áttaði ég mig á því að ég var að tala við sjálfan mig.“*

***Peter O'Toole er breskur leikari sem lék meðal annars í Lawrence of Arabia.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST 2. ÁGÚST 1990

# *Írak ræðst inn í Kúveit*

Á þessum degi fyrir sextán árum síðan réðust Írakar inn í nágrannaríki sitt, Kúveit. Saddam Hussein, forseti Íraks, skipaði fyrir um innrásina til þess að komast yfir olíulindir Kúveita og fella niður skuldir Íraka við þá. Daginn eftir að innrásin hófst fóru Sameinuðu þjóðirnar fram á að Írakar drægju herlið sitt til baka og þann sjötta ágúst settu þær viðskiptabann á landið.



Sádí-Arabar, stærsti olíuframleiðandi í heimi, óttuðust um öryggi sitt og töldu að þeir yrðu næsta fórnarlamb Íraka. Þeir höfðu því samband við sína helstu viðskiptavini, Bandaríkin og ríki Vestur-Evrópu, og báðu þau um að senda varnarlið inn í landið og koma í veg fyrir árás Íraka. Egyptaland og önnur Arabaríki sendu einnig liðsauka til varnar Sádí-Aröbum.

Í lok nóvember heimilaði öryggisráð Sameinuðu þjóðanna vopnavald gegn Írökum ef þeir drægju ekki herlið sitt til baka fyrir fimmtánda janúar. Saddam gaf sig ekki og Persaflóastríðið hófst þann sextánda janúar með loftárásum á Írak.

Eftir að hafa brotið niður flugher Íraka og skotið niður opinberar byggingar, vegi, olíuhreinsunarstöðvar og vopnaverksmiðjur, réðust bandamenn gegn íröskum hermönnum í Kúveit. Í lok febrúar réðust bandamenn síðan inn í Kúveit og náðu höfðuborginni fljótlega á sitt vald en Írakar veittu litla mótspyrnu. Þann 28. febrúar lýsti forseti Bandaríkjanna, George Bush, yfir vopnahléi, en á þeim tíma var mótspyrna Íraka orðin að engu.

## MERKISATBURÐIR

**1870** Fyrsta neðanjarðarlestarkerfið í heiminum opnar í London.

**1924** Svíinn Eirik H. Nelson flýgur til Hornafjarðar en það er í fyrsta skipti sem flogið er yfir Atlantshafið til Íslands.

**1943** Skip bandaríska sjóhersins, PT-109 undir stjórn John F. Kennedy, er sökkt af Japönum.

**1969** Vitinn á Gjögurtá við Eyjafjörð springur í loft upp en nýbúið var að skipta um gasbirgðir í vitanum.

**1988** Kanadísk flugvél ferst í aðflugi að Reykjavíkurflugvelli með þeim afleiðingum að þrír menn láta lífið.

**2004** Mánudagsmótmælin hefjast í Þýskalandi en þau beindust að niðurskurði í heilbrigðiskerfinu.

## AFMÆLI



**Björn Brynjúlfur Björnsson** kvikmyndagerðarmaður er fimmtugur.




Rúnar Geirmundsson / Sigurður Rúnarsson / Elís Rúnarsson

**Þegar andlát ber að**

**Síðastliðin 15 ár höfum við feðgar aðstoðað við undirbúning útfara.**
**Alhliða útfararþjónusta**
**Símar: 567 9110,**
**893 8638 og 897 3020**

Útfararþjónustan ehf.
Stofnað 1990


## ÚTFARIR

**11.00** Björk Hafrún Kristinsdóttir, Blikabraut 7, Keflavík, verður jarðsungin frá Keflavíkurkirkju.

**13.00** Birkir Hafberg Jónsson, Öldubakka 19, Hvolsvelli, verður jarðsunginn frá Háteigskirkju.

**14.00** Helga Kristinsdóttir, Stekkjargötu 27, Njarðvík, verður jarðsungin frá Keflavíkurkirkju

**15.00** Matthea Jónsdóttir Pedersen, frá Auðkúlu í Arnarfirði, verður jarðsungin frá Garðakirkju.



†

*Okkar ástkæri*

**Árni Baldvin Sigurðsson**

Kulturgatan 31, Påskallavik, Svíþjóð,

andaðist á sjúkrahúsinu í Oskarshamn í Svíþjóð föstudaginn 28. júlí síðastliðinn.

**Eygló Einarsdóttir**
**Einar Ómarsson**
**Arnar Árnason**
**Þórunn Gyða Árnadóttir**
**Sigríður Sigurðardóttir**
**Ingibjörg Sigurðardóttir**
**Þórunn Sigurðardóttir**
**Rebecka Tholén**
**Erik Lundgren**



†

*Ástkær sonur okkar, bróðir og barnabarn,*

**Birkir Hafberg Jónsson**

Öldubakka 19, Hvolsvelli,

sem lést af slysförum sunnudaginn 23. júlí sl. verður jarðsunginn frá Háteigskirkju í dag, 2. ágúst kl. 13.00.

**Agnes Lilý Guðbergsdóttir**
**Jón Jónsson**
**Gunnar Svanberg Jónsson**
**Sólrún Ósk Jónsdóttir**
**Hjálmey Einarsdóttir**
**Karl A. Helgason**
**Karin Jónsdóttir**
**og aðrir aðstandendur**
**Einar Ingason**
**Ieva Marga**
**Halldór Leví Björnsson**



†

*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma*

**Lilja Árnadóttir**

Smáratúni 19, Selfossi,

lést þriðjudaginn 25. júlí. Útförin fer fram frá Selfosskirkju fimmtudaginn 3. ágúst kl. 13.30.

**Loftur Jóhannsson**
**Jónína Loftsdóttir**
**Jóhann B. Loftsson**
**Gíslunn Loftsdóttir**
**Heimir S. Loftsson**
**Svana Sigtryggsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**
**Haukur Stefánsson**
**Elfa Eyþórsdóttir**
**Hermann Bragason**
**Stefanía M. Sigurðardóttir**



**INGUNN MEÐ HUNDINUM SÍNUM** Ingunn hefur sett upp yfir fjörutíu leiksýningar í gegnum tíðina og bjó um árabil á Höfn í Hornafirði og á Hvolsvelli ásamt eiginmanni sínum þar sem hún starfaði við leiklist og leikstjórn. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

## INGUNN JENSDÓTTIR LEIKKONA OG LEIKSTJÓRI: 65 ÁRA Í DAG

# Ólst nánast upp í leikhúsinu

„Ég er að fara að leikstýra leikhópnum Mána í Hornafirði, í Fiðlaranum á þakinu, sem er stórt og mikið verk,“ segir Ingunn Jensdóttir, leikkona og leikstjóri, sem verður 65 ára í dag.

„Svo er ég í Kvennakór Reykjavíkur og við vorum núna síðastliðið vor með söngleikjaprógram og það setti ég í senur þannig að þetta var svolítið leikrænt hjá okkur og skemmtilegt,“ segir Ingunn og bætir við að hópurinn ætli að fara með verkið norður í land. „Við vorum að vísu bara með tvær sýningar en þær voru náttúrulega alveg troðfullar og þetta fékk mjög góðar undirtektir,“ segir Ingunn.

„Ég byrjaði tíu ára gömul í Listdansskóla Þjóðleikhússins og þegar ég var svona tólf til þrettán ára gömul vorum við byrjaðar að taka þátt í sýningum, fyrst ballettsýningum og svo alltaf á hverju vori þá voru söngleikir og maður tók þátt í þessu öllu saman. Svo vorum við oft notaðar með þegar það vantaði í lítil hlutverk þannig að maður ólst hálfvegis upp í Þjóðleikhúsinu. Síðan fór ég í Leiklistarskólann og flutti svo út á land,“ segir Ingunn.

„Ég bjó á Hvolsvelli og þar leikstýrði ég mjög mikið. Eftir áramót verð ég væntanlega þar vegna þess að tónlistarskólinn er fimmtíu ára og það á að gera eitthvað mikið húllumhæ.“ Maður Ingunnar var sýslumaður úti á landi og þau hjónin bjuggu lengi á Hvolsvelli og á Höfn í Hornafirði og hefur Ingunn unnið mikið í menningarlífinu þar.

Ingunn hefur starfað nokkuð á Akureyri í gegnum tíðina og hefur bæði unnið fyrir Leikhúskórinn og Leikfélag Akureyrar þar sem hún lék meðal annars aðalhlutverkið í Húsi Bernörðu Alba. „Ég setti upp Kátu ekkjuna fyrir tveimur árum hjá Leikhúskórnum, það gerðum við í Ketilhúsinu sem var mjög skemmtilegt, ég hef gaman af því að breyta til og hafa þetta ekki allt uppi á sviði heldur setja þetta svolítið svona nær áhorfendum og fram í salinn,“ segir Ingunn.

„Ég setti upp held ég fimm söngleiki á Laugarvatni hjá menntaskólanum þar og það var mjög skemmtilegur tími og auðvitað er þetta allt skemmtilegt, ég get eiginlega ekkert valið á milli,“ segir Ingunn þegar hún er spurð um hvað sé eftirminnilegast á ferlinum. „Maður leggur allt sem maður á í hverja sýningu og ég er náttúrulega gamall dansari þannig að ég sé alltaf um dansana líka og svo er maður að vesenast í leikmyndinni,“ segir Ingunn sem hefur sett upp fjörutíu leiksýningar og megnið af þeim söngleiki.

„Það er nú bara svoleiðis að minn fyrrverandi maður, sem er látinn núna, Friðjón Guðröðarson, sýslumaður á Hvolsvelli, hefði orðið sjötugur fyrsta ágúst og ég ætla að vera með svolitla veislu út af því en ég náttúrulega gleymdi mér alveg í sambandi við það,“ segir Ingunn og hlær en hún á stóra fjölskyldu sem telur fjögur börn og níu barnabörn þannig að ljóst er að nóg verður að gera við undirbúninginn.

gudrun@frettabladid.is




**APASPIL** Apinn Mikey spilar póker við Marcel Lusk á blaðamannafundi í Las Vegas á dögunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Kvöldvaka

Annað kvöld stendur Minjasafn Akureyrar fyrir sinni sjöttu kvöldvöku í sumar í Laufási. Kvöldvakan á morgun ber heitið Hreinlæti fyrr og nú og er til heiðurs Jónasi Jónassyni frá Hrafnagili en ferðamenn á 19. öld furðuðu sig margir á hreinlæti landans.

Hreinlætisleysi þjóðarinnar var talið vandamál í byrjun tuttugustu aldarinnar og Halldór Laxness og Steingrímur Matthíasson fjölluðu meðal annarra um vandamálið.



Það er Haraldur Þór Egilsson, sagnfræðingur og safnkennari á Minjasafninu á Akureyri, sem ætlar fræða gesti um hreinlætisvenjur Íslendinga fyrr á tímum en kvöldvakan hefst klukkan hálf níu annað kvöld.

**PDA Phone** 2 stk. **26.990.kr/stk**

1) GSM tri-band: 900/1800/1900MHz
2) GPRS Class 12
3) Supports MP3 and 3g formats
4) 2.2" touch panel; 260k TFT
5) 2 Mega pixels camera
6) Digital Zoom 4X
7) Camera Effect
8) JAVA: Supported
9) 128MB Nand Flash
10) Mini SD Card slot
11) Embedded antenna
12) WAP 2.0
13) MMS
14) USB 2.0
15) PDA handwriting
16) Email support
17) Hand free
18) AV shooting (MPEG 4)
19) Movie/MTV playback in full screen
20) Video ring tone, MP3 ring tone
21) Built in speaker
22) Voice recording
23) High volume phone book (300 entries)
24) E-Book reading function
25) Karaoke
26) Support English/Simplified Chinese









**PDA Phone** Mp3, Mp4 with FM (New)
8 stk **26.990.kr/stk**

Specifications:
1) GSM tri-band: 900/1800/1900MHz
2) GPRS Class 10
3) Supports MP3 and MPEG 4 formats
4) 2.0" touch panel; 65k TFT
5) 1.3 Mega pixels camera
6) Digital Zoom 4X
7) Camera Effect
8) JAVA: Supported
9) 128MB Nand Flash
10) Mini SD Card slot
11) Embedded antenna
12) WAP 2.0
13) MMS
14) USB 2.0
15) PDA handwriting
16) Email support
17) Hand free
18) AV shooting (MPEG 4)
19) Movie/MTV playback in full screen
20) Video ring tone, MP3 ring tone
21) Built in speaker
22) Voice recording
23) High volume phone book (300 entries)
24) E-Book reading function
25) Support English/Simplified Chinese
Others:
-Alarm: Yes
-World Time: Yes
-Memo: Yes
-Note Pad: Yes
-Calculator: Yes
-Stopwatch: Yes
-Auto Turn On/Off: Yes
-Unit Convertor: Yes
-Currency Convertor: Yes
-Dictionary: Yes

**Car Portable DVD Player** 9 stk
**69.990.kr/stk**



DVD / VCD / CD / CD-R / MP3 / TV / FM player

Technical Parameter:
* Screen size : 7 inches
* Display mode : 16?9
* Format : NTSC/PAL
* Pixels : 480(W)¥RGB¥234(H)=336960 points
* Power : DC 12V
* Operation temperature : -10? ~ +50?
* Storage temperature : -20? ~ +75?
* Shape size : 190¥180¥50mm
* Unit weight : 2.8Kg

Function Description:
* 7 inches broad view angle 16:9 display mode
* Adjustable image brightness/color/contrast
* DVD/VCD/CD/CD-R/MP3 /TV/FM
* 4x45W power amplifying function
* NTSC/PAL automatic identification
* 3 video input
* 1 AV output
* Automatic backing car rearview function
* Video signal disappear, display blue screen
* Manual stretching and all around circumrotate adjusting

Card style remote control

**Mp4 Player** with speaker 1G 10 stk **9.690.kr/stk**
**Mp4 Player Nano** 1.8" 1G 10 stk **9.990.kr/stk**



**DV-02** 5 stk **16,990.kr/stk**
PMP with DV and Games Card 512 Mb(New)
2 Mega pixels camera, Music, TV recording



12 stk. **7990.kr/stk**
Mp3 with FM Transmitter **1 G** (Car or home)



**Allar upplýsingar 896 3536**

# STUÐ MILLI STRÍÐA: Miðborg óttans

**ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON** VAR EKKI BARINN UM HELGINA



Þá er Reykjavík eina ferðina enn orðin ein hættulegasta borg í heimi og ef marka má dramatískar fréttir fjölmiðla jafnast ástandið í miðbænum um helgar á við það sem gerist verst í Beirút.

Menningarstigið á Laugaveginum er þar fyrir utan að sögn nær því sem þekktist á Sturlungaöld en því sem maður hefði getað búist við á þeirri tuttugustu og fyrstu.

Ofbeldi er vissulega alltaf krassandi fréttaefni en það er fátt nýtt í þessu. Íslendingar hafa verið berserkir, bavíanar og brjálæðingar með áfengi frá því land byggðist og nægir í þessu sambandi að minnast afreka Egils Skallagrímssonar, sem eyðilagði einu sinni partí með því að plokka augað úr gestgjafanum og æla upp í hann.

Uppátæki af þessu tagi þekkjast vitaskuld enn og þegar þau rata í fjölmiðla með tilheyrandi upphrópunum og dómsdagsspám fá góðborgararnir hland fyrir hjartað, byrgja glugga og setja slagbrand fyrir hurð. Samt hefur alltaf ríkt hálfgerð skálmöld á Reykjavíkurdjamminu og þau ósköp sem dundu yfir um helgina eru í raun síendurtekið efni.

Fautahjörðin virðist þó áberandi óróleg í augnablikinu en þeir sem á annað borð telja sig eiga eitthvað að sækja á djammið munu varla láta fréttirnar fæla sig frá fjörinu enda á alveg að vera hægt að djúsa í bænum án þess að eiga það á hættu að verða klofinn í herðar niður.

Í flestum tilfellum eru þetta ofbeldismenn að berja ofbeldismenn og það breytir engu hvar þeir skjóta upp kollinum. Hvort sem það er í Reykjavík eða á Selfossi munu kinnbein brotna og höfuðkúpur brákast.

Besta líftryggingin er því að hafa vit á að halda kjafti og blanda sér ekki í mál vígamannanna. Þá má vel kneyfa öl í borginni, alla daga og nætur, án þess að þurfa að reikna fyrirfram með því að missa líf eða útlim. Ég ætla í það minnsta að taka sjénsinn enda setur maður sig hvort eð er í bráða lífshættu á hverjum degi með því einu að fara fram úr rúminu.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Óður til útvarpsins

**KVIKMYNDIR**

**[ UMFJÖLLUN ]**

Nafn Roberts Altman er sveipað einhverri guðlegri ljómun meðal kvikmyndagerðarmanna. Hann er einn af frumkvöðlum í kvikmyndalistinni og því er alltaf einhver spenna fyrir nýjustu verk þessa aldna höfðingja. Altman hefur oft tekið umhverfi sitt á beinið með hárbeittri ádeilu og nægir þar að nefna Prêt-à-Porter, þar sem tískuheimurinn fékk á baukinn, og The Player, þar sem sjálf kvikmyndaborgin er til umfjöllunar með sérstökum hætti.

A Prairie Home Companion er byggð á einhverjum þekktasta útvarpsþætti heims, sem stjórnað er af Garrison Keller. Þátturinn hefur verið við lýði í þrjátíu ár og er útvarpað um gjörvallan heim. Kvikmyndin er lögð út af þættinum og fá kvikmyndahúsagestir innsýn í hvað gerist á bak við tjöldin.

Aðstandendur þáttarins eru að undirbúa sig fyrir síðustu útsendinguna því auðmaðurinn Axman hefur keypt leikhúsið sem útvarpsþátturinn er tekinn upp í og hyggst rífa það niður. Persónurnar eru að venju æði skrautlegar en um leið mjög mannlegar. Systurnar Yolanda og Rhonda rifja upp glæsta tíma með systrahljómsveit sinni ásamt dóttur Yolöndu en þær ætla henni báðar að heiðra minningu sína. Guy Noir er einkaspæjari sem hefur fengið það hlutverk að leita einhvers konar undankomuleiðar fyrir þáttinn auk þeirra Lefty og Dusty en þeir eru þekktir brandarakarlar sem sjá ekki fram á framhaldslíf að útsendingu lokinni. Útvarpsþættinum er síðan skotið inn á milli með gamanmálum og tónlistaratriðum.

Að venju er valinn maður í hverju rúmi hjá Altman. Meryl Streep og Lily Tomlin eru stórskemmtilegar í hlutverkum systranna sem glíma við horfna ástvini og glötuðu ástina. Kevin Kline rúllar upp einkaspæjaranum Guy Noir sem, eins og kannski nafnið gefur til kynna, er klipptur út úr gamalli film noir mynd og Lindsay Lohan kemur skemmtilega á óvart sem dóttirin Lola. Yfir þessu öllu svífur síðan Garrison Keller sem að sjálfsögðu leikur sjálfan sig.

A Praire Home Companion er óður til gamla tímans sem í huga Altmans er bæði rólegur og yfirvegaður og hefur sigur gegn græðgi nútímans. Myndin er kærkominn gestur á meðal allra þessara sprenginga og hávaða sem nú ríkir í kvikmyndahúsunum. Hún líður áfram undir öruggri stjórn Altmans en er alls ekki ætluð óþolinmóðu fólki sem getur ekki setið undir löngum samræðum um lífið og tilveruna, banjóleik og útvarpsþætti á hvíta tjaldinu. Fyrir okkur hin er þetta Altman í sínu besta formi.

**Freyr Gígja Gunnarsson**



**A PRAIRIE HOME COMPANION**

LEIKSTJÓRI: ROBERT ALTMAN
AÐALHLUTVERK: KEVIN KLINE, MERYL STREEP, LILY TOMLIN OG LINDSAY LOHAN.

**Niðurstaða:** A Prairie Home Companion er róleg og falleg kvikmynd um sigur gamla tímans yfir græðgi nútímans.








Fljótlegt og gott
fyrir helgina!
41% afsláttur
Sparaðu 700 kr.
NÓATÚNS ÞURRKRYDDAÐ
LAMBALÆRI
998 kr. kg
Úr Kjötborði Nóatúns
90 g
ungnautahamborgarar
79 kr. stk.
SS Pylsupartý
799 kr.
SS PYLSUPARTÝ
ALLT Í EINUM PAKKA
799 kr. pk.
25% afsláttur
SS BBQ GRÍSA PARTÍRIF
ELDSNÖGG Á GRILLINU
898 kr. kg.
30% afsláttur
NÓATÚNS LAMBALÆRISSNEIÐAR
ÞURRKRYDDAÐAR
1.609 kr. kg.
Tvennutilboð!
2 L. Pepsi eða
Pepsi Max,
og flögupoki
399 kr.
KNORR
BOLLASÚPUR
129 kr. pk.
20% afsláttur
SÝSLUMANNS
KONFEKT
HARÐFISKBITAR
295 kr. pk.
TSZZZ


Hvúmm
Bestir í kjöti
NÓATÚN
í 40 ár
25% afsláttur
MÓA
KJÚKLINGABRINGUR
1.999 kr. kg
Úr Kjötborði Nóatúns
GRILLSPJÓT
LAMBAINNRALÆRI
TOSKANA
598 kr. stk.
Úr Fiskborði Nóatúns
SKÖTUSELSFIÐRILDI
Í TÓMAT OG BASIL
1.698 kr. kg.
Frábær tilboð!
NÓATÚNS SALÖT OG SOÐIÐ HÚSAVÍKUR HANGILÆRI
Nú er lag að nesta sig upp fyrir helgina!
Náttúru salöt
NÁTTÚRU SALÖT
Kjarngott meðlæti með grillsteikinni!
Ferskjur og nektarínur
sumarsælgæti
fyrir fjölskylduna
Allt sem þú þarft
í grillferðalagið
KINGSFORD
Falleg og vönduð plastglös
í ferðalagið
BARBECUE
GRILLBAKKAR
5 STK.
169 kr. pk.
...mmm NÓATÚN -hljómar vel!

Vantar þig síma?



Vodafone live!

Nokia 6230i
Vodafone live!
Tilboðsverð: 24.900 kr.
Verð áður: 28.900 kr.

Partí í poka!



Með sérhannaða vasa fyrir GSM og MP3 spilara. Bæði tækin geta tengst innbyggðum hátölurum bakpokans.

Sértilboð fyrir Og1 viðskiptavini
7.900 kr.

Verð fyrir eigendur Vodafone live! síma
9.900 kr.

Almennt verð
12.900 kr.

Hendur á stýri!



20% afsláttur
af öllum handfrjálsum búnaði

og vodafone
Heyrumst!

**!** **Kl. 13.00**
*Síðasti sýningardagur á Orkuflámasýningu myndlistarmannsins Snorra Ásmundssonar í J.V. gallerí á Akureyri. Sýningin er opin til kl. 18.*

# menning

menning@frettabladid.is

## *Brjálæði vegna Brick Lane*

Sífellt fleiri blanda sér í deiluna sem kennd er við Brick Lane, götu í London sem samnefnd skáldsaga rithöfundarins Monicu Ali heitir eftir, en íbúar þar komu nýverið í veg fyrir að skáldasagan væri kvikmynduð í hverfinu. Í kjölfar fámennra mótmæla sem urðu vegna komu tökuliðsins hætti kvikmyndafyrirtækið Ruby Films við að nota hverfið sem baksvið sögunnar. Dagblöð í Bretlandi hafa verið ötul að birta bréf og greinar um deiluna sem nú hverfist um mál- og mótmælafrelsi þótt sumir segi að deilan sé stormur í vatnsglasi.

Bókin kom út árið 2003 og hlaut mikið lof og var til dæmis tilnefnd til Booker-verðlaunanna. Bókin olli deilum á sínum tíma fyrir að birta ekki nógu jákvæða mynd af íbúum ættuðum frá Bangladesh sem búa í nágrenni Brick Lane en hverfið hefur fóstrað kynslóðir innflytjenda sem sumir hverjir eru nú áberandi í bresku menningarlífi.



**RITHÖFUNDURINN MONICA ALI** Skáldsagan Brick Lane veldur deilum um tjáningarfrelsi.

Baráttukonan Germaine Greer skrifaði í The Guardian í síðustu viku til varnar íbúum götunnar en þar deildi hún á höfundinn og sagði ónákvæmni í sögunni réttlæta mótmæli heimafólksins og að Ali hefði notað sér forhugmyndir fólks um hverfið þegar hún skírði skáldsögu sína Brick Lane. Greer var síðan svarað af rithöfundinum og fyrrum skólabróður hennar, Salman Rushdie, sem kallaði hana tvöfaldan kynþáttahatara ásamt því að rifja upp afstöðu hennar til deilunnar um bók hans, Söngva Satans, en Greer neitaði að styðja hann í baráttunni fyrir tjáningarfrelsi þegar sú bók kom út.

# Af sápu, sandi og svínarí

**Nútímamanninum finnst sjálfsagt að þrífa sig og sitt nánasta umhverfi enda erum við mörg býsna upptekin af útlitinu. Forfeðurnir voru ekki jafn hégómlegir þegar kom að líkamslykt og böðum.**



**HARALDUR ÞÓR EGILSSON SAGNFRÆÐINGUR** Hreinlætisvenjur forfeðranna koma nútímamanninum spánskt fyrir sjónir. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA.IS

Sagnfræðingurinn Haraldur Þór Egilsson starfar á Minjasafni Akureyrar en hann flytur erindi á kvöldvöku í Laufási í Eyjafjarðarsveit annað kvöld þar sem hann ræðir um persónulegt hreinlæti og húsakost forfeðranna og er þar af nógu að taka. „Þetta er mjög skemmtilegt efni því í dag lítum við á hreinlæti sem sjálfsagðan hlut. Ég rakst á grein í Morgunblaðinu frá árinu 1925 en þar var þess getið að fólk þyrfti að fara oftar í bað og að þess yrði ekki langt að bíða að fólk færi að þrífa sig í hverri viku,“ segir hann.

Haraldur Þór hefur meðal annars ferðast milli bekkja á unglingastigi og rætt við ungmenni um búksiði á 19. öld. „Á unglingsaldri erum við dálítið upptekin af útlitinu en það er margt við hreinlætisvenjur forfeðra okkar sem kemur á óvart. Við myndum til dæmis ekki láta bjóða okkur að skipta um nærbuxur á hálfs mánaðar fresti eða að skipta á rúmunum einu sinni til tvisvar á ári.“

Að sögn Haraldar má víða finna heimildir um þessi efni. Kvöldvökurnar í Laufási eru haldnar til heiðurs Jónasi Jónassyni frá Hrafnagili, sem safnaði á sínum tíma heimildum um þjóðhætti, trú og siði hérlendis og birti afrakstur rannsókna sinna í höfuðritinu Íslenskir þjóðhættir árið 1934, en þar er að sjálfsögðu fjallað um hreinlætisvenjur. Auk þess má finna heimildir í ævisögum og skrifum erlendra manna sem oftar en ekki blöskraði útgangurinn á eyjaskeggjum enda voru Íslendingar aftarlega á merinni hvað hreinlætið snerti fram á 20. öld.

Óþrifnaðurinn fór ekki í manngreinarálit að sögn Haraldar. „Þó maður verði ávallt að taka lýsingum útlendinga með vissum fyrirvara því þeir skrifuðu til að skemmta lesendum þá taka margir fram að enginn munur hafi verið á því hvort um var að ræða venjulegan bónda, fyrirmenni eða prest, sama ólyktin mætti þeim þegar bæirnir voru opnaðir og allir voru jafn skítugir í framan.“

Viðleitni fólks til hreinlætis kemur nútímamanninum spánskt fyrir sjónir og nefnir Haraldur að í þjóðháttaskrá Þjóðminjasafns Íslands séu gefin ýmis kúnstug ráð, til dæmis um hvernig lækna megi tannverk. „Fólki var ráðlagt að setja terpentínu í klút og leggja við verkinn en skuggalegast var það ráð að safna hlandsteini og setja beint í holuna eða við bólguna. Menn mynduðust líka við að gera sápu úr dýrafitu og sóda og síðan var verið að nýta hluti og aðferðir í hreinlætisskyni sem við myndum fremur tengja við óþrifnað eins og að bera sand á gólf. Ég bið nú börnin yfirleitt um að prófa það ekki heima hjá sér enda viljum við ekki setja safnið á hausinn með óvæntum lögsóknum,“ segir hann og kímir.

Sjötta kvöldvaka Minjasafnsins hefst kl. 20.30 annað kvöld en Gamli bærinn í Laufási og veitingasalan í gamla prestshúsinu verða opin til kl. 22.

kristrun@frettabladid.is

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

ÁGÚST

30 31 1 **2** 3 4 5

**Miðvikudagur**

### TÓNLEIKAR

- 20.30 Tríóið **Tónafljóð** leikur í **Duushúsum** í **Reykjanesbæ**. Tríóið er skipað sellóleikaranum **Sigrúnu Erlu Egilsdóttur**, **Þórunni Elínu Pétursdóttur** sópransöngkonu og **Herdísi Vigfúsdóttur** flautuleikara. Á efnisskránni eru verk eftir Snorra Sigfús Birgisson, Þorkel Sigurbjörnsson, Hafliða Hallgrímsson og Þóru Marteinsdóttur.

### SÝNINGAR

- 14.00 Sumarsýning í menningarmiðstöðinni **Skaftfelli**, **Seyðisfirði**. Samsýning bræðranna **Sigurðar** og **Kristjáns Guðmundsona** er opin daglega frá kl 14-20 í sumar.
- 15.00 Nú stendur yfir listasýning á verkum eftir 12 nýútskrifaða nema **Listaháskóla Íslands** í **Listasetrinu** á **Hvolsvelli**. Yfirskrift hennar er **Án titils Grúp Kynnir**.

### SÍÐUSTU FORVÖÐ

- Sýningunni **Hlynur sterkur Hlynur** eftir **Guðrúnu Pálínu Guðmundsdóttur** á **Café Karólínu** á Akureyri lýkur næstkomandi föstudag.

# Sterk meðul

Verið er að prenta sjöunda hollið af bók Andra Snæs Magnasonar, Draumalandið: Sjálfshjálparbók handa hræddri þjóð, en bókin hefur trónað efst á metsölulistum verslana frá því að hún kom út á vormánuðum.



**DRAUMALANDIÐ** Andri Snær Magnason leiðir lesandann til landsins fjalla heiða.

Ritið vakti strax sterk viðbrögð þjóðarinnar sem hefur haft málefni þess á vörunum æ síðan, hvort heldur í heitum pottum sundlauganna eða í biðröðum bankastofnana. Af viðtökunum að dæma er umræðunni um stóriðjustefnu og íslensk landnýtingaráform langt því frá lokið. **- khh**



**SPENNANDI BLANDA** Tónlistarhópurinn Sjan áron.

# Til allra átta

Tónlistarhópurinn Sjan áron heldur þrenna tónleika á næstunni og leikur af fjölbreyttri efnisskrá úr ólíkum áttum, þar á meðal íslensk og írsk þjóðlög. Félagar í hópnum eru menntaðir í klassískri tónlist og djass, auk tangótónlistar svo úr verður áheyrileg og spennandi blanda. Í hópnum eru söngkonan Heiða Árnadóttir, Simon Jermyn sem leikur á gítar, Ananta Roosens á fiðlu og Joachim Badenhorst sem leikur á klarinett, en þau hittust þegar þau voru við nám í Hollandi og hafa spilað saman síðan.

Hópurinn leikur í Bláu kirkjunni á Seyðisfirði í kvöld, í Fríkirkjunni í Reykjavík annað kvöld og á föstudaginn leika þau í Ketilhúsinu á Akureyri í tilefni af Listasumri þar í bæ. **- khh**

Ekkert mál
-að verða mál



TravelJohn pokarnir eru fínn ferðafélagi þegar manni verður mál.
TravelJohn
Fást á eftirtöldum stöðum:
Bónus, Lyfja, Lyf og heilsa, Fjarðarkaup, Títan, Gísli Jónsson, Everest, Útilíf, Húsasmiðjan, Esso-skálinn Hvolsvelli, Söluskálinn við Landvegamót, Shell Freysnesi, Esso-Hraðbúð Egilsstöðum og K.S. Varmahlíð.
www.traveljohn.com

Samkv. dagbókarkönnun Gallup apríl 2006.
ALDREI STÆRRI OG VINSÆLLI!
Auglýsingasími: 550 5000
FM957



Aðsóknarmesta sýning síðasta leikárs!
Drepfyndinn gamanleikur í Reykjavík!
Miðasala er þegar hafin!

| | | |
|---|---|---|
| Laugardaginn | 12. ágúst | kl. 20:00 |
| Föstudaginn | 18. ágúst | kl. 20:00 |
| Laugardaginn | 19. ágúst | kl. 20:00 |
| Laugardaginn | 26. ágúst | kl. 19:00 |
| Laugardaginn | 26. ágúst | kl. 22:00 |

Á ÞAKINU
LEIKFÉLAG AKUREYRAR
Miðasala í síma 551 4700 // opið 13:00-17:00 // www.midi.is //Austurbæjarbíó – Snorrabraut 37

**sóltilboð**

**Frábær sumarauki**
**Þér að kostnaðarlausu**
**Komdu núna**

*Nýtt tákn um gæði*



Ford Escape XLS 4x4 GPS Active
2,3i 5 dyra sjálfskiptur 153 hestöfl

# Rataðu á Escape

## og þú nýtur þess að vera til



**Ford Escape 4x4**
**GPSActive**

Sóltilboð með aukahlutapakka*
**2.990.000 kr.**
Rekstrarleiga 53.200 kr. Bílasamningur 36.990 kr.

## Sumarauki. Verðmæti 265.000 kr.

**Þú færð aukalega í Ford Escape 4x4 GPS Active:**

- Nüvi 350: eitt fullkomnasta leiðsögutækið frá Garmin -með korti af Íslandi, Evrópu og Norður Ameríku
- Kælibox með rafmagnstengi, 14 lítra frá Tropicool
- Öflugt dráttarbeisli frá Ford
- Aurhlífar, framan og aftan, frá Ford
- Ford Escape-hlífðarmotta í skottið
- Rafmagnstengi í skott fyrir ferðasjónvarpið og kæliboxið

*Og jeppinn tilbúinn með fullan tank af bensíni*

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.ford.is

### Hvar er húfan mín? Hvar er hettan mín?

Rataðu á Escape. Njóttu þess að vera til. Kauptu Ford Escape GPS Active. Garmin Nüvi 350 er meðfærilegt leiðsögutæki með snertiskjá sem fylgir með Escape GPS Active. Taktu tækið úr bílnum og gerðu það að leikfélaga eins og Escape. Leiktu þér með fjölskyldu og vinum í skemmtilegum ratleik út í náttúrunni. Feldu litlar gjafir og láttu hina finna. Eða langar þig kannski frekar að vita hvað klukkan er á Islantilla golfvellinum á Spáni akkúrat núna eða gengið á dollarnum? Í leik eða alvöru? Finndu öruggan stað að vera á. Finndu rétta hótelið, besta pylsubarinn og bensínstöðina á Norðurlandi eða Disneylandi, Flórída. Bara hvar sem er. Farðu bestu leiðina til næsta áfangastaðar. Hvar eru söfnin, tjaldstæðin? Hvar eru veitingahúsin? Hvar eru skemmtistaðirnir? Þú ratar rétta leið á Escape GPS Active og Nüvi 350 sem talar við þig í leiðinni. Segir þér að beygja. Og svo passar Nüvi líka beint í vasann. Nüvi getur líka spilað fyrir þig og sýnt þér myndir! Rataðu á Ford Escape GPS Active. Getur allt, veit allt. Hvað með vitann á Dalatanga? Ertu með?




## Vertu á Ford 4x4 GPS Active í dag
## Nýttu þér sumartilboð á Ford jeppum



**Ford** Escape XLS
**4x4 GPS Active**
2,3i 5 dyra sjálfskiptur*
Sóltilboð 2.990.000 kr.
Bílasamningur 36.990 kr.
Rekstrarleiga 53.200 kr.
**Sumarauki GPS Active**
**Verðmæti 265.000 kr.**



**Ford** Explorer XLT Sport
**4x4 GPS Active**
4,0i V6 5 dyra sjálfskiptur*
Sóltilboð 4.540.000 kr.
Bílasamningur 56.180 kr.
Rekstrarleiga 84.500 kr.
**Sumarauki GPS Active**
**Verðmæti 207.000 kr.**



**Ford** Expedition Limited
**4x4 GPS Active**
5,4i V8 8 manna sjálfskiptur*
Sóltilboð 5.990.000 kr.
Bílasamningur 74.125 kr.
Rekstrarleiga 109.200 kr.
**Sumarauki GPS Active**
**Verðmæti 635.000 kr.**

**Komdu núna. Sóltilboð Brimborgar gildir meðan birgðir endast.**

### Veldu Ford. Við staðgreiðum gamla bílinn þinn

Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl á góðu sóltilboði Brimborgar. Þú losnar við allt umstang við að selja og lækkar þinn kostnað. Komdu í Brimborg. Kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Ford.



## *Í spennandi bíltúr í Ford GT?*

Ofursportbíllinn Ford GT er kominn í sýningarsalinn. Komdu. Skoðaðu einn magnaðasta bíl sem framleiddur hefur verið.

FORD GT

*Smelltu á ford.is og taktu þátt í Happapotti Brimborgar og þú átt möguleika á bíltúr í Ford GT þegar líða fer á sumarið.*

GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL




**brimborg**
*Öruggur staður til að vera á*

**Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is**

* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 20% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl.myntkarfa. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 60.000 km akstur á tímabilinu. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar. Aukabúnaður á mynd er söllúga.

fjörið ... **Fólk**
folk@frettabladid.is

# Saman á ný



Hótelerfinginn Paris Hilton er byrjuð aftur með gríska skipajöfrinum Stavros Niarchos. Parið hætti saman í maí eftir sjö mánaða langt samband. Niarchos hefur síðan þá verið með tvíburasysturinni Mary Kate Olsen og Lindsay Lohan en hún og Hilton hafa verið óvinkonur lengi. Paris segist elska Stavros og að þeim sé ætlað að vera saman. Þetta þykir frekar undarleg ákvörðun hjá Paris því ekki er langt síðan hún gaf út yfirlýsingu þess efnis að hún væri hætt öllu strákastandi.

# X-Faktor tekur við af Idolinu í vetur

**X-Faktor tekur við af Idol-stjörnuleit á dagskrá Stöðvar 2 í vetur. Fólki á öllum aldri er heimil þátttaka og sönghópar eru boðnir velkomnir. Einar Bárðar og Páll Óskar verða í dómnefnd ásamt Ellý í Q4U.**

„Fyrstu áheyrnarprufur verða í ágúst og september og við skorum á alla, einstaklinga og hópa, á hvaða aldri sem er til að mæta og taka þátt,“ segir Heimir Jónasson, dagskrárstjóri Stöðvar 2. Þær breytingar verða á dagskrá stöðvarinnar næsta vetur að Idolið fer í frí en í staðinn kemur nýr söng- og skemmtiþáttur, X-Faktor. Maðurinn á bak við X-Faktor er Idol-dómarinn alræmdi, Simon Cowell. Þættirnir hafa verið sýndir tvo síðustu vetur í Bretlandi við miklar vinsældir. Þriggja manna dómnefnd verður í X-Faktor. Hún er skipuð þeim Einari Bárðarsyni og Páli Óskari Hjálmtýssyni sem báðir eru kunnir fyrir störf sín í Idolinu. Þriðji meðlimur dómnefndarinnar er svo pönkdrottningin Elínborg Halldórsdóttir, betur þekkt sem Ellý í Q4U. Henni mun ætlað að feta í fótspor Sharon Osbourne sem vakið hefur mikla eftirtekt í breska X-Faktor. Þegar Fréttablaðið ræddi við Ellý í gær var hún ekki alveg viss um þessa samlíkingu: „Mig vantar allavega Ozzy, ég á engan kall,“ sagði Ellý og hló.

Hún hefur síðustu árin starfað mikið við tónlistarkennslu á Akranesi þar sem hún er búsett. Ellý er alls ekki smeyk við að hefja störf í sjónvarpi. „Nei, mér finnst það ekkert skrítið, mér finnst það eiginlega ekkert mál.“ Kynnir í X-Faktor verður leikkonan Halla Vilhjálmsdóttir.

Sá grundvallarmunur er á Idolinu og X-Faktor að aldurinn skiptir engu máli í síðarnefndu þáttunum.

Allir hafa jafnan rétt til þátttöku og sönghópar eru jafn velkomnir og einstaklingar. Auk þess gefst þátttakendum líka tækifæri til að sýna færni sína á hljóðfæri og að koma eigin lagasmíðum á framfæri.

„Það sem mér finnst einna mest spennandi við X-Faktor er barátta dómaranna,“ segir Heimir Jónasson. „Í byrjun vinna þau saman að því að velja fólk og skipta því í hópa. Svo verður þeim úthlutað hópum og þau fara að berjast með sínu fólki um það hver vinnur. Þetta er í sjálfu sér kjarninn í X-Faktor, að þau eru líka eins og umboðsmenn fyrir sitt fólk.“

Sýningar á X-Faktor hefjast í nóvember en fram að því verður strangur undirbúningur hjá Stöð 2. Áheyrnarprufur hefjast seinna í mánuðinum og verða þær væntanlega vel auglýstar þegar þar að kemur. **- hdm**



**HALLA VILHJÁLMSDÓTTIR** Leikkonan efnilega fær það verkefni að vera kynnir í X-Faktor í vetur.



**EINAR BÁRÐARSON** Reyndur umboðsmaður og dómari úr Idolinu.

**PÁLL ÓSKAR** Þótti standa sig vel í Idolinu í vetur.

**ELLÝ Í Q4U** Hefur látið lítið fyrir sér fara undanfarin ár en ætti að verða athyglisverð viðbót við X-Faktor.




Gleðilegar ræstingar
– og farsælan vinnudag!

Á tilboði í ágúst 2006
Öflugar gólfþvottavélar frá TASKI

499.836 kr.
TASKI Swingo 750 B
Lítil og nett, en þó afkastamikil vél.
Raunhæf afköst 750m²/klst

414.943 kr.
TASKI Swingo 450
Einstakleg lipur vél sem hentar vel þar sem er þröngt.
Raunhæf afköst 450m²/klst

738.807 kr.
TASKI Swingo 1250 B
Hentar meðalstórum fyrirtækjum og stofnunum.
Raunhæf afköst 1250m²/klst

TASKI 750 B og 1250 B bjóðast einnig á rekstarleigu.
Hafðu samband við rágjafa RV og kynntu þér málið.

Rekstrarvörur
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

TUNGLIÐ RV6212A




**ÞJÓÐHÁTÍÐ Í VESTMANNAEYJUM** Búist er við ágætis veðri um helgina og stemningin verður væntanlega eftir því.

# Straumur til Eyja



„Jú, straumurinn er byrjaður. Það er þegar mikið um brottflutta Eyjamenn sem eru með heimagistingu og ég á von á því að það komi margir gestir með Herjólfi í dag,“ sagði Tryggvi Már Sæmundsson í þjóðhátíðarnefnd Vestmannaeyja þegar Fréttablaðið náði af honum tali í gær. Tryggvi sagði að straumurinn myndi halda áfram að aukast í dag og á morgun þegar sjálft Húkkaraballið er haldið. „Þar eru Stuðmenn að spila og ég býst við að það verði allt pakkað,“ segir Tryggvi Már.

Formleg dagskrá Þjóðhátíðar hefst um miðjan dag á föstudag og hápunktur hátíðarinnar er á sunnudagskvöld þegar Árni Johnsen stjórnar brekkusöng í Herjólfsdal.


Tilboð á færanlegum loftkælitækjum
Er heitt og þungt loft á þínum vinnustað?
*Rétt hitastig og hreint loft
*Nett og flott tæki sem sóma sér vel hvar sem er.
*Bætir heilsuna og eykur vellíðan og afköst starfsmanna
Verð aðeins kr. 68.765
www.kælitækni.is s. 440-1800 Okkar þekking nýtist þér ...

handfrjáls búnaður í bílinn
Car kit CK-7W
* Bluetooth búnaður í bílinn
* Svarhnappur, hátalari og hljóðnemi
* Lækkar sjálfkrafa í hljómtækjum
* Sjálfvirk tenging við síma
Vertu handfrjáls
Þú færð handfrjálsan búnað í bílinn í Hátækni og hjá söluaðilum NOKIA.
NOKIA

# Morris raðar sér í efstu sætin

Breska leikkonan Naomie Harris er kannski ekki þekktasta leikkonan í Hollywood sem stendur en á því gæti orðið breyting því hún skýtur flestum starfsbræðrum sínum og systrum ref fyrir rass með því að leika í tveimur vinsælustu myndunum vestanhafs í síðustu viku.

Í efsta sæti listans yfir aðsóknarmestu myndir Bandaríkjanna er spennumyndin Miami Vice og ævintýramyndin Pirates of the Caribbean: Dead Man's Chest fylgir fast á hæla hennar en Harris fer með veigamikil hlutverk í þeim báðum. Í Miami Vice leikur hún samstarfs- og ástkonu Jamie Foxx, sem fer með annað aðalhlutverkanna, en í Pirates of The Caribbean leikur hún seiðkerlinguna Tiu Dalma, sem sjóræninginn Jack Sparrow leitar ráða hjá.

Harris, sem er þrítug að aldri, vakti fyrst athygli í sjónvarpsþáttunum White Teeth árið 2002 en er sjálfsagt þekktust fyrir hlutverk sitt í spennuhryllinum 28 Days Later frá sama ári. Hún hefur komið ár sinni vel fyrir borð síðan og róið alla leið til Hollywood þar sem hún hefur nóg fyrir stafni. Framundan er þriðja myndina um sjóræningjann Jack Sparrow auk þess sem hún hefur verið orðuð við framhaldið af 28 Days Later, sem er í bígerð.



**NAOMIE HARRIS** Þekktust fyrir leik sinn í 28 Days Later. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES



**TIA DALMA** Harris er ekki frýnileg í gervi sínu í Pirates of the Caribbean.




**MEL GIBSON OG ROBERT DOWNEY** Báðir hafa komist í kast við lögin vegna vímuefnaneyslu en Downey sat í steininum fyrir kókaínneyslu. Gibson hefur nú beðist afsökunar á framferði sínu. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Iðrast gjörða sinna

Stórleikarinn og leikstjórinn Mel Gibson hefur beðist afsökunar á framferði sínu en hann var sem kunnugt er handtekinn fyrir að vera ölvaður undir stýri. Gibson barðist við áfengissýki á upphafsárum sínum í Hollywood en tók á sínum málum þegar ferillinn var kominn í hættu. Hann frelsaðist síðan í kaþólsku kirkjunni og er meðlimur í mjög strangtrúum söfnuði innan hennar.

Samkvæmt talsmanni Gibsons hefur hann nú skráð sig í meðferð en ekki virðast öll kurl komin til grafar. ABC sjónvarpsstöðin hefur hætt við að framleiða sjónvarpsþætti um helför gyðinga sem Gibson hafði í smíðum eftir að leikarinn lét hafa eftir sér niðrandi ummæli um gyðinga þegar handtakan var gerð. Talsmaður sjónvarpsstöðvarinnar vildi þó sem minnst gera úr málinu og sagði einfaldlega að ekkert handrit hefði sést í rúm tvö ár og því hefði verkefnið verið blásið af. Hins vegar vildi Ari Emanuel, áhrifamikill umboðsmaður í Hollywood, að kvikmyndaframleiðendur sniðgengju hugmyndir Gibsons. „Leikarinn getur ekki leyft sér að segja slíka hluti án þess að taka afleiðingunum," skrifaði hann á Huffington Post-blogginu.

Ummæli Gibsons koma á versta tíma því stjórn Ísraels hefur legið undir ámælum vegna átakanna í Líbanon. Gibson hefur áður þurft að takast á við gagnrýni frá samfélagi gyðinga í Bandaríkjunum en kvikmyndin The Passion of the Christ sem Gibson leikstýrði var harðlega fordæmd þar sem hún þótti ganga einum of langt í að sýna sök gyðinga á dauða Jesú Krists.

Lögreglan í Malibu gaf frá sér yfirlýsingu um málið á mánudag en þar kom fram að Gibson hefði játað sig sekan á staðnum og að lögreglan hefði sýnt honum tilhlýðilega virðingu. Lögreglumaðurinn James Mee, sem handtók Gibson, sá sig meðal annars tilneyddan til að gefa frá sér yfirlýsingu þar sem hann vonaðist til að handtakan myndi ekki skaða Gibson á neinn hátt. „Ég vona bara að leikarinn setjist ekki aftur undir stýri þegar hann hefur drukkið áfengi," sagði Mee.







**SMÁRABÍÓ** SÍMI 564 0000

| | |
|---|---|
| SILENT HILL | kl. 8 og 10.40 B.I. 16 ÁRA |
| SÝND Í LÚXUS | kl. 8 og 10.40 |
| ULTRAVIOLET | kl. 4.50 og 8 B.I. 12 ÁRA |
| OVER THE HEDGE ÍSL. TAL | kl. 3 og 5 |
| OVER THE HEDGE ENSKT TAL | kl. 3, 5, 7 og 9 |
| SÝND Í LÚXUS ENSKT TAL | kl. 3 og 5 |
| STICK IT | kl. 3, 5.30, 8 og 10.20 |
| CLICK | kl. 10.10 B.I. 10 ÁRA |
| RAUÐHETTA ÍSL. TAL | kl. 3 |

**REGNBOGINN** SÍMI 551 9000

| | |
|---|---|
| A PRAIRIE HOME COMPANION | kl. 5.45, 8 og 10.15 |
| SILENT HILL | kl. 8 og 10.40 B.I. 16 ÁRA |
| ULTRAVIOLET | kl. 5.20 B.I. 12 ÁRA |
| STORMBREAKER | kl. 6 og 8 |
| CLICK | kl. 8 og 10.10 B.I. 10 ÁRA |
| DA VINCI CODE | kl. 5 og 10 B.I. 14 ÁRA |

**400 kr. í bíó!** Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

**Borgarbíó** SÍMI 462 3500

| | |
|---|---|
| SILENT HILL | kl. 8 og 10.20 B.I. 16 ÁRA |
| STORMBREAKER | kl. 6, 8 og 10 |
| STICK IT | kl. 6 |

Dolby SDDS Sony Dynamic Digital Sound THX BÍÓ.IS – allt á einum stað





## FRÉTTIR AF FÓLKI



Líkast til verða einhverjir aðdáendur fegurðardísarinnar **Evu Longoria** hrifnir af nýjustu hugmynd hennar en leikkonan er sögð vilja „krydda" þáttinn Aðþrengdar eiginkonur aðeins. Samkvæmt fréttavefnum contactmusic.com lagði leikkonan fram þá tillögu að hún, Nicolette Sheridan og Marcia Cross myndu eiga í lesbísku ástarævintýri. Reyndar væru persónur Sheridan og Cross, þær Edie Britt og Bree Van de Kamp, tilvalið par, en Longoria segist vera tilbúin að leyfa sinni persónu að taka þátt í þessu ástarævintýri.



**Kate Hudson** hefur varað paparazziljósmyndara við því að taka myndir af syni hennar og söngvarans Chris Robinson. Ryder Russell Robinson er rúmlega tveggja ára gamall og segir Hudson að ljósmyndarar sem reyni að smella af megi ekki eiga von á góðu frá hennar hendi. „Hann er bara kornabarn og hefur ekki valið sér þetta líf og þess vegna finnst mér þetta ósanngjarnt," sagði Hudson, sem sjálf þurfti að alast upp við mikla fjölmiðlaupp-fjöllun enda eru foreldrar hennar Rock Hudson og Goldie Hawn, þótt Kurt Russell, kærasti móður hennar, hafi alið hana að mestu upp. „Pabbi (Russell) vildi ekki hafa það að myndir væru teknar af honum með börnunum sínum," sagði Hudson sem virðist því vera að feta í fótspor föður síns.



**Lindsay Lohan** hefur fengið grænt ljós frá kvikmyndaframleiðendum til að skemmta sér að vild. Slúðurpressan þar vestra hafði greint frá því að ungstirninu hefði lent saman við framleiðendur kvikmyndarinnar Georgie Rule eftir að hún tilkynnti sig veika á tökustað, en Lohan hafði sést kvöldið áður á skemmtistað í kvikmyndaborginni ásamt kærasta sínum, Harry Morton. „Lohan á sinn frítíma og þá má hún gera það sem hún vill," var haft eftir talsmanni Morgan Creek Productions. „Við erum í fríi um þessar mundir en reiknum með að fá Lohan stálslegna á næstu dögum," sagði Greg Mialcarz, varaforstjóri Morgan Creek, við götublaðið New York Daily News.


# MIAMI VICE

## bíóleikur á spron.is




Allir viðskiptavinir SPRON geta verið með í skemmtilegum bíóleik á spron.is. Taktu þátt og þú gætir unnið tvo miða á stórmynd sumarsins, MIAMI VICE.

Auk þess vinnur einn heppinn þátttakandi **50.000 kr. gjafabréf hjá NTC- verslunarkeðjunni.**

**Taktu þátt á spron.is**

spron

ARGUS / 06-0390







**MIAMI VICE** Skaut stórmyndinni Pirates of the Caribbean ref fyrir rass og toppaði vinsældalista í Bandaríkjunum um helgina.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Sjónvarpsþátturinn **CSI: Miami** vermir enn efsta sætið yfir vinsælustu þætti heims um þessar mundir. Horatio Cane og félagar virðast vera nánast ósigrandi en fast á hæla þeirra koma hinir geysivinsælu þættir Lífsháski og Aðþrengdar eiginkonur sem báðir eru sýndir í Ríkissjónvarpinu. Sigurvegari könnunarinnar er án nokkurs vafa kvikmyndaframleiðandinn Jerry Bruckheimer því auk sigurvegarans á hann tvo þætti í tíu efstu sætunum, CSI: Las Vegas og Lost Without a Trace. Bruckheimer ætti því að brosa nokkuð breitt þessa dagana því hann er einnig framleiðandi kvikmyndarinnar um sjóræningjana í Karíbahafinu, Dead Man's Chest, sem hafa slegið í gegn þetta sumarið.



Hinn smávaxni söngvari rokkhljómsveitarinnar U2, **Bono**, var valinn áhrifamesti poppari síðustu 25 ára samkvæmt könnun sem breska útgáfan af MTV gerði í tilefni af afmæli sínu. Bono hefur verið nánast óþreytandi í að berjast fyrir bættum hag þriðja heimsins og var einn af hugmyndasmiðunum á bak við Live 8 tónleikana þar sem þrýst var á þjóðarleiðtoga að fella niður skuldir þriðja heimsins. Michael Jackson vermdi annað sætið og poppdrottningin Madonna varð þriðja.



Gamla stjarnan úr sjónvarpsþáttunum Beverly Hills 90210 **Tori Spelling** segist njóta þess að horfa á grófar klámmyndir ásamt eiginmanni sínum Dean McDermont. Þetta sagði hún við bandaríska blaðið Giant en Tori vill ekki gefa upp hvaða myndir eru í uppáhaldi. Faðir Tori, Aron Spelling, lést á dögunum en hann var með stærri framleiðendum í heiminum og framleiddi meðal annars fyrrgreindan sjónvarpsþátt.



# Farrell sigrar Depp

Nýjasta kvikmynd leikarans Colin Farrell, Miami Vice, velti sjóræningjamyndinni Pirates of the Caribbean: Dead Man's Chest úr toppsætinu á lista yfir aðsóknamestu kvikmyndir í Norður-Ameríku þessa helgina. Miami Vice, sem gerð er af leikstjóranum Michael Mann, halaði inn 181 milljón íslenskra króna þessa fyrstu sýningarhelgi sína en það er 36 milljónum meira en sjóræningjamynd Johnny Depp græddi um helgina en hún var frumsýnd fyrir þremur helgum síðan. Í þriðja sæti var svo grínmyndin John Tucker Must Die sem fór fram úr væntingum og halaði inn 100 milljónir íslenskra króna um helgina.

Framhaldið af Pirates of the Caribbean geta þó enn státað af stærstu frumsýningarhelginni það sem af er þessu sumri en kvikmyndin skartar Johnny Depp og Orlando Bloom í aðalhlutverki. Miami Vice verður frumsýnd hér á landi í næstu viku. Ásamt Colin Farrell er Jamie Foxx í aðalhlutverki en myndin er byggð á samnefndum sjónvarpsþáttum.

# Yfir sig ástfangin

Mikið hefur gengið á í lífi söngkonunnar Janet Jackson undanfarið. Hún hefur grennst um 27 kíló, er byrjuð að lesa kvikmyndahandrit og ný plata er væntanleg frá söngkonunni innan skamms. Platan ber nafnið „20 years old“ og mun vera ástarjátningar Janet til kærasta síns, útgefandans Jermaine Dupri. „Hann er ástæðan fyrir því að ég er enn á lífi,“ segir Janet Jackson



**JANET JACKSON** Segir að það sé kærasta sínum að þakka að hún sé enn á lífi.






## FH-ingar í Póllandi

FH leikur síðari leik sinn í forkeppni Meistaradeildarinnar gegn Legia Varsjá ytra í kvöld. Legia vann fyrri leikinn í Kaplakrika 1-0 en leikurinn í kvöld verður beint á Sýn og hefst útsending 18:30.

**sport**

sport@frettabladid.is

DREGIÐ Í BIKARKEPPNINNI: HÖSKULDUR EIRÍKSSON LOFAR BARÁTTULEIK GEGN KEFLAVÍK

# *Hart barist og ég skora eftir horn*

Í gær var dregið í undanúrslit VISA-bikarsins í fótbolta á Hótel Loftleiðum. Í karlaflokki mætast Víkingur og Keflavík mánudaginn 28. ágúst en daginn eftir leika svo Þróttur og KR. Báðir leikirnir verða á Laugardalsvelli. Báðir leikirnir í kvennaflokki verða 22. ágúst og mætast Breiðablik og Fjölnir á Kópavogsvellinum og Valur fær Stjörnuna á Valbjarnarvelli.

Þróttur er eina liðið úr 1. deildinni sem komst í undanúrslit í karlaflokki. „Þetta verður áhugavert, ég hef séð marga leiki með Þrótturum í sumar og þetta verður ekki létt. Þeir hafa baráttulið og spila góðan varnarleik og notast við skyndisóknir. Við ætlum að gera allt sem við getum til að vinna þennan bikar, þetta er okkar eini möguleiki á titli í sumar,“ sagði Teitur Þórðarson, þjálfari KR, eftir dráttinn.

Höskuldur Eiríksson, fyrirliði Víkings, hefur verið kallaður Bikar-Höski enda skoraði hann sigurmarkið gegn FH í átta liða úrslitum og bæði mörkin í sigri á Íslandsmeisturum FH í sextán liða úrslitum. „Báðar viðureignir þessara liða í deildinni hafa verið hörkuleikir en við höfum orðið undir í þeirri rimmu og ætlum að snúa þessu við núna. Þetta hefur gengið rosalega vel hjá okkur og það eitt getur maður bókað að það verður hart barist... og svo að ég setji hann með vinstri eftir horn,“ sagði Höskuldur og hló.



Tinna Mark Antonsdóttir, leikmaður kvennaliðs Stjörnunnar, segir að þær þurfi að ná sínum besta leik til að vinna Val. „Það er allt hægt, deild og bikar eru tvennt ólíkt. Það er góður möguleiki á leik gegn Breiðabliki í úrslitunum og það hafa alltaf verið hörkuleikir þegar Stjarnan og Breiðablik mætast. Það er líka alveg kominn tími til að Valur fari að tapa,“ sagði Tinna.

## > ÍBV í markmannsleit

Stjórn ÍBV er nú að reyna að fá markvörð til félagsins en seinna í þessum mánuði heldur Hrafn Davíðsson út í nám og verður hann því ekki með liðinu í síðustu leikjum þess í Landsbankadeildinni. Viðar Elíasson, formaður knattspyrnudeildar ÍBV, sagði við Fréttablaðið í gær að það væri ekki alveg komið á hreint hvenær Hrafn færi út en reiknaði með því að Eyjamenn þyrftu að leika án hans í þremur síðustu leikjunum. Þó búið sé að loka félagaskiptaglugganum má í neyðartilfellum fá markvörð og hyggst ÍBV nýta sér þá reglu. ÍBV er í bullandi fallbaráttu, er í neðsta sæti með ellefu stig þegar sex leikir eru eftir.



Michael Carrick:

## Ég fór ekki vegna peninga

**FÓTBOLTI** „Ég gat ekki hafnað þessu tilboði sem er algjörlega fótboltalegs eðlis, þetta kom peningum ekkert við,“ sagði Michael Carrick um komu sína til Manchester United en hann skrifaði undir fimm ára samning þar sem hann fær um 50.000 pund í vikulaun. Hann gæti kostað United allt að 18,6 milljónum punda.

„Ég átti frábæran tíma hjá Tottenham og félagið reyndist mér vel. Martin Jol er magnaður stjóri sem hefur hjálpað mér mikið og bætt mig sem leikmann. Hann gaf mér tækifærið þegar ég þurfti á því að halda og ég stend í þakkarskuld við hann fyrir það,“ sagði Carrick, sem getur ekki beðið eftir því að klæðast treyjunni rauðu.

„Það er mikill heiður fyrir mig að koma hingað og ég hlakka mikið til að sýna hvað í mér býr.“ **- hþh**

# Hjörtur spilar ekki meira í sumar

**Aganefnd KSÍ dæmdi í gær Hjört Júlíus Hjartarson, leikmann ÍA, í tveggja leikja bann vegna framkomu hans í leik gegn Keflavík þann 23. júlí. Keflvíkingurinn Guðmundur Viðar Mete fékk eins leiks bann fyrir sömu sakir en dómurinn er að öðru leyti ekki útskýrður og er ekki hægt að áfrýja honum.**

**FÓTBOLTI** Í leik ÍA og Keflavíkur þann 23. júlí kallaði Hjörtur Hjartarson, leikmaður ÍA, Guðmund Viðar Mete „Tyrkjadjöful“ og að honum væri hollast að „fara heim“. Þetta hefur Hjörtur staðfest í fjölmiðlum og í gær dæmdi aganefnd KSÍ hann í tveggja leikja bann. Aganefndin dæmdi einnig Keflvíkinginn Guðmund Viðar í eins leiks bann en hver hans hlutur var í málinu hefur ekki komið fram opinberlega.

Hjörtur stundar nám í Bandaríkjunum og heldur vestur um haf eftir þrjár vikur en á þeim tíma eru einungis tveir leikir með ÍA á dagskrá. Hjörtur spilar því ekki fleiri leiki með liðinu í ár.

Upphaf málsins var að knattspyrnudeild Keflavíkur sendi inn greinargerð þar sem Hjörtur var sagður hafa verið með kynþáttafordóma í garð Guðmundar Viðars. Það hlýtur því að teljast athyglisvert að Guðmundur er einnig dæmdur í leikbann.

Aganefnd KSÍ bað báða leikmenn sem og báðar knattspyrnudeildir félaganna að senda inn greinargerð um mál þetta og sagði Hjörtur að hann hefði í sinni greinargerð sagt sömu sögu og hann sagði í Kastljósi Sjónvarpsins í síðustu viku. Þar sagði Hjörtur að Guðmundur hefði bæði hótað sér og fjölskyldumeðlimum sínum barsmíðum og annars konar líkamsmeiðingum.



**HJÖRTUR HJARTARSON** Hér í leik gegn Randers í Evrópukeppninni. FRÉTTABLAÐIÐ/EIRÍKUR

Ásmundur Friðriksson, framkvæmdastjóri knattspyrnudeildar Keflavíkur, sagðist hafa kannað þátt Guðmundar í þessu máli rækilega. „Í þessum leik var ekki um neitt slíkt að ræða. Ég verð að trúa því sem mér er sagt í þessum efnum,“ sagði Ásmundur. Hann bætti því við að niðurstaða aganefndar hefði komið sér mjög á óvart. „Ég bjóst ekki við því að báðir leikmenn fengju leikbönn. Við bjuggumst við því að fjársektum yrði beitt og menn áminntir alvarlega um að taka sig á í þessum málum. Það tókum við Guðmundur fram í greinargerðum okkar til aganefndar KSÍ.“

Geir Þorsteinsson, framkvæmdastjóri KSÍ, staðfesti við Fréttablaðið í gær að enginn rökstuðningur fyrir dómi aganefndar yrði birtur á opinberum vettvangi. Dómnum er þar að auki ekki hægt að áfrýja. „Það er löng hefð fyrir þessum starfsreglum. Við fengum greinargerðir frá báðum leikmönnum og eru þær algjört trúnaðarmál við knattspyrnusambandið.“

Hjörtur var ekki ánægður með niðurstöðu aganefndar. „Ég átti svo sem von á því að eitthvað þessu líkt myndi gerast. Ég vonaðist þó ekki til þess að verða dæmdur í leikbann. Ég hef ekki séð dómsorð aganefndarinnar en hún virðist annað hvort taka meira mark á orðum hans eða þá að þeir telja mín orð alvarlegri. Þetta er huglægt mat nefndarinnar og er ég rosalega svekktur með þetta. En ég sagði á sínum tíma að ég myndi una úrskurði aganefndar og það verð ég að gera.

Ásmundur sagðist ekki skilja af hverju Guðmundur Viðar var dæmdur í leikbann. „Það kemur mér mjög á óvart. Það var ekki okkar ætlun þegar við fórum af stað með þetta mál að þetta yrði niðurstaðan.“

Ekki náðist í Guðmund Viðar Mete í gær þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. **eirikur.asgeirsson@frettabladid.is**






**GLÆSILEGUR** Wembley mun kosta 757 milljónir punda og verður allur hinn glæsilegasti.

Bjartsýni ríkir hjá Enska knattspyrnusambandinu:

## Wembley tilbúinn í maí

**FÓTBOLTI** Enska knattspyrnusambandið hefur gefið það út að úrslitaleikur ensku bikarkeppninnar á næsta tímabili verði opnunarleikur hins nýja og glæsilega Wembley-leikvangs. Leikurinn fer fram í maí en Multiplex, byggingaverktaki leikvangsins, segir að hann verði ekki tilbúinn fyrr en í júní.

Upprunalega átti að opna leikvanginn glæsilega í ágúst árið 2005 en ýmsar tafir hafa orðið á hinum rándýra Wembley, sem kostar 747 milljónir punda í byggingu. „Við erum sannfærðir um að úrslitaleikur FA-bikarsins fari fram á leikvangnum,“ sagði talsmaður sambandsins sem hefur mátt þola harða gagnrýni fyrir seinaganginn, sem þó má að stórum hluta rekja til Multiplex. **- hþh**

Valur tapaði sínum fyrsta leik í Landsbankadeild kvenna í gær:

# Blikar fyrstir til að leggja Val

**FÓTBOLTI** Breiðablik sá til þess að enn er smá spenna í Landsbankadeild kvenna með því að leggja Val 2-1 á heimavelli sínum í gær. Leikurinn fór fram í blíðskaparveðri og miklum hita á Kópavogsvelli. Fyrsti hálftími leiksins var opinn og skemmtilegur en eftir að Blikastúlkur komust tveimur mörkum yfir róaðist leikurinn umtalsvert.

Með þessum sigri í gær komst Breiðablik upp að hlið Vals en bæði lið eru með þrjátíu stig. Valsstúlkur eru þó enn langlíklegastar til að hampa Íslandsmeistaratitlinum því þrátt fyrir að svo ólíklega vilji til að þær tapi einum leik á lokasprettinum þá er markatala þeirra miklum mun betri en hjá Blikastúlkum.

Valsstúlkur byrjuðu leikinn betur og því má eiginlega segja að fyrsta markið hafi komið gegn gangi leiksins en þá skoraði Edda Garðarsdóttir eftir þunga sókn Breiðabliks, Greta Mjöll Samúelsdóttir átti hörkuskot sem Guðbjörg Gunnarsdóttir varði og upphófst þá mikil orrahríð sem lauk með því að Edda skoraði.

Stuttu eftir þetta átti Julie Fleeting, nýjasti liðsmaður Valsliðsins, dauðafæri en skallaði boltann rétt yfir. Eftir þetta fékk Valur nokkur mjög góð færi, Rakel Logadóttir átti góðan sprett og geystist upp allan kantinn áður en hún renndi boltanum á Margréti Láru sem var ein á auðum sjó. Móttaka Margrétar var þó ekki upp á marga fiska og hún missti boltann of langt frá sér svo Þóra handsamaði hann.

Það var svo á 27. mínútu sem Blikastúlkur refsuðu gestunum fyrir að hafa ekki nýtt neitt af þessum færum en þá skoraði Erna Björk Sigurðardóttir af harðfylgi eftir hornspyrnu. Eftir þetta mark róaðist leikurinn mjög mikið og engin alvöru marktækifæri litu dagsins ljós áður en dómari leiksins flautaði til hálfleiks. Seinni hálfleikur fór einnig rólega af stað.

Á 62. mínútu minnkuðu Valsstúlkur muninn í 2-1 eftir fallega sókn. Dóra María Lárusdóttir og Margrét Lára spiluðu boltanum skemmtilega á milli sín og á endanum renndi Dóra boltanum á Julie Fleeting sem skoraði. Þegar rúmar tíu mínútur voru eftir átti Margrét Lára síðan hörkuskot en Þóra átti góðan leik í marki Breiðabliks og varði vel. Blikastúlkur spiluðu síðustu mínúturnar af mikilli skynsemi og innbyrtu þrjú góð stig.

„Þetta er mjög sætt. Það var kominn tími til að eitthvað lið næði að stöðva Val. Þær eru með alveg frábært lið en ég er ánægður með mínar stelpur, þær komu mjög grimmar til leiks og stóðu sig vel. Mér fannst við lenda fullaftarlega í seinni hálfleiknum en stóðumst það vel og hefðum getað bætt við síðasta stundarfjórðunginn. Við gerum okkur þó grein fyrir því að það er enn langur vegur en ég vona að Valsstúlkur brotni eitthvað niður við þetta,“ sagði Guðmundur Magnússon, þjálfari Breiðabliks, stoltur af sínu liði.

elvargeir@frettabladid.is



**SIGRINUM FAGNAÐ** Blikastúlkur urðu fyrstar í sumar til að leggja lið Vals að velli. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Læknateymi Real Madrid er í meira lagi umdeilt:

# Virðast vita lítið í sinn haus

**FÓTBOLTI** Alfonso del Corral, læknir á Spáni og sá er framkvæmdi læknisskoðunina á Ruud van Nistelrooy í síðustu viku, segist mjög ánægður með líkamlegt ástand Hollendingsins enda hafi hann verið „laus við meiðsli síðustu tvö ár“, eins og hann sagði sjálfur frá í samtali við fjölmiðla.

Margir halda kannski að Corral sé að tala um annan van Nistelrooy en þann sem missti af upphafi leiktíðarinnar árið 2004 vegna kviðslits auk þess sem hann var frá keppni í rúma þrjá mánuði árið 2005 vegna meiðsla í kálfa, svo ekki sé minnst á smávægileg meiðsli í hné og ökkla sem hann hlaut á síðustu leiktíð. Svo er þó ekki og Corral er ennþá starfandi yfirlæknir hjá Real.



**VAN NISTELROOY** Stóðst læknisskoðun hjá Real Madrid með glæsibrag. NORDICPHOTOS/AFP

Frægt er orðið þegar Corral og félagar hans gáfu grænt ljós á félagaskipti Jonathan Woodgate fyrir nokkrum árum þegar hann hafði verið meiddur í fjóra mánuði á læri. Síðan þá hefur Woodgate aldrei náð sér almennilega og hefur ferill hans verið í hættu í nokkur skipti.

- vig


Köttaður leikur í kvöld

Þróttur - Þór

1. deild karla

Kl. 20 á Valbjarnarvelli í kvöld

Þetta er ekki spurning um hvað Þróttur getur gert fyrir þig, heldur hvað þú getur gert fyrir Þrótt. KOMA'SO!






ENSKI BOLTINN BYRJAR 19. ÁGÚST!

AÐEINS SKJÁRSPORT SÝNIR ÞÉR ENSKA BOLTANN Í BEINNI Á 5 STÖÐVUM SAMTÍMIS

Á SKJÁSPORTI GETUR ÞÚ VALIÐ ÞÁ LEIKI SEM ÞÚ HEFUR ÁHUGA Á

VERTU MEÐ Í VETUR OG SJÁÐU ALLA LEIKINA FYRIR AÐEINS 1.990 KR. Á MÁNUÐI

FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT NÚNA Í SÍMA 800 7000 EÐA Í NÆSTU VERSLUN SÍMANS

SKJÁRSPORT

## ÚR BÍÓHEIMUM

Hver mælti og í hvaða kvikmynd?

**„They've done studies, you know. 60% of the time, it works every time."**

**Svar: Brian Fantana úr Anchorman frá 2004**

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ: FREYR GÍGJA GUNNARSSON ER UNDRANDI

# *Ástfangni einfarinn*

CSI: Las Vegas hefur alltaf verið í miklu uppáhaldi hjá mér. Þættirnir sem hafa fylgt á eftir þeim komast ekki með tærnar þar sem Gil Grissom og félagar hafa hælana þrátt fyrir að vera nauðalíkir. Horatio Cane og Mac Taylor eru hálfdrættingar við hliðina á Grissom sem er andlegur leiðtogi vettvangsdeildar sinnar. Einfari sem hefur ekki tími fyrir ást og kærleika í sínu lífi heldur eyðir tíma sínum í að kynna sér lundana í Vestmannaeyjum eða kynlíf skordýra, sem er heldur skárra en hinn kynferðislega bældi Cane sem brennur í losta gagnvart konu bróður síns.

Grissom nýtur hins vegar kvenhylli. Þessi yfirvegaði, gráskeggjaði og klári rannsóknarlögreglumaður þarf eflaust að berja fegurðardísirnar af sér. Ef Grissom hleypti einhverjum of nálægt sér myndi hann glata rökfestu sinni og kulda sem er nauðsynleg í þessu starfi. Svo bregðast krosstré sem önnur. Þátturinn á mánudeginum opinberaði að Grissom hefur sömu langanir og þrár og við hin. Grissom var einfaldlega mannlegur og vildi eignast sálufélaga.



**GIL GRISSOM** Er ekki lengur einfari heldur ástfangin heldri maður sem hefur sömu langanir og þrár og við hin.

Þetta hófst allt með líkfundi við lestarteina sem leiddu CSI-deildina til furðufugla sem endurskapa orrustur úr borgarastyrjöldinni í Bandaríkjunum. Grissom og Sara fara þar í einvígi með myndavélunum sínum, atriði sem kom eins og þruma úr heiðskíru lofti. Rómantískt og sætt, eitthvað sem ég hefði ætlað að væri andsnúið siðferði Grissoms en hann hann hefur hingað til brýnt því fyrir aðstoðarmönnum sínum að vinnan sé ekki neitt gamanmál. Annað kom á daginn. Þættinum lauk nefnilega með þeim Söru og Grissom á leið upp í rúm... saman. Grissom var ekki lengur hinn þögli einfari í stríði gagnvart þeim sem fremja ódæðisverk á götum Las Vegas heldur bara ástfanginn bjáni.



▶ 23.00 *Drama*

THE WEST WING



▶ 20.50 *Spjall*

OPRAH



▶ 22.20 *Gaman*

LUCKY NUMBERS



▶ 23.00 *Drama*

THE L WORD



▶ 22.30 *Fréttir*

HRAFNAÞING

## SJÓNVARPIÐ

**16.35** Íslandsmótið í vélhjólaakstri (2:4) **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Disneystundin **18.01** Stjáni **18.24** Sígildar teiknimyndir (24:30)

**18.32 Líló og Stitch (43:49)**
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
**20.05 Tískuþrautir (11:11)** (Project Runway II) Ný þáttaröð um unga fatahönnuði sem keppa sín á milli og er einn sleginn út í hverjum þætti.
**20.55 Græna álman (8:9)** (Green Wing) Bresk gamanþáttaröð um starfsfólk á sjúkrahúsi þar sem allt getur gerst.
**21.45 Kastljós – molar** DNA heilun
**22.00 Tíufréttir**
**22.20 Formúlukvöld** Hitað upp fyrir kappaksturinn um helgina.
**22.45 Íþróttakvöld**

▶ **23.00** Vesturálman (14:22) **23.45** Kóngur um stund (8:12) **0.15** Kastljós **0.50** Dagskrárlok

## STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Oprah Winfrey **10.20** My Sweet Fat Valentina **11.10** Strong Medicine (18:22)

**12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi **13.05** Home Improvement **13.30** Whose Line Is it Anyway? **13.55** Medium **14.40** Las Vegas **15.25** Blue Collar TV **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.40** Bold and the Beautiful **18.05** Neighbours

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
**19.40 The Simpsons (2:22)**
**20.05 Neyðarfóstrurnar (2:16)** (Johnston Family) Í Nanny 911 stígur fram á sjónarsviðið flokkur þrautþjálfaðra uppalenda, barnfóstrur með áralanga reynslu af barnauppeldi og -pössun.
▶ **20.50 Oprah (82:145)** Spánýir þættir með hinni einu sönnu Opruh. Oprah Gail Winfrey er valdamesta konan í bandarísku sjónvarpi.
**21.35 Medium (19:22)** (Miðillinn) Bönnuð börnum.
**22.20 Strong Medicine (19:22)** (Samkvæmt læknisráði) Ný sería af þessum vönduðu spítalaþáttum.

**23.05** Footballers' Wives (B. börnum) **23.55** Cold Case (B. börnum) **0.40** Autopsy (e) (Str. bönnuð börnum) **1.35** El Crimen del padre Amaro (B. börnum) **3.30** Kissed by an Angel **5.10** Fréttir og Ísland í dag **6.20** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

## SIRKUS TV

**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Ísland í dag**
**19.30 Pípóla (3:8) (e)**
**20.00 Seinfeld (9:22)**
**20.30 Sirkus RVK**
**21.00 Stacked (8:13)** (Romancing The Stones) Skyler Dayton hefur fengið nóg af eilífum partíum og lélegu vali á karlmönnum.
**21.30 Ghost Whisperer (3:22)** Melinda Gordon er ekki eins og flestir aðrir en hún hefur þá einstöku hæfileika að ná sambandi við þá látnu.
▶ **22.20 Lucky Numbers** (Happatölur) Hinn þekkti veðurfréttamaður Russ Richards er í fjárhagskröggum. Aðalhlutverk: John Travolta, Lisa Kudrow. B. börnum.

**0.05** My Name is Earl (e) **0.30** Rescue Me (2:13) **1.15** Seinfeld (9:22)

## SKJÁREINN

**7.00** 6 til sjö (e) **8.00** Dr. Phil (e) **8.45** Völli Snær – lokaþáttur (e)

**15.50** All About the Andersons (e) **16.15** Brúðkaupsþátturinn Já (e) **17.15** Dr. Phil **18.00** 6 til sjö (e)

**19.00 Beverly Hills 90210**
**19.45 Beautiful People** Það er snjóstormur í New York og Lynn fær tækifæri til að upplifa rómantískan eftirmiðdag með Julian.
**20.30 America's Next Top Model V – lokaþáttur** Sigurvegurum þáttanna hefur jafnan vegnað vel í fyrirsætuheiminum, og hefur stór hluti íslensku þjóðarinnar setið límd við skjáinn þegar nær dregur úrslitum.
**21.30 Rock Star: Supernova** Íslendingur er nú með í fyrsta sinn í einum vinsælasta þætti í heimi sem í ár er kenndur við hljómsveitina Supernova. Hver verður söngvari Supernova með þungarokkurunum?

▶ **23.00** The L Word **0.00** Rock Star: Supernova **1.00** Love Monkey (e) **1.45** Beverly Hills 90210 (e) **2.30** Óstöðvandi tónlist

## NFS

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin **11.40** Brot úr dagskrá

**12.00** Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþróttafréttir/Veðurfréttir/Leiðarar dagblaða/Hádegið – fréttaviðtal **13.00** Sportið **14.00** Fréttavaktin **17.00** 5fréttir **18.00** Íþróttir og veður

**18.30 Kvöldfréttir**
**19.00 Ísland í dag**
**19.40 Hrafnaþing** Ingva Hrafns Jónssonar gerir upp fréttir dagsins á tæpitungulausan hátt.
**20.10 Brot úr fréttavakt**
**21.00 Fréttir**
**21.10 Panorama 2006** (Tony Blair)
**22.00 Fréttir** Fréttir og veður
▶ **22.30 Hrafnaþing** Ingva Hrafns Jónssonar gerir upp fréttir dagsins á tæpitungulausan hátt.

**23.10** Kvöldfréttir **0.10** Fréttavaktin **3.10** Fréttavaktin **6.10** Hrafnaþing

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** The Curse of the Pink Panther **8.00** Juwanna Mann **10.00** Dís **12.00** Johnny English **14.00** The Curse of the Pink Panther **16.00** Juwanna Mann **18.00** Dís **20.00** **Johnny English** Ævintýraleg grínhasarmynd fyrir alla fjölskylduna. Dýrgripum er stolið úr Tower-kastalanum í Lundúnum. Breska þjóðin er slegin enda er þjófnaðurinn álitshnekkir fyrir gamla heimsveldið. Aðalhlutverk: Rowan Atkinson, Ben Miller, Natalie Imbruglia, John Malkovich. 2003. Leyfð öllum aldurshópum. **22.00** **Sideways** (Hliðarspor) Paul Giamatti og Thomas Haden Church fara á kostum í hlutverki tveggja félaga sem skella sér í vínsmökkunarferð á vínekrur í Kaliforníu. 2004. Bönnuð börnum. **0.05** Dirty Deeds (Stranglega bönnuð börnum) **2.00** Jason X (Stranglega bönnuð börnum) **4.00** Sideways (Bönnuð börnum)

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## E! ENTERTAINMENT

**12.00** E! News **12.30** The Daily 10 **13.00** Live from the Red Carpet **13.30** Extreme Close-Up **14.00** 101 Most Awesome Moments in Entertainment **15.00** 101 Most Awesome Moments in Entertainment **16.00** 101 Most Awesome Moments in Entertainment **17.00** Sexiest **18.00** E! News **18.30** The Daily 10 **19.00** THS Tyra Banks **20.00** Live from the Red Carpet **20.30** Extreme Close-Up **21.00** Girls of the Playboy Mansion **21.30** Girls of the Playboy Mansion **22.00** Wild On Tara **22.30** Naked Wild On **23.00** Sexiest **0.00** THS Tyra Banks **1.00** 101 Most Shocking Moments in Entertainment

## AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15




Hobby

MEST SELDU HJÓLHÝSI Í HEIMI.

HOBBY 560 EXCELSIOR OG 560 UFE PRESTIGE

TIL AFGREIÐSLU STRAX, HLAÐINN AUKABÚNAÐI AÐ VERÐMÆTI 400.000.





EINNIG EIGUM VIÐ TIL AFGREIÐSLU STRAX HIN VINSÆLU KOJUHÚS.

HOBBYHÚSIÐ • Sími 517 7040 • Dugguvogi 12 • www.hobbyhusid.is NETSALAN EHF.

## VIÐ MÆLUM MEÐ ...

**Tískuþrautir** **Sjónvarpið** kl. 20.05

### *Hver stendur uppi sem sigurvegari?*



Nú líður að lokum þessarar þáttaraðar af Project Runway, veruleikasjónvarpsþætti þar sem leitað er að tískukóngi eða -drottningu framtíðarinnar. Í þáttaröðinni keppa tólf ungir fatahönnuðir sín á milli og er einn sleginn út í hverjum þætti. Þeim er úthlutað verkefnum og í lok þáttar hefur sigurvegarinn áunnið sér friðhelgi í næstu þraut en sá sem þykir hafa staðið sig verst er dæmdur úr leik. Sá eða sú sem stendur uppi sem sigurvegari í lokin fær vegleg peningaverðlaun og samning hjá fataframleiðanda. Kynnir í þáttunum er fyrirsætan Heidi Klum.

## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 7 | | 8 | | |
| | | | | | | | 3 | 2 |
| | | | 2 | | 1 | 9 | 6 | |
| 3 | 8 | | | | | | | 9 |
| 1 | | | 6 | | 3 | | | 4 |
| 5 | | | | | | | 2 | 6 |
| | 1 | 2 | 8 | | 6 | | | |
| 8 | 5 | | | | | | | |
| | | 3 | | 5 | | | | |

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 5 | 1 | 2 | 7 | 4 | 9 | 8 | 3 |
| 7 | 2 | 9 | 3 | 8 | 6 | 1 | 5 | 4 |
| 3 | 4 | 8 | 9 | 1 | 5 | 2 | 6 | 7 |
| 2 | 3 | 6 | 1 | 5 | 8 | 7 | 4 | 9 |
| 4 | 1 | 5 | 7 | 6 | 9 | 3 | 2 | 8 |
| 8 | 9 | 7 | 4 | 3 | 2 | 6 | 1 | 5 |
| 5 | 7 | 3 | 6 | 4 | 1 | 8 | 9 | 2 |
| 9 | 6 | 4 | 8 | 2 | 3 | 5 | 7 | 1 |
| 1 | 8 | 2 | 5 | 9 | 7 | 4 | 3 | 6 |



ÍÞRÓTTASPJALLIÐ

**18.00** *Íþróttir*

SÝN besta sætið

**18.00** Íþróttaspjallið **18.12** Sportið

**18.30** **HM 2006** (Þýskaland – Portúgal)

**20.10** **Íslandsmótið í golfi 2006** Samantekt með því helsta frá Íslandsmótinu í höggleik sem fram fór á dögunum.

**21.10** **NBA – Bestu leikirnir** (Chicago Bulls – Celtics 1986) Boston Celtics og Chicago Bulls mættust í úrslitakeppni Austurdeildarinnar árið 1986.

**22.50** **4 4 2** Sýn endursýnir nú hina margrómuðu 4 4 2 þar sem leikir hvers dags á nýafstaðinni HM keppni í Þýskalandi voru gerðir upp á lifandi og skemmtilegan hátt af þeim Þorsteini J, Heimi Karlssyni, íþróttafréttamönnum Sýnar og góðum sparkspökum.

**23.50** Hápunktar í PGA mótaröðinni

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**7.05** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.45** Morgunleikfimi **10.13** Óvissuferð – allir velkomnir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.20** Hádegisfréttir **13.00** Sakamálaleikritið: Tími nornarinnar **13.15** Á sumarvegi **14.03** Útvarpssagan **14.30** Miðdegistónar **15.03** Bókmenntir og landafræði **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá **18.25** Spegillinn **19.00** Á sumarvegi **19.40** Laufskálinn **20.20** Norrænt **21.00** Á ferðaslóðum: Suðurland **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Tónlistarhornið **22.15** Kvöldsagan **23.05** Tónlistarstundir í gömlu Reykjavík **0.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

### RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 **9.05** Brot úr degi **12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið **18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Á vellinum **22.10** Geymt en ekki gleymt **22.10** Popp og ról

### BYLGJAN FM 98,9

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson **12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi **13.00** Rúnar Róberts **16.00** Reykjavík Síðdegis **18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag **19.30** Bjarni Ólafur / Ívar Halldórs **1.00** Ragnhildur Magnúsdóttir

### AÐRAR STÖÐVAR

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**
**FM 95,7 FM957 /** Topp tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær /** Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin /** Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt Bylgjan /** Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun /** Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss /** Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó /** 12 spora efni
**FM 91,9 XFM /** Tónlist og afþreying
**FM 97,7 X-ið /** Enginn viðbjóður


ÚTSALA

20 - 50% AFSLÁTTUR AF VÖLDUM VÖRUM

Eldavélar
Bakaraofnar
Uppþvottavélar
Háfar
Kæliskápar
Örbylgjuofnar
Þvottavélar
Frystiskápar
Þurrkarar




pipar / SÍA

Gildir til 21. ágúst.

RÖNNING

Borgartúni 24 | Reykjavík | Sími: 562 4011



## HRÓSIÐ FÆR...

*Friðrik Weisshappel sem opnaði nýtt kaffihús í Kaupmannahöfn en það er hugsað fyrir börn og foreldra. Friðrik rekur nú tvö kaffihús í höfuðborg Danmerkur og er enn eitt dæmið um síaukna útrás Íslendinga þar í landi.*

# Átti barn í anddyrinu heima

„Börnin eiga víst ekki að koma svona í heiminn," segir Margrét Gauja Magnúsdóttir, bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar í Hafnarfirði, sem eignaðist stúlkubarn aðfaranótt mánudags í forstofunni heima hjá sér. Davíð Arnar Stefánsson, eiginmaður Margrétar Gauju, tók á móti barninu en þau nutu góðrar aðstoðar Neyðarlínunnar sem og frá Björk, eldri dóttur þeirra hjóna.

„Ég vaknaði með verki rétt fyrir fjögur og fékk svo hríðir með tveggja mínútna millibili. Við ætluðum að koma Björk til ömmu sinnar og afa og ég var komin með annan fótinn út um útidyrnar þegar ég hneig niður. Ég var með hendurnar úti á stétt en rassinn inni," segir Margrét Gauja hlæjandi þegar hún rifjar upp þessa örlagaríku nótt.

Davíð hringdi í Neyðarlínuna sem leiðbeindi honum á meðan sjúkrabílar voru sendir af stað. „Björk hjálpaði okkur líka mikið því hún hljóp upp á bað og náði í handklæði. Svo hringdi hún í ömmu sína og sagði: „Amma þú verður að koma! Það er kominn haus út og það er ógeðslegt,"" segir Margrét Gauja hlæjandi. Þegar sjúkraflutningamennina bar að lá Margrét Gauja inni í forstofu á fjórum fótum en Davíð Arnar hélt á nýjasta fjölskyldumeðlimnum í fanginu og útidyrahurðin stóð opin. Fjölskyldunni til mikillar gleði var einn sjúkraflutningamannanna fjölskylduvinurinn Pálmi Hlöðversson. „Við öskruðum úr gleði þegar Pálmi kom. Hann klippti síðan á naflastrenginn," segir Margrét Gauja.

Fjölskyldan er nýkomin heim og lætur fara vel um sig í Bjarnabæ, en svo er húsið sem þau búa í nefnt.

„Þetta gekk eins og í sögu og stelpan er æðisleg. Davíð er líka agalega ánægður með sig og hann má alveg vera það. Það fá allir toppeinkunn sem komu að fæðingunni," segir Margrét Gauja, tveggja barna móðir og bæjarfulltrúi.

- kh



MARGRÉT GAUJA „Það voru náttúrulega mikil læti í okkur á meðan á þessu stóð og nágrannarnir héldu fyrst að það væri fólk að koma heim af árshátíð," segir Margrét Gauja. Stúlkan vó 15 merkur og var 51 sentimetri.



**LÁRÉTT** 2 ryk 6 slá 8 líða vel 9 kæla 11 bor 12 ávani 14 þrefa 16 í röð 17 almætti 18 enþá 20 guð 21 velta.

**LÓÐRÉTT** 1 fjöl 3 tveir eins 4 krappur 5 frostskemmd 7 áleitinn 10 keyra 13 sarg 15 hástétt 16 húðpoki 19 núna.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2 kusk, 6 rá, 8 una, 9 ísa, 11 al, 12 kækur, 14 karpa, 16 hí, 17 guð, 18 enn, 20 ra, 21 snúa.

**LÓÐRÉTT:** 1 brík, 3 uu, 4 snarpur, 5 kal, 7 ásækinn, 10 aka, 13 urg, 15 aðal, 16 hes, 19 nú.

**VEISTU SVARIÐ**

Svör við spurningum á síðu 8

1. Ásgeir Davíðsson
2. Garðar Jóhannsson
3. Á Akureyri










**FJÖLSKYLDAN SAMEINUÐ Á NÝ** Þessi mynd var tekin skömmu áður en Magni hélt til Los Angeles á vit frægðarinnar. Fjölskyldan verður nú sameinuð á ný eftir langa fjarveru. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ROCKSTAR: MÖGNUÐ STUND Í BEINNI ÚTSENDINGU

# Eyrún Huld, Marinó og Magni sameinuð á ný

Í nótt var einhver magnaðasti Rock Star-þátturinn sýndur í beinni útsendingu á Skjá einum. Eins og greint var frá í fjölmiðlum fékk Magni óvænta gjöf frá Skjá einum en það var myndband með unnustu hans, Eyrúnu Huld Harðardóttur, og syni þeirra Marinó. Á vefnum var hægt að sjá viðbrögð Magna við þessari hjartnæmu stund þegar hann fygldist með syni sínum ganga með aðstoð móður sinnar, spila á gítar og heilsa pabba sínum. „Ef það væri eitthvað sem ég gæti sagt við þau núna, þá yrði það hversu mikið ég sakna þeirra," sagði Magni með tárin í augunum. „Þetta myndband hefur komið mér aftur á rétta braut og minnt mig á hvað ég er að gera hérna," bætti hann við.



**TOMMY LEE** Átti erfitt með að leyna tilfinningum sínum og sagðist skilja vel hversu erfitt það væri fyrir Magna að vera svona mikið frá nýfæddum syni sínum.

Líklegast hefur Magni þó ekki gert sér grein fyrir hvaða áhrif þetta myndband myndi hafa þegar hann valdi sér lagið Clocks með Íslandsvinunum Coldplay og söng það fyrir Supernova í nótt. Þegar kom að gagnrýni fékk Magni óvæntan stuðning frá sjálfum Tommy Lee, sem hingað til hefur ekki birst áhorfendum sem elskandi fjölskyldufaðir. „Ég veit nákvæmlega hvernig það er að vera fjarri börnunum löngum stundum og skil hvernig þér líður," sagði hann við Magna og flestir hafa væntanlega búist við því að þarna myndi þar við sitja.

Magna var tilkynnt að Rock Star-þátturinn myndi fljúga bæði Eyrúnu Huld og syninum Marínó til Los Angeles þar sem þau myndu hittast í fyrsta sinn síðan söngvarinn hélt á vit frægðarinnar í Los Angeles. Icelandair reyndist þar mikil hjálparhella því flestar flugvélar voru bókaðar langt fram í tímann. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins munu bróðir Magna, Áskell Heiðar Ásgeirsson, og kona hans, Vala Bára Valsdóttir, einnig fljúga út og verða Eyrúnu Huld til aðstoðar þar sem um er að ræða átján tíma ferðalag en flogið verður fyrst til Boston, þaðan til Las Vegas og loks til Los Angeles.

Greinilegt er að rokkbandið sér mikið í Magna því þetta er í fyrsta skipti sem brugðið er svona út af venjunni í þáttunum. Vafalítið hafa því verið felld tár á Borgarfirði eystri þar sem fjölskylda Magna sat og horfði á hetjuna sína syngja sig enn og aftur inn í hjörtu heimsbyggðarinnar.

freyrgigja@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Björgólfur Guðmundsson** hefur um árabil verið einn helsti stuðningsmaður og bakhjarl knattspyrnuliðsins KR en með liðinu spilar meðal annars barnabarn hans, **Björgólfur Takefusa**. Í stórleik Fylkis og KR er hins vegar víst að ansi mörgum stuðningsmönnum Vesturbæjarveldisins hafi brugðið í brún þegar þeir sáu sjálfan „guðföðurinn" í appelsínugulri peysu með Fylkistrefilinn um hálsinn. Samkvæmt heimasíðunni fotbolti.net mun Sigríður Alda Jónsdóttir, formaður knattspyrnudeildar Fylkis, hafa séð Björgólf í appelsínugulu peysunni og látið hann hafa trefilinn sem Björgólfur tók síðan ekki af sér. Hins vegar þykir ljóst að Björgólfur sé ekki að ganga frá félagsskiptum yfir í Árbæinn enda látið nokkuð mikið af hendi rakna til hins fornfræga félags sem reyndar hefur ekki náð sér á strik í sumar.



**Eins og kemur fram hér til hliðar eru mæðginin **Eyrún Huld** og **Marínó** á leiðinni til Los Angeles til að heilsa upp á **Magna Ásgeirsson**. Aðdáendur þáttarins hafa skiptar skoðanir á myndbandinu sem Magni fékk að sjá en flestir eru þó jákvæðir. „Þetta sýnir nýja hlið á keppendunum," skrifar aðdáandi undir nafninu Shell. „Líf fullt af vonum og draumum sem hafa ekkert með míkrafón að gera," bætir hún við. Hins vegar er person138 langt frá því að vera snortin af þessu hjartnæma atviki og segir þetta hafa verið vanhugsað útspil. „Ég er alveg viss um að bæði konan og barnið eru bara einhverjir leikarar," skrifar person138. Fæstir taka þó undir þessi orð en Shell skrifar. „Kannski verður þetta til þess að Supernova sjá að Magni sé ekki algjörlega tilbúinn að bindast hljómsveitinni tryggðarböndum," en það var einmitt slíkt hugarfar sem varð síðasta keppenda að falli. Reyndar er ólíklegt að fólkið úti í heimi viti af hljómsveitinni Á móti sól sem hefur auðvitað verið að ferðast um landið undanfarin ár, fjarri fjölskyldu og vinum.

- fgg




**Á GRILLIÐ! NÝR HUMAR, LÚÐA, SÓLÞURRKAÐUR SALTFISKUR, SKÖTUSELUR OG KEILA.**

FISKBÚÐIN HAFBERG Gnoðarvogi 44, sími 588 8686
opið alla laugardaga 11-14


# Fékk sér húðflúr á Íslandi

Bandaríski rithöfundurinn Liz Tuccillo var stödd hér á landi fyrir viku síðan í rannsóknarvinnu fyrir nýjustu bók sína „How to be single" eða hvernig á að vera á lausu. Hún kom til landsins í samvinnu við Eddu útgáfu og dvaldi hér í sex daga.

Tuccillo, sem hefur gert garðinn frægan fyrir að skrifa handritið að vinsælu sjónvarpsþáttunum Beðmál í Borginni eða Sex and the City, var búin að ákveða það fyrirfram að fá sér húðflúr á Íslandi en Brynja Gunnarsdóttir, þjónustustjóri Eddu útgáfu, var með henni í för „Ég hringdi í Sverri Þór Einarsson sem er með tattústofu á Laugaveginum og ræsti hann út á laugardaginn með litlum fyrirvara," segir Brynja en hún er sjálf með stjörnu eftir Sverri á öxlinni.



**STÓÐ SIG VEL** Margir voru til staðar til að halda í hendina á Liz á meðan á húðflúrinu stóð. Meðal annars var myndatökulið sem tóku atburðinn upp á filmu.



**HÚÐFLÚRIÐ**

Tuccillo gerði margt á meðan á dvöl hennar stóð og hélt meðal annars konuboð í Iðu þar sem hún leiddi umræður til þess að fá að vita meira um einhleypar íslenskar konur. Auk þess skoðaði Tuccillo helstu náttúruperlur Íslendinga og fór á ball með Pöpunum á Nasa.

Liz var harðákveðin í að fá sér tattú og fann mynd af rún sem henni leist vel á á netinu. Rúnin þýðir tímamót, breyting eða umskipti og litur út eins og lítil slaufa í ramma. „Hún stóð sig mjög vel, ég hélt í hendina á henni og hvatti hana áfram," segir Brynja hlæjandi. Tökulið var með henni hér á landi og tók viðburðinn upp á mynd og geta áhugasamir fundið myndbandið á upplýsingavef Yahoo með Liz Tuccillo sem leitarnafn.

- áp





# Hugsaðu um tréverkið

# Flügger litir

Flügger ehf
Stórhöfða 44
110 Reykjavík
Sími 567 4400

Reykjavík
Kópavogur
**Hafnarfjörður**

Keflavík
Akureyri
**Selfoss**

Borgarnes
Hvolsvöllur

104731

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000




**BAKÞANKAR**
GUÐRÚNAR ÁSMUNDSDÓTTUR

## *Þegjandi ógn*

Ég var rétt komin út úr lyftunni þegar litháísk stúlka fleygði sér í fang mér. Þetta gerðist svo óvænt að ég var næstum búin að missa pokann með Napóleonskökunum sem ég hafði keypt til að gleðja gamla farlama frænku mína.

**„ÞAÐ** gott þú koma, Silla vera núna alveg vittlaus, hún vera að fara upp í Kálahljúka. Þú stoppa hana.“ Ég lofaði henni því, mér tækist áreiðanlega að hindra enn eitt Kárahnjúkaslysið með því að tala gömlu konuna til. En hún frænka mín var hreint ekki árennileg þar sem hún sat í hjólastólnum sínum í fáránlegum jogginggalla módel 1974 og með litla trétösku í fanginu. „Ég kom með Napóleonskökur handa þér Silla mín,“ sagði ég. „Napóleonskökur!“ sagði sú gamla. „Hvar keyptir þú þær?“

**ÉG** nefndi bakaríið, þetta bakarí hafði verið starfandi allt frá fyrri hluta síðustu aldar og reynst Reykvíkingum vel, allt frá glassúruðum vínarbrauðum niður í fölleit normalbrauð. „Þeir kunna ekki að baka Napóleonskökur hér á höfuðborgarsvæðinu“ sagði Silla og bjóst til að setja hjólastólinn í gang „Það er bara í Gamla bakaríinu á Ísafirði sem hægt er að fá almennilegar Napóleonskökur.“ Nú brunaði mín framhjá mér fram á gang og ég hljóp á eftir henni að lyftunni og spurði hvort það væri satt að hún væri á leiðinni upp á hálendi Íslands. „Já, sagði Silla. Ég ætla að sjá þetta allt áður en þeir sökkva því.“

**„EN** hvernig ætlar þú að komast þangað, hálf áttræð kona í hjólastól?“ spurði ég. „Ekkert mál, ég er búin að tala við Ómar, hann reddar mér og stólnum upp í Kárahnjúka.“ „Já en...“ „Hann bjargar þessu öllu hann Ómar,“ sagði sú gamla. „Ég vil ekki missa af því að sjá taugaveiklaða Impregilo verkamenn, ýta á flauturnar á trukkunum miður sín af hræðslu við þegjandi mótmælendur sem standa bara og horfa á þá.

**„ÓMAR** sagðist myndu koma mér og hjólastólnum uppeftir, þó svo hann þyrfti að skutla mér og stólnum út í fallhlíf,“ hrópaði gamla konan um leið og lyftudyrnar lokuðust.

**„ÞÚ** má ekki fara með Napóleonskökur í Kálahúka,“ sagði sú litháíska, þar allir svo æstir, halda að þú sért með handsprengju í pokanum.


# Eyðir engu, þannig séð

Bensíneyðsla er ómöguleg. Hún gengur ekki lengur. Skelltu bara i-Podinum í samband við græjurnar í Aygo og njóttu þín.
Aygo eyðir engu, þannig séð.
**Ofkeyrðu þig.**

**Engin útborgun & tryggingar innifaldar**
**Aðeins 25.435 kr. á mánuði***
*Sértilboð Elísabetar og AYGO. M.v. 84 mánuði.
Innifalið er afborgun af láni, tryggingar (ábyrgðar- og kaskótrygging) og bifreiðagjöld á fyrsta tímabili.

AYGO BY TOYOTA

**AYGO**
Það er gaman að keyra



**www.aygo.is**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Toyota Kópavogi<br>Nýbýlavegi 4<br>Kópavogur<br>Sími: 570-5070 | Toyota Akureyri<br>Baldursnesi 1<br>Akureyri<br>Sími: 460-4300 | Toyota Reykjanesbæ<br>Njarðarbraut 19<br>Reykjanesbær<br>Sími: 420-6600 | Toyota Selfossi<br>Fossnesi 14<br>Selfoss<br>Sími: 480-8000 | Toyota Austurlandi<br>Miðási 2<br>Egilsstaðir<br>Sími: 470-5070 |

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS TOY 33662 8/06

SPARI DAGAR HJÁ ORMSSON
SANNKÖLLUÐ UPPSKERUHÁTÍÐ FYRIR SKYNSAMT FÓLK
BJÓÐUM STÓRKOSTLEGT ÚRVAL HEIMILISTÆKJA
**MEÐ 15-40% AFSLÆTTI** MEÐAN BIRGÐIR ENDAST!
KOMDU OG GERÐU GÓÐ KAUP!
ORMSSON
UMBOÐSMENN UM LAND ALLT SJÁ NÁNAR Á WWW.ORMSSON.IS
AKUREYRI · Sími 461 5000 | KEFLAVÍK · Sími 421 1535 | SMÁRALIND · Sími 530 2900 | SÍÐUMÚLA 9 · Sími 530 2800 | LÁGMÚLA 8 · Sími 530 2800